



Borgarráð

Yfirlit yfir ábendingar og niðurstöður í skýrslu innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100

Meðfylgjandi er uppfært yfirlit yfir þær ábendingar, athugasemdir og önnur atriði úr skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um Nauthólsveg 100, sem með einum eða öðrum hætti kalla á viðbrögð borgarráðs og stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Yfirlitið er nú lagt fram í borgarráði í þriðja sinn og sýnir ásamt fylgigögnum hvernig brugðist hefur verið við hverri og einni ábendingu í framangreindri skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Gerðar hafa verið viðeigandi úrbætur á verklagi og eftirliti sem og breytingar á stjórnkerfi til þess að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig. Margar af þeim úrbótum sem gerðar hafa verið tengjast breytingum á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem borgarráð samþykkti í febrúar sl. Fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar, sem kynnt var í borgarráði í maí sl., að með umræddum breytingum hafi eftirlitsumhverfi A hluta borgarinnar styrkst.

Í meðfylgjandi gögnum er að finna úrbótatillögur, til viðbótar við þær ábendingar og tillögur sem þegar eru komnar fram í skýrslu IE, og verður þeim öllum hrint í framkvæmd. Þar á meðal eru tillögur um setningu verklagsreglna um úthlutun Reykjavíkurborgar á takmörkuðum gæðum, þar á meðal útleigu fasteigna og lands í eigu borgarinnar, endurskoðun á reglum um tölvunotkun frá árinu 2014 sem og afritunarreglum upplýsingatæknideildar, auk þess sem innihald forystunáms Reykjavíkurborgar verður uppfært og endurskoðað og m.a. bætt við fræðslu um skjalamál.

Dagur B. Eggertsson / Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hjálagt:

- A) Yfirlit yfir ábendingar og niðurstöður í skýrslu um N-100 sem kalla á viðbrögð stjórnenda og borgarráðs, sem og greining á stöðu og næstu skrefum ásamt tímaáætlun.
- B) Svarbréf stjórnenda:
 - 1. Umsögn borgarlögmans, dags. 15. apríl 2019.
 - 2. Álitsgerð borgarlögmans um fylgni við innkaupareglur við gerð samninga um Nauthólsveg 100 dags. 17. október 2018
 - 3. Umsögn borgarlögmans um varðveisluskyldu tölvupósta, dags. 4. febrúar 2019.

4. Viðbrögð fjármálastjóra við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu IE um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100, dags. 20. apríl 2019
5. Úttekt innri endurskoðunar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar – úrvinnsla ábendinga, bréf fjármálastjóra dags. 19. apríl 2019
6. Minnisblað fjármálaskrifstofu um meðhöndlun fjárheimilda til málaflokka og verkefna, dags. 5. febrúar 2019
7. Viðbrögð skrifstofustjóra SPB við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu IE um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100, dags. 7. mars 2019
8. Viðbrögð sviðsstjóra USK við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu IE um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100, dags. 15. apríl 2019
9. Viðbrögð setts skrifstofustjóra SEA við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, dags. 31. maí 2019
10. Skýrsla starfshóps um almenn viðmið um umfang viðhalds eigna, dags. maí 2019.
11. Skýrsla starfshóps um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna, dags. ágúst 2019.
12. Drög að skýrslu starfshóps um viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda, dags. ágúst 2019.

	Ábendingar og niðurstöður í skýrslu IE um N-100 sem kalla á viðbrögð			
1	Bréf innri endurskoðanda til borgarráðs með skýrslunni, dags. 17. des. 2018	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	Uppfærð staða í september 2019
1a	Skýrslan geymir nægar upplýsingar svo stjórnendur geti gert viðeigandi úrbætur á verklagi, eftirlitsaðgerðum og eftir atvikum breytingum á stjórnkerfi til að tryggja að markmið borgarstjórnar nái fram að ganga.	Vinna við yfirferð skýrslunnar og úrbótaaðgerðir hófst í desember 2018 um leið og skýrslan lá fyrir. Þá þegar var hafin vinna við endurskoðun á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar þar sem þegar var horft til atriða sem gerð eru að umtalsefni í skýrslu IE um N-100. Tillögur að breytingum á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í ellefu liðum ásamt skýrslu utanaðkomandi ráðgjafa með nánari greiningu og tillögum verður lögð fram í borgarráði 7. febrúar nk.	Tillögur að nýju skipulagi lagðar fram í borgarráði 7. febrúar 2019. Lagt til að nýtt skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. júní 2019.	Nýtt skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní sl. Unnið verður að fullri innleiðingu breytinganna út þetta ár. Samkvæmt skýrslu IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar felast í þeim breytingum viðeigandi úrbætur á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.
1b	Borgarráð óski eftir viðbrögðum stjórnenda og tillögum til umbóta eftir því sem við á.	Fjallað hefur verið um skýrsluna á tveimur fundum yfirstjórnar borgarinnar og kallað eftir sjónarmiðum og ábendingum. Formlega hefur verið óskað eftir því við starfandi skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, fjármálastjóra, skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og reksturs og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að koma á framfæri viðbrögðum við ábendingum og niðurstöðum skýrslu IE, einkum varðandi þau atriði sem snúa að þeirra ábyrgðarsviði. Samskonar erindi var sent borgarlögmanni þar sem sérstaklega var óskað eftir afstöðu borgarlögmanns til þeirra lagalegu álitafna sem fram koma í	Frestur stjórnendanna til að skila inn viðbrögðum sínum er til 15. mars 2019.	Viðbrögð hafa borist frá öllum stjórnendum og fylgja þau þessu yfirliti.

		skýrslunni og lúta að stjórnýslu Reykjavíkurborgar.		
2	Heildarniðurstöður	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
2a	Áframhaldandi úrvinnsla skýrslu IE um SEA o.fl. frá árinu 2015, sjá nánari umfjöllun í viðauka 1.	Skýrslu um stöðu vinnslu ábendinga úr skýrslu IE um SEA var skilað í júní 2018. Útistandandi verkefni voru í kjölfarið sett í farveg, þrjú starfshópar settir á laggirnar um ákveðin afmörkuð verkefni og öðrum úthlutað til starfandi skrifstofustjóra SEA, fjármálastjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Vinnsla allra þeirra ábendinga er að hluta til lokið og önnur vinnsla á lokastigi. Sérstaklega að þessu vikið í erindum til hlutaðeigandi stjórnenda sem rakin eru í lið 1b.	Vinnslu lokið í mars 2019.	Lokaúrvinnsla ábendinga í skýrslu IE um SEA o.fl. var sett í gang á síðari hluta 2018 og er nú að mestu lokið. Starfshópur um almenn viðmið um umfang viðhalds eigna hefur lokið störfum og skilað lokaskýrslu sem og starfshópur um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna. Starfshópur um viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda hefur skilað ítarlegri áfangaskýrslu og mun ljúka sinni vinnu í desember nk.
2b	Skipulag SEA laust í reipum. Ekki unnið eftir rétttri umboðskeðju. Upplýsingagjöf um N-100 til borgarstjóra lítil sem engin.	Tillögur að nýju skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar verða lagðar fram á fundi borgarráðs 7. febrúar nk. Þar er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi miðlægrar stjórnýslu sem miða að því að einfalda skipulagið, skýra ábyrgð og skerpa á hlutverki einstakra eininga innan stjórnýslunnar. Þegar á síðasta ári var brugðist við af hálfu starfandi skrifstofustjóra SEA með því að setja skýrari ramma utan um skipulag skrifstofunnar. Nánar er fjallað um upplýsingagjöf í öðrum liðum hér í þessu yfirliti.	Tillögur að nýju skipulagi lagðar fram í borgarráði 7. febrúar 2019. Lagt til að nýtt skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. júní 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Sjá einnig svar SEA dags 31.05.2019
2c	Ekki farið að reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar. Ekki farið með málið skv. ákvæðum þjónustusamnings SEA og USK.	Ábendingin er rétt og verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að slík frávik verði ekki í framtíðinni. Tryggt hefur verið að framkvæmdaverkefni eru nú öll á	Lokið.	

		umhverfis- og skipulagssviði. Verkefnisstjórar og eftirlitsaðilar meðvitaðir um þessa ábendingu.		
2d	Einungis gerð frumkostnaðaráætlun, aðrar kostnaðaráætlanir ekki gerðar.	Ábendingin er rétt og verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að slík frávik verði ekki í framtíðinni. Tryggt hefur verið að framkvæmdaverkefni eru nú öll á umhverfis- og skipulagssviði.	Lokið.	
2e	Skriflegir samningar ekki gerðir um verkefnið. Ekki leitað eftir ráðgjöf innkaupadeildar við innkaup. Ekki farið eftir innkaupareglum borgarinnar.	Ábendingin er rétt og verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að slík frávik verði ekki í framtíðinni. Sérstaklega er horft í því sambandi til eflingar og aukins hlutverks nýs innkaupa- og framkvæmdaráðs, sbr. tillögur sem lagðar verða fram í borgarráði 7. febrúar nk.	Tillögur að nýju skipulagi lagðar fram í borgarráði 7. febrúar 2019. Lagt til að nýtt skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. júní 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar 2019. Sjá svar FMS dags. 20.04.2019 og svar SEA dags. 31.05.2019.
2f	Verkefnisstjóri á byggingarstað var jafnframt einn af arkitektum bygginganna.	Rétt ábending sem hafa þarf í huga framvegis við útvistun verkefnisstjórnunar. Stjórnendur sem hafa með þetta að gera meðvitaðir um þessa ábendingu.	Lokið.	
2g	Farið fram úr samþykktum fjárheimildum og viðbótarfjármagn ekki sótt áður en stofnað var til kostnaðar. Enn vantar formlega fjárheimildir vegna 73 m.kr.	Er til skoðunar á fjármálaskrifstofu og til umfjöllunar í borgarráði 7. febrúar nk.		Sjá í þessu samhengi minnisblað fjármálaskrifstofu dags. 5.febr. og 13. maí, álitargerð TFV dags. 22. og 24. apríl um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og viðauka, bréf endurskoðunarnefndar dags. 6. maí og bréf FMS dags. 13 maí sem var til umfjöllunar í borgarráði þ. 6. júní 2019.
2h	Upplýsingagjöf og upplýsingastreymi ófullnægjandi.	Tekið á þessu í væntanlegum breytingum á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar.	Nýtt skipulag tekur gildi 1. júní nk.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar 2019. Sjá einnig svar SEA dags. 31.05.2019.

2i	Hlutverk samþykkjenda reikninga – yfirlit yfir það hvort útgjöld séu innan fjárheimilda.	Er til skoðunar á fjármálaskrifstofu hvernig unnt er að bæta upplýsingagiöf til samþykkjenda um stöðu fjárheimilda á einstaka kostnaðarstöðum, einkum í tengslum við verklegar framkvæmdir.	Vor 2019.	Sjá nánar bréf FMS dags. 20.apríl.
2j	Skjölun ófullnægjandi.	Borgarskjalasafn setti fræðslu- og umbótaverkefni í gang í kjölfar skýrslu um skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg, frá því í október 2018. Kynningar hafa verið haldnar fyrir stjórnendur á öllum sviðum og hefur verið kallað eftir úrbótaáætlunum frá hverju og einu sviði. Slíkum áætlunum verður skilað eigi síðar en 1. mars nk. Sérstök skoðun er í gangi af hálfu Borgarskjalasafns á skjalavistun hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.	Úrbótaáætlunir tilbúnar fyrir öll svið 1. mars 2019.	Sjá nánar bréf SPR, dags.7. mars 2019.
3	<i>Stjórnunarlegt forræði mannvirkjagerðar</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
3a	Ekki unnið eftir Þjónustusamningi milli SEA og USK frá 3. des. 2013. Ekki farið eftir Reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar frá 12. feb. 2014.	Sjá lið 2 hér að framan, einkum lið 2c hvað þetta varðar.	Sjá lið 2 og 2c.	Sjá lið 2 og 2c.
3b	Skipulag SEA laust í reipunum.	Sjá einkum lið 2 hér að framan, einkum lið 2b hvað þetta varðar.	Sjá lið 2 og 2b.	Sjá lið 2 og 2b.
4	<i>Aðdragandi framkvæmda við Nauthólsveg 100</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
4a	Auglýst eftir samstarfsaðilum við endurgerð húsansa árið 2013. Tvö tilboð bárust en þeim var aldrei formlega svarað.	Ábendingin er rétt og verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að slík frávik verði ekki í framtíðinni.	Lokið.	
5	<i>Fjárveitingar til Nauthólsvegar 100</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
5a	Alls hefur verið úthlutað 352 m.kr. til N-100. Heildarkostnaður nemur 425 m.kr. Enn skortir fjárheimildir fyrir 73 m.kr. útgjöldum.	Sjá lið 2g hér að framan.	Sjá lið 2g.	Sjá lið 2g.

5b	Einungis gerð frumkostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun I og II því ekki gerðar. Áætlun um verkefni breytt og hrint í framkvæmd án þess að sækja um fjárheimildir til borgarráðs.	Sjá liði 2d og 2e hér að framan.	Sjá liði 2d og 2e.	Breytingar á stjórnkerfi borgarinnar sem tóku gildi 1. júní sl. munu styðja við breytt verklag, Gert er m.a. ráð fyrir að áætlanagerð vegna framkvæmda verði tekin til endurskoðunar og að nýtt framkvæmda- og innkauparáð hafi virkt eftirlit. Sjá nánar í bréfi FMS dags. 20.apríl sl.
6	<i>Samningur við Háskólann í Reykjavík</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
6a	Röng gildi vísitölu notuð við framreikning húsaleigu.	Er til nánari skoðunar hjá fjármálaskrifstofu.	Svör liggja fyrir eigi síðar en í mars nk.	Kröfur um aukna rýningu samninga sjá bréf FMS dags. 20.apríl sl.
6b	Endurmeta átti upphaflegt kostnaðarmat á tveimur tímamörkum í ferli uppbyggingar en það var ekki gert.	Sjá liði 2d og 2e hér að framan.	Sjá liði 2d og 2e.	Sjá liði 2d og 2e og bréf FMS frá 20. apríl.
6c	Skortur á faglegri forystu verkefnastjóra SEA við samningsgerð milli HR og borgarinnar og skortur á aðhaldi skrifstofustjóra.	Tekið er á þessu atriði í fyrirbyggjandi tillögum að breytingum á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þeirri nánari vinnu sem framundan er við innleiðingu á nýju skipulagi og bættu utanumhaldi verkefnastjórnunar framkvæmda.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
7	<i>Upphaf framkvæmda</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
7a	Aðgreining starfa ekki tryggð sem leiðir til hættu á hagsmunaárekstrum. Óheppileg ráðstöfun að útvista verkefnastjórn og eftirliti á byggingarstað til arkitekts sem komið hafði að hönnun bygginganna.	Sjá lið 2f hér að framan.	Sjá lið 2f.	Sjá lið 2f.
7b	Ekki farið að innkaupareglum borgarinnar þegar arkitektar og framkvæmdaaðilar voru valdir. Engir skriflegir samningar gerðir.	Sjá lið 2 hér að framan, einkum lið 2e.	Sjá liði 2, einkum 2e.	Sjá liði 2, einkum 2e
8	<i>Framvinda verksins</i>			

8a	Byggingarnar voru ekki fullhannaðar þegar framkvæmdir hófust. Hugmyndir breyttust mikið á hönnunar/framkvæmdatíma. Ekki liggur fyrir hver samþykkti þær breytingar af hálfu RVK.	Sjá liði 2 hér að framan í þessu samhengi sem og einnig að hluta lið 6c. Tryggja þarf með breyttu skipulagi og bættri verkefnastjórnun að viðeigandi breytingar sem orðið geta á hönnunar og framkvæmdatíma fari til viðeigandi yfirferðar og samþykktar innan stjórnýslu Reykjavíkurborgar. Á þessu er m.a. tekið með nýju innkaupa- og framkvæmdaráði og fleiri tillögum að breytingum á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
9	Eftirlit og ábyrgð	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
9a	Lítið eftirlit með framkvæmdum og borgarráð ekki upplýst um framúrkeyslu.	Ábendingin er rétt og verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að slík frávik verði ekki í framtíðinni. Tryggja þarf m.a. að frávik á kostnaðaráætlunum til hækkunar komi tímanlega til yfirferðar á réttum vettvangi. Sjá nánar um viðbrögð í umfjöllun um liði 2 hér að framan o.fl. og væntanlegar breytingar á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar.	Tillögur að nýju skipulagi lagðar fram í borgarráði 7. febrúar 2019. Lagt til að nýtt skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. júní 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Sjá enn fremur svar FMS dags. 20. apríl sl.
9b	Stjórnendaábyrgð ekki sinnt af skrifstofustjóra SEA. Verkefnastjóri SEA hafði takmarkað eftirlit með framkvæmdum. Borgarráð kallaði ekki eftir frekari upplýsingum um verkefnið. Samþykkjendur könnuðu ekki hvort fjárheimildir voru til staðar. Verkefnisstjóri á byggingarstað hafði ekki daglega viðveru þar.	Tryggja þarf ábyrgðar- og eftirlitsaðilum tímanlegar og réttar upplýsingar um stöðu og framvindu einstakra málefnasviða og framkvæmda, eftir því sem við á hverju sinni. Bæta þarf upplýsingamiðlun um stöðu fjárheimilda einstakra verkefna. Þessi atriði og fleiri eru m.a. til skoðunar á fjármálaskrifstofu, sbr. nánar lið 2 hér að framan.	Tillögur að nýju skipulagi lagðar fram í borgarráði 7. febrúar 2019. Lagt til að nýtt skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. júní 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
9c	Ekki að finna í reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar frá 1. mars 2004	Settur hefur verið á laggirnar vinnuhópur sem vinnur nú að endurskoðun á reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá	Fyrri hluti 2019.	Vinnuhópur hefur skilað tillögum sem nú er í rýni og frekari úrvinnslu. Í drögum að nýjum reglum er þessari ábendingu mætt

	ákvæði sambærilegt við 38. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta atriði var sérstaklega dregið fram í umsögn endurskoðunarnefndar.	Reykjavíkurborg og verklagsreglum kjaranefndar. Hlutverk hópsins er m.a. að skoða nánar þessa ábendingu.		með fullnægjandi hætti. Vinnu verður lokið á síðari hluta þessa árs.
9d	Eftirlit með kostnaðarreikningum vegna framkvæmdaverkefna.	Sjá nánar lið 9b hér að framan og fleiri liði þar sem fjallað er um bættu upplýsingagjöf til ábyrgðar- og eftirlitsaðila.	Sjá lið 9b.	Sjá lið 9b.
9e	Umboðskeðja þarf að vera formföst og virk.	Sjá í þessu samhengi tillögur að breytingum á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar sem lagðar verða fram 7. febrúar nk. og einnig skýrslu Strategíu um endurskoðun skipurits og stjórnarháttá Reykjavíkurborgar.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Sjá einnfremur svar FMS dags. 20. apríl sl.
9f	Skýrslugjöf um framvindu fjárfestingaáætlunar þarf að veita fyllri mynd af stöðu verka.	Sjá nánar liði hér að framan um bættu upplýsingagjöf til ábyrgðar og eftirlitsaðila, einkum liði 2, 9b og 9d.	Sjá liði 2 og 9b.	Verkstöðuskýrslur nýframkvæmda og verklag í kringum þær eru í endurskoðun í samstarfi USK og FMS. Sjá nánar í svari USK dags. 15. apríl sl.
10	<i>Upplýsingar og samskipti</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
10a	Upplýsingagjöf vegna framkvæmda við N-100 var ófullnægjandi á allflestum stigum. Villandi/rangar upplýsingar lagðar fyrir borgarráð í sept. 2017. Láðist að óska eftir fjármagni í fjárfestingaráætlun 2018. Borgarstjóra ekki kunnugt um framvindu verkefnisins og engin upplýsingagjöf til borgarritara.	Sjá nánari umfjöllun um upplýsingagjöf hér að framan og úrbótatillögur, einkum liði 2h og 9b. Í þeirri vinnu sem framundan er er mikilvægt að skilgreina með hvaða hætti skuli upplýsa stjórnendur og ráð um framvindu framkvæmdaverkefna og hvenær gera eigi viðvart um frávik o.fl.	Sjá liði 2h og 9b og tímaáætlun væntanlegra breytinga á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar.	Nýtt skipulag stjórnýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
10b	Fjármálahópur borgarstjóra. Skilgreining á hlutverki.	Hlutverk og verkefni fjármálahóps er eitt af því sem huga þarf að í tengslum við væntanlegar breytingar á skipulagi stjórnýslu Reykjavíkurborgar sem nú eru í gangi.	Vor 2019.	Verður unnið frekar með þetta atriði á síðari hluta ársins 2019.
11	<i>Fylgni við lög og innri reglur</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	

11a	Vísað sérstaklega til þessa kafla í umsögn endurskoðunarnefndar. Á fundi borgarráðs 20. des. 2018 vísað form. nefndarinnar sérstaklega til umfjöllunar um innkauparáð og aukið hlutverk þess.	Sjá í þessu samhengi m.a. væntanlegar tillögur að breytingum á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, einkum tillögur um aukið hlutverk innkauparáðs o.fl. Nánar er fjallað um þetta hér að framan.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Sjá enn fremur svar FMS dags. 20. apríl sl.
11b	Innkaupareglum RVK ekki fylgt.	Sjá nánar lið 2e hér að framan.	Sjá lið 2e.	Sjá lið 2e.
11c	Dráttur SEA á að skila gögnum og upplýsingum til borgarlögmanns óásættanlegur. Biðlund innkauparáðs of mikil.	Mikilvægt að brýna fyrir stjórnendum og ráðum borgarinnar að leita til næsta yfirmanns verði dráttur á afhendingum gagna sem óskað hefur verið eftir. Upplýsingum komið á framfæri við stjórnendur og ráð.	Vor 2019.	Stjórnendur sviða eru upplýstir um úrræði og leiðir ef dráttur verður á afhendingu gagna/upplýsinga.
11d	Yfirlit SEA til innkauparáðs ónákvæm og veittu ekki skýra mynd af innkaupum skrifstofunnar.	Að mati IE má bæta gæði upplýsingagjafar með því að sækja upplýsingar beint úr fjárhagsbókhaldi borgarinnar í formi skýrslna. Efla mætti hlutverk innkauparáðs að mati IE með því að ráðið kalli eftir upplýsingum um uppsöfnuð innkaup hvers verkefnis í samanburði við kostnaðaráætlun. Þessi atriði og fleiri koma til frekari skoðunar við mótun samþykka og verklags fyrir nýtt innkaupa- og framkvæmdaráð.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
11e	Skjalastjórnun óvönduð og leiddi til þess að upplýsingar um ákvarðanir og úrvinnslu töpuðust. Varðveislu skjala var ábótavant og var ekki í samræmi við lög og skjalastefnu RVK. Tölvupóstum á ekki að eyða úr pósthólfum starfsmanna fyrir en þeir hafa verið færðir til viðeigandi vistunar.	Sjá nánar lið 2j hér að framan. Því til viðbótar má nefna að sérstaklega hefur verið horft til að efla fræðslu til stjórnenda og starfsmanna vegna meðferðar tölvupósts og skráningu tölvupósta í málasafn. Einnig er verið að horfa sérstaklega til þess þegar starfsmenn láta af störfum og frágangi á tölvupóstum og öðrum skjölum í því samhengi, sem færa ber í málasafn.	Mars 2019.	Sjá bréf SPR dags.7. mars sl. og bréf SEA dags. 31. maí sl.

12	<i>Misferlisáhætta</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
12a	Skoðun IE leiddi ekki í ljós að um misferli væri að ræða í tengslum við framkvæmdir að N-100. Misferlisáhætta í verkefninu aukin þar sem verk voru ekki boðin út og samningar ekki gerðir.	Mikilvægt að rannsókn leiddi ekki í ljós að um misferli væri að ræða í tengslum við framkvæmdir við N-100. Misferlisáhætta jókst hins vegar þar sem verk voru ekki boðin út og samningar ekki gerðir. Slíkt er í andstöðu við gildandi verklag og verður tryggt með auknu eftirliti og breyttu skipulagi að slíkt endurtaki sig ekki.	Vor 2019.	Nýtt skipulag stjórnslu Reykjavíkurborgar tók gildi 1. júní 2019. Viðeigandi úrbætur sem felast í breyttu skipulagi, sbr. skýrsla IE um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
13	<i>Viðauki 1 – úttekt IE á SEA maí 2015</i>	Staða og næstu skref	Tímaáætlun úrbóta	
13a	Tilgreindar eru átta af ábendingum IE í skýrslunni frá 2015. Fjórar varðandi umsýslu og ábyrgð, tvær varðandi umsjón og eftirliti og tvær varðandi fjárfestingaráætlun. Niðurstaða skýrslunnar er að alvarleg brotalóm var varðandi umsýslu og eftirlit sem og upplýsingagjöf, auk þess sem gerð fjárfestingaráætlunar vegna verkefnisins var ábótavant.	Sjá liði 1b og 2a hér að framan.	Sjá liði 1b og 2a.	Sjá liði 1b og 2a.

Reykjavík, 15. apríl 2019

Umsögn um skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100

Með bréfi borgarritara, dags. 5. febrúar 2019, var óskað eftir viðbrögðum borgarlögmans vegna atriða sem rakin eru í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100 (hér eftir vísað til sem skýrslan). Í bréfinu er sérstaklega óskað eftir afstöðu borgarlögmans til þeirra lagalegu álitafna sem fram koma í framangreindri skýrslu og lúta að stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar sem og tillögum að viðeigandi úrbótum vegna þeirra álitafna. Hér á eftir fer umsögn borgarlögmans um þau atriði. Varðandi atriði sem lúta að opinberum innkaupum þá er vísað til álitsgerðar borgarlögmans, dags. 17. október 2018, um fylgni við innkaupareglur við gerð samninga um Nauthólsveg 100 þar sem fjallað er um innkaupabátt endurgerðar bygginganna. Varðandi atriði er snúa að skjalavörslu er vísað til umsagnar borgarlögmans, dags. 4. febrúar 2019, um varðveisluskyldu tölvupósta.

Umfjöllun er þannig háttáð að í tölusettum liðum eru tilgreind þau lagalegu álitafni er lúta að stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar sem borgarlögmaður telur tilefni til þess að fjalla sérstaklega um. Að lokum eru tillögur og ábendingar borgarlögmans dregnar saman.

Sá fyrirvari er gerður við eftirfarandi umfjöllun að hún byggist einvörðungu á skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og viðaukum við hana. Borgarlögmaður hefur ekki haft tækifæri til sjálfstæðrar gagnaöflunar og byggir því umfjöllun sína alfarið á ályktunum sem Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar dregur í niðurstöðum skýrslu sinnar. Af þeim sökum afmarkast umfjöllun um einstök lagaleg álitafni við efnistöð og forsendur niðurstaðna skýrslunnar. Þar sem skýrslan er umfangsmikil og fjallar um margþætt atriði er jafnframt gerður sá fyrirvari við eftirfarandi umfjöllun að hún takmarkast við mikilvægustu lagalegu álitafnin.

I. Tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til borgarráðs dags. 6. júlí 2015.

Á fundi borgarráðs 16. júlí 2015 var samþykkt tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 6. júlí 2015, þess efnis að gera upp fasteignina Nauthólsveg 100 og leigja hana til Háskólans í Reykjavík undir háskólatengda starfsemi, þ. á m. frumkvöðla- og nýsköpunarsetur.

Endurbætur og uppbygging fasteigna í eigu sveitarfélags til almennrar útleigu er ekki hluti af lögbundnum verkefnum Reykjavíkurborgar sem sveitarfélags. Að sama skapi er frumkvöðla-, nýsköpunar- og háskólatengd starfsemi ekki heldur hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Á hinn bóginn er Reykjavíkurborg heimilt sem sveitarfélagi að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa borgarinnar, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum og telst vera sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Framangreint verkefni, eins og því er lýst í tillögu skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, er ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Hvað varðar það skilyrði 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga að verkefnið þurfi að vera sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins, þá er sveitarfélagum almennt ætlað umtalsvert svigrúm við ákvörðun á því hvað teljist vera sameiginlegt

velferðarmál íbúa þess m.a. með vísan til sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga, sbr. 78. gr. laga nr. 33/1944 um Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.¹ Að mati borgarlögmans getur uppbygging og endurgerð fasteigna í eigu sveitarfélags, sem gerð er í því skyni að unnt verði að hagnýta þær, verið liður í rekstri sveitarfélags og hluti af ábyrgri meðferð fjármuna þess, sbr. 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þá kann stuðningur við frumkvöðlastarfsemi og háskólatengd starfsemi innan borgarmarka að teljast sameiginlegt velferðarmál íbúa þess.

Að mati borgarlögmans hefði það þó verið í betra samræmi við 7. gr. sveitarstjórnarlaga og vandaða stjórnarsýsluhætti ef að í tilvitnaðri tillögu til borgarráðs hefði komið fram hvernig aðkoma Reykjavíkurborgar að verkefninu samræmdist ákvæðum sveitarstjórnarlaga um ólögbundin verkefni. Enn frekar er þörf á slíkum rökstuðningi þegar um er að ræða verkefni af því tagi sem hér er um að ræða og Reykjavíkurborg virðist ekki hafa sinnt áður, enda ekki einsýnt að ræksla þess samræmist 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að sama skapi er mikilvægt að geta með skýrum hætti þeirra sjónarmiða sem eiga að leiða til þess að sveitarstjórn teljist heimilt að taka að sér verkefni í því skyni að gefa kjörnum fulltrúum tækifæri til þess að taka upplýsta ákvörðun um hvort Reykjavíkurborg eigi að taka hið ólögbundna verkefni að sér.

II. Leiga fasteignar við Nauthólsveg 100 til Grunnstoða ehf., dótturfélags Háskólans í Reykjavík

Eins og áður hefur komið fram er lagt til í umræddri tillögu frá 6. júlí 2015 að fasteignin Nauthólsvegur 100 verði leigð til Háskólans í Reykjavík. Í kjölfar þess að tillagan var samþykkt á fundi borgarráðs 16. júlí 2015 var undirritaður samningur sama dag við Grunnstoð ehf., dótturfélag Háskólans í Reykjavík, um leigu fasteignarinnar Nauthólsvegar 100. Á bls. 18-19 í skýrslunni er rakið hvernig árið 2014 hafi skrifstofa eigna og atvinnuþróunar auglýst eftir áhugasömum aðilum um endurgerð húsa við Nauthólsveg 100. Hugmyndin var sú að leigugreiðslur fyrirhugaðs leigutaka myndu standa undir fjármögnun endurbyggingar húsanna. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að ekki liggi ljóst fyrir af hverju umsóknum sem bárust frá áhugasömum aðilum var ýmist ekki svarað eða hafnað af hálfu skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, samkvæmt upplýsingum sem innri endurskoðun aflaði hjá umsækjendum. Þá virðast umræddar upplýsingar frá umsækjendum ekki vera í samræmi við það sem fram kemur í tilvitnaðri tillögu þess efnis að tilboðin hafi ekki verið „[...] nægilega há og ekki henta húsnæðinu til þess að réttlæta þær framkvæmdir sem þarf til að koma húsnæðinu í viðunandi ástand“ líkt og segir orðrétt í tillögunni. Samkvæmt skýrslunni virðast þannig ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta framangreindar fullyrðingar er fram koma í tillögunni frá 6. júlí 2015.

Útleiga fasteignar við Nauthólsveg 100 til Grunnstoða ehf. felur í sér úthlutun stjórnvalds á takmörkuðum gæðum. Slík úthlutun telst þó almennt ekki vera stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar sem um samning einkaréttarlegs eðlis er að ræða, sbr. 1. gr. laganna. Engu að síður er almenna reglan sú við úthlutun stjórnvalda á takmörkuðum gæðum að stjórnvöld verða að gæta jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða í samræmi við óskráðar grundvallarreglur stjórnarsýsluréttarins.² Í samræmi við það er talið að stjórnvöldum beri að

¹ Hér má nefna úrskurð innanríkisráðuneytisins í máli nr. IRR 11110186 frá 2013 þar sem ráðstöfun fjármuna til byggingar golfvallar var ekki talin fara í bága við 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Auk þess vísar ráðuneytið í niðurstöðu sinni til þess að sveitarfélög hafi almennt verulegt svigrúm við ákvörðun um ráðstöfun fjármuna sinna, innan ramma laganna.

² Sjá m.a. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4478/2005.

auglýsa úthlutun slíkra gæða, svo öllum áhugasömum gefist kostur á að sækja um þau, nema sérstök sjónarmið mæli því á móti.

Að mati borgarlögmanns hefði það verið betur í samræmi við framangreindar reglur, við þessar aðstæður, að auglýsa aftur eftir áhugasömum aðilum fyrir leigu fasteignarinnar við Nauthólsveg 100. Þá hefði átt að velja samningsaðila út frá fyrirframgefnum forsendum til þess að sinna þeirri starfsemi er fyrirhuguð var að færi fram í fasteigninni og lýst er í tillögunni frá 6. júlí 2015. Með þeim hætti hefði betur verið gætt að jafnræði við ákvörðun um útleigu gagnvart öðrum aðilum er kynnu að hafa haft áhuga á því að sinna verkefninu og taka fasteignina á leigu. Einnig tryggir auglýsing betur að val á samningsaðila sé byggt á málefnalegum forsendum. Ljóst er af umfjöllun í skýrslunni á bls. 18-19 að áhugi virðist hafa verið til staðar á því að taka fasteign við Nauthólsveg 100 á leigu.

Að teknu tilliti til eðlis verkefnisins er þó ekki útilokað að sérstök sjónarmið mæli með því að rétt hafi verið fyrir Reykjavíkurborg að ganga beint til samninga við Háskólann í Reykjavík um leigu fasteignar við Nauthólsveg 100. Um er að ræða verkefni sem m.a. hefur að markmiði að setja á stofn frumkvöðla- og nýsköpunarsetur og rekstur háskólatengdrar starfsemi í nálægð við Háskólann í Reykjavík. Þá kemur sérstaklega fram í tillögunni að nálægðin við Háskólann í Reykjavík geri verkefnið mögulegt að mati skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Að mati borgarlögmanns hefði þó þurft að tilgreina og rökstyðja þetta sérstaklega í tillögunni, dags. 6. júlí 2015, þar sem nauðsynlegt er að sérstök sjónarmið mæli gegn því að fyrirhuguð útleiga sé auglýst að nýju í fjölmiðlum hafi ekki borist nægilega góðar umsóknir í fyrstu atrennu. Að mati borgarlögmanns hefði það samræmst betur vönduðum stjórnisýsluháttum og gefið kjörnum fulltrúum betra tækifæri til þess að taka upplýsta afstöðu í málinu hefði svo verið gert.

Þá er mikilvægt að haldið sé vel utan um úthlutunarferli Reykjavíkurborgar á takmörkuðum gæðum þannig að tryggt sé að rétt og nægilega vel lýsandi gögn og upplýsingar liggi fyrir m.a. um auglýsingu og leigu fasteigna. Miðað við það sem fram kemur í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar var utanumhaldi gagna verulega ábótavant í tengslum við birtingu auglýsingar eftir áhugasömum aðilum árið 2014, þær umsóknir sem bárust og úrvinnslu þeirra.

Í fyrrnefndri tillögu frá 6. júlí 2015 segir að Háskólinn í Reykjavík hafi lagt til að skólinn greiddi kr. 450.000,- á mánuði í húsaleigu og að samningurinn skyldi vera verðtryggður. Þá segir í tillögunni að ef tekið sé mið af því að framkvæmdakostnaður verði kr. 152.000.000,- og að leigutímabil verði 40 ár þá vanti kr. 41.000.000,- upp á að kostnaður við framkvæmdina verði greiddur í lok leigutímabils. Þá fjárhæð megi á hinn bóginn skoða sem styrk til Háskólans í Reykjavík. Um fjárhæð húsaleigu er fjallað í 37. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Þar segir að fjárhæð húsaleigu skuli vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

Til þess að gæta að framangreindu hefði borið að afla álits óháðs sérfræðings, t.d. löggilts fasteignasala eða leigumiðlara, á því hvað teldist vera eðlileg leigufjárhæð fasteignarinnar að Nauthólsvegi 100. Var það sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að gert var ráð fyrir því að framangreind leigufjárhæð myndi á 40 ára tímabili ekki duga fyrir þá ætluðum kostnaði við framkvæmdir. Í slíku fyrirkomulagi hefði einnig falist betri upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa auk þess sem gætt hefði verið að sjónarmiðum í tengslum við ríkisstyrkjareglur.

Borgarlögmaður leggur til að settar verði verklagsreglur hjá Reykjavíkurborg um úthlutun takmarkaðra gæða, þ.m.t. fasteignir og land í eigu Reykjavíkurborgar. Í slíkum reglum yrði meðal annars fjallað um hvernig skuli standa að vali á umsækjanda, ákvörðun fjárhæðar

endurgjalds og almennt utnumhald um úthlutunarferli. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Samkeppniseftirlitið hefur kallað eftir því að sveitarfélög setji sér slíkar reglur.³

III. Umsjón skrifstofu eigna og atvinnuþróunar með framkvæmdum

Á bls. 8-13 í skýrslunni er fjallað um stjórnunarlegt forræði mannvirkjagerðar innan Reykjavíkurborgar. Þar kemur fram að á grundvelli reglna um samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 12. febrúar 2014, og þjónustusamnings á milli umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 3. desember 2013, sem samþykkt voru á fundi borgarráðs hinn 20. febrúar 2014, þá er forræði mannvirkjagerðar skipt á milli skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs. Samkvæmt framangreindum reglum og samningi þá stýrir umhverfis- og skipulagssvið verklegum framkvæmdum og ber ábyrgð á þeim. Á bls. 11 í skýrslunni er síðan rakið hvernig umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar sammæltust um að sjálf framkvæmdin yrði á vegum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Að mati borgarlögmanns hefði verið nauðsynlegt að bera framangreinda verkaskiptingu undir borgarráð þar sem hún vikur frá fyrrnefndum gildandi reglum Reykjavíkurborgar um samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar. Um er að ræða tilhögun sem stangast á við reglur sem borgarráð hafði áður samþykkt. Nánar tiltekið kveða reglurnar á um hvaða svið borgarinnar beri ábyrgð á framkvæmdum hverju sinni. Þetta atriði hefur verulega þýðingu þar sem grein 5.1 í framangreindum þjónustusamningi kveður á um að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar skuli hafa það hlutverk að hafa eftirlits með verklegum framkvæmdum hjá Reykjavíkurborg, þ. á m. kostnaði við framkvæmdir. Umrædd verkaskipting gerði því í raun það að verkum að ekkert annað svið Reykjavíkurborgar hafði eftirlit með framkvæmdum borgarinnar við fasteignina Nauthólsveg 100 í stað skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Borgarlögmaður bendir á að ef ætlun og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi um að víkja frá fyrirfram ákveðinni verkaskiptingu skrifstofa og sviða innan Reykjavíkurborgar, sem hefur verið samþykkt af borgarráði, þannig að ábyrgð, eftirlit og verksvið þeirra breytist, þá er nauðsynlegt að leggja tillögu þess efnis fyrir borgarráð til afgreiðslu áður en slík breyting getur náð fram að ganga.

Að öðru leyti vísast um þetta atriði til umfjöllunar hér á eftir í IV. kafla.

IV. Breytingar á verkefninu eftir að samþykkt borgarráðs liggur fyrir

Líkt og fram kemur í skýrslunni á bls. 40-44, þá urðu talsverðar breytingar á eðli verkefnisins við útfærslu þess eftir að borgarráð samþykkir tillögu skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hinn 16. júlí 2015, án þess þó að þær breytingar hafi verið bornar undir borgarráð til samþykktar. Er hér fyrst og fremst verið að vísa til þeirrar breytingar að hverfa frá því að fasteignin ætti að hýsa einfalda kaffisölu, svo sem framangreind tillaga gerir ráð fyrir. Þess í stað var ákveðið að í húsnæðinu skyldi vera fullbúið veitingahús með framleiðslueldhúsi. Þá var hvorki getið í tillögunni frá 6. júlí 2015 um áform um að reisa tengibyggingu né um verulegar breytingar á lóð fasteignarinnar. Í upphafi var gert ráð fyrir einfaldri lóð með tréþalli en þess í stað var útbúin hönnunarlóð sem hafði í för með sér mun meiri kostnað.

Samkvæmt 46. gr. samþykktar nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar frá 8. júlí 2013, með síðari breytingum, þá fer borgarráð ásamt borgarstjóra með

³ Sjá hér ummæli í álit Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 1/2012, bls. 5-6.

framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Er það í samræmi við 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í 48. gr. sömu samþykktar segir að borgarráð taki fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna og borgarstjóra um slíka afgreiðslu og lög og eðli máls mæli ekki sérstaklega gegn því.

Heimild borgarráðs er veitt ráðinu á grundvelli 5. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 frá borgarstjórn. Borgarstjórn er samkvæmt 58. gr. samþykktarinnar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga heimilt að framselja vald til fullnaðarafgreiðslu með viðauka við framangreinda samþykkt borgarinnar. Á hinn bóginn er ekki til viðauki við samþykkt borgarinnar eða ákvörðun borgarráðs eða borgarstjórnar sem veitir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar heimild til að taka fullnaðarákvörðun um breytingar á verkefnum sem þessum, þ.e. sem ekki teljast rúmast innan lýsingar þess verkefnis sem samþykkt var. Þá er þess hvorki getið í umræddri tillögu skrifstofu eigna og atvinnuþróunar frá 6. júlí 2015 að óskað sé slíkrar heimildar skrifstofunni til handa né verður séð að borgarráð hafi veitt skrifstofunni slíka heimild.

Þá verður heimild til fullnaðarsákvörðunar um breytingar á verkefnum ekki leidd af stöðuumboði skrifstofustjóra eða verkefnastjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem starfsmanna eða embættismanna hjá Reykjavíkurborg. Slíkt umboð nær aðeins til töku ákvarðana er varða daglegan rekstur og þjónustu Reykjavíkurborgar, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Veruleg breyting á áður samþykktu verkefni, sem þarfnast formlegs samþykkis borgarráðs, telst ekki til daglegs rekstrar Reykjavíkurborgar sem stöðuumboð einstakra starfsmanna nær til.

Því verður að telja verulegan vafa leika á því að þær breytingar er gerðar voru á verkefninu, eins og þeim er lýst í skýrslunni, hafi verið í fullu samræmi við það verkefni er borgarráð samþykkti. Er þá sérstaklega átt við þá ákvörðun að breyta verkefninu í það að gera húsnæðið útbúið fyrir fullbúið veitingahús í stað einfaldrar kaffisölu. Vissulega verður þó að játa starfsmönnum Reykjavíkurborgar eitthvert svigrúm við nánari útfærslu verkefna sem fengið hafa samþykki borgarráðs. Ef á hinn bóginn ætlunin er að gera verulegar breytingar á tilteknu verkefni, sem umfjöllun skýrslunnar bendir til að hafi verið gert í því máli sem hér er til umfjöllunar, þá er nauðsynlegt að afla samþykkis borgarráðs fyrir þeim breytingum áður en þær geta komið til framkvæmda í samræmi við áður nefnda samþykkt Reykjavíkurborgar. Á það við hvort sem fyrirséð er að fyrirhugaðar breytingar á áður samþykktu verkefni muni leiða til aukins kostnaðar eða breytts eðlis hlutaðeigandi verkefnis. Í tilviki framkvæmda við fasteign við Nauthólsveg 100 hefði framangreint fyrirkomulag tvímælalaust átt við þar sem þær breytingar sem urðu á eðli verkefnisins eftir að borgarráð hafði samþykkt að ráðast í það höfðu umtalsverða kostnaðaraukningu í för með sér. Jafnframt verður að telja að starfsmönnum Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega stjórnendum sé í raun skylt að afla samþykkis borgarráðs áður en verulegar breytingar eru gerðar á verkefni sem þeim er falið að vinna að og borgarráð hefur áður samþykkt til þess að tryggja umboð sitt gagnvart kjörnum fulltrúum borgarinnar í samræmi við samþykkt Reykjavíkurborgar, sbr. 46. gr. og 48. gr. samþykktarinnar.

V. Fjárveitingar til endurbyggingar fasteignarinnar við Nauthólsveg 100

Í skýrslunni er fjallað um fjárveitingar til framkvæmda við fasteignina við Nauthólsveg 100 á bls. 21-27. Þar kemur fram að samþykktir hafi verið og greiddir reikningar verulega umfram áður samþykktar heimildir í fjárhagsáætlun.

Í 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Frá þessu má víkja í undantekningartilvikum ef um er að ræða ráðstöfun á grundvelli lagaskyldu sveitarfélags sem ekki þolir bið. Skal þá leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar erindi um slíka heimild, sbr. 3. mgr. 63. gr. laganna.

Af lestri orðalags 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er ljóst að heimild til frávika frá fjárhagsáætlun eru þröngar skorður settar. Hinsvegar er ljóst að sveitarfélög og þ. á m. Reykjavíkurborg hafa ekki beitt jafn strangri túlkun hvað varðar heimildir til stofnunar kostnaðar umfram fjárhagsáætlun og orðalag tilvitnaðs ákvæðis gefur til kynna. Þannig hafa sveitarfélög að meginstefnu lagt til grundvallar að aukna fjárheimild þurfi í fjárhagsáætlun eða með viðauka við slíka áætlun áður en fjármunum er ráðstafað en ellegar við fyrsta tækifæri. Jafnframt hafa sveitarfélög ekki eingöngu miðað við ráðstafanir sökum hreinnar lagaskyldu.

Það er þó mat borgarlögmans að sá kostnaður er stofnað var til og greiddur var vegna framkvæmda við fasteignina við Nauthólsveg 100, án þess að heimild hafi verið til staðar í fjárhagsáætlun, verði vart réttlættur með vísan til venjuhelgaðrar beitingar sveitarfélaga á 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um er að ræða það verulegan kostnað umfram heimild í samþykktri fjárhagsáætlun að telja verður að afla hefði átt frekara samþykkis borgarstjórnar. Í raun var um að ræða verulega breytingu á því verkefni sem upphaflega var samþykkt með vísan til þess hversu veruleg kostnaðaraukning varð á því. Að mati borgarlögmans bendir umfjöllun í skýrslunni til þess að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hafi mátt vera ljós kostnaðaraukning við verkefnið og nauðsyn þess að afla yrði heimildar borgarstjórnar fyrir frekari fjárútlátum.

VI. Yfirlit og eftirlit með framvindu verkefnisins

Um eftirlit og ábyrgð starfsmanna og kjörinna fulltrúa varðandi framvindu verkefnisins er fjallað á bls. 54-66 í skýrslunni. Þar kemur meðal annars fram að skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hafi ekki sinnt stjórnandaábyrgð sinni með því að fylgjast með kostnaði og framvindu framkvæmda eða upplýst yfirboðara sína um þau atriði. Þá kemur fram að verkstjórnun framkvæmdanna hafi að miklu leyti verið útvistað til sjálfstætt starfandi arkitekts.

Um skyldur starfsmanna sveitarfélaga segir í 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að fari eftir kjarasamningum og ráðningarsamningum hverju sinni. Að öðru leyti er ekki fjallað um skyldur annarra starfsmanna en framkvæmdastjóra sveitarfélags í lögum. Mikilvægt er því að ráðningarsamningar og eftir atvikum ráðningarbréf starfsmanna Reykjavíkurborgar endurspegli þau verkefni sem viðkomandi starfsmanni er ætlað að fást við í starfi sínu. Er það brýnt svo að viðkomandi starfsmanni séu ljósar skyldur sínar og jafnframt svo hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart starfsmanni ef hann ekki sinnir starfsskyldum sínum. Ef tekið er mið af starfslýsingu verkefnastjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, þá er ljóst að í starfslýsingu hans er ekki berum orðum tekið fram að hann eigi að hafa verkstjórn með byggingarframkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar. Eins og áður hefur komið fram voru slíkar framkvæmdir almennt ekki á vegum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Þá verður að telja að útvistun til sjálfstætt starfandi arkitekts um að hafa verkefnastjórn með

framkvæmdunum leysi starfsmenn Reykjavíkurborgar ekki undan ábyrgð sinni. Með öðrum orðum breytir slík útvistun engu um ábyrgð starfsmanna Reykjavíkurborgar á þeim verkefnum sem þeim eru falin.

Samkvæmt starfslýsingu skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar ber honum að hafa eftirlit með framvindu fjárfestingaráætlunar. Þessi skylda felur í sér að skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar ber að fylgjast með því að kostnaður vegna verkefna skrifstofunnar sé innan ramma fjárfestingaráætlunar. Umrædd starfsskylda er skýr í lýsingunni, en um starf skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar gilda að öðru leyti reglur um „*Réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar*“.

Umræddar reglur eru komnar til ára sinna og því tekur borgarlögmaður undir ábendingar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þess efnis, að tilefni sé til þess að endurskoða fyrrnefndar reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg, Meðal annars með tilliti til þess að orða með skýrari hætti ábyrgð stjórnenda á útgjöldum þeirra verkefna sem þeim hafa verið falin ýmist með ákvörðun eða á grundvelli samþykktu Reykjavíkurborgar.

VII. Samantekt á ábendingum og tillögum að úrbótum

Með vísan til umfjöllunar hér að framan gerir borgarlögmaður eftirfarandi tillögur og ábendingar um úrbætur:

1. Gæta þarf þess að verkefni séu vel skilgreind áður en aflað er samþykkis borgarráðs og hafist er handa við framkvæmd þeirra. Þá þarf að gæta að því að veita kjörnum fulltrúm allar nauðsynlegar upplýsingar um verkefni þannig að kjörnir fulltrúar séu upplýstir um eðli og kostnaðaráætlun verkefna þegar þau eru lögð fyrir þá til samþykktar. Með þessu fyrirkomulagi er kjörnum fulltrúum gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort Reykjavíkurborg geti eða skuli taka að sér að rækja viðkomandi verkefni.
2. Setja þarf verklagsreglur um úthlutun Reykjavíkurborgar á takmörkuðum gæðum, þ.m.t. útleigu fasteigna og lands í eigu borgarinnar.
3. Gæta þarf þess að fjárhæð leigu fasteigna Reykjavíkurborgar sé eðlileg og sanngjörn, t.d. með því að afla mats óháðs sérfræðings, s.s. löggiltra fasteignasala eða leigumiðlara.
4. Fræða þarf stjórnendur hjá Reykjavíkurborg um nauðsyn þess að afla samþykkis borgarráðs fyrir verkefnum og hugsanlegum breytingum sem kunna að verða á þeim áður en þær koma til framkvæmda. Jafnframt þarf að fræða stjórnendur hjá Reykjavíkurborg um þær takmarkanir sem gilda á heimildum þeirra til breytinga og þess að stofna til aukins kostnaðar, en um er að ræða ákvarðanir sem þurfa samþykki borgarráðs eða eftir atvikum annarra ráða, nefnda eða stjórna Reykjavíkurborgar.
5. Yfirfara þarf starfslýsingar starfsmanna og stjórnenda hjá Reykjavíkurborg þannig að þær endurspegli ábyrgð, umboð og þau verkefni sem þeim er ætlað að fást við.
6. Endurskoða þarf reglur um „*Réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar*“, sér í lagi varðandi ábyrgð stjórnenda á útgjöldum verkefna sem þeim hafa verið falin.

Ebba Schram



Til innkauparáðs

Frá embætti borgarlögmanns

Reykjavík 17. október 2018

Álit borgarlögmanns á fylgni við innkaupareglur við gerð samninga um Nauthólsveg 100

Vísað er til beiðni innkauparáðs um álit embættis borgarlögmanns á framlögðu svari skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, sbr. bókun undir 4. lið í fundargerð ráðsins 18. ágúst 2017. Í beiðninni felst að óskað er eftir því að embætti borgarlögmanns geri álitssgerð um hvort samningar um framkvæmdina við Nauthólsveg 100 hafi verið gerðir í samræmi við þágildandi regluverk um opinber innkaup. Í því skyni að uppfylla rannsóknarskyldu óskaði borgarlögmaður eftir samantekt og upplýsingum um framkvæmdina frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Frá því að embætti borgarlögmanns hóf vinnslu 21. ágúst 2017 við gerð umbeðins álits hafa ýmis gögn og upplýsingar borist frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem hafa þó ekki dugað til að unnt sé að leggja mat á fyrirbyggjandi álitaeftni. Því hefur verið óskað ítrekað eftir nánari úrvinnslu þeirra á tímabilinu og var það fyrst í þessum mánuði sem embættinu bárust nægilegar upplýsingar til að leggja mat á umræddu álitaeftni. Vinnsla umbeðins álits hefur dregist af þessum ástæðum en embætti borgarlögmanns upplýsti innkauparáð jöfnum höndum á fundum ráðsins um þær tafir sem voru á afhendingu upplýsinga og gagna. Þrátt fyrir að innkauparáð hafi verið upplýst um fyrrnefndar tafir á upplýsingagjöf þá hefur ráðið ekki bókað um þær sérstaklega á fundum sínum.

Eftirfarandi er umbeðið álit þar sem fyrst verður fjallað stuttlega um eftirlitshlutverk innkauparáðs skv. innkaupareglum og samþykktum ráðsins, hlutverk borgarlögmanns skv. innkaupareglum og ábyrgð kaupenda á því að farið sé eftir innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Þá verður upplýsingaöflun við vinnslu álits þessa og dráttur á vinnslu þess jafnframt gerð skil. Vakin er athygli á að í eftirfarandi áliti verður ekki lagt mat á réttmæti fjárheimilda eða fjárhagslegs umfangs endurbyggingar við Nauthólsveg 100 enda nær eftirlitshlutverk innkauparáðs ekki til slíkra þátta svo sem rakið verður hér á eftir.

Almennt um hlutverk innkauparáðs Reykjavíkurborgar, hlutverk borgarlögmanns og ábyrgð kaupenda samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar

Fram kemur í 1. gr. samþykktu fyrir Innkauparáð Reykjavíkurborgar að ráðið starfi í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt fyrir innkauparáð Reykjavíkurborgar, frá 20. janúar 2015, og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og

fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum. Ákvæðið mælir einnig fyrir um að ráðið skuli haga störfum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, samþykktum í borgarráði 8. maí 2014, auk laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og laga um opinber innkaup nr. 84/2007, eftir því sem við á.

Innkaupastefna Reykjavíkurborgar frá 15. mars 2011 mælir fyrir um að við innkaup Reykjavíkurborgar sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna, sbr. 1. gr. hennar, og að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar, sbr. 4. gr. innkaupastefnu Reykjavíkurborgar. Þá er mælt fyrir um í innkaupastefnunni að við innkaup Reykjavíkurborgar verði beitt útboðum, að eins miklu leyti og unnt er og hagkvæmt þykir, sbr. 7. gr. stefnunnar og að ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar sé á hendi viðkomandi sviðsstjóra, sbr. 9. gr. innkaupastefnu Reykjavíkurborgar.

Tilvitnuð beiðni um álit borgarlögmans er þáttur í eftirlitshlutverki innkauparáðs. Eftirlitshlutverk innkauparáðs felst í því að hafa eftirlit með því að innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og innkaupareglum sé fylgt við innkaup borgarsjóðs og stofnana hans, og taka til meðferðar ábendingar og athugasemdir þar að lútandi, sbr. 2. gr. samþykktar fyrir innkauparáð. Í 2. mgr. 2. gr. samþykktarinnar kemur fram að:

Við eftirlit styðst innkauparáð m.a. við þau yfirlit um innkaup sem innkaupadeild Fjármálaskrifstofu (hér eftir nefnd innkaupadeild) og sviðum er gert að senda reglulega til innkauparáðs. Innkauparáð skal árlega fara yfir eftirlitsáætlun innkaupadeildar og skýrslu innkaupadeildar þar sem framkvæmd eftirlitsáætlunar er metin. Getur innkauparáð jafnframt óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til.

Jafnframt kemur fram í 4. og 5. mgr. 2. gr. samþykktar fyrir innkauparáð að:

Innkauparáð skal beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara í innkaupamálum til viðkomandi sviðsstjóra/forstöðumanns og fagnefndar. Innkauparáð getur boðað sviðsstjóra/forstöðumenn til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.

Verði ráðið þess áskynja að það alvarlegir ágallar séu á meðferð innkaupamáls að þörf sé á íhlutun, vísar ráðið því til borgarráðs með tillögu að afgreiðslu.

Þá er í g-lið 3. gr. samþykktar fyrir innkauparáð svohljóðandi ákvæði:

Innkauparáð tekur ákvörðun um hvort heimilt sé að veita undanþágu frá skyldu til að nota innkaupafærli, sbr. 3. mgr. 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir innkauparáð er svohljóðandi ákvæði:

Innkauparáð tekur ákvarðanir í málum skv. liðum a-h hér að framan að fengnum tillögum kaupanda. Komi upp ágreiningur milli kaupanda og ráðsins geta aðilar, hvor um sig, vísað honum til borgarráðs. Þá getur ráðið ávallt óskað eftir því að borgarráð taki ákvörðun í máli.

Komi upp ágreiningur um hvort tiltekið mál eigi undir ráðið ber að vísa því til borgarráðs, skv. 3. mgr. 3. gr. samþykktarinnar.

Eftirlitshlutverk innkauparáðs er jafnframt skilgreint í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Þar segir í 5. mgr. 5. gr.:

Innkauparáð hefur á hendi eftirlitshlutverk með því að svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar fylgi innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Það tekur til meðferðar tillögur um nýjungar og breytingar á stefnu í innkaupamálum og afgreiðir innkaupamál yfir tilteknum viðmiðunarfráhæðum sbr. samþykkt fyrir innkauparáð Reykjavíkurborgar.

Embætti borgarlögmans er innkauparáði til ráðgjafar skv., 5. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir innkauparáð en þar er að finna eftirfarandi ákvæði:

Deildarstjóri innkaupadeildar og borgarlögmaður eru innkauparáði til ráðgjafar og skulu þeir, eða staðgenglar þeirra, sitja fundi innkauparáðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Jafnframt er hlutverki borgarlögmans gerð skil svohljóðandi 4. mgr. 5. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar:

Borgarlögmaður fer með lögfræðilega ráðgjöf í innkaupamálum og skal vera innkauparáði til ráðgjafar og jafnframt vinna að því að styrkja stjórnýslu innkaupamála.

Ábyrgð kaupanda skv. innkaupareglum kemur fram í 1. mgr. 5. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar:

Hvert svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á að haga innkaupum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur borgarinnar.

Einnig er kveðið á um að ábyrgð á því að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar og ákvæði laga er á hendi viðkomandi kaupanda af hálfu Reykjavíkurborgar, sbr. 1. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Þar kemur einnig fram að fagråd borgarinnar beri ábyrgð á eftirliti með innkaupum sviða og stofnana sem undir þau heyrja.

Aðdragandi samþykktar um að hefja endurbyggingu húsaþyrpingar við Nauthólsveg

Á árinu 2015 mun skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (hér eftir SEA) hafa átt í viðræðum við Háskólann í Reykjavík um mögulega nýtingu hluta húsnæðisins að Nauthólsvegi 100. SEA lagði fram erindi, dags. 6. júlí 2015, fyrir borgarráð 16. júlí 2015 þar sem kynntar voru frumhugmyndir endurbóta, dags. 4. maí 2015, og kostnaðaráætlun Eflu verkfræðistofu, dags. 1. júlí 2015. Lagði SEA til að farið yrði í þær endurbætur sem þar var að finna og að gerður yrði leigusamningur við HR sem kæmi til með að bera hluta þess kostnaðar sem yrði af endurbótunum. Var áætlaður kostnaður samkvæmt frumkostnaðarmati Eflu kr. 146.000.000 – 158.000.000. Borgarráð samþykkti framangreint erindi SEA á fundi sínum 16. júlí 2015 og í kjölfarið var skrifað undir leigusamning milli Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík þann 25. september 2015.

Í kjölfarið hófust framkvæmdir á framangreindu svæði og var t.a.m. veitt leyfi til niðurrifs, þ.e. taka niður braggann, dags. 19. september 2016, og takmarkað byggingarleyfi vegna Nauthólsvegs 100 fyrir jarðvinnu, undirstöður, botnplötu og lagnir í grunn, dags. 17. nóvember 2016.

Aðdragandi álitsbeiðni, meðferð innkauparáðs og umfang upplýsingaöflunar

Á fundi innkauparáðs 6. janúar 2017 var lagt fram til kynningar yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á 1.-3. ársfjórðungi 2016, sbr. 3. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Var þar meðal annars að finna innkaup vegna Nauthólsvegs 100 en afgreiðslu þessa liðs fundarins var frestað þar sem innkauparáð óskaði yfirferðar starfsmanna SEA á því sem fram kom í yfirlitinu. Yfirlitið var aftur lagt fyrir innkauparáð á fundi þess 27. janúar 2017 og eftir að upplýsingar höfðu verið veittar af hálfu SEA á fundinum bókaði innkauparáð að ekki væru gerðar athugasemdir við yfirlitið.

Yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á 1. - 4. ársfjórðungi 2016 var lagt fyrir fund innkauparáðs 17. mars 2017. Var þar að finna uppfærðar upplýsingar um innkaup vegna Nauthólsvegs 100 og bókaði innkauparáð að ekki væru gerðar athugasemdir við yfirlitið.

Á fundi innkauparáðs 16. júní 2017 var lagt fram yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á fyrsta ársfjórðungi 2017. Óskaði innkauparáð eftir nánari sundurliðunar á framkvæmdum vegna Nauthólsvegs 100 en gerði að öðru leyti ekki athugasemd við yfirlitið. Svar SEA við beiðni innkauparáðs var lagt fram á fundi innkauparáðs 18. ágúst 2017 og óskaði innkauparáð þá eftir áliti borgarlögmans á framlögðu svari.

Strax í kjölfarið hófst borgarlögmaður handa við vinnu umbeðins álits og óskaði eftir gögnum frá SEA um umrætt verkefni í nokkrum liðum, sbr. tölvupóst dags. 21. ágúst 2017, en borgarlögmaður taldi nauðsynlegt að fá gögn um samningagerð, innkaupaferli, sundurliðun verkþátta er varða varðveislu menningarminja og kostnað svo hægt væri að leggja mat á álitaefnið. Í framhaldinu var fundað með SEA um framangreinda upplýsingabeiðni og var embættinu afhent mappa með gögnum sem ekki reyndust uppfylla umrædda beiðni. Upplýsingabeiðnin var útskýrð nánar á fundinum og var niðurstaðan sú að SEA myndi fá verkefnastjóra SEA til að afla umbeðina upplýsinga. Var beiðni embættisins ítrekuð með tölvupósti 25. september 2017.

Yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á 2. ársfjórðungi 2017 var lagt fyrir innkauparáð á fundi ráðsins 13. október 2017 en afgreiðslu þess máls var frestað og vísað til beiðni ráðsins um framangreint álit borgarlögmans.

Beiðni borgarlögmans um gögn frá SEA var ítrekuð með tölvupósti 1. nóvember 2017 og fundaði fulltrúi borgarlögmans með verkefnastjóra SEA 1. desember 2017. Var beiðni borgarlögmans um gögn frá SEA ítrekuð með tölvupósti dags. 5. desember 2017. Þann 13. desember 2017 óskaði fulltrúi borgarlögmans að nýju eftir fundi með verkefnastjóra SEA og var þá ítrekað að lengi hefði verið beðið afhendingar gagna. Daginn eftir, 14. desember 2017, átti fulltrúi borgarlögmans fund með verkefnastjórum SEA þar sem ætlunin var að fá nauðsynleg gögn til að vinna hið umbeðna álit borgarlögmans. Engin gögn voru hins vegar afhent.

Yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á 2. ársfjórðungi 2017 var aftur lagt fyrir á fundi innkauparáðs 26. janúar 2018 og voru ekki gerðar athugasemdir við það að undanskyldu því að vísað var til framangreindrar beiðni ráðsins um álit borgarlögmans.

28. janúar 2018 átti fulltrúi borgarlögmans samskipti við verkefnastjóra SEA þar sem rætt var um útboðsskyldu og mögulegar undanþágur frá henni. Nokkru síðar, 7. febrúar átti fulltrúi

borgarlögmanns að nýju fundi með verkefnastjórum SEA. Drög að minnisblaði SEA barst með tölvupósti 21. febrúar 2018 en innihélt það þó ekki umbeðnar upplýsingar. Var óskað eftir því með tölvupósti saman dag að uppfærð drög myndu berast 1. mars 2018. Umbeðin gögn bárust ekki þann dag.

Í framhaldi af tölvupóstsamskiptum 7. mars 2018 var óskað eftir því að umbeðin gögn myndu berast og áréttað að upplýsingar vantaði m.a. um dagsetningu gerðra samninga um verkefnið.

Þann 13. apríl 2018 var lagt fram í innkauparáði yfirlit SEA yfir innkaup yfir kr. 1.000.000 á 4. ársfjórðungi 2017. Var afgreiðslu þess frestað til að fá fulltrúa SEA til að svara spurningum um yfirlitið. Yfirlitið var aftur tekið fyrir á fundi ráðsins 20. apríl 2018 og voru þá ekki gerðar athugasemdir við það.

Þar sem borgarlögmanni höfðu enn ekki borist fullnægjandi upplýsingar um verkefnið óskaði fulltrúi borgarlögmanns eftir upplýsingum um stöðu málsins hjá verkefnastjóra SEA 24. maí 2018. Fengust þau svör sama dag í tölvupósti að leggja þyrfti lokahönd á minnisblað sem yrði klárað eftir helgi og að síðan yrði samantekt unnin úr upplýsingum SEA um kostnað. Hvorugt barst og var sú beiðni ítrekuð 14. ágúst 2018. Þeirri beiðni svaraði verkefnastjóri SEA með tölvupósti dags. 16. ágúst 2018 og kvaðst koma með gögn í næstu viku.

Á fundi innkauparáðs 16. ágúst 2018 óskaði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins eftir því í innkauparáði að fengið yrði yfirlit yfir allar greiðslur Reykjavíkurborgar vegna Nauthólsvegs 100 á árunum 2017 og 2018. Var slíkt yfirlit lagt fyrir á fundi innkauparáðs 30. ágúst 2018 og voru engar athugasemdir gerðar við yfirlitið.

Með tölvupósti dags. 3. september 2018 upplýsti verkefnastjóri SEA að gögnin væru að verða tilbúin og voru drög að minnisblaði og kostnaðargreiningu send með tölvupósti til borgarlögmanns 7. september 2018 með þeim formerkjum að enn ætti eftir að yfirfara þau gögn.

Á fundi innkauparáðs 13. september 2018 lét fulltrúi Sjálfstæðisflokks bóka athugasemdir við óútskýrðan kostnað á yfirlitinu sem lagt hafði verið fyrir fund ráðsins 20. ágúst 2018.

Minnisblað verkefnastjóra SEA vegna tilboða í enduruppbyggingu við Nauthólsveg 100 dags. 17. september 2018, var lagt fram með umsögn SEA í borgarráði þann 20. september 2018 vegna fyrirspurna áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins og Miðflokksins og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna verkefnisins.

Óskað var eftir nánari upplýsingum í tölvupósti dags. 6. október sl. og í svari í tölvupósti dags. 7. október kom fram að þeir samningar sem hafi verið gerðir hafi ekki verið skriflegir samningar heldur munnlegt samkomulag um að verkið skyldi unnið. Með tölvupóstum dags. 11. október sl., bárust verkfundargerðir o.fl. Enn vantaði þó umbeðið minnisblað með samanteknum upplýsingum ásamt gögnum um hvernig samningum hafi verið komið á í verkefninu. Á fundi, dags. 15. október sl. gerði verkefnastjóri SEA munnlega grein fyrir því hvernig samningum um helstu verkþætti hefði verið komið á og afhenti gögn því til stuðnings að hluta. Við þá yfirferð kom í ljós að aðeins í einu tilviki voru til gögn sem sýndu samanburðartilboð en að öðru leyti voru ekki til staðar gögn sem sýndu fram á að leitað hefði verið hagkvæmustu tilboða. Af þessum upplýsingum leiðir að engir skriflegir verksamningar liggja til grundvallar framkvæmd þessari eða formleg innkaupaferli heldur hefur samningum verið komið á með tilboðum og munnlegum hætti.

Gildissvið réttarreglna um opinber innkaup

Lög um opinber innkaup nr. 84/2007

Þegar verkefnið var samþykkt í borgarráði þann 16. júlí 2015 fylgdi með tillögunni skjal sem ber heitið „Frumhugmyndir endurbóta“, dags. 4. maí 2015. Í umræddu skjali er lýst tilgangi verkefnisins en þar kemur fram að Reykjavíkurborg hyggist endurbæta byggingar að Nauthólsvegi 100 m.a. vegna friðunarsjónarmiða. Fram kemur að Reykjavíkurborg hyggist leigja dótturfélagi Háskólans í Reykjavík byggingarnar í kjölfar endurbóta. Byggingarnar myndu hýsa nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, félagsstarf stúdenta skólans og þá að rekið yrði einfalt kaffihús í byggingunum.

Jafnframt var í borgarráði lagt fram með tillögunni skjal sem ber heitið „Nauthólsvegur 100-Endurbætur á húsnæði-Viðgerðartillögur-Frumkostnaðaráætlun“ dags. júlí 2015. Umrædd kostnaðaráætlun var unnin af verkfræðistofunni Eflu og gerir ráð fyrir því að verkefnið muni kosta kr. 146.000.000,- til 158.000.000,-

Þá átti verkefnastjóri SEA í samskiptum við Minjastofnun Íslands og leitaði eftir umsögn stofnunarinnar um verkefnið með tölvupósti, dags. 20. júlí 2016. Þann 25. júlí 2016 barst bréf frá stofnuninni þar sem lagt er til að svæði bygginganna njóti verndar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Þá fagnaði stofnunin farsælli lausn á endurbyggingu sem að mati stofnunarinnar varðveiti sérkenni merkra sögulegra minja frá stríðsárum.

Verkefninu er lýst í minnisblaði verkefnastjóra SEA dags. 17. september 2018 en þar kemur fram að í verkefninu hafi falist:

1. Endurbygging á bragga frá stríðsárunum með steypu anddyri.
2. Endurbygging á skála frá stríðsárunum.
3. Endurbygging á náðhúsi frá stríðsárunum.
4. Bygging þriggja nýbygginga sem tengja saman ofantaldar byggingar. Það eru:
 - a. Inngangsbygging sem hýsir auk anddyris, tæknirými fyrir allar byggingarnar
 - b. Millibygging sem tengir saman húsin þrjú. Hún inniheldur öll votrými, þ.e. snyrtingar og fullbúið veitingaeldhús.
 - c. Útbygging á skála sem hýsir fundaraðstöðu.
5. Gerð umsvifamikils útisvæðis sem þjónar öllum borgarbúum.

Þegar verkefnið var samþykkt í borgarráði 16. júlí 2015 voru í gildi lög nr. 84/2007 um opinber innkaup (hér eftir OIL). Meginregla þeirra laga var sú að opinber kaupandi skuli framkvæma formlegt innkaupaferli við kaup á verki, vöru og þjónustu í samræmi við ákvæði laganna, sbr. V. kafla þeirra en efni laganna giltu ekki að öllu leyti um innkaup sveitarfélaga, líkt og nánar verður rakið í álitinu þessu. Þá giltu einnig mismunandi reglur um opinber innkaup eftir eðli og tegund samninga og því nauðsynlegt að skilgreina hvers eðlis umrætt verkefni var, þ.e.a.s. hvort um vöru-, þjónustukaup eða verksamning var að ræða.

Í 2. mgr. 4. gr. þágildandi OIL. er að finna skilgreiningu á því hvað teljist vera útboðsskyldur verksamningur í skilningi laganna:

Til verksamninga teljast samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á þeim verkum sem annars vegar greinir í I. viðauka tilskipunarinnar en hins vegar

verkum, eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur, sem slíkur, þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki.

Í framangreindu ákvæði er vísað til I. viðauka tilskipunarinnar en þar er átt við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB. Umræddan viðauka má finna í greinargerð með frumvarpi þágildandi OIL og er þar að finna sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV tilvísunarflokkunarkerfi eða kóða) sem skilgreina nánar hverskonar verksamningar falli undir útboðsskyldu laganna. Miðað við lýsingu verkefnisins, eins og það var samþykkt á fundi borgarráðs hinn 16. júlí 2015, á hluti verkefnisins er sneri að endurbyggingu fasteigna á svæðinu undir CPV tilvísunarnúmer 45 eða byggingarstarfsemi og þar undir grein 45.21 eða almenna húsasmíði og mannvirkjagerð. Í grein 45.21 er að finna CPV kóðann 45212350-4 en í athugasemdum við hann er vinna við byggingar sem hafa sögulega og hönnunarlega þýðingu felld undir efni greinarinnar (e. Buildings of particular historical or architectural interest). Telja verður að sá CPV kóði lýsi eðli verkefnisins best og þar sem megineinkenni verkefnisins er mannvirkjagerð er um verksamning að ræða, þó að aðrir þættir þess kunni að teljast til þjónustukaupa, líkt og nánar verður rakið hér að neðan.

Innkaup sveitarfélaga voru undanþegin útboðsskyldu laganna ef innkaupin voru undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagsvæðisins sem birtar voru í reglugerð, sbr. 19. gr. og 78. gr. laganna. Í reglugerð nr. 583/2014 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup, sem í gildi var er verkefnið var samþykkt, segir að verksamningar að fjárhæð kr. 834.842.176,- eða meira séu útboðsskyldir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við útreikning á áætluðu virði verksamnings og þá hvort verðmæti hans nemi útboðsskyldri fjárhæð bar samkvæmt þágildandi OIL að miða við kostnað við verkið auk verðmætis aðfanga sem kaupandi lætur í té, sbr. 24. gr. þágildandi OIL. Í því skyni aflaði SEA kostnaðaráætlunar og var hún unnin af Eflu verkfræðistofu. Líkt og áður greinir var kostnaðaráætlun verkefnisins á bilinu kr. 146.000.000,- til 158.000.000,-. Af þessum forsendum leiðir að verkefnið var ekki útboðsskyldt samkvæmt þágildandi OIL þar sem virði verkefnisins samkvæmt kostnaðaráætlun nam lægri fjárhæð en kr. 834.842.176,-.

Innkaupareglur Reykjavíkurborgar

Þegar samþykkt borgarráðs lá fyrir hinn 16. júlí 2015 um heimild til handa SEA til að hefja endurbyggingu á húsaþyrpingunni við Nauthólsveg 100 voru í gildi innkaupareglur Reykjavíkurborgar frá 8. maí 2014. Í umræddum reglum er fjallað um í hvaða tilvikum Reykjavíkurborg sé skylt að viðhafa formleg innkaupaferli þegar reglur OIL eiga ekki við.

Í samræmi við það sem að framan er rakið ber við skoðun á því hvort skylt hafi verið að bjóða út verkefnið einnig að skoða ákvæði innkaupareglna en þau eru túlkuð með hliðsjón af lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, að meðtöldum viðaukum við lögin og lögskýringargögnum, sbr. 3. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 11. gr. innkaupareglanna er skylt að viðhafa innkaupaferli, annað en verðfyrirspurn, þegar áætluð samningsfjárhæð verklegrar framkvæmdar nemur hærri fjárhæð

en kr. 28.000.000,- að meðtöldum virðisaukaskatti. Verksamningar eru skilgreindir í innkaupareglunum sem:

[...] samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á verkum, annars vegar sem hér eru nefnd í lokamálslið þessar málsgreinar og hins vegar verkum, eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum, sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur, sem slíkur, þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki. Dæmi um verksamninga eru samningar um gerð nýbygginga, gatna, lagna, steyptra kantsteina, sparkgerða, aðalstíga, malbiksyfirlagninga, samningar um jarðvinnu, dúkagningu, flísalagningu, uppsetningu loftræstikerfa og innréttinga og málun mannvirkja.

Í svari SEA sem lagt var fram á fundi innkauparáðs 18. ágúst 2017 kom fram að ekki hefði verið hægt að þjóna verkefnið út m.a. þar sem ekki lægi ljóst fyrir hvað ætti að varðveita og hvað ætti að endurgera. Í þessu samhengi þarf að skoða hvort heimilt hafi verið að undanþiggja verkefnið formlegum innkaupaferlum samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Undanþáguheimild frá formlegum innkaupaferlum innkaupareglanna er að finna í 13. gr. þeirra. Þar er kveðið á um heimild til að víkja frá ákvæði 11. gr. reglnanna um skyldu til að nota innkaupaferli við innkaup á tiltekinni þjónustu, þ. á m. ef hún tengist menningarstarfsemi, sbr. j. lið 13. gr. reglanna. Í 13. gr. segir að við túlkun á inntaki samninga skv. a.-j. liðar skuli líta til II. viðauka A og B við lög um opinber innkaup nr. 84/2007 ásamt síðari breytingum.

Í II. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB sem finna má í greinargerð með frumvarpi laga nr. 84/2007 er að finna CPV tilvísunarnúmer er tekur til menningarstarfsemi og skilgreinir nánar hvað teljist vera menningarstarfsemi við opinber innkaup. Þar er að finna þjónustu sem tengist varðveislu sögulegra bygginga, sbr. CPV kóðarnir 96322000- 6 til 8. Að teknu tilliti til þess sem fram kemur í bréfi Minjastofnunar Íslands dags. 25. júlí 2016 og efni fundargerða verkfunda er ljóst að hluti þeirrar þjónustu er veitt var í tengslum við hönnun bygginganna kann að hafa falið í sér þjónustu er tengist varðveislu sögulegra bygginga og því undanþegin formlegu innkaupaferli samkvæmt innkaupareglum. Hinsvegar er ekki að finna í þeim gögnum er borist hafa frá SEA neina sundurliðun á því hvaða verk- og kostnaðarþættir geti átt undir undanþáguna og telur borgarlögmaður því ekki unnt að fullyrða að hún eigi við um hluta þjónustu hönnuða eða mögulega annarra sem að verkinu komu.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að skv. 3. mgr. 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar er skylt að afla fyrirfram samþykkis innkauparáðs fyrir beitingu undanþáguheimilda b.-j. liða greinarinnar að fenginni staðfestingu innkaupadeildar um að efni samninga falli undir þær skilgreiningar. Á þetta m.a. við ef ætlunin er að viðhafa bein þjónustukaup án þess að notast við formlegt innkaupaferli en þess var ekki gætt við undirbúning framkvæmda við það verkefni sem hér er fjallað um.

Auk þessa hafa engin gögn komið fram sem sýna fram á að skilyrði b-liðar 22. gr. innkaupareglna hafi verið uppfyllt um að einungis eitt fyrirtæki hafið komið til greina sem verktaki í einstökum verkþáttum. Því hefur ekki verið sýnt fram á að heimilt hafi verið að semja beint við aðila um einstaka verkþætti á grundvelli einstakrar tæknilegrar þekkingar þeirra.

Að lokum skal á það bent að samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar er óheimilt að skipta upp samningum í því skyni komast hjá útboðsskyldu, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglnanna. Með hliðsjón af framkomnum gögnum telur embætti borgarlögmanns að ekki sé unnt að fullyrða að slíkt hafi verið gert af ásettu ráði enda liggja fyrir skýringar þess efnis að verkefnið sé þess eðlis að erfitt sé að sjá fyrirfram umfang þess og hvenær unnt hefði verið að vinna einstaka verkþætti. Ljóst er þó að í innkaupareglum Reykjavíkurborgar er ekki að finna heimild til þess að leggja slíkar forsendur til grundvallar undanþágu frá útboðsskyldu.

Samantekt

Að öllu framangreindu virtu þykir í ljós leitt að verkefnið var ekki útboðsskylt samkvæmt þágildandi lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 og er því ekki um brot á þeirri löggjöf að ræða í tilviki endurbyggingar á húsaþyrpingunni við Nauthólsveg 100. Hins vegar er ljóst að ekki var farið eftir innkaupareglum Reykjavíkurborgar við gerð samninga um framkvæmdina.

F.h. borgarlögmanns



Eyþóra Kristín Geirsdóttir

lögmaður



UMSÖGN

Viðtakandi: skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Sendandi: borgarlögmaður

Efni: Umsögn um varðveisluskyldu tölvupósta: tilvísun R1811020

Með tölvupósti frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. nóvember 2018, var óskað eftir því að borgarlögmaður veitti umsögn, vegna c-liðar fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til borgarráðs varðandi tölvupóst starfsmanna. Fyrirspurnin, sem dagsett er 27. nóvember 2018, var vísað af skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þann 28. nóvember sl. og er c-liður hennar svohljóðandi:

„Er varðveisluskylda á tölvupóstunum?“

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

Ákvæði laga um opinber skjalasöfn og skjalastefna Reykjavíkurborgar

Um varðveisluskyldu stjórnvalda á skjölum er aðallega fjallað í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í lögnum er mælt fyrir um þá skyldu stjórnvalda, þ.á.m. sveitarfélaga sem afhendingarskyldra aðila, að varðveita og afhenda opinberum skjalasöfnum skjöl sín í samræmi við reglur laganna, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 14. gr. laganna.

Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna. Þá er stjórnvöldum, í þessu samhengi, skylt að skrá helstu upplýsingar um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins, sbr. 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Að sama skapi er kveðið á um það í 1. mgr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn að óheimilt sé að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, nema slíkt sé gert á grundvelli samþykki þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. laganna, eða ákvæða sérlaga. Í ákvæði 2. mgr. 24. gr. er kveðið á um skyldu Þjóðskjalasafns Íslands til að setja sérstakar reglur skv. 3. tölul. 8. gr. um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verði komið. Slíkar reglur hafa ekki verið settar af hálfu safnsins.

Árið 2010 gaf Þjóðskjalasafn Íslands út sérstaka handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Í handbókinni er að finna leiðbeiningar safnsins um framkvæmd skjalavörslu sveitarfélaga. Handbókin hefur ekki verið uppfærð eftir gildistöku laga nr. 77/2014.

Reykjavíkurborg hefur sett sér sérstaka skjalastefnu fyrir árin 2015-2020, sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 10. september 2015. Í skjalastefnunni kemur fram að forstöðumenn stofnana, sviðstjórar og forstjórar fyrirtækja Reykjavíkurborgar beri ábyrgð á skjalavistun þeirrar stofnunar, sviðs eða fyrirtækis er þeir veita forstöðu. Þá segir jafnframt í stefnunni að allir starfsmenn sem búa til, taka á móti eða nota skjöl bera með einum eða öðrum hætti ábyrgð á skjalavistun og ber hverjum og einum starfsmanni að fara eftir viðeigandi lögum og reglum um skjalavistun.

Reglur Reykjavíkurborgar um tölvunotkun

Í gildi hjá Reykjavíkurborg eru reglur um tölvunotkun, dags. 12. ágúst 2014. Reglurnar eru settar með það að markmiði að upplýsa notendur á tölvuneti Reykjavíkurborgar hvernig umgangast skuli tölvubúnað, hugbúnað, tölvupóst, Internetið, snjalltæki og fleira ásamt því að skýra hvernig eftirliti og ábyrgð er háttáð. Reglurnar eru hluti af öryggi tölvukerfa Reykjavíkurborgar og er markmið þeirra jafnframt að stuðla að því að jafnvægi ríki milli einkalífsréttar annars vegar og hins vegar hagsmuna Reykjavíkurborgar í að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með notendum og öðrum sem sæta rafrænni vöktun.

Í grein 2.2 í reglunum kemur fram sú almenna regla að pósthólfi og heimasvæði notenda skuli eytt við starfslok þeirra ásamt öllum gögnum sem þar er að finna, nema yfirmaður ákveði annað.

Samsvarandi ákvæði um eyðingu við starfslok var að finna í eldri reglum Reykjavíkurborgar um tölvunotkun frá árinu 2010.

Hugtakið skjal tekur meðal annars til tölvupósta

Í lögum nr. 77/2014 er hugtakið skjal skilgreint sérstaklega í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna en þar segir: „*Skjal : Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings* .“

Þá segir eftirfarandi um skjalahugtakið í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til fyrrnefndra laga: „*Skilgreining skjals er hér með sama hætti og er að finna í 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Henni var breytt 2008 í því skyni að fella skilgreiningu skjals að orðnum veruleika á grundvelli upplýsingatækninnar. Skilgreining þessi rúmar bæði öll pappírsskjöl og allar gerðir rafrænna skjala, þ.m.t. gagnagrunna* .“

Af framangreindu og athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um opinber skjalasöfn er ljóst, að hugtakið „*skjal*“ í skilningi laganna er víðtækt og nær bæði til skriflegra gagna og upplýsinga á pappír og á rafrænu formi. Því er ótvírætt að tölvupóstur fellur undir hugtakið og á því almennt undir gildissvið laganna.

Varðveisluskylda tekur ekki til allra tölvupósta

Af lögum nr. 77/2014 leiðir að tölvupósthólf starfsmanna eru ekki vistunarstaðir fyrir skjöl sem hafa varðveislugildi, heldur ber að koma slíkum tölvupóstum til varðveislu undir viðkomandi máli í skjalasafni. Að sama skapi ber að færa erindi sem berast sveitarfélögum með tölvupósti, svör sveitarfélaga við erindum sem send eru í tölvupósti, eða upplýsingar um meðferð máls, beiðni um gögn, eða annað sem varðar meðferð slíkra erinda er berast með tölvupósti, til varðveislu í skjalasafni sveitarfélaga.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu, er ljóst að ekki eru allir tölvupóstar í starfsemi sveitarfélaga varðveisluskyldir samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2014.

Í fyrsta lagi þá felst í eftirfarandi orðalagi ákvæðis 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna: „[...] við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings“ , að skjöl sem berast sveitarfélögum og varða ekki starfsemi þeirra sérstaklega, falla ekki undir varðveisluskyldu. Það felur m.a. í sér að tölvupóstar starfsmanna um einkamálefni og málefni sem snerta ekki starfsemi þess stjórnvalds er þeir starfa fyrir eru ekki varðveisluskyldir. Það sama á við um fjöl- og auglýsingapóst og póst er borist hefur starfsmanni fyrir mistök. (Sjá um þetta: Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson: „*Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*“, Stjórnsmál og Stjórnsýsla, 2. tbl. 12. árg. 2016, bls. 331).

Í öðru lagi felst í orðalagi fyrrnefnds ákvæðis að hugtakið „skjal“ er afmarkað við skjöl er „[...] orðið hafa til, borist eða verið viðhaldið“ . Af því orðalagi má ætla að varðveisluskylda taki ekki almennt til draga eða uppkasta að tölvupóstum. (Sjá um þetta: Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson, bls. 331).

Í þriðja lagi, verður ekki annað ályktað en að eftir að tölvupóstur hefur verið færður til varðveislu í skjalasafni, sé starfsmanni heimilt að eyða tölvupóstinum úr innhólfi sínu og að það sé eðlilegur liður í hreinsun og tiltekt í tölvupósthólfum, enda eru þá umræddur tölvupóstur í pósthólfi orðinn afrit. Byggist þessi afstaða á sömu sjónarmiðum og getið er um í Handbók Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga um hreinsun í skjalasafni, þ.e. að almennt sé heimilt að eyða aukaeintökum skjala.

Óformlegri tölvupóstar sem til verða í starfsemi stjórnvalda

Af framangreindu leiðir að ýmsir óformlegri tölvupóstar sem til verða í starfsemi sveitarfélaga, og sem falla ekki undir þær undantekningar sem að framan eru raktar, valda vandkvæðum um það hvort þeir séu varðveisluskyldir í skilningi laga nr. 77/2014. Sem dæmi um slíka tölvupósta má nefna tölvupóst sem hefur að geyma yfirfarin drög, tölvupósta varðandi innra skipulag starfseiningar og almenn skilaboð til samstarfsfólks sem send eru með tölvupósti. Er í grein Kristínar Benediktsdóttur og Trausta Fannars Valssonar, sem vitnað hefur verið til hér að framan, rakið í þessu sambandi að vandkvæði rísi varðandi varðveislu slíkra óformlegri tölvupósta í málaskráningakerfum stjórnvalda þar sem þeir eigi sér engan hefðbundinn vistunarstað.

Af ákvæðum laga um opinber skjalasöfn, og á meðan Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki sett reglur eða leiðbeiningar um hvort og þá hvernig eigi að varðveita óformlegri tölvupósta, verður hins vegar ekki annað ályktað, séu ákvæði laganna túlkuð eftir orðanna hljóðan, en að

almennt beri að varðveita alla óformlegri tölvupósta í skjalasafni, nema heimild Þjóðskjalasafns Íslands til eyðingar samkvæmt ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna komi til. Á hinn bóginn verður ekki séð að það ástand sem leiðir af slíkri túlkun samræmist tilgangi laga um opinber skjalasöfn þ.e. að varðveisluskyldan nái til nauðsynlegra skjala en verði jafnframt ekki þungbærari eða kostnaðarsamari fyrir afhendingarskylda aðila heldur en efni standa til. Um þetta er nánar fjallað hér að neðan.

Lögfræðileg álitamál um varðveislu tölvupósta

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er ljóst að ýmis lögfræðileg álitamál eru til staðar þegar kemur að varðveislu tölvupósta sem samandregin eru eftirfarandi:

- a) Draga má þá ályktun af meginmarkmiði laga nr. 77/2014 um að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi, að lögunum var ætlað að fara bil þess að tryggja varðveislu skjala en þó án þess að draga úr skilvirkni stjórnsýslunnar.
- b) Við setningu laga nr. 77/2014 voru lagðar veigamiklar skyldur á Þjóðskjalasafn Íslands meðal annars um að setja reglur um nánari framkvæmd laganna þ.m.t. reglur um tölvupóst og eyðingu eða förgun hans. Slíkar reglur hafa, eins og framan er rakið, ekki enn verið settar.
- c) Af framangreindu má álykta, þar sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki enn sett reglur um eyðingu og förgun tölvupósts, að sé ákvæðum laganna beitt samkvæmt orðanna hljóðan þeirra, mun varðveisluskylda tölvupósta í starfsemi stjórnvalda verða mun þungbærari og kostnaðarsamari heldur en það markmið með varðveisluskyldu sem ákvæði laganna stefndu að. (Sjá um þetta: Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson, bls. 337).
- d) Þrátt fyrir að varðveisluskylda taki, svo sem að framan greinir, almennt til óformlegri tölvupósta, hefur verið talið varhugavert, að slá því föstu að einstaka ákvarðanir um að varðveita ekki óformlegri tölvupósta feli í sér brot á varðveisluskyldu laga nr. 77/2014, því eins og áður segir er það verulegum vafa undirorpið að slíkir tölvupóstar hafi varðveislugildi. (Sjá um þetta: Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson, bls. 338).
- e) Að framan hefur verið getið þess að Reglur Reykjavíkurborgar um tölvunotkun frá 2014 gera almennt ráð fyrir því að tölvupósthólfi starfsmanns sé eytt við starfslok hans. Með vísan til þess að ekki eru allir tölvupóstar varðveisluskyldir, er varhugavert að slá því föstu að tilvitnaðar reglur gangi almennt í berhögg við ákvæði 24. gr. laga nr. 77/2014. Hins vegar telur borgarlögmaður rétt að umrætt ákvæði reglnanna sé skoðað í samhengi við þá umfjöllun sem að framan greinir.
- f) Ákvæði XI. kafla laga nr. 77/2014 hafa að geyma refsheimildir ef brotið er gegn þar til greindum ákvæðum laganna, þar með talið ákvæði 24. gr. laganna. Með vísan til þess sem greinir að framan og að teknu tilliti til meginreglunnar um skýrleika refsheimilda verður að telja vafasamt að hvers konar eyðing eða förgun gagna, svo sem óformlegri tölvupósta, án heimildar sé ávallt refsiverð samkvæmt ákvæðum XI.

kafla laga nr. 77/2014. (Sjá um þetta: Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson, bls. 338). Er þetta einkum vafasamt í ljósi þess að Þjóðskjalasafn Íslands hefur enn ekki sett þær reglur um þessi atriði sem löggjafinn ætlaðist til að yrðu settar í kjölfar gildistöku laga nr. 77/2014.

Með hliðsjón af framangreindu hvílir samkvæmt orðanna hljóðan ákvæða laga nr. 77/2014 sú skylda á opinberum aðilum að varðveita alla tölvupósta sem til verða í starfsemi þeirra óháð því hvort þeir hafi verið vistaðir í skjalavistunarkerfi. Þrátt fyrir þetta, og með hliðsjón af handbók Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga, verður að telja að heimilt sé að eyða tölvupósti sem varðar starfsemi opinberra aðila úr pósthólfi notanda/starfsmanns þegar hann hefur verið færður í skjalasafn. Eðli málsins samkvæmt gildir þetta ekki um einkapóst starfsmanna eða tölvupóst sem er starfsemi opinbers aðila óviðkomandi. Varðandi óformlegri tölvupósta verður að telja að ákveðinn ómöguleiki sé fyrir hendi þegar kemur að varðveislu þeirra í starfsemi sveitarfélaga á meðan Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki sett reglur um hvernig beri að varðveita slíka tölvupósta. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort slíkir tölvupóstar hafi eitthvað varðveislugildi eða ekki, eða hvort unnt sé að vista þá í þeim málaskráningarkerfum sem nýtt eru hér á landi. Í skrifum fræðimanna hefur meðal annars verið minnst á nauðsyn setningu reglna til þess að framkvæmd laga nr. 77/2014 verði ekki of þungbær eða kostnaðarsöm fyrir afhendingarskylda aðila. Á meðan fyrrnefndar reglur Þjóðskjalasafns Íslands hafa ekki verið settar, verður hins vegar ekki annað ályktað en að skylda til þess að varðveita alla tölvupósta, sem berast eða eru sendir í starfsemi afhendingarskyldra aðila, sé í andstöðu við markmið og tilgang laga nr. 77/2014.



Ebba Schram



Stefán Eiríksson,
borgarritari

Viðbrögð við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100.

Í bréfi dags. 5. febrúar 2019 er óskað eftir viðbrögðum fjármálastjóra við ábendingum og niðurstöðum skýrslu Innri endurskoðunar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100 og með hvaða hætti hafi nú þegar verið brugðist við þeim. Sérstaklega er óskað eftir viðbrögðum við eftirfarandi atriðum, sjá tilvísunarnúmer í meðfylgjandi svörum.

Hér að neðan er fyrst farið yfir einstaka liði (kafla I) sem óskað er viðbragða við en síðar (kafla II) farið yfir almenn viðbrögð fjármálastjóra við skýrslu IE.

I. Viðbrögð við einstökum atriðum

Liður 2a og 13a.	Úrvinnsla skýrslu IE um SEA o.fl. frá árinu 2015. Staða einstakra ábendinga og vinna starfshópa sem settir voru á laggirnar til að vinna frekar úr ábendingum IE.
-------------------------	--

Svar fjármálastjóra:

Sjá hjálagt bréf fjármálastjóra til borgarritara dags. 19. apríl 2019, fskj. 1.

Liður 2d, 5b og 6b.	Einungis gerð frumkostnaðaráætlun, aðrar kostnaðaráætlanir ekki gerðar.
----------------------------	--

Svar fjármálastjóra:

Í skýrslu IE er í viðauka 3 að finna „Reglur og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar á vegum Reykjavíkurborgar“. Þar er lýst ferli verkefna sem er stýrt af umhverfis- og skipulagssviði. Meðan verkefni er á hugmyndastigi er verið að vinna með svonefnda frumkostnaðaráætlun en gert er ráð fyrir að gerð sé kostnaðaráætlun I á forhönnunarstigi og sú kostnaðaráætlun lögð fram til kynningar í fagráði/borgarráði. Á forhönnunarstigi liggur fyrir eftirfarandi skv. verklagsreglu: lýsing verkefnis, skilgreining og markmið, þarfagreining, rýmisáætlun, valkostir, val á ráðgjöf, forsögn, forhönnun, samráð og gerð kostnaðaráætlun 1, sem síðan er lögð fyrir fagráð/borgarráð til samþykktar. Eftir samþykkt fer verkefnið á verkhönnunarstig en í því felst samráð, vinna við áætlanagerð, val á ráðgjöf, verkhönnun, kostnaðargát, hönnunarrýni og gerð útboðsgagna. Á þessum grunni er síðan unnin kostnaðaráætlun II sem er lögð fyrir fagráð/borgarráð. Þegar hún hefur verið samþykkt er gert ráð fyrir að verkefni fari í útboð, val á verktaka eða verktölum, eftirlit með framkvæmd, úttektir, uppgjör og skilamat og afhendingu.

Reglur og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar á vegum Reykjavíkurborgar eru afar ítarlegar og skýrt fram settar. Það er að mati undirritaðs mikilvægt að fylgja þessum leikreglum um framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg og gera tímanlegar og raunhæfar kostnaðaráætlanir bæði í upphafi og eftir því sem hönnun verkefna vindur fram. Þetta á ekki aðeins við um nýframkvæmdir heldur einnig og ekki síður þegar áformað er að fara í stórar breytingar eða viðhaldsframkvæmdir á eldri fasteignum en þar er áhættan oft mun meiri og ófyrirsjáanlegri en í nýframkvæmdum. Ítarlegar ástandsskoðanir áður en farið er af stað framkvæmdir á eldri fasteignum kunna að auka undirbúningskostnað en það ætti að skila sér í áhættuminni framkvæmd, betur rökstuddri ákvarðanatöku varðandi áformaða framkvæmd og lægri heildarkostnaði þegar upp er staðið.

Vel unnin áætlun og undirbúningur útboðs á framkvæmdum felur m.a. í sér að ekki er þörf á aukaverkum þegar framkvæmdin er hafin.

Ofangreindar reglur og verkferli ættu að gilda um öll stærri framkvæmdaverkefni hjá borgarsjóði. Reglurnar knýja á um vandaðan undirbúning vegna áformaðrar framkvæmdar og áætlaðan kostnað sem leggur grunn að ákvarðanatöku. Með þessu verklagi verður augljóst í undirbúningsferlinu hvaða innkaupaferlar eiga við hverju sinni og minni hætta á að það komi síðar fram að skylt hafi verið að haga innkaupum varðandi framkvæmd með öðrum hætti en gert var. Skýrsla IE dregur fram skort á fylgni við þessar reglur í mörgum atriðum og afleiðingar þess.

Ég tel víst að væntanlegar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar muni styðja við bætt verklag og sé m.a. eftirfarandi fyrir mér:

- Nýtt framkvæmda- og innkauparáð hlýtur að koma að tillögum um nýframkvæmdir eða stærri viðhaldsverkefni áður en tillögurnar fara til borgarráðs til samþykktar. Þetta getur þannig skapað aukið aðhald með traustum undirbúningi og áætlanagerð. Ávallt verði gerðar kröfur um að gerðar séu viðeigandi kostnaðaráætlanir áður en verk er boðið út og stefni verkefni fram úr samþykktum fjárheimildum ber undnabragðalaust að leggja málið fyrir nýtt fagråd og borgarråd sem tekur ákvörðun um framhaldið.
- Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar á nýju sviði fjármála og áhættustýringar. Það felur m.a. í sér að fjárhagskerfi borgarinnar verði nýtt til þess að færa inn kostnaðaráætlanir verkefna frá fyrstu stigum, eins ítarlegar og kostur er og þróun þeirra verið sýnileg eftir því sem verkefni vindur fram. Áætlanir verði aðgegnilegar þvert á ár og útgáfur (frumáætlun, áætlun I, áætlun II, o.fl. eftir atvikum), og unnt að útfæra markvissar skýrslur til að fylgja þeim eftir.
- Áhættustýring verði óaðskiljanlegur hluti undirbúnings fjárfestingarverkefna. Framkvæmdir eru í eðli sínu mismunandi áhættusamar og möguleg frávik frá kostnaðarmati á mismundi breiðu bili. Þannig er óvissa t.d. almennt mun meiri við endurbætur á gömlum byggingum en við byggingu nýrra mannvirkja. Komið verði upp aðferðafræði til að meta slíkar áhættur og byggja inn í undirbúnings- og afgreiðsluferli framkvæmda, þ.e. bæta við reglur og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar á vegum Reykjavíkurborgar.
- Nýtt framkvæmda- og innkauparáð verði sá aðili í stjórnkerfinu sem fylgist með einstökum framkvæmdum eftir að þær hafa verið samþykktar sem verkefni á fjárhagsáætlun ársins og fái mánaðarlega skýrslur um framgang verkefna og kostnað. Ráðið geti vísað einstökum verkefnum til borgarráðs ef framgangur þeirra eða kostnaðarþróun er ekki innan samþykkrar áætlunar og vikmarka um kostnað.

Liður 2e, 7b og 11b. Skriflegir samningar ekki gerðir, ekki leitað eftir ráðgjöf innkaupadeildar og ekki farið að innkaupareglum borgarinnar.

Svar fjármálastjóra:

Fjallað er með skýrum hætti í skýrslu IE um skyldu þeirra sem annast framkvæmdir af hálfu borgarinnar að fara að innkaupareglum borgarinnar og að gera samninga við verktaka. Litlu er við þessa umfjöllun að bæta. Það er niðurstaða IE að lög um opinber innkaup hafi ekki verið brotin en hins vegar voru innkaupareglur sniðgengnar af SEA þegar arkitektar og framkvæmdaaðilar voru valdir og ekki fylgt reglum um gerð skriflegra samninga. Fagsvið og miðlægar skrifstofur eiga að gera innkauparáði grein fyrir innkaupum yfir 1 mkr í ársfjórðungi og þessar upplýsingar eru hugsaðar til að vekja athygli á mögulegri sniðgöngu við innkaupareglur. Fram kemur í skýrslu IE að upplýsingagjöfin hefði mátt vera gleggri en var engu að síður nægjanleg til að vekja athygli innkauparáðs á málinu. Skortur á gögnum frá SEA tafði síðan skoðun málsins. Af þessu má auðvitað læra að gera verður kröfur um meiri og tíðari upplýsingagjöf til að auka gagnsæi og skapa raunhæf tækifæri fyrir eftirlitsaðila, í þessu tilviki innkauparáð, að bregðast við tímanlega og með réttum hætti.

Ætla verður að væntanlegar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar muni styðja við bætt verklag m.a. varðandi:

- Nýtt framkvæmda- og innkauparáð í breyttu stjórnkerfi ætti að skipa mikilvægan sess sem eftirlitsaðili með framkvæmdum.
- Í reglum um gerð fjárhagsáætlunar er sérstaklega kveðið á um skyldu sviðsstjóra að leggja fram innkaupaáætlun með fjárhagsáætlun vegna vöru- og þjónustukaupa og leita ráðgjafar hjá innkaupadeild um hagkvæmustu framkvæmd. Fylgja verður þessu fast eftir í framtíðinni.

Liður 2h Hlutverk samþykkjanda reikninga – yfirlit yfir það hvort útgjöld séu innan fjárheimilda.

Svar fjármálastjóra:

Í skýrslu IE um Nauthólsveg 100 er farið yfir hvernig eftirliti með birgjareikningum er háttað. Þar er lýst verklagsreglum fjármálaskrifstofu, FMS-VLR-011, um eftirlitið. Samkvæmt þeim skulu ávallt vera tveir samþykkjendur reikninga. Fyrri samþykkjandi ber ábyrgð á því að reikningur eigi rétt á sér, þ.e. að varan eða þjónustan hefur verið veitt, að magn og einingarverð séu rétt og að nauðsynleg fylgigögn fylgi reikningum. Skv. IE var í umræddu verkefni eins og í flestum fjárfestingaverkefnum borgarinnar fenginn ytri aðili, verktaki, sem fór með hlutverk verkefnisstjóra á byggingarstað og átti að staðfesta verkstöðu vegna reikninga áður en þeir fóru til bókonar og samþykktar hjá fyrri samþykkjanda.

Hlutverk síðari samþykkjanda er einnig mikilvægt en það felst í því að ganga úr skugga um að fjárhæð reiknings, dagsetning, gjaldalykill, kostnaðarstaður og aðrar tilvísanir eftir atvikum séu réttar, að gjaldfærsla sé hluti af nauðsynlegum kostnaði viðkomandi verkefnis og að fjárheimild vegna verkefnis sé fyrir hendi. Könnun IE leiðir í ljós að seinni samþykkjandi hefur ítrekað samþykkt reikninga eftir að kostnaður við verkefnið var kominn fram úr fjárheimildum.

Í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar FMS-STE-001 segir:

Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu reglubundið fylgjast með rekstri. Sviðsstjórum og stjórnendum stofnana ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það

að markmiði að halda rekstrinum innan samþykktra fjárheimilda og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.

Verkefnið sem hér um ræðir er hluti af stærri heild og þess vegna má ætla að eftirfarandi ákvæði í sömu reglum hefði gilt um mögulega tilfærslu fjármuna á milli verkefna:

Sviðsstjórum er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum. Tillaga sviðsstjóra um tilfærslu skal lögð fyrir fjármálastjóra með rökstuðningi. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlutað-eigandi fagráði og borgarráði og skjöluð með viðaukum við fjárhagsáætlun

Allir samþykkjendur hafa aðgang að upplýsingum um fjárheimildir í fjárhagsupplýsingakerfinu.

Það er mat undirritaðs að mikilvægt sé að skerpa á þessu eftirliti og kanna hvort unnt er að setja inn aðvörun í fjárhagsupplýsingakerfið til samþykkjanda þegar reikningur sem hann hyggst samþykkja fer yfir fjárheimildir þannig að hlutaðeigandi átti sig strax á því að hann þarf að grípa til viðeigandi aðgerða. Þetta er í skoðun hjá fjármálaskrifstofu. Könnun IE sýndi líka dæmi þess að reikningur hafi verið samþykktur til greiðslu þrátt fyrir að fjárhæð reiknings væri of há vegna samlagningarvillu enda þótt það hafi verið leiðrétt og ofgreiðsla endurgreidd.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri sviðsins enda þótt hann feli tveimur undirmönnum að annast samþykkt reikninga fyrir sína hönd. Í verklagsreglum fjármálaskrifstofu, FMS-VLR-011, er gert ráð fyrir að fari reikningsfjárhæðir yfir ákveðin mörk skuli sviðsstjóri eða fjármálastjóri sviðs í umboði hans einnig staðfesta reikning áður en hann er greiddur. Verkefnið Nauthólsvegur 100 var fært á kostnaðarstað „1108 Ýmsar fasteignir hjá USK“ enda þótt SEA væri með þetta verkefni á höndum en ekki USK. Tekið er undir með IE að:

Það verður að teljast óheppilegt að fjármálastjóri á öðru sviði heldur en því sem ber ábyrgð á framkvæmdunum sé settur í þá stöðu að þurfa að fylgjast með verkefninu og staðfesta reikningana.

Um þetta mætti setja enn skýrari ákvæði í reglum. Á hinn bóginn kemur einnig fram að fjármálastjóri USK telur sig hafa sinnt þessu eftirliti á sama hátt og um verkefni USK hafi verið að ræða.

Ítarleg skýrslugjöf IE sýnir að ástæða er til að skerpa á verkferlum og verklagsreglum. Fjármálaskrifstofa hefur hafið rýningu á þessum reglum og leiðbeiningum til að bæta gæði innra eftirlitskerfis borgarinnar og mun bera væntanlegar tillögur undir Innri endurskoðun borgarinnar. Fjármálaskrifstofa deilir með IE því mati að torvelt kunní að reynast að kanna réttmæti reikninga hjá þriðja aðila löngu eftir að reikningar voru gerðir og samþykktir og greiddir af borgarsjóði.

Ég tel ríkt tilefni til að endurskoða fyrirkomulag þessara mála:

- Þörf er á að endurskoða samþykktarkerfi reikninga sem er hryggjarstrykkið í kostnaðareftirliti borgarinnar með það að markmiði að eyða meiri kröftum í stærri verkefni/fjárhæðir. Hér er átt við að viðhafa aðeins tvöfalt samþykktarferli þegar um er að ræða stór verkefni og háar fjárhæðir en einfalt samþykktarferli á lægri fjárhæðir og innkaupakort þar sem viðskipti hafa þegar átt sér stað og greiðsla innt af hendi. Ástæða er til að skoða hvort skynsamlegt sé að áhættugreina verkefni og eftir atvikum birgja og viðhafa tvöfalt samþykktarferli þegar áhættumatið leiðir til slíkrar niðurstöðu og miða að öðru leyti við einfalda samþykkt ábyrgðarmanns kostnaðarstaðar. Þegar horft er til þess að tiltölulega fáir einstaklingar eru samþykkjendur á miklum fjölda birgjareikninga hlýtur að vakna sú spurning hvort þetta tvöfalda samþykktarferli dreifi kröftum um of og dragi úr vönduðu kostnaðareftirliti með stærri og áhættusamari verkefnum.

- Draga má í efa hvort rafrænt samþykktarferli geti yfirleitt komið í stað reglubundins og ítarlegs kostnaðareftirlits sem beint er að innkaupaaðilum borgarinnar út frá áhættugreiningum.
- Skoða þarf hvort taka eigi upp í áföngum innkaupakerfi á öll innkaup borgarinnar þar sem fyrirframsamþykki ábyrgðarmanns innkaupa er áskilið áður en innkaup eiga sér stað. Þetta myndi leysa af hólmi rafrænt eftirá-samþykktarferli og getur tryggt að innkaup séu alltaf innan fjárheimilda og í samræmi við innkaupareglur. Sjá einnig umfjöllun í kafla II.
- Tekið er undir með IE og endurskoðunarnefnd að fullt tilefni er til að skoða að taka upp ákvæði í ráðningarsamningum stjórnenda hjá Reykjavíkurborg sem bera ábyrgð á fjárhagslegum ákvörðunum með svipuðum hætti og gert er í 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 en þar segir m.a.: *Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.*

Liður 5a.**Munur á heildarkostnaði og fjárheimildum 73 m.kr.**

Svar fjármálastjóra:

Í skýrslu IE um Nauthólsveg 100 er sagt að það „skortir enn fjárheimildir fyrir 73 m.kr.“ Fjármálaskrifstofa hefur áður í þessu samhengi rakið meðhöndlun fjárheimilda hjá Reykjavíkurborg.

Fjárheimildir til rekstrar og fjárfestinga eru samþykktar eitt (fjárhags)ár í senn í desember ár hvert fyrir næsta ár. Engar fjárheimildir voru lagðar til verkefnisins Nauthólsvegar 100 fyrir árið 2018, þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt þann 5. desember 2017. Þegar fyrir lá að verkefninu var ekki lokið var lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun í ágúst 2018 með 150 m.kr. fjárheimild. Lagður hefur verið fram árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til september 2018. Á því tímabili námu útgjöld til verkefnisins um 147 m.kr. eða um 3 m.kr. undir samþykktum fjárheimildum verkefnisins sbr. samþykkt í borgarráði 16. ágúst 2018 f.h. borgarstjórnar. Við rýningu á uppgjörstölum fyrir tímabilið október til desember 2018 hafa um 13,7 m.kr. bæst við bókfærð útgjöld á verkefnið. Umframkostnaður m.v. fjárheimildir ársins nema því um 10,6 m.kr. Aðra umframkeyrslu á verkefninu má rekja til ársins 2017.

Verklag við fjármálastjórn Reykjavíkurborgar vegna meðhöndlunar á fjárheimildum er með þeim hætti að meginreglan er sú ákvörðun um auknar fjárheimildir skal taka áður en fjármunum er ráðstafað sé þess kostur, sbr. 63. gr. laga nr. 138/2011, en ella svo fljótt sem verða má og innan fjárhagsársins. Komi fjárþörfin fram í lok árs þannig að ekki næst að ganga frá öflun fjárheimilda innan fjárhagsársins er ekki er heimilt að fara fram með tillögu um viðauka um breytingu á fjárheimildum eftir að fjárhagsárið er liðið. Þegar ársreikningur er lagður fram og samþykktur í maí mánuði fyrir næstliðið ár er borgarstjórn í raun að staðfesta niðurstöðu rekstrar borgarinnar fyrir næstliðið árið. Gera verður ráð fyrir í slíkum tilvikum að stjórnarsýslan gefi viðeigandi skýringar á umframkeyrslu þegar ársreikningur kemur til staðfestingar. Í agaðri fjármálastjórn ætti þetta ekki að gerast.

Í hjálögðu minnisblaði dags. 5. febrúar 2019 er farið með nánari hætti yfir þær reglur sem unnið er eftir á fjármálaskrifstofu um meðhöndlun fjárheimilda, með tilvísunum í sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Sjá fskj. 2.

Bent er á eftirfarandi í þessu sambandi:

- Það getur ekki verið markmiðið í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að slétta út fjárheimildir í hvert sinn sem fyrir liggur að einhver liður stefni framúr fjárheimildum. Hjá Reykjavíkurborg er viðhöfð rammastjórnun sem þýðir að stjórnendur hafa ákveðið svigrúm innan rekstrar til þess að færa til fjármagn og gera tillögur um tilfærslur eftir atvikum. Það er mikilvægt stjórnæki að geta séð hvernig útgjöld eru að þróast í samanburði við áætlanir hverju sinni og bregðast við ef þörf er á.
- Fjármálaskrifstofa vinnur nú að því að endurskoða og skilgreina upp á nýtt fjárhagslíkan borgarinnar. Í því felast tækifæri til þess að taka þessa umfjöllun inn í þá vinnu. Sjá nánar um þetta fskj. 3.
- Rýna þarf uppsetningu fjárfestingaáætlunar í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og endurskoða sé þess þörf.

Liður 6a. Röng gildi vísitölu notuð við framreikning húsaleigu.

Svar fjármálastjóra:

Hér er um tilfallandi mistök að ræða við reikningagerð sem eru sjaldgæf.

Bent er á eftirfarandi í þessu sambandi að gera verður kröfu um að:

- Samningar sem varða fjárhagslega hagsmuni fari í yfirlestur hjá viðeigandi aðilum.

Liður 9a. Lítið eftirlit með framkvæmdum og borgarráð ekki upplýst um framúrkeyrslu.

Svar fjármálastjóra:

Eins og fram kemur í skýrslu IE annaðist SEA framkvæmdina að Nauthólsvegi 100 og eftirlit með henni en í þjónustusamningi milli SEA og USK er einmitt gert ráð fyrir því að USK annist framkvæmdir og SEA hafi eftirlit með USK. Í framkvæmdum hjá USK er almennt sú regla að fengnir eru utanaðkomandi fagaðilar til að annast verkeftirlitið og ganga úr skugga um réttmæti reikningagerðar verktaka, þ.e. að verkstaðan hverju sinni sé í samræmi við greiðsluákvæði verksamnings en SEA er ábyrgðaraðilinn. Í framkvæmdinni sem hér um ræðir fór SEA með framkvæmdina og verkefnisstjóri hjá SEA bar ábyrgð á öllu eftirliti með þessu verkefni. Skýrslan dregur fram með skýrum hætti þær áhættur sem felast í þessari aðferðafræði og ætti skýrslan að vera áminning um að fylgja þeim þjónustusamningi og reglum sem gilda um þetta hjá Reykjavíkurborg.

Liður 9e. Skýrslugjöf um framvindu fjárfestingaáætlunar þarf að veita fyllri mynd af stöðu verka.

Svar fjármálastjóra:

Skýrslugjöf til borgarráðs hefur fyrst og fremst falist í framlagningu á verkstöðuskýrslum einu sinni á ári með framlagningu ársreiknings. Það er mat undirritaðs að þessar verkstöðuskýrslur hafi hvorki uppfyllt eðlilegar kröfur til framsetningar efnisins né tíðni skýrslanna. Við framlagningu ársreiknings á þessu ári var af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs stigið ákveðið skref í rétta átt. Borgarráð samþykkti 4. apríl sl. að setja fram skýr fyrirmæli um skýrslugjöf um stöðu framkvæmda hjá Reykjavíkurborg sem

fylgja þeirri skýrslugjöf sem Framkvæmdasýsla ríkisins veitir. Þar koma m.a. fram upplýsingar sem sýna samþykktu fjárhagsáætlun verkefnis, raunkostnað, frávik, magnbreytingar, aukaverk, umsjón og eftirlit og viðbótarverk í hverju verkefni, sjá meðf. útdrátt úr töflu Framkvæmdasýslunnar. Mikilvægt er að nýjar verkstöðuskýrslur sýni hvar framvinda hvers verkefnis er stödd þannig að unnt sé að átta sig á hvort raunkostnaður sé í samræmi við verkstöðuna.

Verkefnisheiti innan flokkanna	Tegund	Landshluti	Ár loka- úttektar	Visitala verkefnis	Áætlun (m.kr.)	Raun- kostnaður (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik (%)	Magn- breytingar (%)	Aukaverk (%)	Hönnun og ráðgjöf (%)	Umsjón og eftirlit (%)	Viðbóta- verk (%)
Nýbyggingar – stærri verk													
Kennarahaskóli Íslands. Hamar kennslumóstöð	Menntastofnun	Höfuðborgarsvæðið	2002	236,9	1.932,3	2.024,8	92,6	4,8%	4,2%	10,0%	7,8%	5,3%	2,1%
Þjónustuskáli Alþingis, 1. áfangi, nýbygging	Þjónustubýggingar	Höfuðborgarsvæðið	2002	236,6	725,3	753,5	28,2	3,9%	0,0%	0,0%	27,5%	1,3%	4,6%

Væntanlegar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar geta hér stutt við bætt verklag eins og fjallað var um í tengslum við liði 2d, 5b og 6b hér að framan:

- Ætla má að nýtt innkaupa- og framkvæmdaráð fái mánaðarlegar verkstöðuskýrslur með eftir atvikum ítraefni um framvinduna ef eitthvað sérstak hefur komið upp á framkvæmdinni þannig að ráðið geti brugðist tímanlega við.
- Gera má ráð fyrir að nýtt svið fjármála og áhættustýringar muni stórefla fjárhagslega skýrslugjöf sína til borgarráðs með frávikagreiningum á einstökum framkvæmdaverkefnum og eftir atvikum áhættugreiningum.

Liður 10b. Fjármálahópur borgarstjóra. Skilgreining á hlutverki.

Svar fjármálastjóra:

Fjármálahópur borgarstjóra hefur enga formlega stöðu í stjórnkerfi borgarinnar en er vettvangur sem er borgarstjóra til upplýsingar og ráðgjafar í tengslum við fjárhagsáætlun, uppgjör og fjármálalegar ákvarðanir.

Að mati undirritaðs er engin nauðsyn á að formgera þennan vettvang enda hlýtur borgarstjóri á hverjum tíma að ákveða með hvaða hætti hann sækir sér upplýsingar og ráðgjöf. Nýtt svið fjármála og áhættustýringar mun án vafa styrkja stjórnsýslulegar stoðir fjármálastjórnar hjá Reykjavíkurborg og í þessu samhengi bæta áætlunargerð, uppgjörsskýrslur vegna framkvæmda og upplýsingagjöf.

Liður 11a. Innkauparáð og aukið hlutverk hans.

Svar fjármálastjóra:


Hér að framan hefur komið fram að ég bind miklar vonir við að komið verði á ný upp vettvangi sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu og kostnaði við framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg með stofnun innkaupa- og framkvæmdaráðs. Þá hefur skýrsla IE sýnt að mikilvægt er að styrkja eftirlit með innkaupamálum borgarinnar og efla stjórnsýslu á þessu sviði. Geri ég ráð fyrir að innkaupadeild verði stórefld hvað varðar innkauparáðgjöf, eftirlit með framkvæmd innkaupareglna og afskipti ef út af er brugðið og á sviði samningastjórnunar sem er verulega vanrækt hjá opinberum aðilum. Mikil tækifæri til umbóta eru á þessu sviði.

II. Almennt um ábendingar og niðurstöður IE

Skýrsla innri endurskoðunar er afar ítarleg og efnismikil þrátt fyrir að vinnslutíminn hafi verið skammur. Hún sýnir að í þeirri framkvæmd sem hér um ræðir hafa margar leikreglur borgarinnar um undirbúning og aðdraganda framkvæmda og innkaupareglur verið sniðgengnar á ýmsa lund. Mikilvægt er að nýta skýrsluna á uppbyggilegan hátt til að bæta það sem snýr að stjórnkerfinu, styðja við hlítni við lög og leikreglur, bæta verklag og verkferla þar sem við kann að eiga, styrkja eftirlitskerfi, bæta upplýsingagjöf til fagráða og borgarráðs og síðast en ekki síst að skapa breytt viðhorf. Í yfirferð minni hér að framan hef ég tilgreint ýmis atriði sem ég tel að geti nýst í því umbótaferli sem þegar er hafið.

Ég vil að lokum taka fram að ég tel að hjá Reykjavíkurborg starfi öflugur hópur stjórnenda, sérfræðinga og annarra starfsmanna. Mikill metnaður er hjá þessum starfsmönnum og ekki síst þeim sem hafa haft á hendi gríðarlega umfangsmikil framkvæmdaverkefni undanfarin ár fyrir tugi milljarða króna. Í langflestum þessara verkefna hefur leikreglum verið fylgt, bæði reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar á vegum Reykjavíkurborgar og innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að missa ekki sjónar af þessu en draga um leið lærdóma af því sem miður hefur farið.

Virðingarfyllst,



Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri.

Hjálagt:

1. Bréf fjármálastjóra til borgarritara dags. 19. apríl 2019 varðandi úttekt innri endurskoðunar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar – úrvinnsla ábendinga
2. Minnisblað, dags. 5. feb. 2019 um meðhöndlun fjárheimilda, vegna beiðni áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að fjármálastjóri komi á fund borgarráðs og ræði Nauthólsveg 100.
3. Hugmyndir fjármálaskrifstofu um aðgerðir í framhaldi af skýrslu innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100 (Braggann), lagt fram í fjármálahópi borgarstjóra dags. 30.1.2019



Stefán Eiríksson
borgarritari

Efni: Úttekt innri endurskoðunar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar – úrvinnsla ábendinga

Með bréfi dags. 24. október 2018 fól borgarritari fjármálaskrifstofu framkvæmd og eftirfylgni með tveimur ábendingum sem fram komu í úttekt innri endurskoðunar (IE) á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA). Í niðurlagi bréfsins var óskað eftir upplýsingum frá fjármálaskrifstofu um framvindu vinnslu ábendinga.

Í eftirfarandi er leitast við að gera grein fyrir framvindu verkefnisins og þeim álitamálum sem tengjast því. Fjármálaskrifstofa hefur haft samráð við SEA og USK um vinnslu verkefnisins.

Ábending 1

Ábending 1: Endurskoða þarf framsetningu fjárhagsáætlunar fyrir eignasjóð og greina betur á milli verkefna Eignasjóðs og Aðalsjóðs þannig að einvörðungu sé miðað við starfsemi Eignasjóðs í bókhaldi og fjárhagsáætlun.

Fjármálaskrifstofa skal ásamt SEA (og USK) hefja undirbúning að nauðsynlegum breytingum á framsetningu fjárhagsáætlunar og ársreiknings fyrir Eignasjóð og greina betur á milli verkefna Eignasjóðs og Aðalsjóðs þannig að einvörðungu sé miðað við starfsemi Eignasjóðs í fjárhagsáætlun og ársreikningi til að tryggja að Reykjavíkurborg fari að settum reglum um reikningsskil sveitarfélaga.

Mikilvægt að gera greinarmun á því hvernig fjárhagskerfi Reykjavíkurbogar (UBW) er nýtt í daglegri vinnslu bókhalds annars vegar og úrvinnslu og framsetningu upplýsinga hins vegar. Í því felst að starfsstöðvar sem nýta eignsjóðshluta fjárhagsbókhaldsins gera það að hluta til vegna þess að uppsetning sjóðsins í kerfinu miðar við stýringu niður á verkefni sem hefur ekki verið í boði í Aðalsjóði hingað til. Þetta fyrirkomulag á ekki að þurfa að hafa áhrif á framsetningu fjárhagsáætlunar eða ársreiknings sem miðla upplýsingum úr bókhaldi í samræmi við reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Heimilt að vista verkefni hjá Eignasjóði, sem tilheyra Aðalsjóði, svo fremi sem Eignasjóður fái tekjur á móti þeim kostnaði sem hann verður fyrir vegna þeirra. Í núverandi skipulagi er umhverfis- og skipulagssvið með verkefni sem tilheyra bæði Aðalsjóði og Eignasjóði og bókhald sviðsins af þeim sökum fært í báða sjóði. Þá eru einstakar starfseiningar sem vistaðar eru í Eignasjóði, s.s. hverfabækistöðvar, að vinna verkefni sem geta heyrt bæði undir Aðalsjóð og Eignasjóð. Verkefni



umhverfis- og skipulagssviðs eru með skýrum hætti aðgreind með verkbókhaldi og kostnaður vegna þeirra ávallt færður á viðeigandi stað og tekjur færðar á móti.

Fjármálaskrifstofa gerir ráð fyrir að frá og með gerð næstu fjárhagsáætlunar verði framsetningu breytt með þeim hætti að sú ítarlega sundurliðun sem birtist í dag í fjárhagsáætlun Eignasjóðs og varðar verkefni sem sannarlega eiga heima í Aðalsjóði verði framvegis birt í Aðalsjóði í stað Eignasjóðs. Á þetta t.d. við um rekstur og umhirðu borgarlandsins sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	Kostn.st. ES	Nýr kostn.st. AS
Hreinsun borgarlandsins	3204	Uxxxx
Grassláttur	3205	Uxxxx
Vetrarþjónusta	3206	Uxxxx
Gatnalýsing	3209	Uxxxx
Náðhús	3210	Uxxxx
Viðburðir	3212	Uxxxx
Ýmislegt	3213	Uxxxx
Garðyrkja	3214	Uxxxx
Rekstur garðyrkju tekjur frá RK	3293	Uxxxx
Rekstur gatna tekjur frá RK	3294	Uxxxx
Rekstur gatna og opinna svæða		
Vegir	3201	Uxxxx
Gönguleiðir	3202	Uxxxx
Önnur svæði	3203	Uxxxx
Yfirborðsmerkingar gatna	3207	Uxxxx
Umferðamerki, umferðaljós o.fl.	3208	Uxxxx
Strætó	3211	Uxxxx
Gatnalýsing	3216	Uxxxx
Umhverfi og útivist	3217	Uxxxx
Viðhald gatna tekjur frá RK	3292	Uxxxx
Viðhald gatna og opinna svæða		

Tekjuskráning vegna verkefnanna verði færð á gjaldalykla í Eignasjóði sem heyrar undir svonefnda „kostnaðarhlutdeild í rekstri“ og verði með þeim hætti ekki sýnileg við framsetningu Eignasjóðs í fjárhagsáætlun eða ársreikningi.

Ábending 2

Ábending 2: Æskilegt er að fram kæmi með skýrara hætti hve mikill kostnaður felst í lykilverkefnum skrifstofunnar svo sem við framkvæmd húsnæðisstefnu, umsýslu eigna, lóðaumsýslu, atvinnuþróun eða annað sem fellur undir verksvið skrifstofunnar. Þá ætti að gera kostnaðarhlutdeild í LUKR sýnilegan.

Til að uppfylla kröfur reikningsskilareglna þarf að skilgreina hvaða verkefni falla undir starfsemi Eignasjóðs og tryggja að Eignasjóður fái tekjur vegna þeirra verkefna sem honum eru falin en ættu að öðru jöfnu að vera í Aðalsjóði. Fjármálaskrifstofa er falið að skilgreina það í samvinnu við SEA

Hlutverk Eignasjóðs er að hafa með höndum umsýslu varanlegra rekstrarfjármuna sem fyrst og fremst eru nýttir af rekstrareiningum A-hluta sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. reglugerðar 1212/2015 „Reglugerð



um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga“. Í Aðalsjóði er hins vegar hefðbundin starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum og er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum.

Heimilt er að vista verkefni hjá Eignasjóði, sem tilheyra Aðalsjóði, svo fremi sem Eignasjóður fái tekjur á móti þeim kostnaði sem hann verður fyrir vegna þeirra. Í núverandi skipulagi Reykjavíkurborgar er Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) með verkefni sem tilheyra bæði Eigna- og Aðalsjóði. Nauðsynlegt er að skilgreina öll verkefni Aðalsjóðs sem vistuð eru hjá Eignasjóði og tryggja að í öllum tilvikum séu gerðir reikningar á milli sjóðanna til að tryggja að ákvæði reglugerðar 1212/2015 um fjárhagslegan aðskilnað Eignasjóðs séu uppfyllt. Eftir atvikum er hægt að skilgreina í fjárhagsbókhaldi sérstaka kostnaðarstaði eða nota verkefnisnúmer til að halda utan um kostnað þessara skilgreindu verkefna.

Eignasjóður er skilgreindur þannig í 2. gr. reglugerðar:

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélags samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma. Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er hlutverk eignasjóðs skilgreint þannig:

„Eignasjóður hefur með höndum umsýslu varanlegra rekstrarfjármuna sem fyrst og fremst eru nýttir af rekstrareiningum A-hluta sveitarfélagsins. sbr. nánar 9.-12. gr.“

Í 10. gr. reglugerðar er fjallað um kaup á landi:

Kaup á landi skulu eignfærð á kaupverði og skal eignarhald vera í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir landið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur af fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði. Land er ekki afskrifað.

Samkvæmt reglugerð skal eignasjóður annast viðhald húsa og lóða, en viðhald annarra eigna eignasjóðs skal gjaldfært í Aðalsjóði, t.d. gatnakerfi og áhöld og tæki.

Rekstrarniðurstaða eignasjóðs á að endurspeglar afkomu þeirra eininga sem falla undir skilgreiningu sjóðsins samkvæmt lögum. Af því leiðir að taki sjóðurinn að sér önnur verkefni þá þarf verkbeiðandi (Aðalsjóður eða þriðji aðili) að greiða allan kostnað vegna þeirra.

Á skrifstofu SEA er haldið utan um fleiri verkefni en falla undir skilgreiningu á eignasjóði samkvæmt sveitarstjórnarlögum, þar má nefna framkvæmd húsnæðisstefnu, atvinnuþróun og rekstur LUKR. Það er ekkert í lagaumhverfi eignasjóðs sem bannar að önnur verkefni en falla undir skilgreiningu á sjóðnum séu vistuð þar. Til að uppfylla ákvæði laga um að rekstrarniðurstaða eignasjóðs endurspeglar afkomu starfsemi eignasjóðs er nauðsynlegt að skilgreina vel hvaða verkefni falla undir hlutverk eignasjóðs og hver ekki. Halda þarf sérstaklega utan um kostnað vegna þeirra verkefna sem falla utan skilgreiningar um starfsemi sjóðsins í fjárhagsbókhaldi og innheimta allan kostnað vegna þeirra hjá verkbeiðanda.



Frá með 1 júní 2019 tekur gildi nýtt stjórnskipulag hjá Reykjavíkurborg þar sem Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verður lögð niður og verkefni skrifstofunnar færð annað. Mjög mikilvægt er að verkefni Eignasjóðs séu skýrt afmörkuð í hinu nýja stjórnskipulagi. Ef einhver verkefni eru vistuð í öðrum sjóði en þau tilheyra, er mikilvægt að þau séu þá skýrt afmörkuð í fjárhagslíkaninu, þannig að auðvelt verði að ganga úr skugga um að endanlegur kostnaður falli á réttan sjóð. Afmörkun í fjárhagslíkani getur bæði átt sér stað með sérstökum kostnaðarstöðum og/eða með sérstökum verkefnisnúmerum.

Fjármálaskrifstofa hefur beðið nokkuð með að fara í þessa framkvæmd af tveimur ástæðum. Hin fyrri er sú að mikilvægt er að fyrir liggi í meginatriðum þær breytingar sem starfshópur fjármálaskrifstofu um endurskoðun fjárhagslíkans leggur til en von er á þeim niðurstöðum á næstunni. Starfshópurinn hefur fengið KPMG í Noregi til ráðgjafar og fékk nýverið skýrslu KPMG og tillögur. Seinni ástæðan og sú veigaminni er að nokkru máli kann að skipta hvernig nýtt stjórnkerfi lítur út hvað varðar þau atriði sem hér eru til umfjöllunar.

Um leið og niðurstöður liggja fyrir í ofangreindum atriðum mun fjármálaskrifstofa eða eftir atvikum nýtt svið fjármála og áhættustýringar setja tillögur í þessum efnum í framkvæmd.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

HK
R-17080091
Bréfalykill: 1210
5. febrúar 2019

Minnisblað

Efni: Beiðni áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að fjármálastjóri komi á fund borgarráðs og ræði Nauthólsveg 100

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu, deildarstjóri áætlunar- og greiningardeildar

Í tengslum við þessa beiðni hefur verið óskað eftir minnisblaði fjármálaskrifstofu um meðhöndlun á fjárheimildum til málaflokka og verkefna, með sérstaka áherslu á það að verkefnið Nauthólsveg 100 hafi farið 73 m.kr. umfram fjárheimildir eins og fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar, dags. Desember 2018.

Fjárheimildir til rekstrar og fjárfestinga eru samþykktar eitt ár í senn í desember ár hvert fyrir næsta ár. Engar fjárheimildir voru lagðar til verkefnisins Nauthólsveg 100 fyrir árið 2018, þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt þann 5. desember 2017. Þegar fyrir lá að verkefninu var ekki lokið var lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun í ágúst 2018 með 150 m.kr. fjárheimild. Lagður hefur verið fram árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til september 2018. Á því tímabili námu útgjöld til verkefnisins um 147 m.kr eða um 3 m.kr. undir samþykktum fjárheimildum verkefnisins sbr. samþykkt í borgarráði 16. ágúst 2018 f.h. borgarstjórnar. Við rýningu á uppgjörstölum fyrir tímabilið október til desember 2018 hafa um 13,7 m.kr. bæst við bókfærð útgjöld á verkefnið. Umframkostnaður m.v. fjárheimildir ársins nema því um 10,6 m.kr. Aðra umframkeyrslu á verkefninu má rekja til ársins 2017.

Verklag við fjármálastjórn Reykjavíkurborgar vegna meðhöndlunar á fjárheimildum er með þeim hætti að breytingar á fjárheimildum þarf að gera innan líðandi árs. Í því felst að ekki eru gerðar breytingar á fjárheimildum eftir að árið er liðið. Þegar ársreikningur er lagður fram og samþykktur í maí mánuði fyrir næstliðið ár er borgarstjórn að samþykka útgjöld og rekstur borgarinnar fyrir árið. Með þeim hætti hefur borgarstjórn þegar samþykkt öll fjárútlát sem féllu til á árinu 2017 vegna verkefnisins Nauthólsvegur 100. Það er því að mati fjármálaskrifstofu ekkert sem kallar á frekari samþykkt á fjárheimildum.

Nánar um verklag við meðhöndlun fjárheimilda

Fjármálaskrifstofa stýrir viðaukum eða breytingum á fjárheimildum í samræmi við 63. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 „Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins“, sem er svohljóðandi:

63. gr. Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

□Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggja samþykktur viðauki, sbr. 1. másl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Ráðuneytið hefur gefið út „Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015“, þar sem nánar er tilgreint um verklag vegna viðauka við fjárhagsáætlun. Í fylgiskali 3 með reglugerðinni er nánar getið um „Gerð viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga“. Í 2. grein kemur eftirfarandi fram:

2.gr.

Skylda til að samþykkja viðauka.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Óheimilt er því að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun, sbr. 2. mgr. 63. gr. laganna.

Með tilfærslu milli liða í 1. mgr. er átt við að heimildir séu færðar á milli málaflokka, án tillits til þess hvort heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar breytist til hækkunar eða lækkunar eða helst óbreytt.

Meginreglan sem Reykjavíkurborg vinnur eftir er að allar tilfærslur eða breytingar sem gera þarf gagnvart **málaflökki**, þarf að leggja fyrir borgarstjórn. Þar til viðbótar er málaflökki skipt upp í **deildir** (eða **þjónustupætti** eins það er oft kallað) og ekki er heimilt að færa á milli þjónustupátta (deilda) nema fá til þess samþykki borgarstjórnar. Í reglugerðinni eru skilgreiningar á þessum hugtökum:

*Málaflökkur/Liður: Verkefni í rekstri sveitarfélaga eru flokkuð í **málaflokka eða liði**. Dæmi um slíka flokkun er félagsþjónusta og fræðslumál.*

Deild: Deild er samtala á sambærilegum rekstrareiningum innan hvers málaflökks sveitarfélags, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki. Dæmi um slíkar deildir eru leikskólar og grunnskólar innan málaflökksins fræðslumál.

Skipurit Reykjavíkurborgar og um leið bókhaldsleg framsetning er ekki í fullkomnu samræmi við þá skilgreiningu sem ráðuneytið leggur upp með, þ.e. CoFog staðalinn. Þar er þó að finna ákv. samsvörun sem unnið er eftir. T.d. er skóla- og frístundasviði (fræðslumálum) skipt upp í 5 þjónustupætti (deildir) og er birt með þeim hætti í fjárhagsáætlun. Sjá bls. 37 í fjárhagsáætlun 2019: https://reykjavik.is/sites/default/files/frumvarp_ad_fjarhagsaaetlun_reykjavikurborgar_2019-2023.pdf

	Ragnstöður 2017
Skóla- og fristundasvið	
Fristund	3.042.748
Leikskólar og dagforeldrar	13.852.499
Grunnskólar	26.613.119
Skóla- og fristundasvið - yfirstjórn	1.054.505
Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	1.710.670
Samtals	<u>46.273.540</u>

Það er t.d. ekki heimilt að færa að á milli grunnskólahluta og leikskólahluta, nema leggja það fyrir borgarstjórn.

Í „Reglum Reykjavíkurborgar við gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar“ (FMS-STE-001) er í grein 3.3 „Breyttar forsendur innan rekstrarársins“ fjallað um breytingar á fjárhagsáætlun og heimildir til að færa fjárheimildir á milli. Greinin er svohljóðandi:

3.3 Breyttar rekstrarforsendur innan rekstrarársins

- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum innan ársins skal fjármálastjóri meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.
- Borgarráð getur heimilað sviðsstjórum að færa fjárheimildir milli kostnaðarstaða innan sama málflokks eins og hann er skilgreindur í reikningsskilareglum sveitarfélaga enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum. Frekari tilfærslur fjárheimilda þarf að bera undir borgarstjórn.
- Sviðsstjórum er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum. Tillaga sviðsstjóra um tilfærslu skal lögð fyrir fjármálastjóra með rökstuðningi. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlutaðeigandi fagráði og borgarráði og skjöluð með viðaukum við fjárhagsáætlun.

Þetta er framkvæmt með þeim hætti að allar breytingar/tilfærslur sem óskað er eftir á milli málaflokka eða á milli þjónustubátta/deilda eru lagðar fyrir borgarstjórn. Tilfærslur á milli kostnaðarstaða eru leyfðar ef þær tilheyra sama þjónustubætti (deild).

Sömu reglur gilda um fjárfestingaáætlunina, en hún er birt í samræmi við eftirfarandi yfirlit skv. frumvarpi að fjárhagsáætlun 2019:

Eining	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Aætlun 2019		
			Gjöld	Tekjur	Mismunur
Eignasjóður fjárfestingar					
Menningar- og ferðamálasvið	1103	591.939	786.700	1.750.910	1.750.910
Skóla- og frístundasvið	1104	3.123.219	4.010.000	2.282.000	2.282.000
Íþróttá- og tómstundasvið	1105	1.425.463	2.522.600	2.619.160	2.619.160
Velferðarsvið	1107	108.028	906.800	558.400	558.400
Ýmsar fasteignir	1108	1.010.006	1.692.500	402.000	402.000
Bilastæðasjóður	1112	389.953		100.000	100.000
Fasteignir og stofnbúnaður		6.648.607	9.918.600	7.712.470	7.712.470
Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur	3102	921.506	525.000	930.000	930.000
Nýbyggingahverfi	3104	1.047.261	2.385.000	2.438.000	2.438.000
Miðborgin	3105	199.717	615.000	1.545.000	1.545.000
Umhverfis og aðgengismál	3106	372.627	1.077.000	1.680.000	1.680.000
Umferðaröryggismál	3107	11.553	80.000	150.000	150.000
Umhverfissvið - ýmsar framkvæmdir	3108	1.495.821	2.102.600	2.318.000	2.318.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir		4.048.484	6.784.600	9.061.000	9.061.000
Fjárfesting áhöld, tæki og hugbúnaður	2101	722.668	1.129.000	1.178.000	1.178.000
Fjárfesting áhöld, tæki, Bilastæðasjóðs	2112		150.000	75.000	75.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður		722.668	1.279.000	1.253.000	1.253.000
Fjárfesting lóðir og lönd	4101	279.513	275.780	76.500	76.500
Fjárfesting Skipulagsseignir	4102	2.543.601	2.030.420		
Lóðir og lönd		2.823.114	2.306.200	76.500	76.500
Endurbætur og meiriháttar viðhald	7101	816.967	550.000	725.000	725.000
Sérstök átaksverkefni	7102	387.329	540.000		
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni ...		1.204.297	1.090.000	725.000	725.000
Eignasjóður fjárfestingar samtals		15.447.169	21.378.400	18.827.970	18.827.970
Gatnamál - gatnagerðargjöld, sameiginlegur kostnaður	3100	(2.562.606)	-3.634.100	4.194.363	(4.194.363)
Gatnagerðargjöld		(2.562.606)	(3.634.100)	4.194.363	(4.194.363)
Samtals		12.884.563	17.744.300	18.827.970	4.194.363

Fjármálaskrifstofa lítur svo á að þetta yfirlit sýni sundurliðun á málaflokka og deildir og að heimilt sé að færa til fjárheimildir innan þeirra með fyrirvara um upplýsingagjöf til borgarráðs í samræmi við reglurnar. Jafnframt er í talnahefti fjárhagsáætlunar birt yfirlit sem er sundurliðuð niður á verkefni undir hverjum kostnaðarstað.

Verklagið sem unnið hefur verið eftir síðustu árin er með þeim hætti að það er farið í ítarlega yfirferð að vori yfir stöðu einstakra verkefna og gerð tillaga að viðauka ef með þarf. Með þeim viðauka er ávallt lagður fram ítarlegur listi niður á verkefni og breytingin sýnd og með þeim hætti gerð grein fyrir framvindu einstakra verkefna.

Virðingarfyllst,

*Halldóra Káradóttir,
skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu og
deildarstjóri áætlunar- og greiningardeildar.*

Hugmyndir fjármálaskrifstofu um aðgerðir í framhaldi af skýrslu innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100 (Braggann)

1. Umbætur á fjárhagslíkani

Umbætur á fjárhagslíkani (bókhaldslíkani) A-hluta Reykjavíkurborgar sem á að taka mið af **upplýsingaþörf** borgarfulltrúa, æðstu embættismanna og stjórnenda stofnana borgarinnar og þeim upplýsingum sem **borginni ber að veita að lögum**. Fjárhagsupplýsingalíkanið á að tryggja **einsleitt og samræmt** skipulag og skráningu fjárhagsupplýsinga hjá öllum málflokkum og rekstrareiningum borgarinnar og fyrirtækja í eigu borgarinnar og það á að tryggja á hverjum tíma **skilvirka söfnun og varðveislu** nauðsynlegra fjárhagsupplýsinga sem varða rekstur borgarinnar.

Markmið endurskoðunar fjárhagslíkansins er að:

- Tryggja þeim sem bera stjórnunarlega ábyrgð eða ábyrgð á eftirliti tímalegar, viðeigandi, áreiðanlegar, samanburðarhæfar og nákvæmar fjárhagsupplýsingar.
- Auðvelda áætlanagerð, ársuppgjör og milliuppgjör málaflokka og rekstrareininga og samstæðu borgarinnar.
- Auðvelda kostnaðareftirlit með málaflokkum og rekstrareiningum og verkefnum þeim tengdum.
- Auðvelda hvers kyns skýrslugjöf.

2. Bætt innra eftirlit

Ofangreindar tillögur fela í sér gagngera endurskoðun á skilgreiningum á grunnhugtökum fjárhagslíkansins, m.a. kostnaðarstöðum, lykllum og verkefnum og fjármálaskrifstofa mun samhliða leggja til umbætur á innra eftirlitskerfinu sem m.a. fela í sér að annar samþykkjandi útgjalda, launa og rekstrarútgjalda, verði ávallt ábyrgðarmaður kostnaðarstaðar og að því umboði fylgi skilgreind ábyrgð. Innra eftirlitskerfið þarf að endurspegla ábyrgðarkeðjuna frá ábyrgðarmanni kostnaðarstaðar og yfirmönnum hans til þeirra aðila sem veita fjárheimildir og bera ábyrgð á eftirliti með framkvæmdinni.

3. Innleiðing á innkaupakerfi og innkaupastýringu fyrir öll innkaup borgarinnar

Fjármálaskrifstofa mun gera útfærða tillögu um að tekið verði upp eitt rafrænt innkaupakerfi fyrir öll innkaup borgarinnar þar sem skilgreindur innkaupaaðili á hverri stofnun óskar eftir heimild og fyrirframsamþykki ábyrgðarmanns kostnaðarstaðar fyrir tilteknum innkaupum, allt frá smæstu til stærstu innkaupa. Í beiðni innkaupaaðila komi fram upplýsingar um hvað á að kaupa, hvert sé einingarverðið og magnið, og einungis samþykktar beiðnir fari áfram til birgja. Þegar rafrænir reikningar berast vegna innkaupanna fara reikningar þar sem samþykkt verð og magn liggur fyrir beint áfram í greiðsluferil en aðrir reikningar fara í nákvæma skoðun samþykktaraðila og eftir atvikum yfirmanna þeirra. Þetta þýðir að eftirlitsaðgerðir beinast fyrst og fremst að þeim innkaupum þar sem frávik eru frá fyrirframsamþykki. Á vallistum vegna innkaupa verði smám saman byggðir upp listar yfir birgja fyrir vöru og þjónustu sem byggja á útboðum borgarinnar og vörukaupum verði beint á þessa vörulista og öll frávik þurfi samþykki innkaupadeildar eða annars skilgreinds aðila. Yfirumsjón með ferlinu verði færð til innkaupadeildar fjármálaskrifstofu og innkauparáðs.

Verði þetta fyrirkomulag tekið upp ásamt endurskoðun fjárhagslíkansins og aukinni sjálfvirkni getur getur fjármálaskrifstofa lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta innan 14 daga frá næstliðnum mánaðarmótum sem þýðir að borgarráð, yfirstjórn og eftirlitsaðilar í stjórnkerfinu geta brugðist mjög fljótt við frávikum.

4. Aukin reglufesta og eftirlit með innkaupum borgarinnar

Innkaupadeild fjármálaskrifstofu verði falið skýrt umboð til eftirlits með framkvæmd sviða og stofnana á innkaupum vöru og þjónustu og umboð til inngripa ef innkaupareglum borgarinnar er ekki fylgt.

Reykjavík, 7. mars 2019
Tilvísun í mál: R17080091

Til borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Viðbrögð við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurkoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100

Vísað er til tölvubréfs, dags. 5. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir viðbrögðum skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og reksturs við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurkoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100 og þá sérstaklega kafla 11 – skjalavarsla.

Í skýrslunni allri og þar með þeim kafla sem hér er sérstaklega brugðist við er bent á ýmislegt sem betur má fara og í þeim ábendingum felast tækifæri til að bæta ferla og þar með draga úr líkum á að mistök endurtaki sig..

Þær úrbætur sem undirritaður leggur til að skoðað verði að farið í eru eftirfarandi:

Stjórnendur:

Stjórnendahópur Reykjavíkurborgar er stór og leiða má að því líkum að einhverjir stjórnendur hjá Reykjavíkurborg hafi ekki að fullu áttað sig á ábyrgð sinni gagnvart umsýslu skjala samkvæmt lögum nr. 77/2014 lög um opinber skjalasöfn og skjalastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði 10 september 2015.

1. Lagt er til að fræðsla um skjalamál verði hluti af forystunámi Reykjavíkurborgar. Umsjónaraðilar forystunámsins útfæri þannig námskeið í samvinnu við skjaldeild SPR og eða Borgarskjalasafn. Þar sem hluti stjórnenda hefur lokið stjórnendanáminu er bent á að huga að því að þeim verði gert að sækja umrætt námskeið. Mikilvægt er að stjórnendur axli ábyrgð á að fylgja eftir að stafsmenn þeirra sinni skyldum sínum um meðferð gagna/skjala.

Starfsmenn:

2. Lagt er til að hjá skilgreindum starfsmönnum eða starfsmannahópum verði fræðsla um meðferð gagna/skjala gerð að skyldu ásamt því að sækja námskeið í upplýsingastjórnunarkerfi viðkomandi starfsstaðar. Huga þarf sérstaklega að móttöku hjá nýliðum hvað þetta varðar og skerpa á verkferlum og eftirfylgni þegar starfsmenn ljúka störfum.
3. Lagt er til að við gerð starfslýsinga stjórnenda og starfsmanna að umsýsla og meðferð skjala sé hluti af starfslýsingu þar sem við á.

Upplýsingastjórnun: Síðar á árinu hefst innleiðing á nýju upplýsingastjórnunarkerfi (áður kallað skjalakerfi) hjá Reykjavíkurborg. Markmið innleiðingarinnar er m.a að koma umsýslu skjala/gagna Reykjavíkurborgar í betra og nútímalegra horf. Mikilvægt er að innleiðing á slíku kerfi fái fullan stuðning stjórnenda sem og kjörinna fulltrúa. Stuðningur stjórnenda við verkefnið skiptir gríðarlega miklu máli, sérstaklega hvað varðar viðhorf, menningu og breytingu á verklagi. Ef stuðningur



stjórnenda við verkefnið er ekki til staðar er hætta á að markmið innleiðingar nýs upplýsingastjórnunarkerfis náist ekki.

Nauðsynlegt er að verkefnið fái það afl sem til þarf. Tryggja þarf mannafla og önnur aðföng til að vinna að verkefninu og eins að starfsmenn á starfsstöðum fái svigrúm við að aðstoða við innleiðinguna.

Hraða þarf innleiðingu á rafrænni skjalastjórn þar sem því verður viðkomið og nýta innleiðingarferli nýs upplýsingarstjórnunarkerfis við það ferli.

Mikilvægt er í framhaldinu að styrkja daglega stýringu gagna/skjala og efla þær einingar sem sinna fræðslu, ráðgjöf og eftirfylgni. Einnig ætti að huga að því að við gildistöku nýs skipurits þann 1. júní n.k. að útvíkka hlutverk gagna- eða skjalaeiningarinnar á þá leið að umboð hennar og verksvið, t.d. varðandi stuðning við gagna- og skjalavörslu nái til allrar starfsemi borgarinnar en ekki einungis hluta hennar eins og nú er. Janframt að útvíkka hlutverk hennar m.t.t. að vera leiðandi fag- og samræmingaraðili er varðar gagna- og skjalamál Reykjavíkurborgar.

Almennt:

- 4 Lagt er til að endurskoðaðar verði reglur um tölvunotkun frá 2014: https://innri.reykjavik.is/system/files/departments/files/reglur_um_toelvunotkun.pdf ; m.a. ákvæði um eyðingu tölvupósts við stafslok og lenging varðveislutímabils tölvupósta eftir starfslok, t.d. í 6 – 12 mánuði eða lengur.
- 5 Lagt er til að endurskoða afritunarreglur upplýsingatæknideildar vegna tölvupósta.

F.h. Skrifstofu þjónustu og reksturs

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri



Reykjavík, 15. apríl 2019
USK2018100035

Stefán Eiríksson, borgarritari
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Viðbrögð við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100.

Vísað er til bréfs borgarritara dags. 5. febrúar sl. þar sem óskað er eftir viðbrögðum við ábendingum og niðurstöðum skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100. Óskað er eftir viðbrögðum við tilteknum atriðum í yfirliti sem lagt var fram í borgarráði 10. janúar sl. Sérstaklega er óskað eftir viðbrögðum við (I) ábendingum og vinnu starfshópa sem settir voru á laggirnar til að vinna úr ábendingum IE, (II) að ekki hafi verið farið eftir reglum, samþykktarferli og þjónustusamningi SEA og USK og (III) að skýrslugjöf um framvindu fjárfestingaráætlunar þurfi að veita fyllri mynd af stöðu verka.

I. Liður 2a og 13a:

Úrvinnsla skýrslu IE um SEA o.fl. frá árinu 2015. Staða einstakra ábendinga og vinnu starfshópa sem settir voru á laggirnar til að vinna frekar úr ábendingum IE.

Þrjár starfshópar voru settir um laggirnar um ákveðin afmörkuð verkefni í kjölfar þess að skýrslu um stöðu vinnslu ábendinga úr skýrslu IE um SEA var skilað í júní 2018. Hér fyrir neðan verður greint frá stöðu vinnu þessara hópa.

1. Starfshópur um viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda

Hlutverk starfshópsins er að gera viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda og skoða hvort rétt sé að gera tillögur að breytingum á reikningsskilareglum sveitarfélaga. Starfshópurinn hefur haldið tvo fundi. Vinnufundur er fyrirhugaður með starfsmönnum frá skrifstofu framkvæmda- og viðhalds (gatnadeild), skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, skrifstofu þjónustu og reksturs (snjallborg) til að ná fram samræmdri sýn um viðhaldsstefnu. Sá hluti verkefnisins sem snýr að reikningsskilareglum sveitarfélaga verður rýndur sérstaklega með fjármálaskrifstofu. Hópurinn stefnir á að skila niðurstöðu í maí.

2. Starfshópur um almenn viðmið um umfang viðhalds eigna

Hlutverk starfshópsins er að gera tillögu um almenn viðmið um hvað telst meiriháttar viðhald og hvað telst almennt viðhald eigna. Starfshópurinn hefur haldið fimm fundi og verið er að leggja lokahönd á niðurstöður hópsins sem er stefnt að skila í apríl.

3. Starfshópur um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna

Hlutverk hópsins er að setja fram tillögu að formlegum verklagsreglum um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna sem samræmast reikningsskilareglum sveitarfélaga. Starfshópurinn hefur fundað fimm sinnum og stefnir að því að skila af sér niðurstöðum í maí.



II. Liður 2c og 3a:

Ekki farið að reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar. Ekki farið með málið skv. ákvæðum þjónustusamnings SEA og USK.

Endurgerð N100 var skilgreint sem þróunarverkefni í samstarfi við þriðja aðila, þannig tók verkefnið nokkrum breytingum meðan á framkvæmd þess stóð, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi.

Líkt og fram kemur í áðurnefndu yfirliti („Ábendingar og niðurstöður í skýrslu IE um N-100 sem kalla á viðbrögð“) sem lagt var fram í borgarráði 10. janúar sl., verður með breytingum á skipulagi og styrkara eftirliti reynt að tryggja að ekki verði vikið frá reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar í framtíðinni. Í yfirlitinu kemur einnig fram að tryggt hefur verið að framkvæmdaverkefni eru nú öll á umhverfis- og skipulagssviði. Um umbótatillögur er vísað til niðurstöðu starfshóps um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna, sbr. lið I.3 hér framar.

III. Liður 9f:

Skýrslugjöf um framvindu fjárfestingaráætlunar þarf að veita fyllri mynd af stöðu verka.

Í áðurnefndu yfirliti sem lagt var fram í borgarráði 10. janúar sl. segir að tryggja þurfi ábyrgðar- og eftirlitsaðilum tímanlegar og réttar upplýsingar um stöðu og framvindu einstakra málefna sviða og framkvæmda. Bæta þurfi upplýsingamiðlun um stöðu fjárheimilda einstakra verkefna. Þá segir jafnframt að þessi atriði og fleiri séu m.a. til skoðunar á fjármálaskrifstofu.

Verkstöðuskýrslur nýframkvæmda í tengslum við ársfjórðungsuppgjör og verklag í kringum þær er nú í endurskoðun, með það fyrir augum að veita betri og fyllri mynd af stöðu verkefna. Unnið er að endurskoðuninni í samráði við fjármálaskrifstofu. Þá er unnið að endurskoðun verklagsreglna við gerð skilamats stærri verkefna. Áfram er unnið að innleiðingu verkefnisstjórnunarkerfis (e. Project in a Box) sem á að tryggja yfirsýn yfir stöðu og kostnað framkvæmda og að framvinda þeirra sé í samræmi við áætlanir og fjárheimildir.

Almennt séð hefur umhverfis- og skipulagssvið skerpt á verklagi í tengslum við þær ábendingar sem fram koma í skýrslu Innri endurskoðunar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100. Að auki er í gangi vinna vegna ábendinga sem fram koma í frumkvæðisathugun IE, „Verklegar framkvæmdir og innkaupamál“, dags. í mars 2019. Má þar m.a. nefna gerð kostnaðaráætlana, rýni hönnunar- og útboðsgagna, fjárhagsfærslur í bókhaldi, yfirferð og rýningu reikninga og fylgiskjala auk annars undirbúnings og upplýsingagjafar vegna verklegra framkvæmda.


Óláf Örvardóttir,
sviðsstjóri

Stefán Eiríksson
borgarritari

Efni: Viðbrögð við ábendingum og niðurstöðum í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um endurgerð bygginga við Nauthólsveg 100.

Haustið 2018 var skipuriti skrifstofu eigna og atvinnuþróunar breytt og ábyrgðarmörk gerð skýrari. Um áramót 2018/2019 voru þau framkvæmdaverkefni sem höfðu verið í vinnslu á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar færð yfir á umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Með þessum breytingum var verið að koma til móts við hluta þeirra ábendinga sem bárust frá Innri endurskoðun. Á þessum sama tíma voru uppi hugmyndir um að fara í breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þær breytingar leiddu af sér að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verður lögð niður þann 1. júní nk.. Af þeim sökum hafa ekki verið gerðar tillögur að varanlegum breytingum innan skrifstofu eigna og atvinnuþróunar enda felur nýtt skipulag Reykjavíkurborgar í sér ákveðin viðbrögð við því sem fram kom skýrslu Innri endurskoðunar. Brugðist var þó við hluta af athugasemdum strax.

Liður 2a og 13a. Úrvinnsla skýrslu IE um SEA o.fl. frá árinu 2015. Staða einstakra ábendinga og vinna starfshópa sem settir voru á laggirnar til að vinna frekar úr ábendingum IE.
2a. Áframhaldandi úrvinnsla skýrslu IE um SEA o.fl. frá árinu 2015, sjá nánari umfjöllun í viðauka 1.

13a. Tilgreindar eru átta af ábendingum IE í skýrslunni frá 2015. Fjórar varðandi umsýslu og ábyrgð, tvær varðandi umsjón og eftirliti og tvær varðandi fjárfestingaráætlun.

Skipuriti skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var breytt haustið 2018 og ábyrgðarmörk skrifstofunnar gerð skýrari.

Þar sem umsýsla og ábyrgð á framkvæmdaverkefnum voru færð til umhverfis- og skipulagssviðs var ekki þörf á að breyta verklagi vegna þeirra verkefna á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Ábyrgð á fjárfestingaráætlun eignasjóðs er nú á nýju sviði fjármála og áhættustýringar.

Liður 2b, 3b og 6c. Skipulag SEA, upplýsingagjöf o.fl.
2b. Skipulag SEA laust í reipum. Ekki unnið eftir rétttri umboðskeðju. Upplýsingagjöf um N-100 til borgarstjóra lítil sem engin.
3b. Skipulag SEA laust í reipunum.
6c. Skortur á faglegri forystu verkefnastjóra SEA við samningsgerð milli HR og borgarinnar og skortur á aðhaldi skrifstofustjóra.

Skipuriti skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var breytt haustið 2018 og ábyrgðarmörk skrifstofunnar gerð skýrari.

Vikulegir fundir hafa verið settir á laggirnar til að fara yfir þau mál sem eru í vinnslu á skrifstofunni og þar geta starfsmenn einnig komið málum á dagskrá. Á þessum fundum er farið yfir stöðu verkefna, aðhald og áherslur. Á þessum fundum var skrifstofustjóri upplýstur um stöðu mála.

Liður 2c og 3a.

Ekki farið að reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar. Ekki farið með málið skv. ákvæðum þjónustusamnings SEA og USK.

2c. Ekki farið að reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar. Ekki farið með málið skv. ákvæðum þjónustusamnings SEA og USK.

3a. Ekki unnið eftir þjónustusamningi milli SEA og USK frá 3. des. 2013. Ekki farið eftir Reglum og samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar frá 12. feb. 2014.

Framkvæmdarverkefni er nú ekki stýrt lengur af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en þau hafa verið færð yfir á umhverfis- og skipulagssvið. Þjónustusamningur milli umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hefur ekki lengur gildi þar sem verkefni sem samningurinn tók til verða færð á önnur svið Reykjavíkurborgar með skipulagsbreytingum sem taka gildi þann 1. júní nk.

Vegna skipulagsbreytinganna er það því verkefni umhverfis- og skipulagssviðs að fylgja reglum um samþykktarferli vegna mannvirkjagerðar.

Liður 2d, 5b og 6b.

Einungis gerð frumkostnaðaráætlun, aðrar kostnaðaráætlanir ekki gerðar.

2d. Einungis gerð frumkostnaðaráætlun, aðrar kostnaðaráætlanir ekki gerðar.

5b. Einungis gerð frumkostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun I og II því ekki gerðar. Áætlun um verkefni breytt og hrint í framkvæmd án þess að sækja um fjárheimildir til borgarráðs.

6b. Endurmeta átti upphaflegt kostnaðarmat á tveimur tímapunktum í ferli uppbyggingar en það var ekki gert.

Þessi áætlunargerð verður ekki lengur á vegum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar eftir þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið og taka gildi þann 1. júní nk. en verkefnið verður fært yfir á umhverfis- og skipulagssvið.

Liður 2e, 7b og 11b.

Skriflegir samningar ekki gerðir, ekki leitað eftir ráðgjöf innkaupadeildar og ekki farið að innkaupareglum borgarinnar.

2e. Skriflegir samningar ekki gerðir um verkefið. Ekki leitað eftir ráðgjöf innkaupadeildar við innkaup. Ekki farið eftir innkaupareglum borgarinnar.

7b. Ekki farið að innkaupareglum borgarinnar þegar arkitektar og framkvæmdaaðilar voru valdir. Engir skriflegir samningar gerðir.

11b. Innkaupareglum RVK ekki fylgt.

Ekki er til rammasamningur við ráðgjafa hjá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Lagt hefur verið til að innkaupaskrifstofa viðhaldi rammasamningum við ráðgjafa. Að öðru leyti eru framkvæmdaverkefni ekki

lengur á vegum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en þau verða færð á umhverfis- og skipulagssvið með skipulagbreytingum sem gildi þann 1. júní nk.

Liður 2f og 7a. Ráðning verkefnisstjóra á byggingarstað.

2f. Verkefnisstjóri á byggingarstað var jafnframt einn af arkitektum bygginganna.

7a. Aðgreining starfa ekki tryggð sem leiðir til hættu á hagsmunaárekstrum. Óheppileg ráðstöfun að útvista verkefnastjórn og eftirliti á byggingarstað til arkitekts sem komið hafði að hönnun bygginganna.

Verkefnastjóri verkefnisins var starfsmaður skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Honum til aðstoðar var ráðinn verkefnastjóri á byggingarstað sem var einn af hönnuðunum. Það er ekki óalgengt að hönnuðir taki að sér eftirlit en frekar óalgengt að þeir séu líka verkefnastjórar. Starfsmenn voru upplýstir um þetta. Að öðru leyti verða framkvæmdaverkefni ekki lengur unnin á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar heldur verða þau verið færð á umhverfis- og skipulagssvið með skipulagsbreytingunum sem taka gildi þann 1. júní nk.

Liður 2g, 10a og 11d. Upplýsingagjöf og upplýsingastreymi ófullnægjandi. Yfirlit SEA til innkauparáðs ónákvæm.

2g. Upplýsingagjöf og upplýsingastreymi ófullnægjandi.

10a. Upplýsingagjöf vegna framkvæmda við N-100 var ófullnægjandi á allflestum stigum. Villandi/rangar upplýsingar lagðar fyrir borgarráð í sept. 2017. Láðist að óska eftir fjármagni í fjárfestingaráætlun 2018.

11d. Yfirlit SEA til innkauparáðs ónákvæm og veittu ekki skýra mynd af innkaupum skrifstofunnar.

Yfirlit voru ekki lögð fram reglulega í innkauparáði. Eins er rétt að yfirlit gáfu ekki nægjanlega skýra mynd. Úr þessu hefur verið bætt og fylgt eftir á fundum innkauparáðs. Með skipulagsbreytingum sem taka gildi þann 1. júní nk. munu upplýsingar vegna verklegra framkvæmda fara í gegnum umhverfis- og skipulagssvið og fjármála- og áhættustýringarsvið.

Liður 2i og 11e. Ófullnægjandi skjölun.

2i. Skjölun ófullnægjandi.

11e. Skjalastjórnun óvönduð og leiddi til þess að upplýsingar um ákvarðanir og úrvinnslu töpuðust. Varðveislu skjala var ábótavant og var ekki í samræmi við lög og skjalastefnu RVK.

Öll skjöl varðandi Nauthólsveg 100 hafa verið færð í skjalasafn. Deildarstjóri skjaladeildar hélt erindi fyrir starfsmenn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til að fara yfir verkferla um skjalavörslu.

Liður 4a. Svörun til tilboðsgjafa árið 2013 ábótavant.

4a. Auglýst eftir samstarfsaðilum við endurgerð húsans árið 2013. Tvö tilboð bárust en þeim var aldrei formlega svarað.

Ekki var fylgt eðlilegum leikreglum þegar kom að því að svara tilboðsgjöfum. Brýnt var fyrir starfsmönnum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að þau kaup sem féllu undir innkaupareglur Reykjavíkurborgar skildu fara í gegnum innkaupadeild fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Liður 8b. Hugmyndir breyttust mikið á hönnunar og framkvæmdatíma og ekki liggur fyrir hver samþykkti þær breytingar af hálfu Reykjavíkurborgar.

8a. Byggingarnar voru ekki fullhannaðar þegar framkvæmdir hófust. Hugmyndir breyttust mikið á hönnunar/framkvæmdatíma. Ekki liggur fyrir hver samþykkti þær breytingar af hálfu RVK.

Það var hlutverk verkefnastjóra á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og skrifstofustjóra þeirrar skrifstofu. Að öðru leyti verða framkvæmdaverkefni færð frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umhverfis- og skipulagssviðs með skipulagbreytingunum sem taka gildi þann 1. júní nk.

Liður 9a og 9b. Eftirliti ábótavant og borgarráð ekki upplýst um framúrkeyrslu, stjórnendaábyrgð ekki sinnt o.fl.

9a. Lítið eftirlit með framkvæmdum og borgarráð ekki upplýst um framúrkeyrslu.

9b. Stjórnendaábyrgð ekki sinnt af skrifstofustjóra SEA. Verkefnastjóri SEA hafði takmarkað eftirlit með framkvæmdum. Borgarráð kallaði ekki eftir frekari upplýsingum um verkefnið. Samþykkjendur könnuðu ekki hvort fjárheimildir voru til staðar. Verkefnisstjóri á byggingarstað hafði ekki daglega viðveru þar.

Í skipulagsbreytingunum sem taka gildi þann 1. júní nk. verður skrifstofa eigna og atvinnuþróunar lögð niður og framkvæmdaverkefni færð yfir á umhverfis- og skipulagssvið og því hafa ekki verið gerðar tillögur að breytingum er þetta varðar.

Liður 9d. Eftirlit með kostnaðarreikningum vegna framkvæmdaverkefna.

9d. Eftirlit með kostnaðarreikningum vegna framkvæmdaverkefna.

Eftirlit með reikningum var á vegum verkefnastjóra á skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar vegna framkvæmda á Nauthólsvegi 100. Skipurit var lárétt þannig að skrifstofustjóri var næsti yfirmaður verkefnastjóra og voru boðleiðir milli þeirra ekki nægjanlega skýrar. Tekið var á þessu, skipuriti breytt og ábyrgðarmörk gerð skýrari.

Framkvæmdaverkefni verða færð til umhverfis- og skipulagssviðs með skipulagbreytingunum sem taka gildi 1. júní nk. þegar skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verður lögð niður.

Liður 11c.

Dráttur SEA á að skila gögnum og upplýsingum til borgarlögmans.

11c. Dráttur SEA á að skila gögnum og upplýsingum til borgarlögmans óásættanlegur. Biðlund innkauparáðs of mikil.

Eftir að formleg beiðni barst frá borgarlögmanni var farið í að safna umbeðnum gögnum en í ljósi umfangs gagnanna tók það nokkurn tíma.

Óli Jón Hertervig
Settur skrifstofustjóri.



Skýrsla

starfshóps um almenn viðmið um umfang viðhalds eigna

Mái/2019



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
1. Almenn viðmið um hvað telst meiriháttar viðhald og hvað telst almennt viðhald eigna.....	4
2. Dæmi um viðhaldsverkefn, ferla þeirra og eðli.....	5
3. Niðurstaða	6
Viðauki I. Minnisblaði starfshóps um rýningu á innri leigu hjá Reykjavíkurborg	
Viðauki II. Tillaga að breytingu á verklagsreglu – FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna	

Inngangur

Þann 3. desember 2018 skipaði borgarritari starfshóp um almenn viðmið um umfang viðhalds eigna.

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að gera tillögu um almenn viðmið um hvað telst meiriháttar viðhald og hvað telst almennt viðhald eigna.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

- að yfirfara og endurskoða það sem fært er á kostnaðarlið: Endurbætur og meiriháttar viðhald
- greina hvar viðmiðin liggja milli þess að vera meiriháttar viðhald annarsvegar og almennt viðhald hinsvegar

Starfshópurinn skipuðu Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, formaður, Gísli Hlíðberg Guðmundsson, fjármálaskrifstofu, Ámundi Brynjólfsson Umhverfis og skipulagssviði. María Níelsdóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var starfsmaður hópsins

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 4. janúar – 21. febrúar og hélt 5 fundi.

1. Almenn viðmið um hvað telst meiriháttar viðhald og hvað telst almennt viðhald eigna.

Skipting milli almenns viðhalds og meiriháttar viðhalds eða endurbóta er stöðugt umræðuefni sem erfitt hefur verið að ná endanlegri niðurstöðu um.

Almennt viðmið hefur verið að hefðbundið viðhald sem stuðlar að eðlilegu ástandi byggingarinnar sé skráð sem viðhaldsverk og kostnaður gjaldfærður á eignina. Ef um er að ræða stærri viðhaldsverkefni þar sem umtalsverð endurnýjun verður á einstökum byggingarhlutum er oftast rætt um meiriháttar viðhald sem eykur líftíma byggingarinnar og kostnaður þá oft eignfærður á bygginguna samkvæmt verklagsreglum FMS (FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna). Á undanförunum árum hefur efnahagslegt ástand haft áhrif á upphæðir til viðhalds sem og ákvarðanir um gjaldfærslu eða eignfærslu viðhaldsverkefna eins og farið er yfir í svari við ábendingu fjögur í minnisblaði starfshóps um stjórnskipulega stöðu og verkefni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og verkaskiptingu og samstarf við önnur svið borgarinnar. Ekki verður farið í þá umræðu hvaða áhrif eignfærsla hefur á leigu eignanna en þær upplýsingar má finna í minnisblaði starfshóps um rýningu á innri leigu hjá Reykjavíkurborg og tillögur starfshópsins komu til framkvæmda í áætlun ársins 2018

Í raun er ekki hægt að setja afgerandi reglur um hvað skuli flokka sem almennt viðhald eða meiriháttar viðhald. Eðli framkvæmda er yfirleitt mjög flókið og ólíkt milli mannvirkja og verkefna jafnvel þó um sé að ræða eins eða sambærilegar framkvæmdir.

Ýmsir óvissuþættir valda ósamræmi milli sambærilegra viðhaldsverkefna. Má þar helst nefna ástand undirliggjandi byggingarefna, gæði vinnu og byggingarefna í fyrri byggingarverkefnum mannvirkisins o.þ.h. Endurnýjun þaks á nákvæmlega eins byggingum getur verið framkvæmd sem er allt annars eðlis milli bygginganna. Þar getur haft áhrif mismunandi staðsetning bygginganna, mismunandi notkun og álag, mismunandi handverk eða byggingarefni þegar mannvirkið var upphaflega byggt. Raki gæti hafa myndast í undirbyggingu á annari eigninni þar sem húsið stóð verr gagnvart ráðandi rigningarátt eða mismunandi þakpappi var notaður við byggingarnar í upphafi. Á öðru þakinu þurfti einungis að skipta um bárujárn og þakpappa en á hinu þurfi einnig að skipta um klæðningu og gera við sperrur svo eitthvað sé nefnt.

Endurbætur og meiriháttar viðhald - Viðmið

Ljóst er að mjög mikill kostnaðarmunur getur verið á milli viðhaldsverkefna einungis vegna fyrr greindra þátta. Ef finna á út almennt viðmið um flokkun í almennt viðhald eða meiriháttar endurbætur þarf að skoða það út frá hvaða forsendum hægt sé að flokka eftir:

- a) Fastar tölur út frá heildarkostnaði framkvæmda eða fast hlutfall kostnaðar af virði eignar.
- b) Tegund framkvæmda; gólfefnaskipti, endurnýjun hitalagna o.s.frv.
- c) Aldri byggingarefna sem þarf að eindurnýja (einskonar afskriftartenging)
- d) Afskriftarreglum eignar eða byggingarhluta
- e) Virðisaukning eignar og aukin ending

Til þessa hefur í raun kostur b) verið helst notaður til skilgreiningar á viðhaldsverkefnum. Samkvæmt því má miða við að eftirfarandi viðhaldsverkefni verið alltaf flokkuð undir meiriháttar viðhald:

- Endurnýjun á þakklæðningu að hluta eða í heild, óháð gerð þaks eða umfangs undirvinnu undir klæðningu.
- Viðgerðir á utanhússklæðningu þar sem gert er við stóran flöt og eða heilar hliðar fasteignar t.d. múrviðgerðir, lagfæringar á klæðningu eða bygging klædd með álkerfi.
- Endurnýjun á lagnakerfum í heild eða að stórum hluta. (frárennslislagnir, neysluvatnslagnir, hita- lagnir og kerfi, loftræsi- lagnir og kerfi, vatnsúðakerfi.
- Endurnýjun eða nýlögn á rafkerfum, töflum, tölvulögnum og búnaði sem eru stór hluti eða heild af tölvukerfi. Endurnýjun á lýsingu í heild í rýmum eða mannvirkjum.
- Breytingar á rými, stórum hluta eða í heild mannvirkis, sem miða að því að uppfylla nútímakröfur og reglugerðir. Má þar nefna t.d. skipta út einangrun og innveggjaklæðningu fyrir efni í brunaflokki eitt samkvæmt byggingarreglugerð. Kröfur um þess háttar framkvæmdir geta komið upp þegar notkun mannvirkja er breytt t.d. fjölga einstaklingum með viðveru í einhverju rými eða byggingu og því þarf að fjölga salernum eða bæta flóttaleiðir.
- Stórar breytingar eða endurnýjun á innra skipulagi til að auka notagildi mannvirkis. Saman við þessa skilgreiningu mætti t.d. blanda hlutfallslegum kostnaði af heildar virði byggingarinnar.
- Samstillt átak í viðhaldi mannvirkis t.d. endurnýja gólfefni byggingar að stórum hluta eða í heild.

Almennt viðhald - Viðmið

Að sama skapi eru verkefni sem má strax útiloka að geti flokkast sem meiriháttar viðhald svo fremi sem þau séu ekki hluti af stærri framkvæmd sem flokkast sem meiriháttar viðhald eða endurbætur:

- Málun hvort sem er innan eða utandyra.
- Þrif, bóna dúka, slípa parket o.þ.h.
- Endurnýjun eða lagfæring á afmörkuðum stað í mannvirki, svo sem múrviðgerð í kringum nokkra glugga, endurnýjun gólfena í einu rými o.þ.h.

2. Dæmi um viðhaldsverkefn, ferla þeirra og eðli

Varanlegir rekstrarfjármunir þurfa í flestum tilfellum á viðhaldi að halda á nýtingartíma sínum til að missa ekki þá eiginleika sem hún þarf til að viðhalda efnahagslegum ávinningi í framtíðinni. Útgjöld geta annars vegar verið til að eignin missi ekki þá eiginleika sem hún þarf til að viðhalda efnahagslegum ávinningi í framtíðinni og hins vegar útgjöld sem bæta ástand eignarinnar varanlega umfram upphaflegt mat (meiriháttar viðhald).

Kostnaður við byggingu færanlegrar kennslustofu er eignfærður. Allt almennt viðhald til að viðhalda eigninni er gjaldfært. Meiriháttar viðhald sem eykur notagildi hennar umfram upphaflegt mat á efnahagslegum ávinningi skal eignfæra. Við eignfærslu meiriháttar

viðhalds skal skoða hvort eldri eignfærður kostnaður hafi úrelds eða skemmst, ef svo reynist skal meta úreldinguna og niðurfæra stofnkostnað í eignaskrá og samsvarandi afskriftir. Þegar færarlegar kennslustofur eru færðar á milli staða þá nýtist eldri grunnur væntanlega ekki áfram, því þarf að afskrifa hann að fullu.

3. Niðurstaða

Af ofangreindu er ljóst að skilin á milli meiriháttar viðhalds og almenns viðhalds eru ekki alltaf skýr vegna eðlis einstakra framkvæmda. Því er hætt við að mörkin þar á milli teygjast aðeins í samærmi við þá fjármuni sem veitt er í málaflokkinn hverju sinni. Mikilvægt er þó að farið sé eftir verklagsreglum um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna (FMS-VLR-129) og þess gætt að eignfæra ekki þær framkvæmdir sem nefndar eru sem framkvæmdir sem aldrei geti flokkast undir annað en almennt viðhald.

Það er því tillaga hópsins að ekki verði settar fastar reglur eða flokkanir í þessu efni þar sem það gæti í raun torveldað ákvarðanatöku á eðlilegu viðhaldi á eignum borgarinnar. Þess í stað verði ofangreindar flokkanir hafðar sem viðmið en verklagsreglum um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna fylgt. Þá leggur hópurinn til að verklagsreglu FMS-VLR-129 verði gerð skýrari með þessi markmið í huga. Tillaga að uppfærðri verklagsreglu er sýndi í fylgiskjali 2.

MINNISBLAÐ STARFSHÓPS UM RÝNINGU INNRI LEIGU.

Starfshópi um rýningu innri leigu sem skipaður var með erindisbréfi dags. 19. febrúar 2015 var falið að rýna hvort innri leiga eigna endurspegli með eðlilegum hætti þann kostnað sem henni er ætlað að standa undir samkvæmt lögum og reglum og gera eftir atvikum tillögur um breytingar ef þurfa þykir.

- a) *Fara yfir ákvæði laga og reglna sem gilda um eignasjóði sveitarfélaga*
- b) *Kanna hvort gildandi reglum Reykjavíkurborgar um innri leigu sé áfátt og gera eftir atvikum tillögur um úrbætur*
- c) *Kanna hvort bæta megi gildandi reglur Reykjavíkurborgar þannig að þær uppfylli betur langtíma markmið um fjármögnun uppbyggingar, viðhalds og rekstrar fastafjármuna borgarinnar í fasteignum og samgöngumannvirkjum.*
- d) *Skoða sérstaklega innri leigu á stofnbúnaði, áhöldum og tækjum og bifreiðum m.a. í ljósi þess að í reglum um leigu bifreiða og vinnuvéla segir að þær reglur skuli endurskoða fyrir árslok 2013.*

Þegar hópurinn tók til starfa lá fyrir að unnið var að endurskoðun Reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og var því afráðið að bíða eftir útkomu nýrrar reglugerðar enda þótti ljóst að um gagngerar breytingar yrði að ræða. Niðurstaðan varð sú að framangreind reglugerð var felld úr gildi með **reglugerð innanríkisráðuneytis nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga**, sem sett var grundvelli 75. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og öðlaðist hún gildi 1. janúar 2016. Jafnframt féllu úr gildi **auglýsing nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskil sveitarfélaga** með síðari breytingum og **auglýsing nr. 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga** með síðari breytingum.

Varðandi önnur sem lög sem gilda um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga gilda ákvæði laga nr. 145/1998 um bókhald, laga nr. 144/1994 um ársreikninga auk þess sem farið skal að góðum bókhalds- og reikningsskilavenjum hjá sveitarfélögum, að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum nr. 45/1998 um sveitarstjórnir og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Reglur Reykjavíkurborgar innri leigu eru

- i. ***Reglur um leigu fasteigna og um uppsögn og skil á húsnæði LRS-026 sem samþykktar voru í borgaráði 4. nóvember 2010***
- ii. ***Reglur um leigu bifreiða og um uppsögn og skil bifreiða með ákvæði um að reglurnar skyldi endurskoða fyrir lok árs 2011***
- iii. ***Reglur um leigu stærri bifreiða og vinnuvéla og um uppsögn og skil á stærri bifreiðum og vinnuvélum með ákvæði um að reglurnar skyldi endurskoða fyrir lok árs 2013***

REGLUR UM LEIGU FASTEIGNA

Í *reglum um leigu fasteigna og um uppsögn og skil á húsnæði* LRS -026 er gert ráð fyrir að innri leiga fasteigna sé **8,8%** af áföllnum stofnkostnaði á ársgrundvelli miðað við 50 ára líftíma eignar. Sé líftíminn styttri breytist hlutfallið til samræmis.

Innri leiga reiknast af stofnverði fasteigna og er ætlað að standa undir fjármagnskostnaði, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi auk umsýslukostnaðar og greinist sem hér segir,

	<i>Viðmið Reykjavíkurborgar</i>	<i>ákvæði í 9. grein reglugerðar 1212/2015</i>
fjármagnskostnaður	<i>4,0% af stofnverði</i>	<i>vaxtakjör sveitarfélags</i>
afskriftir	<i>2,0% af stofnverði</i>	<i>fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma</i>
skattar og tryggingar	<i>1,2% af stofnverði</i>	<i>raunkostnaður</i>
viðhald	<i>1,5% af stofnverði</i>	<i>1,0%-4,0% af stofnverði</i>
umsýslukostnaður	<i>0,1% af stofnverði</i>	<i>0,5% af stofnverði</i>

Hér á eftir verða núverandi viðmið Reykjavíkurborgar borin saman við viðmið skv. nýrri reglugerð, gerð nánari greining á hverjum lið fyrir sig og lagt mat á hvort þörf sé á úrbótum.

Fjármagnskostnaður

Lagt er til að lækka viðmið fjármagnskostnaðar til útreiknings innri leigu úr 4% í 3,9%.

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 er miðað við að fjármagnskostnaður sem myndar stofn til innri leigu fasteigna **taki mið af vaxtakjörum sveitarfélags**.

Reglur Reykjavíkurborgar miða við 4% af stofnkostnaði. Eignasjóður er með sterkt eiginfjárlutfall en þrátt fyrir sterkt eiginfjárlutfall þarf lítið til að það breytist við breytingar á verðbólgu. Í töflu 1 er yfirlit yfir þróun eiginfjár og langtímaskulda í hlutfalli af heildar eignum.

Tafla 1

	31.12.2014	Hlutfall	31.12.2015	Hlutfall	31.12.2016	Hlutfall
<i>Eigið fé</i>	35.137.724	31%	39.460.677	33%	45.030.207	36%
<i>Langtímaskuldir</i>	59.967.881	53%	60.719.185	51%	60.749.449	49%
<i>“ þmt næsta árs afb.</i>	63.876.394	56%	64.820.122	54%	65.085.322	52%
<i>Heildar eignir</i>	113.422.472	100%	119.144.837	100%	124.625.155	100%

Í árslok 2016 var eiginfjárlutfallið 36% og þá námu langtímaskuldir að teknu tilliti til næsta árs afborgana liðlega 65 milljarðar króna eða 52% af eignum, þar af voru 95,5% verðtryggðar og er næmni lánasafnsins því mikil gagnvart verðbólgu. Á hinn bóginn eru eignir sjóðsins að stærstum hluta fasteignir sem skráðar eru við kostnaðarverði að teknu tilliti til fyrninga og má því leiða líkum að því að eigið fé sjóðsins væri umtalsvert hærra ef tekin væru upp gangverðs reikningsskil.

Meðalvaxtakjör lánasafnsins í árslok 2012 voru 3,94%, 3,91% í árslok 2013, 3,93% í árslok 2014, 3,86% í árslok 2015 og 3,89% í árslok 2016. Vegin meðalvaxtakjör lánasafnsins voru

3,91% á tímabilinu. Útboð ársins 2017 hafa skilað lægri ávöxtunarkröfu og fyrirsjáanlegt að frekari lántökur hafa áhrif til lækkunar meðalávöxtun safnsins niður fyrir 3,9%

Starfshópurinn telur eðlilegt að gera sömu ávöxtunarkröfu á eigið fé og lánsfjármagn og lítur svo á að meðalvextir lánasafnsins séu meðal vaxtakjör sveitarfélagsins og því forsendur til að lækka viðmið fjármagnskostnaðar til samræmis. Það er álit hópsins að frá varfærnisþjórnarmiði sé óvarlegt að lækka viðmiðið niður fyrir 3,9% að svo stöddu en leggur til að mat verði lagt á það að nýju að 5 árum liðnum.

Viðhald

Lagt er til að viðmið viðhaldskostnaðar til útreiknings innri leigu verði óbreytt.

Í núgildandi reglugerð er miðað við að viðhald húsa og lóða sem myndar stofn til innri leigu fasteigna sé 1%-4% af stofnverði, Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár innheimt 1,5% af stofnkostnaði vegna viðhalds.

Í skýrslunni „Kostnaðaráætlun viðhalds fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar“ sem unnin var af skrifstofu framkvæmda og viðhalds og kom út í júní 2017 er sett fram kostnaðaráætlun viðhalds og endurbóta fyrir tímabilið 2010 til 2030 fyrir fasteignir sem eru með skráð brunabótamat og eru í eigu Reykjavíkurborgar. Í skýrslunni er stuðst við 1,5% sem viðmið við mat á fjárförf vegna viðhalds og endurnýjunar frá ári til árs og komist að þeirri niðurstöðu að samanlagður viðhalds- og endurbótakostnaður með hliðsjón af aðferðum brunabótamats frá 2010 til 2016 ætti að hafa verið 15,5 milljarðar króna en var í reynd 10,6 milljarðar, þar af voru liðlega 3,9 milljarðar eignfærðir sem meiriháttar viðhald.

Tafla 2

Viðhalds og endurbótakostnaður 2010-2017 með hliðsjón af aðferðum brunabótamats í samanburði við raun viðhald 2010-2016 og útkomuspá 2017

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2010-2017
<i>skýrsla</i>	1.937	2.147	2.190	2.173	2.408	2.399	2.228	2.250	17.731
<i>eignfært</i>	388	330	133	697	756	826	800	500	4.429
<i>gjaldfært</i>	786	851	901	921	1.024	959	1.259	1.583	8.285
	1.173	1.181	1.034	1.618	1.780	1.785	2.059	2.083	10.631

Það er alkunna að á árunum eftir hrun hefur nokkuð skort uppá að þeirri fjárhæð sem endurspeglar 1,5% viðmið í innri leigu væri varið til viðhalds en með batnandi árferði verður auknum fjármunum varið til viðhalds fasteigna og endurspeglast það í viðhaldsáætlun fasteigna sem sett er fram í drögum að 5 ára áætlun vegna árána 2018-2022 þar sem lagt er til að varið verði að meðaltali rúmlega 2.833 milljónum króna árlega til viðhalds.

Í framangreindri skýrslu er áætlaður viðhalds og endurbótakostnaður metinn tæplega 33,8 milljarðar króna á tímabilinu 2018-2030 eða tæplega 2,6 milljarðar króna að jafnaði árlega. Ef tekið er mið af því að 7,1 milljarðar vantar upp á þá fjárhæð sem skýrslan gerði ráð fyrir að verja þyrfti til viðhalds og endurbóta á árunum 2010-2017 og þeim mismun deilt út yfir tímabilið 2018-2030 hækkar viðmiðið úr tæplega 2,6 milljarði króna í liðlega 3,1 milljarð króna.

Ekki er því talin ástæða til að gera breytingar á viðmiði vegna viðhalds að svo stöddu en lagt til að mat verði lagt á það að nýju að 5 árum liðnum.

Afskriftir

Lagt er til að lækka viðmið afskrifta til útreiknings innri leigu úr 2% í 1,8%.

Í reglugerð er miðað við að afskriftir sem mynda stofn til innri leigu fasteigna séu fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Reglur Reykjavíkurborgar miða við að afskrifa 2% af stofnkostnaði á fasteigna (mv. 50 ára líftíma) á föstu verðlagi. Innri leiga tekur hins vegar breytingum mánaðarlega skv. neysluverðsvísitölu, þar með talinn sá hluti sem ætlað er að mæta kostnaði við afskriftir. Í lítilli verðbólgu verða raun afskriftir mjög nálægt viðmiðunar prósentum en lægri þegar verðbólga er mikil og myndast því misræmi tekna og gjalda. Þannig sýnir úttekt á innri leigu á árinum 2010-2014 að fyrningar nema í reynd 1,68% af stofnvirði eigna meðan leigan gerir ráð fyrir 2%. Þarna eru því forsendur til að lækka innri leigu til samræmis en til að gæta varfærni og þá ekki síst í ljósi þess að stofnvirði nýrra fjárfestinga er hlutfallslega hærra en stofnvirði eldri eigna og fyrningartíminn langur, leggur hópurinn til að stuðst sé við 1,8% sem viðmið fyrninga til innri leigu fasteigna.

Skattar og tryggingar

Lagt er til að viðmið skatta og trygginga til útreiknings innri leigu verði óbreytt.

Í núgildandi reglugerð er miðað við að skattar og tryggingar sem mynda stofn til innri leigu fasteigna taki mið af raunkostnaði. Reglur Reykjavíkurborgar miða við 1,2% af stofnverði og er þá um að ræða fasteignagjöld og tryggingar. Nánari greining sýnir að 1,2% viðmiðið er í samræmi við raunkostnað og því er ekki talin ástæða til breytinga.

Umsýslukostnaður

Lagt er til að viðmið umsýslukostnaðar til útreiknings innri leigu verði óbreytt.

Umsýslukostnaður skv. reglugerð miðar við 0,5% af stofnverði en er skv. viðmiðunarreglum Reykjavíkurborgar 0,1% af stofnverði. Ekki er talin ástæða til að breyta núverandi viðmiðum þar sem innheimtur umsýslukostnaður er í samræmi við raunkostnað enda eignasafnið það stórt að ákveðin stærðarhagkvæmni hlýst af.

Niðurstaða

Lagt er til samkvæmt framanrituðu að innri leiga fasteigna lækki úr 8,8% af áföllnum stofnkostnaði í 8,5% á ársgrundvelli miðað við 50 ára líftíma eigna. Sé líftíminn styttri breytist hlutfallið til samræmis.

Lækkunin mun hafa þau áhrif að tekjur eignasjóðs vegna innri leigu fasteigna lækka um liðlega 451 mkr úr 13.242 mkr miðað við áætlun ársins 2018 í 12.790 mkr eða sem nemur liðlega 3,4%. Á móti munu gjöld aðalsjóðs lækka um sömu fjárhæð.

Lagt er til að breytingin taki gildi á árinu 2018.

REGLUR UM LEIGU STOFNBÚNAÐAR, ÁHALDA OG TÆKJA

Ekki hafa verið samþykktar sérstakar reglur hjá Reykjavíkurborg um leigu stofnbúnaðar, áhalda og tækja heldur stuðst við reglur um innri leigu fasteigna og þær aðlagðar.

Leiga stofnbúnaðar, áhalda og tækja samanstendur af eftirtöldum þáttum;

fjármagnskostnaður	4,0% af stofnverði	verði 3,9% af stofnverði
afskriftir	taki mið af endingartíma	verði óbreytt
umsýslukostnaður	1,0% af stofnverði	verði óbreytt

Fjármagnskostnaður

Lagt er til að lækka viðmið fjármagnskostnaðar til útreiknings innri leigu úr 4% í 3,9%.

Um forsendur þess að breyta viðmiði fjármagnskostnaðar er vísað til umfjöllunar um fjármagnskostnað í kaflanum um innri leigu fasteigna Reykjavíkurborgar.

Afskriftir

Lagt er til að viðmið afskrifta til útreiknings innri leigu verði óbreytt.

Miðað er við að afskriftir sem mynda stofn til innri leigu búnaðar, áhalda og tækja sé fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Í 3. grein regla um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar er fyrningartími einstakra flokka stofnbúnaðar ákveðinn;

Lykill	Tegund	Ár
5580	Húsgögn	10
5581	Námshöggn og leikföng	3
5582	Rafmagnstæki	3-5
5583	Tölvubúnaður	3
5589	Önnur tæki og búnaður	1-10

Líkt og um fasteignir gildir að innri leiga tekur breytingum mánaðarlega skv. neysliverðsvisítölu, þar með talinn sá hluti sem ætlað er að mæta kostnaði við afskriftir en gjaldfærðar afskriftir eru á föstu verðlagi. Í lítilli verðbólgu verða raun afskriftir mjög nálægt viðmiðunar prósentum en lægri þegar verðbólga er mikil og myndast því misræmi tekna en þar sem fyrningartíminn er tiltölulega skammur er ekki talin ástæða til að gera breytingar á viðmiði afskrifta til útreiknings innri leigu stofnbúnaðar, áhalda og tækja.

Niðurstaða

Lagt er til samkvæmt framanrituðu að innri leiga stofnbúnaðar, áhalda og tækja í eigu Reykjavíkurborgar verði látin standa óbreytt enda rekstraráhrif af lækkun leigu um 10 punkta eða 0,1 prósentustig óveruleg. Við ákvörðun innri leigu við kaup búnaðar, áhalda og tækja verði viðmið varðandi fjármagnskostnað 3,9%.

REGLUR UM LEIGU BIFREIÐA

OG UM UPPSÖGN OG SKIL Á BIFREIÐA

Lagt er til að viðmið fjármagnskostnaður til útreiknings innri leigu lækki úr 4% í 3,9%. Viðmið annarra þeirra þátta sem mynda innri leigu bifreiðar standi óbreytt.

Því er lagt til að þegar bifreið er tekin í notkun skuli miða útreikning innri leigu við 23,9% af áföllnum stofnkostnaði á ársgrundvelli en 22,9% af áföllnum stofnkostnaði á ársgrundvelli ef bifreið er metan- eða rafbifreið.

Leiga samanstendur af eftirtöldum þáttum;

fjármagnskostnaður	4,0% af stofnverði	verði 3,9% af stofnverði
afskriftir	15,0% af stofnverði í 6 ár	verði óbreytt
opinber gjöld og tryggingar	4,0% af stofnverði	
	3,0% af metan- eða rafbifreið	verði óbreytt
umsýslukostnaður	1,0% af stofnverði	verði óbreytt

Fjármagnskostnaður

Um forsendur þess að breyta viðmið fjármagnskostnaðar er vísað til umfjöllunar um fjármagnskostnað í kaflanum um innri leigu fasteigna Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að innri leiga eldri bifreiða verði látin standa óbreytt enda rekstraráhrif lækkunar óveruleg. Við ákvörðun innri leigu við kaup nýrra bifreiða verði viðmið varðandi fjármagnskostnað 3,9%.

Viðbótarþjónusta (viðbótarleiga)

Lagt er til að fella niður þann möguleika að leigusali sinni þjónustu við leigutaka viðvíkjandi ákveðni þætti við rekstur bifreiða.

Í gildandi reglum segir um viðbótarþjónustu;

„.....getur boðið leigutökum að sjá um hluta af rekstri bifreiðar. Má þar nefna að fara með bifreið í skoðun, greiða bifreiðaskoðunargjöld, reglulegar viðhaldsskoðanir, smurþjónustu, dekkjaþjónustu og tilfallandi smáviðhald. Greitt verði fyrir þessa þjónustu samkvæmt raunkostnaði.“

Ekki hefur reynst áhugi hjá notendum fyrir þessari þjónustu né heldur hefur eignasjóður yfir að ráða mannafla til að sinna þessu.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á reglum um leigu bifreiða lúta að;

i. Ósk um bifreið

Lagt er til að skilgreina betur hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir þegar óskað er eftir kaupum á bifreiðum og texti lagfærður frá fyrri útgáfu þar sem áherslan var lögð á skyldur leigusala varðandi það að mæta þörfum fagsviða og skrifstofa.

Texti í gildandi reglum dags. 26. mars 2011

Framkvæmda- og eignasvið mun leitast við að fullnægja þörfum Reykjavíkurborgar og kaupa þær bifreiðir sem viðkomandi svið þarf nauðsynlega á að halda vegna starfsemi sinnar. Samþykki borgarráðs þarf fyrir kaupum á bifreiðum.

Tillaga að texta í uppfærðum reglum dags. nóvember 2017

Fagsvið og skrifstofur Reykjavíkurborgar skulu beina óskum um kaup á bifreiðum vegna starfsemi sinnar til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Slíkum óskum skal fylgja greinargerð þar sem fjallað er um forsendur kaupanna útfrá rekstri viðkomandi fagsviðs eða skrifstofu, nauðsynlegar útfærslur bifreiðar skilgreindar og fjallað um áhrif rekstrarkostnaðar og innri leigu á rekstur viðkomandi fagsviðs og/eða skrifstofu.

Samþykki borgarráðs þarf vegna kaupa á bifreiðum og mun skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hafa milligöngu um að leita eftir því.

ii. Gerð leigusamninga

Lagt er til að fella niður ákvæði um að leigusamningar verði lagðir fyrir borgarráð.

Ekki þykir ástæða til að fara með leigusamninga um innri leigu sérstaklega fyrir borgarráð enda skal gera grein fyrir áhrifum leigu á rekstur og afkomu viðkomandi fagsviðs eða skrifstofu þegar falast er eftir samþykki borgarráð um kaup bifreiða

Niðurstaða

Lagt er til samkvæmt framanrituðu að innri leiga bifreiða sem eru í eigu Reykjavíkurborgar verði látin standa óbreytt enda rekstraráhrif af lækkun leigu um 10 punkta eða 0,1 prósentustig óveruleg. Við ákvörðun innri leigu við kaup bifreiða verði viðmið varðandi fjármagnskostnað 3,9%.

REGLUR UM LEIGU STÆRRRA BIFREIÐA OG VINNUVÉLA OG UM UPPSÖGN OG SKIL Á STÆRRRI BIFREIÐUM OG VINNUVÉLUM.

Í gildandi reglum er ekki skilgreining á því hvað séu stærri bifreiðar en mið hefur verið tekið af því að það eigi við um bifreiðar sem væru umfram 5 tonn að þyngd. Er sú skilgreinin nú sett inn í reglurnar.

Lagt er til að viðmið fjármagnskostnaður til útreiknings innri leigu lækki úr 4% af stofnverði í 3,9%. Jafnframt er lagt er til að viðmið opinberra gjalda og trygginga lækki úr 4,0% af stofnverði í 1,2% og viðmið umsýslukostnaðar úr 1% af stofnverði í 0,1% af stofnverði.

Því er lagt til að þegar stærri bifreið eða vinnuvél er tekin í notkun skuli miða útreikning innri leigu við 13,2% af áföllnum stofnkostnaði á ársgrundvelli og 12,5% vegna metan- og rafbifreiða í stað 17% áður.

Leiga samanstandur af eftirtöldum þáttum;

fjármagnskostnaður	4,0% af stofnverði	verði 3,9% af stofnverði
afskriftir	8,0% af stofnverði í 10 ár	verði óbreytt
opinber gjöld og tryggingar	4,0% af stofnverði	verði 1,2% af stofnverði en 0,5% vegna metan- og rafbifreiða
umsýslukostnaður	1,0% af stofnverði	verði 0,1% af stofnverði

Fjármagnskostnaður

Um forsendur þess að breyta viðmiði fjármagnskostnaðar er vísað til umfjöllunar um fjármagnskostnað í kaflanum um innri leigu fasteigna Reykjavíkurborgar.

Skattar og tryggingar

Forsendur þess að breyta viðmiði um opinber gjöld og tryggingar eru að sá hluti kostnaðar var ofmetinn og er færður til raunkostnaðar með þessari ráðstöfun.

Umsýslukostnaður

Forsendur þess að breyta viðmiði varðandi umsýslukostnað eru að sá hluti kostnaðar var ofmetinn í ljósi þess að stofnverð stærri bifreiða og vinnuvéla er alla jafna hátt og er færður til raunkostnaðar með þessari ráðstöfun.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á reglum um leigu stærri bifreiða og vinnuvéla lúta að;

iii. Ósk um stærri bifreið og vinnuvél

Lagt er til að skilgreina betur hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir þegar óskað er eftir kaupum á stærri bifreiðum og vinnuvélum og texti lagfærður frá fyrri útgáfu þar sem áherslan var lögð á skyldur leigusala varðandi það að mæta þörfum fagsviða og skrifstofa.

Texti í gildandi reglum dags. 16. janúar 2012

Framkvæmda- og eignasvið mun leitast við að fullnægja þörfum Reykjavíkurborgar og kaupa þær stóru bifreiðir og vinnuvélar sem viðkomandi svið þarf nauðsynlega á að halda vegna starfsemi sinnar. Samþykki borgarráðs þarf fyrir kaupum á stórum bifreiðum og vinnuvélum

Tillaga að texta í uppfærðum reglum dags. nóvember 2017

Fagsvið og skrifstofur Reykjavíkurborgar skulu beina óskum um kaup á bifreiðum umfram 5 tonn að eigin þyngd svo og óskum um kaup á vinnuvélum vegna starfsemi sinnar til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Slíkum óskum skal fylgja greinargerð þar sem fjallað er um forsendur kaupanna útfrá rekstri viðkomandi fagsviðs eða skrifstofu, nauðsynlegar útfærslur bifreiðar og vinnuvélar skilgreindar og fjallað um áhrif rekstrarkostnaðar og innri leigu á rekstur viðkomandi fagsviðs og/eða skrifstofu

Samþykki borgarráðs þarf vegna kaupa á stærri bifreiða og vinnuvéla og mun skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hafa milligöngu um að leita eftir því.

iv. Gerð leigusamninga

Lagt er til að fella niður ákvæði um að leigusamningar verði lagðir fyrir borgarráð.

Ekki þykir ástæða til að fara með leigusamninga um innri leigu sérstaklega fyrir borgarráð enda skal gera grein fyrir áhrifum leigu á rekstur og afkomu viðkomandi fagsviðs eða skrifstofu þegar falast er eftir samþykki borgarráð um kaup bifreiða

Niðurstaða

Lagt er til samkvæmt framanrituðu að innri leiga stærri bifreiða og vinnuvéla verði lækkuð úr 17% af stofnkostnaði í 13,2% á ársgrundvelli miðað við 10 ára líftíma eigna eða 12,5% á ársgrundvelli miðað við 10 ára líftíma ef um metan- eða rafknúna bifreið eða tæki er að ræða. Sé líftíminn styttri breytist hlutfallið til samræmis.

Lækkunin mun hafa þau áhrif að tekjur eignasjóðs vegna innri leigu stærri bifreiða og vinnuvéla lækka um liðlega 40 mkr eða 24,24%, úr 165 mkr miðað við áætlun ársins 2018 í 125 mkr. Á móti munu gjöld aðalsjóðs lækka um sömu fjárhæð.

Lagt er til að breytingin taki gildi á árinu 2018.

Númer skjals:	FMS-VLR-129
Skjalalykill:	06. Uppgjör
Útgáfa:	2.0
Útgáfudags.:	08.03.2017
Síðast rýnt/næst rýnt:	08.03.2017 / 08.03.2018
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

DRÖG

FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

1 Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að kveða á um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna og eftir atvikum eignfærslu eða gjaldfærslu viðhaldskostnaðar þeirra.

2 Ábyrgð

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og hefur eftirlit með að þeim sé framfylgt af fagsviðum Reykjavíkurborgar.

3 Skilyrði fyrir eignfærslu.

3.1. Rekstrarfjármunir

Samkvæmt IAS 16 sem á við um Reykjavíkurborg skulu félög skrá eignir sínar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar efnahagslegur framtíðarávinningur tengdur eignunum mun nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað sem fellur til vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði en það felur meðal annars í sér kaupverð eignar, flutningskostnað, uppsetningarkostnað og allan þann kostnað sem rekja má beint til þess að eigninni er komið í starfhæft ástand.

Útgjöld kunna að falla til síðar á nýtingartíma eignar til að viðhalda starfhæfu ástandi. Útgjöldin sem falla til má bæta við bókfært verð eignar þegar líklegt er að framkvæmdirnar feli í sér efnahagslegan ávinning í framtíðinni fyrir félagið. Vísbendingar um efnahagslegan ávinning er meðal annars aukinn nýtingartími eignar, aukið magn framleiddrar vöru og aukin gæði framleiddrar vöru.

3.2 Viðbætur

Viðbætur á varanlegum rekstrarfjármunum Reykjavíkurborgar skulu eignfærðar. Sem dæmi um viðbætur er ný viðbygging við skóla eða nýtt loftræstikerfi. Báðar aðgerðirnar auka þjónustumöguleika eignarinnar og geta þar með aukið mögulegar framtíðartekjur. Nýja viðbótin er því eignfærð á núverandi eign og er útgjöldum hennar þannig jafnað á móti tekjum.

3.3 Viðhald

Varanlegir rekstrarfjármunir þurfa í flestum tilfellum á viðhaldi að halda á nýtingartíma sínum. Slíkt er mikilvægt svo eignin missi ekki þá eiginleika sem hún þarf til að viðhalda efnahagslegum ávinningi í framtíðinni. Útgjöld sem falla til síðar má tilgreina í tvo flokka. Annars vegar útgjöld vegna viðhalds sem koma til með að viðhalda efnahagslegum ávinningi eignarinnar í framtíðinni (almennt viðhald) og hins vegar útgjöld sem bæta ástand eignarinnar varanlega umfram upphaflegt mat (meiriháttar viðhald). Vísbendingar um aukin efnahagslegan ávinning eru t.d. lengri

nýtingartími eignar og meiri hagkvæmni í rekstri. Ef útgjöldin auka ekki efnahagslegan ávinning eignar skal gjaldfæra kostnaðinn á því tímabili sem hann fellur til.

Útgjöld sem falla til síðar vegna viðhalds á varanlegum rekstrarfjármunum eru gjaldfærð þar sem slíkt er gert til að viðhalda efnahagslegu hæfi eignarinnar. Í því felst að upphaflegu mati eignarinnar er viðhaldið í samræmi við áætlun fyrirtækis um efnahagslegan ávinning í framtíðinni. Þannig er eigninni gert kleift að halda afkastagetu sinni í samræmi við upprunalegt mat sem gert var áður en eignfærsla átti sér stað.

Útgjöld sem falla til síðar og hafa varanleg áhrif á eignina umfram upphaflegt mat þarf að eignfæra en þó með mismunandi hætti. Við eignfærslu skal skoða hvort eldri eignfærður kostnaður hafi úrelts eða skemmst, ef svo reynist skal meta úreltinguna og niðurfæra stofnkostnað í eignaskrá og samsvarandi afskriftir.

- a) Útgjöldum sem koma til með að bæta ástand eignarinnar skal bætt við bókfært verð svo framarlega sem varanlegar breytingar verða á eigninni og nýtingartími hennar lengist. IAS 16 tilgreinir nokkur dæmi um slíkar endurbætur, sem eru breytingar á framleiðslutækjum, endurbætur á vélarhlutum til að ná fram auknum gæðum í framleiðsluferli og upptöku á nýjum framleiðsluferlum sem hafa kostnaðarlækkun í för með sér.
- b) Í sumum tilfellum getur þurft að eignfæra íhluti varanlegra rekstrarfjármuna sérstaklega. Í því felst að íhlutir geta þurft á reglulegri endurnýjun að halda þar sem nýtingartími þeirra er styttri en nýtingartími eignarinnar. Sá íhlutur er því tilgreindur sem sérstök eign ef hann uppfyllir þau skilyrði sem sett eru um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Íhlutir sem eignfærast samkvæmt þessum skilyrðum eru afskrifaðir sér í reikningsskilum óháð þeirri eign sem þeir tilheyra. Með því er hægt að endurspegla notkunarmynstur og sýna á rökréttan og kerfisbundinn hátt þann efnahagslega ávinning sem fyrirtækið hlýtur af eigninni.

4 Framkvæmd

Eignfæra skal varanlega rekstrarfjármuni, viðbætur og meiriháttar viðhald samkvæmt þessari verklagsreglu.

5 Tilvísanir

Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

FMS-VLR-130 Fjárhæðamörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.

FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.



Skýrsla

starfshóps um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna.

R15060008

Ágúst 2019



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt - helstu tillögur	3
1. Bókhaldsleg meðferð þróunarverkefna	4
Þróunarkostnaður	4
Rannsóknakostnaður	4
2. Niðurstöður og tillögur	5
Tillögur að aðgerðum	5
Kostnaðarmat tillagna	5
Niðurlag	5
Viðauki I. Tillaga að nýrri verklagsreglu um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna	
Viðauki II Erindisbréf	

Inngangur

Þann 3. desember 2018 skipaði borgarritari starfshóp um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna.

Hlutverk og verkefni hópsins er að setja fram tillögu að formlegum verklagsreglum um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna, sem samræmast reikningskilareglum sveitarfélaga. Á það bæði við um eignfærslur og gjaldfærslur.

Starfshópurinn skipuðu Gísli Hlíðberg Guðmundsson, fjármálaskrifstofu, formaður, Ámundi Brynjólfsson, Umhverfis- og skipulagssviði og Guðlaug S. Sigurðardóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Starfsmaður hópsins var María Níelsdóttir.

Jafnframt veitti Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs starfshópnum ráðgjöf.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu janúar til ágúst 2019. Hópurinn hélt alls sex fundi.

Samantekt - helstu tillögur

Starfshópurinn fór yfir núverandi verklag varðandi bókhaldslega meðferð þróunarverkefna. Niðurstaða hópsins er að leggja til að fallið verði frá því verklagi sem viðhaft hefur verið um þróunarkostnað.

Staða á bókhaldslykli - 1862 Verk í vinnslu, þróun og uppbygging - verði leyst upp og færð á viðeigandi lykla, hvort heldur til eigna eða gjalda.

Jafnframt er lagt til að Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið gefa út formleg verklagsreglu um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna eins og þau eru skilgreind í alþjóðlegum reikningskilastaði IAS 38. Tillaga að verklagsreglu kemur fram í Viðauka I.

1. Bókhaldsleg meðferð þróunarverkefna.

Starfshópurinn fór yfir núverandi verklag varðandi bókhaldslega meðferð þróunarverkefna. Er það er niðurstaða hópsins að skilgreina þurfi þróunarverkefni betur en gert hefur verið auk þess sem breyta þurfi verklagi varðandi bókun þeirra.

Við skilgreiningu skuli lagt mat á hvort þróunarverkefni uppfylli kröfur um eignfærslur, ef ekki þá skuli kostnaðurinn gjaldfærður. Jafnframt verði fallið frá núverandi verklagi um pott til þróunarverkefna í fjárfestingaráætlun en þess í stað aflað fjárheimilda í upphafi verktíma. Á verktímanum skal með reglubundnum hætti yfirfara einstök verkefni með það í huga hvort þau uppfylli áfram kröfur um eignfærslur, ef ekki þarf að gjaldfæra áfallin kostnað.

Þróunarkostnaður

Til að heimilt sé að eignfæra þróunarkostnað þarf að vera líklegt að hagrænn ávinningur verkefnisins muni nýtast sveitarfélaginu og hægt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Eignfæra skal á kostnaðarverðsgrunni og skal eignin afskrifuð á kerfisbundin hátt á áætluðum nýtingatíma eignarinnar.

Til að heimilt sé að eignfæra verk í vinnslu þurfa öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt;

- (a) Tæknilegt hagræði af því að ljúka við eignina þannig að hún sé tilbúinn til notkunar eða sölu.
- (b) Ásetningur til að ljúka við verkefnið.
- (c) Hægt að nota eða selja eignina.
- (d) Hægt að sýna fram á nytsemi eignar, sbr. efnahagslegur ávinningur eða þjónustuhagræði.
- (e) Hægt að sýna fram á aðgang að tæknilegum lausnum, fjármögnun og öðrum þeim þáttum sem þarf til að tryggja lúkningu þróunar eignar og möguleika á að hægt sé að nota eða selja eignina.
- (f) Sýna fram á að hægt sé með áreiðanlegum hætti að taka saman útgjöld yfir þróunartímann.

Þróunarkostnaður verði eignfærður á bókhaldslykil, 1862 Verk í vinnslu, þróun og uppbygging. Þegar verktíma líkur er uppsöfnuð staða færð á fastafjármuni á viðeigandi eignalykil og eignin afskrifuð miðað við áætlaðan endingartíma

Rannsóknkostnaður

Kostnað vegna rannsókna skal gjaldfæra þegar hann fellur til. Eignir myndast ekki út frá rannsóknum eða fýsileikakönnunum. Útgjöld sem tengjast þessu stigi skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra.

2. Niðurstöður og tillögur

Tillögur að aðgerðum

Starfshópurinn leggur fram tillögu að nýrri verklagsreglu um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna, sjá viðauka I og leggur til að Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gefa verklagsregluna út formlega. Í verklagsreglunni eru skilgreind skilyrði fyrir eignfærslu þróunarkostnaðar og verka í vinnslu. Í tillögunni er einnig lagt til að rannsóknakostnaður verði alltaf gjaldfærður.

Staða á bókhaldslykli - 1862 Verk í vinnslu, þróun og uppbygging - verði leyst upp og færð á viðeigandi lykla, hvort heldur til eigna eða gjalda.

Kostnaðarmat tillagna

Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna tillögu um nýja verklagsreglu.

Niðurlag

Aðskilja þarf í fjárhagsbókhaldi verk í vinnslu og þróunarverkefni til að auðvelda eftirlit með bókunum þróunarverkefna og reglulega fyrirferð þeirra varðandi mögulega þörf á gjaldfærslu á hverjum tíma.

Mikilvægt er að við gerð fjárhagsáætlunar sé áætlað fyrir bæði gjaldfærslu þróunarkostnaðar og eignfærslu þróunarverkefna sem eru í vinnslu eða fyrirhugað er að hefja á komandi tímabili þannig að fjárheimildir séu til staðar.

Númer skjals:	FMS-VLR-xxx
Skjalalykill:	06. Uppgjör
Útgáfa:	1.0
Útgáfudags.:	xx.xx.2019
Síðast rýnt/næst rýnt:	
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

DRÖG

FMS-VLR-XXX Bókhaldsleg meðferð þróunarverkefna

1 Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að kveða á um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna.

2 Ábyrgð

Sviðsstjóri Fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og hefur eftirlit með að þeim sé framfylgt af fagsviðum Reykjavíkurborgar.

3 Skilyrði fyrir eignfærslu

3.1. Þróunarkostnaður

Samkvæmt IAS 38, um óefnislegar eignir, er þróunarkostnaður einungis eignfærður þegar líklegt er að hagrænn ávinningur verkefnisins muni nýtast sveitarfélaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Ef þessi grundvöllur er ekki til staðar skal gjaldfæra kostnaðinn. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar.

Útgjöld kunna að falla til síðar á nýtingartíma eignar til að viðhalda starfhæfu ástandi. Útgjöldin sem falla til má bæta við bókfært verð eignar þegar líklegt er að framkvæmdirnar feli í sér efnahagslegan ávinning í framtíðinni fyrir félagið. Vísbindingar um efnahagslegan ávinning er meðal annars aukinn nýtingartími eignar, aukið magn framleiddrar vöru og aukin gæði framleiddrar vöru.

3.2 Þróunarstig – verk í vinnslu

Bóka skal þróunarverkefni (t.d. sem verk í vinnslu, 1860 - 1862) að uppfylltum neðangreindum skilyrðum, uppfylla þarf öll skilyrði:

- Tæknilegt hagræði er af því að ljúka við eignina þannig að hún sé tilbúinn til notkunar eða sölu.
- Ásetningur er til að ljúka við verkefnið.
- Að hægt sé að nota eða selja eignina.
- Hægt að sýna fram á nytsemi eignar, sbr. efnahagslegur ávinningur eða þjónustuhagræði.
- Hægt að sýna fram á aðgang að tæknilegum lausnum, fjármögnun og öðrum þeim þáttum sem þarf til að tryggja lúkningu þróunar eignar og möguleika á að hægt sé að nota eða selja eignina.
- Sýna fram á að hægt sé með áreiðanlegum hætti að taka saman útgjöld yfir þróunartímamann.
- Fyrir liggur hver verður leigjandi/kaupandi eignarinnar.

3.3 Rannsóknakostnaður

Kostnað vegna rannsókna skal gjaldfæra þegar hann fellur til. Óefnislegar eignir myndast ekki út frá rannsóknum eða fýsileikakönnunum. Útgjöld sem tengjast þessu stigi skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra.

4 Framkvæmd

Eignfærslur skulu bókaðar hjá Eignasjóði samkvæmt þessari verklagsreglu sem leigir eignirnar síðan út til Aðalsjóðs.

Um leið og þróunarkostnaður er metinn hæfur til eignfærslu skal liggja fyrir hver verður leigjandi eignarinnar. Leiga skal gjaldfærð á viðkomandi málaflokk.

Gjaldfærður þróunar- og rannsóknakostnaður skal færður hjá Aðalsjóði á viðkomandi málaflokk óháð því hvar verkið er unnið.

5 Tilvísanir

Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

FMS-VLR-130 Fjárhæðamörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.

FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.

FMS-VLR-024 Afskriftir á fastafjármunum

**ERINDISBRÉF****Starfshópur um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna****Ábyrgðarmaður:**

Stefán Eiríksson, borgarritari.

Inngangur:

Í minnisblaði til borgarstjóra dags. 15. júní 2018 frá starfshópi um stjórnskipulega stöðu og verkefni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og verkaskiptingu og samstarf við önnur svið borgarinnar er tilgreind staða og vinnsla við ábendingar frá innri endurskoðun úr skýrslu um stjórnáætlun- og rekstrarúttekt á starfsemi skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Í þeirri skýrslu kemur meðal annars fram að í fjárfestingaráætlun fyrir árið 2014 hafi verið gert ráð fyrir 65 m.kr. í þróunarverkefni. Sum þróunarverkefni leiði ekki til sölu lands eða lóða eða til eignfærðra verðmæta og í þeim tilvikum sé þróunarkostnaður gjaldfærður. Það kemur jafnframt fram að þróunarverkefni séu langtímaverkefni sem ná yfir lengri tíma en eitt ár og gera megi ráð fyrir að hægt sé að eignfæra eftir 3-5 ár. Ekki er til verklagsregla um hvernig fara á með þennan lið bókhaldslega. Á það bæði við um eignfærslur og gjaldfærslur, svo og hvort eða hvenær gjaldfærður kostnaður er færður í eignasjóð eða aðalsjóð.

Hlutverk og verkefni starfshóps:

Hlutverk starfshópsins er að setja fram tillögu að formlegum verklagsreglum um bókhaldslega meðferð þróunarverkefna sem samræmast reikningsskilareglum sveitarfélaga. Á það bæði við um eignfærslur og gjaldfærslur.

Starfshópurinn skipa:

Gísli Hlíðberg Guðmundsson, fjármálaskrifstofu (formaður)
Guðlaug S. Sigurðardóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar
Ámundi Brynjólfsson, umhverfis- og skipulagssviði

Starfsmaður:

María Nielsdóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópur skili lokaniðurstöðum til ábyrgðarmanns fyrir 1. febrúar 2019

Reykjavík, 3. desember 2018

Stefán Eiríksson



Skýrsla

starfshóps um viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda

R15060008

[Drög – Agúst 2019]



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	4
Samantekt - helstu tillögur.....	5
1. Gatnakerfi Reykjavíkurborgar	6
Þjónustumarkmið	6
2. Niðurstöður og tillögur	7
Tillögur að aðgerðum	7
Kostnaðarmat tillagna.....	7
Heimildir	8
Viðauki I.....	9
Skýrsla 1. Fimm ára áætlun um viðhald gatnakerfisins.	
Skýrsla 2. Fimm ára áætlun um rekstur gatnakerfisins.	
Skýrsla 3. Verðlagslíkan. Áhrif af mögulegum flutningi þjóðvega til borgarinnar.	
Endurstofnvirði	

Inngangur

Þann 3. desember 2018 skipaði borgarritari starfshóp um viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda.

Hlutverk og verkefni starfshópsins, samkvæmt erindisbréfi er að gera viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda ásamt því að skoða hvort rétt sé að gera tillögur að breytingum á reikningsskilareglum sveitarfélaga en þær gera ráð fyrir þeim aðferðum sem nú er beitt hjá Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í götum og rekstri þeirra.

Starfshópurinn skipaði: Ámundi Brynjólfsson Umhverfis og skipulagssviði (formaður), Halldóra Káradóttir, fjármálaskrifstofu og Óli Jón Hertervig, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Starfsmaður hópsins var María Níelsdóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu janúar – desember 2019. Hópurinn hélt alls X fundi.

Skýrsla þessi dags. í ágúst 2019 er sett fram sem drög að endanlegri skýrslu. Áætlað er að lokaskýrsla verði tilbúin í lok árs 2019.

Samantekt - helstu tillögur

Starfshópurinn setur fram tillögur og viðmið um almenn þjónustumarkmið mismunandi hluta gatnakerfisins þ.a. það sé ávallt í þannig ástandi að uppfylla kröfur um aðgengi og öryggi.

Ekki er að svo stöddu gerð tillaga að breytingum á reikningsskilareglum sveitarfélaga en þær gera ráð fyrir þeim aðferðum sem nú er beitt hjá Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í götum og rekstri þeirra.

Í vinnu starfshópsins er stuðst við skýslur sem unnar voru á vegum fyrrum Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og gefnar voru út í nóvember 2012. Skýrslurnar eru þrjár talsins, sjá. Viðauka 1. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald gatnakerfisins. Í skýrslu 2 er fjallað um rekstur gatnakerfisins og í skýrslu 3 er umfjöllun um verðlagslíkan sem er notað við áætlanagerð, endurstofnvirði gatnakerfisins og umfjöllun um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

Verðlagslíkan það sem sett var fram í ofangreindri vinnu myndar góðan grunn fyrir áætlanagerð um viðhald gatnakerfisins og lagt er til að lögð verði frekari vinna í að þróa líkanið áfram og að taka það í notkun við framtíðaráætlanagerð.

1. Gatnakerfi Reykjavíkurborgar

Gatnakerfi Reykjavíkurborgar samanstendur m.a. af eftirfarandi:

Götur, göngustígar, hjólastígar, reiðstígar, bifreiðastæði, brýr, bekkir, undirgöng, umferðamerki, umferðarljós, vegvísar, gatnalýsing, biðskýli o.fl.

Vegagerðin sé um viðhald og rekstur stofnbrauta innan Reykjavíkur.

Nokkur óvissa er vegna yfirlýstra áforma Vegagerðarinnar um skil/flutning á þjóðvegum til sveitarfélaga á höfðuborgarsvæðinu.

Þjónustumarkmið

Við setningu á þjónustumarkmiði/viðhaldsstigi er haft að leiðarljósi að öryggi þeirra sem gatnakerfið nota sé tryggt og að eignavirði (höfðustóll) gatnakerfisins rýrni ekki. Þannig verði tryggt að ástand kerfisins sé ekki undir þeim almennu viðmiðunarmörkum sem sett eru í tengslum við ástandsskoðanir.

Um 25-30% gatnakerfisins er skoðað árlega á kerfisbundinn hátt.

Götur:

Umfang gatna m² (20XX).

Viðhaldsstig gatna er metið út frá allt að 10 tegundum af skemmdum s.s. sprungur, skellur, sig, hjólför, bætur og holur. Hver flokkur gatna hefur skilgreint þjónustustig þ.e. mörk þess hvenær gata uppfyllir kröfur notenda um aðgengi og öryggi.

Til gatna teljast einnig snjóbræðslu og hitakerfi, hraðahindranir og gatnabrýr.

Almennt viðmið um viðhaldspörf er X % af eignavirði.

Almennt viðmið um endurnýjun á malbiksyfirlögum er að árleg endurnýjunarþörf sé um 6% af heildarlengd gatna.

Göngu- og hjólastígar:

Heildarflatarmál / lengd gönguleiða:

Heildarflatarmál / lengd hjólastíga:

Um er að ræða steyptar gönguleiðir, hellulagðar gönguleiðir og malbikaðar gönguleiðir.

Almennt viðmið um viðhaldspörf er X % af eignavirði.

Umferðarmerki, umferðarljós, gatnalýsing.

Umferðarmerki 13000 stk

Gangbrautarljós 35 stk

Umferðarljós 1300 staurar

Gatnalýsing 22000 staurar

Almennt viðmið um viðhaldspörf er X % af eignavirði.

2. Niðurstöður og tillögur

Tillögur að aðgerðum

Lagt er til að unnið verði við frekari þróun og endurskoðun verðlagslíkans til áætlunagerðar.

Kostnaðarmat tillagna

Sé gengið út frá að uppfyllt séu þau þjónustumarkmið sem sett eru fram í tillögum starfshópsins verður um hækkun að ræða á þeim fjárheimildum sem til þessa hafa verið áætlaðar í viðhald (og rekstur) gatnakerfisins. Kostnaðarauki er á þessu stigi (ágúst 2019) áætlaður að geti verið allt að 500 – 800 mkr á ári vegna viðhalds.

Þá þarf árleg áætlanagerð bæði til viðhalds og rekstrar að taka mið af þeirri magntöluaukningu sem árlega verður í kerfinu sem afleiðing af fjárfestingum í nýjum götum, göngu- og hjólastígum o.fl.

Heimildir

Viðauki I.

Skýrsla 1. Fimm ára áætlun um viðhald gatnakerfisins.

Skýrsla 2. Fimm ára áætlun um rekstur gatnakerfisins.

Skýrsla 3. Verðlagslíkan. Áhrif af mögulegum flutningi þjóðvega til borgarinnar. Endurstofnvirði.



FIMM ÁRA ÁÆTLUN
VIÐHALD GATNAKERFISINS
2013 – 2017

SKÝRSLA 1

Nóvember 2012



VERKNÚMÉR: 05110-016	DREIFING:
SKÝRSLA NR: 1	<input type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2012-11-23	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLADSÍÐUR: 78	<input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Tillaga að fjárhagsáætlun
Rekstur gatnadeildar árin 2013 til 2017

HÖFUNDAR: Vinnuhópur Bergþóra Kristinsdóttir Efla Guðjón L. Sigurðsson Verkís Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir Verkís Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís Ólöf Kristjánsdóttir Mannvit	VERKEFNISSTJÓRI: Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís
--	---

UNNIÐ FYRIR: Framkvæmdasvið UMSJÓN: Sighvatur Arnarsson	SAMSTARFSADILAR:
--	------------------

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:
Til útgáfu

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan er fyrsta skýrslan af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald, í skýrslu 2 rekstur en í skýrslu 3 er umfjöllun um líkanið sem notað var við áætlanagerðina, endurstofnvirði gatnakerfisins og umfjöllun um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

LYKILORÐ ÍSLENSK: Viðhald, gatnakerfi, Reykjavík	LYKILORÐ ENSK:
---	----------------

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA: Hrafnhildur Brynjólfssdóttir	YFIRFARIÐ AF: Atli Björn E. Levy
--	-------------------------------------

Formáli

Hér er lögð fram skýrsla um fimm ára áætlun gatnakerfisins fyrir árin 2013 til 2017, sem er hluti af endurskoðun á eldri skýrslu árána 2007 til 2012. Nú er umfjölluninni skipt í rekstur og viðhald og gefin út skýrsla um hvort fyrir sig. Eftirfarandi skýrsla fjallar um viðhald gatnakerfisins og er gerð í þeim tilgangi að meta hversu miklu þarf að kosta til árlegs viðhalds gatnakerfisins án þess að verðmæti þess minnki. Þegar unnið var að lokafrágangi skýrslunnar, var henni skipt upp í þrjá hluta í samræmi við tillögu að nýju skipuriti Umhverfis- og skipulagssviðs. Í þessari skýrslu er fjallað um viðhald, í skýrslu 2 rekstur, en í skýrslu 3 er umfjöllun um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við áætlunargerðina, endurstofnvirði gatnakerfisins auk umfjöllunar um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

Í fjölda ára hafa fjárveitingar ekki verið nægilega háar að mati tæknimanna FER, þó árið 2008 hafi fjárveiting nálgast tillögur vinnuhóps í síðustu 5 ára áætlun. Því hefur orðið til uppsafnaður vandi í gatnakerfinu, sem eykst ár frá ári. Hann er eðli máls samkvæmt, eingöngu í viðhaldinu og einna mestur í gönguleiðum, malbikun gatna og gatnalýsingu borgarinnar.

Hér er gerð grein fyrir nauðsynlegum endurnýjunarkostnaði malbiksslitlaga, gönguleiða, gatnalýsingar og leiksvæða. UM 35% gatna mun ná endingartíma sínum á næstu 4 árum ef ekkert verður að gert. Fyrir stuttu lauk úttekt á ástandi gönguleiða, en með henni hefur ástand gönguleiða verið flokkað niður eftir hlutfalli skemmda í yfirborði þeirra. Fyrir 8 árum fór einnig fram samsvarandi úttekt á gönguleiðum. Eftir nokkur ár verður bannað að framleiða kvikasilfurperur og því er framundan mikil vinna við að endurnýja ljósabúnað í gatnalýsingu borgarinnar. En áður þarf að liggja fyrir stefna Reykjavíkurborgar um hverskonar lýsing skal lýsa upp borgina, eins og t.d. litur lýsingar, gerð ljósalampa og orkusparnaður. Þá er í bígerð að fækka leiksvæðum á opnum svæðum í borginni, sem mun hafa áhrif á viðhaldskostnað næstu ára.

Í fjölda ára hafa fjárveitingar ekki verið nægilega háar að mati tæknimanna FER, þó árið 2008 hafi fjárveiting verið nærri lagi. Því hefur orðið til uppsafnaður viðhaldsvandi í gatnakerfinu, sem eykst ár frá ári og er mestur í gönguleiðum, malbikun gatna og gatnalýsingu borgarinnar. Í þessari skýrslu er m.a. reynt að meta hversu hár þessi uppsafnaði vandi er orðinn. Einnig er lagt mat á það hversu mikið vandinn hefur aukist frá árinu 2008.


Markmið skýrslunnar er að draga saman megin atriði fjárhagsáætlunargerðar skrifstofu gatna- og eignausýslu, reikna út lykiltölur, auka yfirsýn og gera grein fyrir þjónustumarkmiðum sem unnið er eftir. Gera fjárhagsáætlunargerðina markvissari, nákvæmari og sveigjanlegri, þannig að auðveldara sé að sjá hvernig breytileg þjónustustig hafa áhrif á kostnað. Af því leiðir meiri gæði í gerð fjárhagsáætlunar. Í þessari endurskoðun á fyrri fimm ára áætlun var lögð meiri vinna í að sundurgreina magntölur auk þess að þjóðvegir voru teknir út úr öllum kostnaði og samanburði.

Frá því að nýtt verkþókhald var tekið í notkun árið 2008, hefur orðið breyting til batnaðar í áætlunargerð skrifstofunnar. Samtímis var tekið til við að gera sundurliðaðar greiðsluáætlanir ásamt millideildarsölu. Það hefur m.a. átt mikinn þátt í því að áætlanir hafa staðist mun betur en áður (vetrarþjónusta undanskilin). Í hverjum mánuði er borinn saman raunkostnaður og greiðsluáætlun og viðeigandi ráðstafanir gerðar í framhaldi af því ef útaf bregður. Má nefna að á árabílinu 1999 til 2007 var kostnaður umfram fjárhagsáætlun að meðaltali um 125 m.kr. á ári á verðlagi í dag, en frá árinu 2008 er sama meðaltal 15 m.kr. á ári.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst gegn fákeppnisútboðum með því að skipta útboðum niður í smærri einingar til að gera minni verktökum kleift að takast á við verkefni í gatnahreinsun og vetrarþjónustu. Einnig hafa útboð vegna grassláttar verið einfölduð með því að aftengja þau verkefnum í vetrarþjónustu gönguleiða. Allt hefur þetta leitt til lækkunar kostnaðar í áðurnefndum verkefnum.

Þeim sem komu að þessari vinnu eru færðar þakkir fyrir vel unnið verk.

Reykjavík, 29. nóvember 2012



Sighvatur Arnarsson
skrifstofustjóri

Efnisyfirlit

Formáli i

Efnisyfirlit	iii
Inngangur	5
1 Viðhald (verk 50.000 – 59.999)	7
1.1 Vegir	7
1.1.1 Malbikaðar götur, endurnýjun og- viðgerðir	7
1.1.2 Aðrar götur	12
1.1.3 Bifreiðastæði	16
1.1.4 Gatnabrýr	18
1.1.5 Hliðarsvæði	20
1.1.6 Hraðahindranir/pollar	23
1.2 Gönguleiðir	26
1.2.1 Viðhald gönguleiða (Endurgerð og staðbundnar viðgerðir)	26
1.2.2 Viðhald bekkja	29
1.2.3 Göngubrýr og undirgöng	33
1.2.5 Reiðstígar	36
1.3 Önnur svæði.....	37
1.3.1 Viðhald og umhirða opinna svæða	37
1.4 Hreinsun borgarlandsins	42
1.4.1 Sópþró	42
1.4.2 Ruslastampar, viðhald og endurnýjun.....	43
1.4.3 Veggjakrot	47
1.4.4 Viðgerðir á sjávarsíðu.....	50
1.5 Vetrarþjónusta.....	52
1.5.1 Hitakerfi /snjóbræðslur.....	52
1.6 Yfirborðsmerkingar gatna.....	55
1.6.1 Málun yfirborðsmerkinga	55
1.7 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.	58
1.7.1 Umferðarljós og hraðamyndavélar	58
1.7.2 Umferðarmerki	61
1.8 Gatnalýsing	64
1.8.1 Viðhald og endurnýjun gatnalýsingar.....	64
1.9 Strætó.....	67
1.9.1 Biðskýli	67
1.10 Ýmislegt	69
1.10.1 Ýmis sameiginleg viðhaldsverkefni	69
2 Samantekt	71
2.1 Malbiksslitlög	72
2.2 Endurnýjun gönguleiða	73
2.3 Endurnýjun ljósabúnaðar og ljósastaura.....	74
2.4 Endurnýjun leiksvæða	75

Inngangur

Í eftirfarandi greinargerð eru settar fram hóflegar áætlanir til næstu fimm ára fyrir viðhald í verkefnum gatna – og eignaumsýslu. Greinargerðin er númer tvö af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald, í skýrslu 2 rekstur en í skýrslu 3 umfjöllun um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við áætlanagerðina, endurstofnvirði auk umfjöllunar um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

Markmið verkefnisins er að útbúa verkfæri sem nota má til að átta sig betur á því hve miklu þarf að verja árlega í viðhald og rekstur í hverjum málaflokki til að ná og viðhalda því þjónustustigi sem vilji er fyrir hjá eigendum. Áætlanirnar byggja á magntölum og einingarverðum. Allar tölur í töflum og súlurítum í greinargerðinni miða við byggingarvísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3).

Kostnaður við viðhald og rekstur gatnakerfisins er skráður í verkþókhaldi skrifstofu gatna- og eignaumsýslu (Agresso). Yfirflokkarnir eru nefndir kostnaðarstaðir og undir hverjum kostnaðarstað eru verk sem skiptast í viðhald og rekstur. Uppbygging greinargerðarinnar miðast við hvern kostnaðarstað.

Hver kostnaðarstaður skiptist niður í hin ýmsu verkefni en viðhaldsverkefni eru á talnabilinu 50.000 til 59.999.

Í hverjum kafla er almenn lýsing á öllum undirverkum. Til að setja fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir hvern lið eru fimm þættir skoðaðir:

a) Þjónustumarkmið er ósk verkkaupa um hvert ástand eða gæði hvers flokks eða kerfis eigi að vera, ætti að vera mælanlegt og/eða metið út frá virkni. Sem dæmi má nefna að rekstrarmarkmiðið getur verið að uppfylla tiltekið þjónustustig sbr. b-lið, eða að „allir setbekkir skulu vera þægilegir í notkun og fallegir ásýndar“.

b) Þjónustustig er hér hugsað sem skali sem ástand eða þjónusta tiltekinna þátta getur tekið mið af. Þannig má hugsa sér að gönguleið hafi þjónustustig m.v. ástand, frá því að vera ónýt og/eða hættuleg upp í að vera ný eða í afbragðs ástandi.

Í skilgreiningum á þjónustustigi er almennt miðað við eftirfarandi skiptingu:

- A Þjónusta eins og hún best verður
- B Góð þjónusta
- C Ásættanleg þjónusta
- D Þjónustu þyrfti að bæta
- E Þjónusta ekki fullnægjandi - eða engin

c) Ástandsmat og skráning er hvert ástand tiltekins þáttar er, til lengri eða skemmri tíma, hvernig ástand er skráð og farið með, hvort og þá hvernig þátturinn er LUKR-væddur og fleira í þeim dúr. Lagður er grunnur að mati á því hvort bæta þarf þjónustustig eða ástand. Aðferðir eru mismunandi eftir flokkum, svo sem aðferð við mat (sjónmat, mælingar), mælieiningar, eðli gagnagrunns o.fl.

d) Áætlanagerð gerir grein fyrir hvaða aðgerðir og fjármuni þurfi til, svo ástand eða þjónustustig megi bæta. Þannig má finna kostnað þess fyrir hvert kerfi fyrir sig að þar séu uppfyllt markmiðin sem sett eru. Bæði hvað kostar að koma kerfinu í viðeigandi ástand og að viðhalda ástandi og þjónustustigi þar. Hér má hugsa sér að skilgreindar séu aðgerðir til að komast í besta mögulega ástand, eða í ástand sem kalla má viðunandi. Hér er einnig mikilvægt að skilgreina þau verkfæri sem vinna skal áætlanagerðina í, hver sé afurð áætlanna, hvað sé tiltekið og á hvaða formi áætlanir eru fram settar.

e) Þróun hér eru nefnd atriði og þeim lýst sem taka þarf til athugunar varðandi fyrirsjáanlegar eða hugsanlegar breytingar og þróun í þeim flokkum sem um ræðir, hvort sem er varðandi búnað, aðferðir og þjónustumarkmið. Einnig hvaða forsendur eru fyrir stækkun verkþátta og aukningu magntalna.

Fyrir hvert verk er sett fram æskileg áætlun til næstu 5 ára í töflum og súlurítum.

Fyrir hvert verk er sett fram æskileg áætlun til næstu 5 ára í töflum og súlurítum og í lok greinargerðarinnar er samantekt þar sem áætlun fyrir öll viðhaldsverk eru sett fram í einni töflu.

Mjög misjafnt er hversu áreiðanlegar magntölur eru til fyrir málaflokkana og eins hvort og hvernig þær eru uppfærðar. Þetta þarf að hafa í huga því breytingar á magni milli ára endurspeglar ekki alltaf aukningu í magni milli ára heldur getur ástæðan verið sú að gert var áttak í skráningu.

Allar tölur um kostnað fyrir 2011 og eldra eru rauntölur úr verkbókhalda (Agresso) en birtar miðað við byggingavísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3).

1 Viðhald (verk 50.000 – 59.999)

1.1 Vegir

1.1.1 Malbikaðar götur, endurnýjun og- viðgerðir

50001	Malbiksslitlög
50021	Malbiksviðgerðir með geislahitun
50022	Malbiksviðgerðarv. hverfastöðva
50023	Malbiksviðgerðarverkefni verktaka
50041	Rosý viðhaldskerfið

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Í dag er haldið utan um ástand slitlaga í viðhaldskerfinu RoSy®. Gatnakerfinu er skipt upp í 4 flokka eftir tegund., þ.e. Stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Ástand allra gatna er síðan skoðað og skráð með jöfnu millibili, á 3-6 ára fresti, allt eftir tegund gatnanna, þ.s. götur í flokki 1 eru skoðaðar 3. hvert ár en það eru umferðarmestu göturnar. Aðrar götur eru skoðaðar sjaldnar. Viðhaldskerfið sér síðan um að framreikna niðurbrot slitlaga og áætla endingartíma út frá gefnum forsendum, s.s gerð slitlags og umferð. Kerfið sér einnig um að gera tillögur um götur og / eða götukafla sem þarf að endurnýja ár hvert. Starfsmenn FER fara yfir tillögurnar og gera síðan áætlun með endanlegar niðurstöður að lokinni vettvangsskoðun.

Við gerð nýrra gatna er gjarnan einungis lagt út neðra malbikslag, eitt eða tvö, í stærri umferðargötum þar sem þörf er á undirlagsmalbiki (til styrkingar), en sjálft slitlagið er lagt út síðar. Reynt er að gera það áður en neðra lagið er orðið of slitið.

Endurnýjun slitlaga ásamt staðbundnum viðgerðum gatna eru nær eingöngu unnar af verktökum að undangengnum útboðum. Umsjón og ákvarðanir um hvað og hvar skuli gera við eru teknar af verkefnisstjóra en verkstjóri á þjónustumiðstöð Rvk. sér um að merkja út fyrir viðgerðum.

Bráðabirgða viðgerðir eru framkvæmdar af hverfastöðvum.

Tafla 1.1 Endurnýjun slitlaga og viðhald gatna síðustu ár

Endurnýjun gatna og viðgerðir	Ei n.	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarflatarmál gatna	m ²			2.870.150					3.261.402*
				**					
Viðhald gatna									
Malbiksslitlög	m ²	142.921	107.728	122.743	109.359	134.726	84.902	103.362	64.184
Árleg breyting	%		-25%	14%	-11%	23%	-37%	22%	-38%
Viðgerðir gatna	m ²	12.622	12.277	9.047	11.438	16.238	11.263**	12.047**	13.800
Árleg breyting	%		-3%	-26%	26%	42%	-31%	7%	15%
Framlög									
Malbiksslitlög	kr.					400.665.585	251.664.346	292.437.226	200.000.000
Árleg breyting	%						-37%	16%	-32%
Viðgerðir gatna	kr.					210.086.280	163.056.002	122.919.408	80.809.920
Árleg breyting	%						-22%	-25%	-34%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Með steiptum og hellulögðum götum.

**Áætlaðar tölur

a) Þjónustumarkmið

Aðalmarkmið er að eignarvirði (höfuðstóll) gatnakerfisins rýrni ekki og engin gata þurfi að vera í þannig ástandi að hún sé undir þeim viðmiðum sem sett eru í tengslum við ástandsskoðun og ástandslýsingu gatnanna.

Miða skal við að ekki séu holur í götum sem geta valdið vegfarendum hættu eða skemmdum á farartækjum og reynt er að koma í veg fyrir að holur myndist yfir vetrartímann með fyrirbyggjandi viðgerðum, þ.e. gera við þá staði í götum þar sem veikleikar eru sjáanlegir og líklegt þykir að muni rofna og skapa hættu yfir vetrartíma.

b) Þjónustustig / Þjónustulýsing

Þjónustustig fyrir allar götur er metið út frá 10 tegundum af skemmdum. Meðal þeirra eru sprungur, skellur, sig, hjólför, bætur og holur. Hver flokkur gatna og gerð skemmda hefur ákveðinn niðurbrotsferil sem gefur mat á endingu viðhaldsaðgerða jafnt sem mat á líftíma miðað við skráð ástand gatna hverju sinni.

Fyrir hverja tegund eða flokk götu er skilgreint þjónustustig, mörk þess hvenær gata eða götukafli telst hafa náð óásættanlegu ástandi eða aðgerða er þörf til að halda skemmdum og ástandi í viðeigandi horfi. Mörkin eru misjöfn eftir tegund gatna (stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur). Þannig fær hver gata eða götukafli ákveðið þjónustustig eða hefur svokallaðan líftíma. Líklega er best að skilgreina þjónustustig gatna þannig, að líftími götukafli lýsi þjónustustiginu, enda lækkar þjónustustigið með versnandi ástandi götunnar og ein lykileinkunn í ástandskerfinu er líftími. Kerfið er þannig upp byggt, að hver tegund eða flokkur gatna hefur sinn líftíma - 5, 7, 9, 12 eða 20 ár. Hver hinna 10 ástandsflokka hefur þröskuldsgildi þannig að nýlögn gefur fullan líftíma en lakara ástand raðast inn á líftímaásinn með sérstökum formúlum innbyggðum í RoSy.

Þá má hugsa sér þjónustustig þannig:

- A Gatan er nýbúin að fá viðgerð eða yfirlögn, líftími er 70-100% heildarlíftíma
- B Líftími er 40-70% af heildarlíftíma slitlags
- C Gatan er komin að viðhaldspörf eftir 2-4 ár (10-40% af heildarlíftíma)
- D Gatan þarf að fá nýtt slitlag (0-10% af heildarlíftíma)
- E Líftími er liðinn, gata á að vera búin að fá viðgerð/slitlag

Hingað til hefur ekki verið skilgreint hve stór hluti gatnakerfisins má vera með þjónustustig E heldur einungis horft á hvernig fjárfestingin nýtist og reyna að nýta endingu slitlaganna með því að láta allar götur enda í þjónustustig D áður en þær fá viðgerð eða nýtt slitlag. Reynt hefur verið að hafa sem fæstar götur í flokki E.

Þegar verið er að meta þörf fyrir heildarframlag til malbiksyfirlagna er horft til heildar-eignarvirðis gatnakerfisins, og leggja þannig í áætlanagerðinni mat á hvert virðið er og hvernig þjónustustig mun þróast miðað við mismunandi framlög.

c) Ástandsmat + skráning

Um 25-30% gatnakerfisins er skoðað á hverju ári. Göturnar eru valdar eftir ákveðnu kerfi sem byggir á að skoða þær götur sem hafa lægstan líftíma og hafa ekki verið skoðaðar nýlega. Hver gata og/eða ástandskafli götu eru skoðuð með reglulegu millibili, á 3-6 ára fresti. Niðurstöður ástandsskoðunar eru skráðar í RoSy og einnig framkvæmdir hvers árs.


Vorið 2012 var ástand slitlaga gatna í Reykjavík metið og má sjá skiptingu í fjóra flokka eftir því hve mikið er eftir af áætluðum líftíma gatnanna.

Tafla 1.2 Ástand gatna vorið 2012

	Lengd [m]	[%]
Götur í mjög slæmu ástandi (Líftíma náð fyrir meira en 4 árum)	3.380	1%
Götur í slæmu ástandi (Líftíma náð)	41.271	11%
Götur í sæmilegu ástandi (1-4 ár eftir af líftíma)	126.417	35%
Götur í mjög góðu ástandi (meira en 4 ár eftir af líftíma)	189.222	53%

Árið 2011 var endurnýjað slitlag á rúmlega 10 km. af götum í borginni.

Síðustu ár hefur fækkað götum sem hafa verið í mjög slæmu ástandi og einnig þeim sem hafa verið í slæmu ástandi en það hefur fjölgað töluvert þeim götum sem munu á næstu 4 árum klára sinn líftíma og fyrirbyggjandi er að þurfi að laga og endurnýja á næstu árum.

**Mynd 1.1** Ástand gatna vorið 2012 í samanburði við fyrri ár.


Hlutfall þeirra gatna sem er í flokknum „sæmilegt ástand“ hefur hækkað á síðustu árum og því ljóst að á næstu árum er mikil hluti gatnakerfisins í þannig ástand að komin er þörf fyrir viðhald.

Eins og síðustu ár þarf að halda áfram að minnka hlutfall þeirra gatna sem er í slæmu ástandi og þarf að bæta þjónustustig töluvert á næstu árum til að verðgildi gatnakerfisins rýrni ekki um of sem hafa mun í för með sér mjög kostnaðarsamt viðhald gatna þegar slitlögin verða orðin alveg ónýt.


d) Áætlanagerð

Töluverður uppsafnaður viðhaldsvandi er í slitlögum. Til að taka á þessu þarf að auka endurnýjun gatna í um 170 þús fm á ári á næstu árum og gera þurfi staðbundnar viðgerðir á um 20 þúsund fm á ári á næstu árum til að ná gatnakerfinu í ásættanlegt ástand. Miðað er við að gera strax við 20 þús fm í viðgerðum á ári en smám saman auka endurnýjun slitlaga úr 84 þús fm árið 2012 í 170 þúsund fm árið 2017.

Þegar búið verður að ná fyrir uppsafnaða viðhaldsþörf er æskilegt að miða við að viðhalda um 5-6% slitlaga á ári.



Mynd 1.2 Framlög til endurnýjunar gatna.




Mynd 1.3 Framlög til viðgerða gatna.

Tafla 1.3 Endurnýjun slitlaga og viðhald gatna næstu ár, æskileg framlög.


Endurnýjun gatna og viðgerðir	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarlengd gatna	km	406	406	406	407	407	408	408
Heildarfl. gatna	m ²	3.261.402*	3.261.402*	3.264.663	3.267.928	3.271.196	3.274.467	3.277.742
Árleg breyting	%		0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Viðhald gatna								
Malbiksslitlög	m ²	64.184	84.000	100.000	120.000	130.000	150.000	170.000
Árleg breyting	%	-38%	31%	19%	20%	8,3%	15,4%	13%
Viðgerðir gatna	m ²	13.800	16.000	19.588	19.608	19.627	19.647	19.667
Árleg breyting	%			22%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Framlög								
50001 Malbiksslitlög	kr.	200.000.000	300.000.000	357.200.000	428.640.000	464.360.000	535.800.000	607.240.000
50021 Malbiksviðgerðir með geislahitun	kr.	1.189.768	5.000.000	5.807.000	5.813.000	5.818.000	5.824.000	5.830.000
50022 Malbiksviðgerðarv. hverfastöðva	kr.	8.533.464	19.911.000	23.225.000	23.249.000	23.271.000	23.295.000	23.319.000
50023 Malbiksviðgerðarverkefni verktaka	kr.	65.622.043	80.472.000	99.996.000	100.098.000	100.195.000	100.297.000	100.399.000
50041 Rosy viðhaldskerfið	kr.	5.464.645	5.000.000	5.430.000	5.685.000	5.858.000	6.037.000	6.220.000
Samtals í viðgerðir	kr.	80.809.920	110.383.000	134.458.000	134.845.000	135.142.000	135.453.000	135.768.000
500019 Framlag frá Mannvirkja-skrifstofu vegna gatna	Kr.	-200.000.000	-300.000.000	-357.200.000	-428.640.000	-464.360.000	-535.800.000	-607.240.000

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skálettraðar tölur eru áætlaðar.


*Með steyptum og hellulögðum götum




Mynd 1.4 Endurnýjaðar götur síðustu ár og æskileg áætlun næstu 5 ár.



Mynd 1.5 Framlög til endurnýjunar gatna síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.



Mynd 1.6 Viðgerðir gatna síðustu árin og æskileg áætlun næstu 5 ár.



Mynd 1.7 Framlög til viðgerða gatna síðustu árin og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Stækkun gatnakerfis borgarinnar skilar sér ekki strax inn í viðhaldspörf á slitlögum og því líða nokkur ár frá gerð nýrra gatna þangað til kostnaður vegna viðhalds og endurgerðar fellur til. Þörfin fyrir viðhald og endurnýjun kemur inn fyrst eftir 6-7 ár frá gerð gatna. Sem dæmi er nú þegar hafið viðhald elstu og stærstu gatna í Grafarholti. Ætla má að stór hluti Grafarholts komi þó ekki í viðhald að verulegu marki fyrr en eftir nokkur ár. Ætla má á sama hátt að stærstu götur í Norðlingaholti og Úlfarárdal komi fyrst inn árið 2012, en aðrar götur að einhverju marki á árunum 2018 og síðar. Mikið þarf að vinna í endurnýjun og viðhaldi slitlaga í Árbæjar og Breiðholtshverfum á næstu árum. Þar sem viðhaldið er unnið eftir ástandi hverju sinni en ekki út frá meðaltali, má ætla að auka þurfi framlög til viðhalds heildargatnakerfisins eitthvað áður en göturnar í nýju hverfunum eru komnar á viðhald, þar sem nauðsynlegt verður að ráðast í staðbundnar viðgerðir áður en kemur til endurnýjunar slitlagsins. Hér er gert ráð fyrir að framlög verði aukin vegna þessa vanda en einnig vegna stækkunar gatnakerfisins á komandi árum. Þó er eingöngu gert ráð fyrir að á næstu 5 árum muni gatnakerfi vaxa um 0,1% á ári.

1.1.2 Aðrar götur

50081 Hellulagðar götur

50101 Malargötur

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Viðhald hellulagðra- og malargatna hefur ekki verið unnið með kerfisbundnum hætti (ástand ekki skráð í viðhaldsforrit), en þörfin fyrir viðhald hefur verið metin á hverju ári.

Hellulagðar götur eru ekki margar, flestar í miðborginni og tiltölulega nýlegar. Viðhald hellulagðra gatna hefur fyrst og fremst falist í lagfæringum á hellulögðum flákum, upphækkunum eða endurgerð gatna í heilu lagi eins og t.d. Austurstrætis og Lækjargötu. Þessar endurnýjanir hafa verið greiddar af fjárveitingu úr nýbyggingu en ekki sem viðhald.

Malargötur eru ekki mjög margar í borginni en helst er að finna þær í útjaðri borgarinnar sem og í Öskjuhlíð og Elliðaárdal. Í flestar þeirra hefur verið heflað út uppfræstu malbiki eða malarefni eftir þörfum.

Tafla 1.4 Viðhald hellulagðra- og malargatna síðustu ár

	Aðrar götur	Ein.	2008	2009	2010	2011
50081	Heildarflatarmál hellulagðra gatna	m ²	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til
	Árleg breyting	%				
50101	Heildarflatarmál malargatna	m ²	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	394.082
	Árleg breyting	%				
Viðhald gatna						
50081	Hellulagðar götur	m ²				48*
	Árleg breyting	%				
50101	Malargötur	m ²				9.999*
	Árleg breyting	%				
Framlög						
50081	Hellulagðar götur	kr.	2.255.987	8.494.810	2.914.817	630.149
	Árleg breyting	%		73%	-191%	-363%
50101	Malargötur	kr.	11.780.255	8.269.658	8.976.345	5.999.501
	Árleg breyting	%		-42%	8%	-50%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Áætlaðar tölur

a) Þjónustumarkmið

Reynt er að miða við að halda hellulögðum götum þannig að ekki skapist hætta af fyrir gangandi og akandi vegfarendur.

Við viðhald hellulagðra gatna er miðað við að hjólför í hellulögnum séu ekki orðin of djúp og að hellur séu ekki farnar að losna né brotna.

Viðhald á malargötum miðast við að hefla malarslitlag þegar göturnar eru orðnar mjög holóttar.

Við endurýjun malargatna er miðað við að malarslitlag sé að mestu horfið og gatan orðin gróf.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Ekki er til skilgreint þjónustustig fyrir malargötur eða hellulagðar götur.

c) Ástandsmat + skráning


Ekki er til skráð ástandsmat á þessum verkþáttum, þ.e. ástandi hellulagðra gatna eða malargatna.

Sjónrænt mat er gert á vorin sem fjárveiting er síðan nýtt til að lagfæra það sem hægt er.


d) Áætlanagerð

Ekki er til skráð ástand fyrir hellulagðar götur í borginni og því tekur áætlun fyrir viðhald mið af viðhaldi síðustu ára. Hellulagðar götur hafa aukist í borginni á síðustu árum svo gera má ráð fyrir að aukning verði einhver í viðhaldspörf á næstu árum.

Ekki er til mat á hve mikil viðhaldspörfin er á hverju ári eða hvernig áætla megi að hún verði á næstu árum fyrir malargötur. Ekki er gert ráð fyrir að malargötum muni fjölga í borginni á næstu árum en á síðustu árum hefur verið unnið í því að viðhalda malargötum á þann hátt að viðhaldspörf verði minni t.d. með því að aka fræsi í margar af þessum götum. Því er áætlað að þörf f. viðhald á þessum götum muni heldur minnka á næstu árum.



Mynd 1.8 Framlög til endurnýjunar hellulagðra gatna.




Mynd 1.9 Framlög til endurnýjunar malargatna


Tafla 1.5 Endurnýjun hellulagðra- og malargatna næstu ár, æskileg framlög.

Aðrar götur	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
50081 Heildarflatarmál hellulagðra gatna	m ²	Gögn ekki til	Gögn ekki til					
Árleg breyting	%		0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
50101 Heildarflatarmál malargatna	m ²	394.082	394.082	394.082	394.082	394.082	394.082	394.082
Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Viðhald gatna								
50081 Hellulagðar götur	m ²	48	269	270	271	272	273	274
Árleg breyting	%		455%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%
50101 Malargötur	m ²	9.999	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000
Árleg breyting	%		-20,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
50081 Hellulagðar götur	kr.	630.149	3.500.000	3.510.000	3.523.000	3.536.000	3.549.000	3.562.000
50101 Malargötur	kr.	5.999.501	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Samtals	kr.	6.629.650	8.500.000	8.510.000	8.523.000	8.536.000	8.549.000	8.562.000
Árleg breyting	%		28,2%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3)
Skáletraðar tölur eru áætlaðar



Mynd 1.10 Framlög til hellulagðra gatna síðustu árin og æskileg framlög næstu 5 ár.



Mynd 1.11 Framlög til malargatna síðustu árin og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Fara þarf í að skrá ástand hellulagðra gatna til að auðvelda áætlunargerð. Auk þess þarf að skrá betur hvað gert er á hverju ári og halda utan um það á einums tað.

Gera má ráð fyrir að aukning verði í viðhaldskostnaði fyrir hellulagðar götur á næstu árum sem nemur 0,1% en ekki er vitað um hver viðhaldspörfin verður umfram það vegna skorts á skráningu ástands.

Malargötur hafa ekki aukist síðustu ár og er ekki búist við því að þær muni aukast á næstu árum.

1.1.3 Bifreiðastæði

50141 Bifreiðastæði

50142 Gjaldskyld Bifreiðastæði - Bílastæðasjóður

Ábyrgð: Efla- BK**Almenn lýsing**

Í þessum verkefnum er færður kostnaður vegna viðhalds bifreiðastæða. Verkið 50141 felur í sér kostnað vegna bifreiðastæða sem eru í eigu Reykjavíkur og viðhald á þeim. Viðhaldið er einkum á yfirborði og kantsteinum. Ekki er hérna settur kostnaður við málun, heldur fellur það í kostnað í yfirborðsmerkingar. Verkið „Gjaldskyld bifreiðastæði“ er tilkomin vegna kostnaðar sem til fellur vegna viðhalds bílastæða sem Bílastæðasjóður leigir af borginni. Á þennan lið fer bæði inn leigan frá bílastæðasjóði en einnig kostnaður vegna viðhalds bílastæðanna. Er þetta kostnaður við viðhald yfirborðs, viðgerð á kantsteini, málun og yfirborðsmerking.sem og snjómokstur og hálkueyðing.

Tafla 1.6 Endurnýjun bifreiðastæða og viðhald síðustu ár

Bifreiðastæði	Ein.	2008	2009	2010	2011
Framlög					
50141 Bifreiðastæði	kr.	786.664	881.245	1.294.943	2.783.387
50142 Gjaldskyld Bifreiðastæði Bílastæðasjóður	- kr.				4.722.651
Samtals	kr.	786.664	881.245	1.294.943	7.506.038
Árleg breyting	%		12,0%	46,9%	479,6%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Reynt er að miða við að ekki séu holur í bílastæðunum sem geta valdið vegfarendum hættu eða skemmdum á farartækjum. Einnig er reynt að lagfæra kantstein. Reynt er að miða við að yfirborðsmálun sé nægilega góð þannig að greina megj afmörkun bílastæðanna.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Ekki er til skilgreind viðhaldspörf á bílastæðum og því ekki til lýsing á þjónustustigi.


c) Ástandsmat + skráning

Í dag fer ekki fram nein kerfisbundin skráning ástands. Á hverju vori er farið í gegnum hugsanlega þörf á viðgerðum og lagfæringum en einnig þörf fyrir málun.


d) Áætlanagerð

Heildarframlag ársins 2011 til þessara tveggja verkliða var 7.506.038 kr. Ekki er vitað hve mikið var gert. Á áætlun fyrir árið 2012 er eingöngu miðað við að framlag til þessara verkliða sé 500.000 kr. Í viðhald en ekki er getið um nein framlög til bifreiðarstæða sem Bílastæðastjóður hefur afnot af.

Ekki er gert ráð fyrir að bifreiðastæðum muni fjölga í eigu Reykjavíkurborgar. Eingöngu er áætlað viðhald á bifreiðastæði í eigu borgarinnar og er horft til meðaltals kostnaðar síðustu ára.



Mynd 1.12 Framlög vegna bifreiðastæða.




Mynd 1.13 Framlög vegna gjaldskyldra bifreiðastæða bílastæðasjóðs.

Tafla 1.7 Endurnýjun bifreiðastæða og viðhald næstu ár, æskileg framlög.


	Bifreiðastæði	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
50141	Heildar bifreiðastæða	umfang	m ²	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til
	Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	Framlög								
50141	Bifreiðastæði		2.783.387	500.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000
	Árleg breyting	%		-82,0%	180%	0%	0%	0%	0%
50142	Gjaldskyld Bifreiðastæði - Bílastæðasjóður	kr.	4.722.651	0	*	*	*	*	*
	Árleg breyting	%		-100%					

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

* Gögn liggja ekki fyrir (Til er samningur við Bílastæðasjóð en ekki liggja fyrir upplýsingar úr honum hér) Skáletraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.14 Framlög til bifreiðastæða borgarinnar síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.



Mynd 1.15 Framlög til bifreiðastæða bílastæðastjóð síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár. (Til er samningur við Bílastæðasjóð en ekki liggja fyrir upplýsingar úr honum hér)

Þar sem ekki liggja fyrir þær upplýsingar sem til eru varðandi áætlun um framlög til bifreiðastæða bílastæðasjóðs er ekki gerð áætlun um það hérna.

e) Þróun

Ekki er haldið kerfisbundið utan um ástandsmat á bílastæðum og því er ekki vitað hvort þörf sé á meira viðhaldi á næstu árum heldur en verið hefur síðustu ár.

1.1.4 Gatnabrýr

50161 Gatnabrýr

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Á þennan verklið fellur allur kostnaður við viðhald á brúm sem eru í eigu borgarinnar.

Samantekt á stofnkostnaði og viðhaldsþörf brúa og undirganga í Reykjavík liggur ekki fyrir á þessu stigi. Forsenda þess að hægt sé að áætla heildar viðhalds- og viðgerðarþörf þessara mannvirkja og stilla upp viðhaldsáætlun, er að safnað verði saman á einum stað helstu upplýsingum um mannvirkin. Hér er átt við gerð mannvirkis, staðsetningu, byggingarár, stærð, stofnkostnað og ástandsúttekt ef til er.

Þess má geta að flestar brýr innan borgarmarkanna er í eigu Vegagerðarinnar, og er ekki fjallað um þau mannvirki hér.

Eingöngu er því um að ræða fáar brýr og undirgöng í eigu borgarinnar, en þar ber að nefna brú á Skothúsvegi yfir Tjörnina sem er líklega elsta brúin sem borgin á og ennþá er notuð sem akstursbrú. Brýr í Reykjavík eru:

1	Skothúsvegur - við Tjörnina	Brú
2	Ellíðaár við Bíldshöfða - austur	Brú
3	Ellíðaár við Bíldshöfða - vestur	Brú
4	Ellíðaár við Veiðihús	Brú
5	Hólmsá við Hólm	Brú
6	Lambhagavegur yfir Úlfarsá	Brú
7	Korpúlfsstaðavegur yfir Korpu	Brú

Viðhald á brúm og undirgöngum er mjög breytilegt á milli ára. Lítið viðhald er gjarnan á brúm og undirgöngum fyrstu árin eftir gerð mannvirkisins og kostnaður því lítill. Þegar kemur að því að gera þarf við mannvirkið er viðhald oft mjög kostnaðarsamt.

Reykjavíkurborg hefur sinnt einhverjum rekstri við nokkrar af þeim brúm sem eru í eigu Vegagerðarinnar eins og snjómokstri en sá kostnaður fellur á annan kostnaðarstað.

Ef breyting verður á eignarhaldi gatna sem í dag eru þjóðvegir mun brúm í eigu borgarinnar hugsanlega fjölga um 2-3.

Tafla 1.8 Endurnýjun gatnabréa og undirganga og viðhald þeirra síðustu ár.

	Gatnabryr	Ein.	2008	2009	2010	2011
50161	Heildarfjöldi gatnabréa	stk	7	7	7	7
	Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög						
50161	Gatnabryr	kr.	78.360	118.547	0	0
	Árleg breyting	%		51,3%	-100%	0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Samgöngumannvirkin skulu ávallt vera í þannig ástandi að þau uppfylli kröfur notenda um aðgengi og öryggi. Lýsing í undirgöngum skal vera fullnægjandi.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Ekki liggur fyrir skilgreint þjónustustig fyrir ástand brúa. Skilgreina þarf mismunandi þjónustustig samhliða ástandsskoðun og mati á brúm í Reykjavík.

c) Ástandsmat + skráning

Ekki er til nýlegt ástandsmat á gatnabrum í Reykjavík. Brúin á Skothúsvegi var tekin í gegn fyrir nokkrum árum og viðhald því verið lítið á henni síðustu ár. Það sama á við um brýrnar yfir Elliðaár við Bíldshöfða. Aðar brýr eru nýrri og viðhald því lítið.

d) Áætlanagerð og tillögur um úrbætur

Gera þyrfti ástands mat á mannvirkinu og í framhaldi af því áætlun um hve mikið þarf að gera á næstu árum til að mannvirkið uppfylli kröfur um öryggi. Þar sem ekki vitað hver viðhaldsþörfin er á næstu árum var hérna áætlað sama upphæð til viðhalds og gert hafði verið fyrir árið 2012.


Ekki er gert ráð fyrir að brúm eða undirgöngum muni fjölga á næstu 5 árum.

Tafla 1.9 Viðhald brúa næstu ár, æskilegt framlög.

	Gatnabryr	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
50161	Heildarfjöldi gatnabréa	stk	7	7	7	7	7	7	7
	Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög									
50161	Gatnabryr	kr.	0	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000
	Árleg breyting	%			0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skáletraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.16 Framlög til gatnabrua síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Fara þarf í að framkvæma ástandsúttekt á gatnabrum í Reykjavík svo hægt sé að áætla betur viðhald þeirra brúa sem eru í eigu borgarinnar. Gera þarf síðan viðhaldsáætlun til næstu ára.

1.1.5 Hliðarsvæði

- 50181 Vegrið
- 50182 Miðeyjugirðingar
- 50183 Umferðareyjur
- 50121 Kantsteinn
- 50221 Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Um er að ræða kostnað vegna viðhalds og endurnýjunar götugagna og búnaðar á hliðarsvæðum gatna.

Liðurinn „Vegrið“ felur í sér lagfæringu á vegriðum og endurnýjun. Mjög lítið er af vegriðum í eigu borgarinnar, mest er í eigu Vegagerðarinnar. Þau vegrið sem eru í eigu borgarinnar er viðhaldið og endurnýjað eftir þörfum. Oftast er það vegna umferðaróhappa að ekið er utan í vegriðin. Ef ekki tekst að fá kostnað vegna þessa greiddan af þeim sem tjóninu veldur þá fellur kostnaðurinn á Reykjavíkurborg.

„Miðeyjugirðingar“ felur í sé kostnað vegna viðhalds og endurnýjar girðinga í miðeyjum gatna. Mjög lítið er af girðingum í Reykjavík í eigu borgarinnar, mest er í eigu Vegagerðarinnar. Helst ber að nefna girðingar á Lækjargötu, Laugarvegi og Suðurgötu. Um er að ræða stál girðingar sem þarf að viðhalda og endurnýja mest vegna óhappa og skemmda. Reynt er að rukka þann sem veldur tjóninu en á hverju ári er þó alltaf einhver kostnaður sem fellur á borgina vegna þessa.

Liðurinn „Umferðareyjur“ felur í sér kostnað vegna lagfæringa á umferðareyjum. Um er að ræða lagfæringar á öllu sem er í umferðareyjum, kantsteinum, hellulögn og gróðri. Mestur kostnaður fellur til vegna lagfæringa á endum miðeyja við gatnamót, kantsteinum, hellulögn og gróðri.

Liðurinn „Kantsteinn“ felur í sér endurnýjun á kantsteini gatna. Hverfastöðvar borgarinnar halda utan um brotna kanta, lengdir og staðsetningar. Það er síðan forgangsraðað hvað skuli gert hverju sinni. Hluti af vinnunni er unnin af hverfastöðvunum sjálfum en annað fer til verktaka.

Liðurinn „Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva“, felur í sér kostnað vegna áhalda og skilta sem til fellur vegna vinnu hverfastöðva borgarinnar í þeim fjölbreyttu verkefnum sem til falla í viðhaldi gatna og hliðarsvæða tengdum þeim.

Tafla 1.10 Endurnýjun hliðarsvæða og viðhald þeirra síðustu ár.

Hliðarsvæði	Ein.	2008	2009	2010	2011	
Heildarumfang hliðarsvæða		Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	Gögn ekki til	
Viðhald hliðarsvæða						
50181	Viðhald vegriðs	m	161*	18*	73*	0
50182	Viðhald miðeyjugirðinga	m	51*	280*	33*	-10*
50183	Viðhald umferðareyja	m ²	555*	138*	0	85*
50121	Viðhald kantsteins	m	1.547*	2.111*	1.689*	2.562*
50221	Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva	stk				
	Árleg breyting	%		10,1%	-29,6%	47,0%
Framlög						
		kr.				
50181	Viðhald vegriðs	m	2.267.756	256.622	1.024.340	0
50182	Viðhald miðeyjugirðinga	m	1.234.476	6.723.055	781.741	-233.291
50183	Viðhald umferðareyja	m ²	3.195.143	793.982	0	490.834
50121	Viðhald Kantsteins	m	6.188.373	8.443.069	6.754.934	10.247.523
50221	Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva	stk	8.824.687	4.803.335	1.498.269	3.815.548
	Samtals	kr.	21.710.435	21.020.064	10.059.285	14.320.614
	Árleg breyting	%	191,6%	-3,2%	-52,1%	42,4%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Áætlað magn

a) Þjónustumarkmið

Miðað er við að öryggisbúnaður eins og vegrið og girðingar sé alltaf í lagi. Því er alltaf gert við hann ef hann verður fyrir skemmdum. Umferðareyjur og kantsteinar er lagfært og endurnýjað ef hætta er á frekari skemmdum (t.d. gróðri, skiltum, ljósastaurum), ef vatn safnast fyrir og ef vegfarendum stafar hætta af.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki er til skilgreint þjónustustig fyrir þessa verkliði en alltaf er miðað við að öryggi allra vegfarenda sé í lagi.

c) Ástandsmat + skráning

Ástandsmat og skráning á skemmdum á kantsteini og umferðareyjum er í höndum hverfastöðva borgarinnar. Haldið er utan um lista þar sem metið er lengd og staðsetning skemmda. Oftast koma tilkynningar um skemmdir á vegriði og miðeyjugirðingum frá lögreglu við slys eða óhöpp, en annars er það í höndum hverfastöðva að sjá til þess að gert sé við þann búnað.

d) Áætlanagerð

Ekki er gert ráð fyrir aukningu í viðhaldskostaði og endurnýjun á vegriði og miðeyjugirðingum frá því sem hefur verið. Þetta er alltaf tilfallandi endurnýjun sem erfitt er að áætla á hverju ári. Ekki er gert ráð fyrir að umfang girðinga og vegriða aukist á næstu árum umfram það sem gert er ráð fyrir að umfang gatna aukist á ári næstu 5 ár eða um 0,1% á ári. Bæta þarf skráningu á hvar girðingar og vegrið eru í borginni til að auðvelda áætlana gerð og utanum hald á viðhaldi.

Umfang kantsteins og umferðareyja munu aukast í sama hlutfalli og umfang gatna í borginni á næstu árum. Gert er ráð fyrir að umfang gatna muni aukast lítið á næstu 5 árum eða um 0,1% á ári.


Allar tölur um umfang viðgerða eru áætlaðar og þarf að endurskoða ef fást upplýsingar um umfang viðhalds hverju sinni. Áætlun tekur mið af meðaltali síðustu ára fyrir alla liði.

Tafla 1.11 Endurnýjun hliðarsvæða og viðhald þeirra næstu ár, æskileg framlög.

	Hliðarsvæði	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
50181	Heildar lengd vegriðs	m	Gögn ekki til						
50182	Heildar lengd miðeyjugirðinga	m	Gögn vantar						
50183	Umfang umferðareyja	m ²	Gögn vantar						
50121	Heildar lengd Kantsteins	m	Gögn vantar						
50221	Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva	stk	Gögn vantar						
	Árleg breyting	%		0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Viðhald hliðarsvæða									
50181	Viðhald vegriðs	m	0	71	80	80	80	80	80
50182	Viðhald miðeyjugirðinga	m	-10	42	100	100	100	100	100
50183	Viðhald umferðareyja	m ²	85	174	190	190	190	191	191
50121	Viðhald Kantsteins	m	2.562	782	2.000	2.002	2.004	2.006	2.008
50221	Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva	stk							
	Árleg breyting	%	47,0%	-59,5%	121,8%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Framlög									
50181	Vegrið	kr.	0	1.000.000	1.128.000	1.129.000	1.130.000	1.131.000	1.133.000
50182	Miðeyjugirðingar	kr.	-233.291	1.000.000	2.400.000	2.402.000	2.405.000	2.407.000	2.410.000
50183	Umferðareyjur	kr.	490.834	1.000.000	1.094.000	1.095.000	1.097.000	1.098.000	1.099.000
50121	Kantsteinn	kr.	10.247.523	3.129.000	8.000.000	8.008.000	8.016.000	8.024.000	8.032.000
50221	Skilti og áhöld vegna vegavinnu hverfastöðva	kr.	3.815.548	3.293.000	3.296.000	3.300.000	3.303.000	3.306.000	3.309.000
	Samtals	kr.	14.320.614	9.422.000	15.918.000	15.934.000	15.951.000	15.966.000	15.983.000
	Árleg breyting	%	42,4%	-34,2%	69,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Áætlað magn. Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.17** Framlög til hliðarsvæða síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Ekki liggur fyrir mat á endurnýjunarþörf og þörf f. viðgerðir á umferðareyjum og kantsteinum. Halda þyrfti betur utan um umfang viðgerða hverju sinni til að auðvelda áætlanagerð og einnig að halda utan um áætlað viðhald á hverju ári.

1.1.6 Hraðahindranir/pollar

50201	Pollar
50241	Hraðahindranir
50261	Viðgerð á 30 km hliðum (alda,kantar,pollar)
50262	Viðgerð á gróðri 30 km. Hliða

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Um er að ræða viðhald og viðgerðir á hraðahindrunum, 30 km hliðum og öllum þeim búnaði og gróðri sem þeim fylgja. Pollar eru einnig víðar en við 30 km hlið og er kostnaður vegna þeirra gjaldfærður í sér lið sem heitir pollar. Ekki er til skráð magn nema fyrir hraðahindranir. Mikil breyting á milli árana 2009 og 2011 er líklega ekki raunaukning heldur einungis breyting í skráningu.

Tafla 1.12 Endurnýjun og viðhald Polla, hraðahindrana og 30 km hliða síðustu ár

	Hraðahindranir/Pollar	Ein.	2008	2009	2010	2011
50201	Heildarfjöldi Polla	stk	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar
50241	Heildarfjöldi hraðahindrana	stk	979**	995**	Gögn vantar	1.211**
	Árleg breyting hraðahindrana	%		1,6%		
50261	Heildarfjöldi 30 km hliða	stk	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar
	Árleg breyting 30 km hliða	%				
Viðhald hraðahindrana						
50201	Viðhald Polla	stk	286*	239*	407*	188*
50241	Viðhald hraðahindrana	fm	544*	946*	461*	796*
50261	Viðhald 30 km hliða	stk	30*	38*	18*	20*
50262	Viðhald á gróðri 30 km hliða	fm	0	92*	8*	0
	Árleg breyting	%		74,0%	-51,3%	72,7%
Framlög						
50201	Pollar	kr.	14.311.618	11.929.286	20.362.110	9.399.323
50241	Hraðahindranir	kr.	2.991.162	5.203.458	2.533.935	4.376.834
50261	Viðgerð á 30 km hliðum (alda,kantar,pollar)	kr.	2.954.055	3.802.762	1.803.918	2.000.990
50262	Viðgerð á gróðri 30 km. hliða	kr.		183.130	15.622	
	Samtals	kr.	20.256.836	21.118.637	24.715.585	15.777.146
	Árleg breyting	%		4,3%	17,0%	-36,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Áætlað magn

**Breyting í skráningu skýrir líklega mikinn mun á milli árana 2009 og 2011.

a) Þjónustumarkmið

Miðað er við að viðhalda hraðahindrunum og 30 km hliðum alltaf í þannig ástandi að ekki skapist hætta af fyrir vegfarendur vegna skemmda. Gert er við polla sem búið er að brjóta/losa og þeir endurýjaðir eða lagaðir. Reynt er að laga girðingar við gróður í 30 hliðum og hirða gróður þannig að prýði sé af.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki er til skilgreint þjónustustig fyrir ástandsmat og viðhald polla, hraðahindrana og 30 km hliða.

c) Ástandsmat + skráning

Í dag er ekki haldið utan um sérstaklega né skráð ástand eða þörf fyrir viðhald og endurnýjun polla, hraðahindrana eða 30 km hliða. Á hverju vori er farið í gegnum upplýsingar um ástand og lagt mat á hvað skuli gert. Hverfastöðvar sjá um að halda utan um endurnýjun og viðhald polla, hraðahindrana og 30 km hliða.

d) Áætlanagerð

Viðhald Pollana er erfitt að áætla en endurnýjun og viðhald þeirra er nær eingöngu tengt því að þeir eru skemmdir, t.d. vegna ákeyrslu. Viðhald á Pollum er nánast ekkert í dag vegna þess hve gamlir þeir geta orðið. Ekki er vitað hve mikið er verið að endurnýja af pollum (skipta út) né hve mikið er verið að laga og hvað sé það helst gert. Vegna þessa er erfitt að meta kostnað vegna viðhalds polla.

Á síðustu árum hefur verið nokkur aukning í 30 km hliðum en ekki eru til tölur aðgreindar fyrir 30 km hlið en upplýsingar um hraðahindranir eru til og voru árið 2011 1.211 stk. Aukning í fjölda hraðahindrana hefur verið töluverð á síðustu árum. Skýrist það fyrst og fremst af aukinni áherslu á bætt umferðaröryggi. Hraðahindranir eru af ýmsum gerðum, algengast er að þær séu hellulagðar en einnig eru þær malbikaðar og nýjasta gerð þeirra eru forsteyptar einingar svonefndir „koddar“. Viðhaldskostnaður vegna þessa hraðahindrana er misjafn sem og ending. Ekki er komin reynsla á endingu koddanna. Gera má ráð fyrir að viðhaldskostnaður vegna hraðahindrana muni aukast töluvert þegar elstu hraðahindranir fara að verða slitnar. Hérna er ekki gert ráð fyrir að það muni gerast að miklu leiti á næstu 5 árum.


Viðhald 30 km hliða er nokkurt. Viðgerðir á pollum í 30 km hliðum er nokkuð og er það eins og annað viðhald á pollum, nær eingöngu vegna þess að pollar eru að skemmast vegna t.d. ákeyrslna. Annað viðhald á 30 km hliðum er lagfæring á hellulögn, kantsteini en einnig lagfæring á girðingum við gróður og svo umhirða við gróður í 30 km hliðum sem gjaldfært er sérstaklega.

Miðað er við að endurnýjun og viðhald verði með svipuðum hætti árið 2013 og áætlað er að það verði árið 2012. Aukið viðhald verður síðan á næstu 5 árum vegna fjölgunar Polla, hraðahindrana og 30 km hliða sem áætlað er að muni aukast um 1% á ári.

Tafla 1.13 Endurnýjun hraðahindrana og viðhald þeirra næstu ár, æskileg framlög.

	Hraðahindranir /pollar	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
50241	Heildarfjöldi hraðahindrana	stk	1.211	1.230	1.266	1.279	1.292	1.304	1.317
	Árleg breyting hraðahindrana	%	0,0%	1,6%	2,9%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
50261	Heildarfjöldi 30 km hliða	stk							
	Árleg breyting 30 km hliða	%			1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Viðhald hraðahindrana									
50201	Viðhald Polla	stk	188	272	280	283	286	288	291
50241	Viðhald hraðahindrana	fm	796	400	620	626	632	639	645
50261	Viðhald 30 km hliða	stk	20	15	20	20	20	21	21
50262	Viðhald á gróðri 30 km hliða	fm	0	150	150	152	153	155	156
Framlög									
50201	Pollar	kr.	9.399.323	13.577.000	14.000.000	14.140.000	14.281.000	14.424.000	14.568.000
50241	Hraðahindranir	kr.	4.376.834	2.200.000	3.410.000	3.444.000	3.479.000	3.513.000	3.548.000
50261	Viðgerð á 30 km hliðum (alda,kantar,pollar)	kr.	2.000.990	1.500.000	2.000.000	2.020.000	2.040.000	2.061.000	2.081.000
50262	Viðgerð á gróðri 30 km. hliða	kr.	0	300.000	300.000	303.000	306.000	309.000	312.000
	Samtals	kr.	15.777.146	17.577.000	19.710.000	19.907.000	20.106.000	20.307.000	20.509.000
	Árleg breyting	%	-36,2%	11,4%	12,1%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.18** Framlög til hraðahindrana síðustu ár og æskileg framlög til næstu 5 ár.**e) Þróun / uppsafnað viðhald**

Ekki liggur fyrir mat á endurnýjunarþörf og þörf f. viðgerðir á pollum, hraðahindrunum eða 30 km hliðum nema það sem ráðgert er að verði lagað í sumar. Ekki er því gert ráð fyrir að þörf

fyrir viðgerð og endurnýjun á Pollum, hraðahindrunum og 30 km hliðum aukist á næstu 5 árum frá því sem gert er árið 2012 þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um uppsafnaðan vanda. Eingöngu er gert ráð fyrir aukningu vegna stækkunar gatnakerfisins um 1%.

1.2 Gönguleiðir

1.2.1 Viðhald gönguleiða (Endurgerð og staðbundnar viðgerðir)

50501	Hellulagðar göngul. Verkefni verktaka
50502	Hellulagn. og göngul. Verkefni hverfastöðva
50503	Útboð með veitum og endurgerð - hellul. göngul. MASK – Endurgerð
50521	Steyptar göngul. Verkefni verktaka
50522	Steyptar göngul. Verkefni hverfastöðva
50523	Útboð með veitum og endurgerð. steyptra göngul. MASK - Endurgerð
50541	Malbikaðar göngul. Verkefni verktaka
50542	Malbikaðar göngul. Verkefni hverfastöðva

Ábyrgð: Efla - BK

Almenn lýsing

Þessi verkliður felur í sér viðhald á gönguleiðum, hellulögðum, steypum sem og malbikuðum.

Í liðum 50503 og 50523 er fyrst og fremst kostnaður vegna endurgerð gönguleiða.

Tafla 1.14 Viðhald gönguleiða síðustu ár og helstu magntölur.

Viðhald gönguleiða	Ein.	2008	2009	2010	2011
Heildarflatarmál gönguleiða	m ²		Gögn ekki til	Gögn ekki til	1.975.463
Viðhald gönguleiða					
Viðhald hellulagðra gönguleiða	m ²				1.730*
Viðhald steyptra gönguleiða	m ²				7.895*
Viðhald malbikaðra gönguleiða	m ²				1.376*
Samtals	m ²	30.000*	15.000*	10.000*	11.001*
Árleg breyting	%		-50,0%	-33,3%	-56,7%
Framlög					
Viðhald gönguleiða	kr.	343.998.061	170.415.337	108.483.697	146.042.000
Árleg breyting	%		-50,5%	-36,3%	12,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Áætlað magn

a) Þjónustumarkmið

Gönguleiðir í Reykjavík eiga að vera greiðar og notendum má ekki stafa hættu af notkun þeirra vegna ástands.

b) Skilgreina þjónustustig

Búið var til fyrir nokkrum árum greiningarkerfi fyrir ástand gönguleiða. Hver stétt eða stígur fær einkunn eftir því hve mikill hluti er heill. Skemmdaflokkarnir fimm eru:


A	70-100% heilt	Nýtt eða mjög gott ástand
B	40-70% heilt	Nokkuð gott ástand
C	10-40% heilt	Ástand í löku meðallagi
D	0-10% heilt	Mjög lélegt ástand

Endingartími gönguleiðar er hérna skilgreindur sem 50 ár, en gert er ráð fyrir að mörkum milli ástands B og C sé náð eftir 35 ár. Þannig er fundin árleg hrörnun kerfisins.

c) Ástandsmat + skráning

Ástand stétta og stíga í Reykjavík var skráð að hluta árin 2002 og 2005. Var þá eingöngu metið ástand gangstétta í elstu hverfum borgarinnar þar sem gönguleiðir eru elstar.

Sumarið 2012 var unnin úttekt fyrir gönguleiðir í Reykjavík þar sem allar gönguleiðir í eldari hverfum voru ástandsskoðaðar. Ekki var fari í Garfarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdal. Alls var því skoðað um 88% af öllum gönguleiðum í Reykjavík. Á mynd að neðan má sjá ástand gönguleiða eins og það liggur fyrir nú. Ástand var metið eftir því hversu mikill hluti stéttarinnar var heill. Ástandið var skráð sem þekja inn í LUKR.



Mynd 1.19 Ástand gönguleiða vorið 2012.

d) Áætlanagerð

Ástand gönguleiða er sem fyrr segir skilgreint í flokkum, A, B, C og D.

Endingartími gönguleiðar er skilgreindur sem 50 ár, en mörkum milli ástands B og C sé náð eftir 35 ár. Þannig er fundin árleg hrörnun kerfisins og hve mikill hluti gangstíga og stétta muni vera orðið ónýtt á næstu 15 árum en það er það sem fellur í flokk C og D. Í flokki C og D er rúmlega 150 þúsund fm.

Miðað er við að á næstu 5 árum verði gangstéttar í flokki D endurnýjaðar en gangstéttar í flokki C muni verða endurnýjaðar á næstu 10 árum þar á eftir. Til að endurnýja alla þær gönguleiðir sem eru í D flokk þarf að endurnýja rýflega 14 þúsund fm. á hverju ári næstu 5 árin.

Ekki er vitað hvernig það skiptist á milli hellulagnar, steyptra stétta eða malbikaðra og því er í áætlunni ekki skipt upp á milli þessa liða. Ekki er heldur vitað hvernig skiptinging ætti að vera milli verkefna sem verktakar sinna og þess sem hverfastöðvar sinna.

Gert er ráð fyrir að gönguleiðir muni aukast um 1,1% á ári næstu 5 árin en ekki er þörf á auknum fjárframlögum vegna þess strax.


Hérna er miðað við að nota næstu 5 ár til að laga þær gönguleiðir sem eru í dag orðnar ónýtar eða svo gott sem. Ekki er gert ráð fyrir að ástand gönguleiða verði betra en það er í dag, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að þjónustustig verði aukið á gönguleiðum á næstu 5 árum.

Tafla 1.15 Endurnýjun og viðhald gönguleiða næstu ár, æskileg framlög.

Viðhald gönguleiða	Ei n.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarflatarmál gönguleiða	m ²	1.975.463	1.997.193	2.019.162	2.041.373	2.063.828	2.086.530	2.109.482
Árleg breyting	%		1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%
Viðhald gönguleiða								
Viðhald hellulagðra gönguleiða	m ²	1.730	2.274					
Viðhald steyptra gönguleiða	m ²	7.895	7.790					
Viðhald malbikaðra gönguleiða	m ²	1.376	938					
Samtals	m ²	11.001	12.668	14.119	14.119	14.119	14.119	14.119
Árleg breyting	%		15,2%	11,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
50501 Hellulagðar göngul. Verkefni verktaka	kr.	11.939.641	14.171.000					
50502 Hellulagn. og göngul. Verkefni hverfastöðva	kr.	10.550.567	14.393.000					
50503 Útboð með veitum og endurgerð - hellul. göngul.	kr.	0	1.000.000					
50521 Steyptrar göngul. Verkefni verktaka	kr.	14.015.060	10.000.000					
50522 Steyptrar göngul. Verkefni hverfastöðva	kr.	724.841	3.478.000					
50523 Útboð með veitum og endurgerð. steyptrar göngul.	kr.	80.000.000	100.000.000					
50541 Malbikaðar göngul. Verkefni verktaka	kr.	3.876.625	2.000.000					
50542 Malbikaðar göngul. Verkefni hverfastöðva	kr.	526.757	1.000.000					
Samtals	kr.	121.633.491	146.042.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000
Árleg breyting	%		20,1%	11,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
50539 Framlag frá Mannvirkjaskrifstofu		-80.000.000	-100.000.000					

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Ekki er vitað hvernig viðhaldið skiptist á milli hellulagnar, steyptra stétta eða malbikaðra og því er í áætlunni ekki skipt upp á milli þessa liða.



Mynd 1.20 Framlög til endurnýjunar og viðhalds gönguleiða og æskileg framlög næstu 5 ár .

e) Þróun

Viðgerðir og framkvæmdir hvers árs eru skráðar inn í LUKR þannig að hægt er að uppfæra áætlað ástand gönguleiðakerfis borgarinnar. Bera þarf saman nýja skoðun við eldri skoðun til að reyna leggja mat á hrörnun gönguleiða.

Halda þyrfti utan um magntölur í viðgerðum gönguleiða þannig að hægt sé að vita hve mikið er gert við af hverri gerð, þ.e. hellulögðum, steypum eða malbikuðum gönguleiðum á hverju ári.

Miðað við að ending stíga og stétta sé 50 ár má áætla að árleg endurnýjunarþörf sé meiri en hér er ráðgert í endurnýjun og viðhald á ári.

1.2.2 Viðhald bekkja

50561 Kaup á bekkjum

50562 Viðhald bekkja

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Í Borgarvefsjá (www.borgarsvefsja.is) má sjá staðsetningu og fjölda bekkja í umsjá G&E. Borgin sinnir stöðugu viðhaldi á bekkjunum og sjá starfsmenn hverfastöðva um þá vinnu. Bæði leikur veðrið bekkina grátt og eins er mikið um krot og önnur skemmdarverk. Undanskildir eru bekkir í umsjón garðyrkjunnar en garðyrkjan annast viðhald allra skrúðgarða borgarinnar og sér um nýbyggingar leiksvæða og útivistarsvæða. Garðyrkjan hefur t.d. umsjón með bekkjum í Laugardal.

Keyptir eru nýjir bekkir árlega, bæði fyrir þá sem skemmast og vegna endurnýjunar. Nýir bekkir koma auk þess frá mannvirkjastofu vegna nýrra áningarstaða og í gegnum framlög úr hverfapottum. Framlög til bekkja og viðhalds þeirra undanfarin ár má sjá í neðangreindri töflu og í grænu töflunni má sjá æskileg framlög til 2017.

Tafla 1.16 Endurnýjun bekkja og viðhald síðustu ár.

Viðhald bekkja	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi bekkja	stk	628	671	731	740	740	897
Árleg breyting	%		6,8%	8,9%	1,2%	0,0%	21,2%
Framlög							
50561 Kaup á bekkjum	kr.			6.653.749	2.511.680	56.458	357.321
50562 Viðhald bekkja	kr.			18.539.425	12.316.902	12.481.948	13.854.662
Samtals	kr.			25.193.174	14.828.582	12.538.406	14.211.983
Árleg breyting					-41,1%	-15,4%	13,3%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

¹ Fjölgun bekkja milli ára er fengin úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur. Skráningar þar endurspeglar ekki fjölgun bekkja milli ára. Aukning milli 2010 og 2011 er t.d. vegna bættrar skráningar en ekki vegna fjölgunar milli ára.

a) Þjónustumarkmið

Bekkir skulu líta vel út, vera heilir og festingar í lagi. Nánasta umhverfi bekkja skal vera þrífalegt og aðlaðandi. Bekkir skulu vera með hæfilegu millibili á aðalstígakerfi borgarinnar. Við alla bekki ætti að vera ruslastampur.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Útbúa mætti einfalt flokkunarkerfi fyrir ástand bekkja.

- A Nýtt eða mjög gott ástand bekkja (nýr eða nýuppgerður) og umhverfi mjög aðlaðandi.
- B Nokkuð gott ástand bekkja (málun getur verið ábótavant) og umhverfi snyrtilegt.
- C Ástand bekkja í löku meðallagi (málun getur verið ábótavant, seta eða undirstöður með einhverjar skemmdir). Umhverfi að einhverju leyti ábótavant (staðsetning óheppileg, ekki snyrtilegt í nágrenni bekkja).
- D Mjög lélegt ástand bekkja (seta eða undirstöður úr sér gengnar). Umhverfi verulega ábótavant (staðsetning óheppileg, óþríf í nágrenni bekkja o.s.frv.)
- E Ónýtur bekkur. Umhverfi verulega ábótavant (staðsetning óheppileg, óþríf í nágrenni bekkja o.s.frv.)

Til viðbótar við slíkt flokkunarkerfi mætti setja fram þjónustuóskir varðandi ýmis sérverkefni.

- Vorhreinsun í kringum bekki og setkróka þarf að ljúka fyrir ákveðinn tíma.
- Fyrstu yfirferð í málun á bekkjum skv. áætlun um endurmálun bekkja þarf að vera lokið fyrir 17. júní í miðbæ og fyrir 30. júní í öðrum hverfum.
- Ónýtum bekkjum skal skipta út innan 4 virkra daga frá því að ábending berst um að bekkur sé ónothæfur.

c) Ástandsmat + skráning

Staðsetning bekkja var skráð inn í LUKR árin 2004 og 2005 en ástand þeirra, tegund, stærð eða aldur hefur ekki verið skráður. Viðbætur og lagfæringar á skráningu koma frá hverfastöðvunum en engin regla er á því hvernig upplýsingum um nýja bekki er komið til LUKRsins. Þess vegna getur það gerst, eins og gerðist milli 2010 og 2011 að upplýsingar bárust um 150 nýja bekki á einu ári.

Æskilegt er að upplýsingar um nýja bekki eða þegar bekkir eru teknir í burtu berist með skilvirkari hætti til LUKRsins. Bætt skráning og þekking á fjölda og staðsetningu bekkja ætti að auðvelda yfirsýn og utanumhald með viðhaldi bekkjanna.

Ástandsmat hefur verið í höndum hverfastöðva og lagfæringar og endurnýjun er eftir þörfum.

d) Áætlanagerð

Frá 2006 til 2008 var bekkjum fjölgað nokkuð en árin 2009 til 2010 var sama og ekkert keypt af nýjum bekkjum nema í gegnum sérstök átaksverkefni s.s. verkefnið Torg í biðstöðu¹.

Árið 2011 fjölgaði bekkjum hins vegar en þá fengu íbúar tækifæri til að forgangsraða verkefnum í sínum hverfum og völdu mörg hverfi að fjölga bekkjum hjá sér. Á það til að mynda við um Breiðholt, Grafarvog, Háaleiti og Bústaði, Hlíðar og Vesturbæ auk þess sem bekkjum var fjölgað töluvert í miðborginni í tengslum við endurbætur á torgum og fækkun bílastæða. Upplýsingar um staðsetningar þessara nýju bekkja hafa ekki allar borist til LUKRSins.


Á hverju ári er fjöldi bekkja lagfærðir eða endurnýjaðir, bæði vegna skemmdarverka og almenns viðhalds (vegna veðrunar og notkunar). Gera þarf ráð fyrir að 15% bekkjanna séu lagfærðir eða endurnýjaðir árlega. Til að byrja með eru 5% lagfærða bekkja endurnýjaðir og hækkar það hlutfall með hverju ári upp í 20% árið 2012.

Tafla 1.17 Endurnýjun bekkja og viðhald næstu ár, æskileg framlög.


	Viðhald bekkja	Ein	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	
	Heildarfjöldi bekkja	stk	897	906	915	924	933	943	952	
	Árleg breyting	%	21,2%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	
	Kaup á bekkjum	stk	2	6	8	16	16	20	30	
	Árleg breyting	%		200%	33%	100%	0%	25%	50%	
	Viðhald bekkja	stk	133	130	129	123	124	121	113	
	Árleg breyting	%		-2,3%	-0,8%	-4,7%	0,8%	-2,4%	-6,6%	
	Framlög									
50561	Kaup á bekkjum	kr.	357.000	1.072.000	1.429.000	2.859.000	2.859.000	3.573.000	5.360.000	
50562	Viðhald bekkja	kr.	13.855.000	13.570.000	13.503.000	12.811.000	12.956.000	12.684.000	11.787.000	
	Samtals	kr.	14.212.000	14.642.000	14.932.000	15.669.000	15.814.000	16.257.000	17.147.000	
	Árleg breyting		13,3%	3,0%	2,0%	4,9%	0,9%	2,8%	5,5%	

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.


¹ Sjá verkefnið torg í biðstöðu http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3822/6631_view-3002/.




Mynd 1.21 Framlög til kaupa á bekkjum, gatna- og eignaumsýsla.



Mynd 1.22 Framlög til viðhalds bekkja, gatna- og eignaumsýsla



Mynd 1.23 Fjölgun bekkja árin 2006-2017



Mynd 1.24 Framlög til kaupa og viðhalds bekkja síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

Ekki er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu í nýjum hverfum á næstu árum. Kaup á bekkjum næstu árin verður að mestu vegna viðhalds og þegar orðið er við óskum íbúa um bekki t.d. í gegnum íbúakosningar. Gert er ráð fyrir að bekkjum í þjónustu hjá G&E fjölgi um 1% á ári.

Engar úttektir eru fyrirhugaðar á ástandi bekkja. Starfsmenn hverfastöðvanna líta eftir ástandi þeirra auk þess sem ábendingar berast frá íbúum ef þeir eru ekki í lagi.

Heildarkostnaður við viðhald og endurnýjun bekkja árið 2011 var um 14,5 m.kr.

Ekki er reiknað með sérstöku framlagi frá Vegagerðinni vegna þessa málaflökks á næstu árum, en um 3% af bekkjum í Reykjavík eru innan veghelgunarsvæðis þjóðveganna.

e) Þróun

Skoða þarf leiðir til þess að skráningu bekkja í LUKR sé viðhaldið. Leita mætti eftir samvinnu um að þar verði í framtíðinni skráðir allir bekkir á vegum Reykjavíkurborgar, hvort sem þeir eru á vegum gatnadeildar, garðyrkjudeildar eða annarra.

Skoða þarf hvort ástæða er til að skrá ástand bekkja og skilgreina viðbrögð við endurteknum skemmdum.

Skoða mætti möguleika á ítarlegri skráningu á bekkjum í LUKR og verkferla við ástandsskoðun, viðhald, eftirlit og hreinsun.

Þróa mætti betri aðferðir við að festa bekkina svo síður sé hætt á að skemmdarvargar velti þeim um koll.

1.2.3 Göngubrýr og undirgöng

50581 Gangstéttarbogar, sveifluhlíð, handrið og grjótlokanir

50601 Göngubrýr og undirgangar

Ábyrgð: Efla BK

Almennt lýsing

Í þessum verklíðum er kostnaður er viðkemur þeim búnaði sem tengist gönguleiðum eins og t.d. handrið, bogar og lokanir auk kostnaðar við viðhald göngubrúa og undirganga.

Samantekt á viðhaldsþörf liggur ekki fyrir á þessu stigi en um er að ræða undirgöng, göngubrýr og stoðveggi ásamt öðrum mannvirkjum. Forsenda þess að hægt sé að áætla heildar viðhalds- og viðgerðarþörf þessara mannvirkja og stilla upp viðhaldsáætlun, er að safnað verði saman á einum stað helstu upplýsingum um mannvirkin. Hér er átt við gerð mannvirkis, staðsetningu, byggingarár, stærð, stofnkostnað og ástandsúttekt ef til er.

Flestar göngubrýr og undirgöng innan borgarmarkanna eru í eigu Vegagerðarinnar. Fjöldi og umfang þessara mannvirkja sem er í eigu borgarinnar er 24 samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Þetta eru 13 undirgöng og 12 göngubrýr, þau eru á eftirfarandi götum:

Undirgöng:

1	Austurberg við Gerðuberg	Undirgöng
2	Borgarvegur - Ormurinn langi	Undirgöng
3	Fjallkonuvegur við Foldaskóla	Undirgöng
4	Korpúlfstaðavegur vestan við Garðastaði	Undirgöng
5	Norðurfell austan Austurbergs	Undirgöng
6	Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut	Undirgöng
7	Strandvegur við Hamravík	Undirgöng
8	Strandvegur við Vættarborgir	Undirgöng
9	Suðurhólar við Þrastarhóla	Undirgöng
10	Vesturberg við verslun	Undirgöng
11	Víkurvegur gegnt Egilshöll	Undirgöng
12	Lambhagavegur við Reynisvatnsveg	Undirgöng
13	Lambhagavegur við Úlfarsbraut og Lambhaga	Undirgöng

Göngubrýr:

1	Elliðaár Vatnsveiturvegur yfir að Fylkisvegi	Brú
2	Elliðaár við Breiðholtsbraut	Brú
3	Elliðaár við Bíldshöfða	Brú
4	Elliðaár neðan við Rafstöðvarheimili	Brú
5	Elliðaár gegnt stíg úr Fossvogi	Brú
6	Elliðaár í Blesugróf	Brú
7	Elliðaár norðan Stekkjarbakka	Brú
8	Korpúlfsstaðaá við Korpúlfsstaðaveg	Brú
9	Korpúlfsstaðaá við Vesturlandsveg	Brú
10	Úlfarsá við Vesturlandsveg og Lambhaga	Brú
11	Bugða frá Norðlingaholti í Heiðmörk	Brú
12	Reiðbrú í Rauðhólum Hólmsá/Bugða	Reiðbrú

Ekki eru til upplýsingar um fjölda boga eða lokana né umfang handriða og annars búnaðar í tengslum við gönguleiðir.

Tafla 1.18 Endurnýjun göngubrúa og undirganga og viðhald þeirra síðustu ár.

Göngubrýr og undirgöng		Ein.	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi undirganga og brúa		stk	25	25	25	25
Árleg breyting		%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög						
50581	Gangstéttarbogar, sveifluhlíð, handrið og grjótlökanir	kr.	6.573.470	2.603.720	5.623.721	4.096.347
Árleg breyting		%		-60,4%	116,0%	-27,2%
50601	Göngubrýr og undirgangar	kr.	6.445.650	3.645.566	3.794.481	2.923.320
Árleg breyting		%		-43,4%	4,1%	-23,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Samgöngumannvirkin skulu ávallt vera í þannig ástandi að þau uppfylli kröfur notenda um aðgengi og öryggi. Lýsing í undirgöngum skal vera fullnægjandi.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Þegar heildarúttekt á ástandi mannvirkja liggur fyrir, ásamt kostnaðarmati, verði gerð sundurlíðuð áætlun til lengri tíma. Áætlun skal yfirfarin árlega, þar sem verkefnum verði forgangraðað. Miðað verði við að öll mannvirki séu yfirfarin reglulega á 3 ára fresti með tilliti til ástands og notkunar.

Þjónustustig gæti verið skilgreint sem

- A Mannvirki í góðu ástandi og ekki þörf á viðhaldi næstu árin
- B Mannvirki í góðu ástandi en þörf á lágmarksviðhaldi næstu árin
- C Mannvirki í sæmilegu ástandi og þörf á lágmarksviðhaldi næstu árin
- D Mannvirki í sæmilegur ástandi og þarfnast töluverðs viðhald á næstu árum
- E Mannvirki í slæmu ástandi og þarfnast umtalsverðs viðhalds strax.

c) Ástandsmat + skráning

Ekki er til nýlegt ástandsmat á göngubrúum eða undirgöngum í Reykjavík. Viðhald á brúm og undirgöngum er mjög breytilegt á milli ára. Lítið viðhald er gjarnan á brúm og undirgöngum fyrstu árin eftir gerð mannvirkisins og kostnaður því lítill. Þegar kemur að því að gera þarf við mannvirkið er viðhald eins og steypuviðgerðir mjög kostnaðarsamt. Unnið hefur verið í minniháttar viðgerðum síðust ár, málun á handriðum og viðgerðum svo að mannvirkin uppfylli kröfur um öryggi. Ekki hefur verið unnið í kostnaðarsömu meiriháttar viðhaldi.

d) Áætlanagerð og tillögur um úrbætur

Gera þyrfti ástands mat á mannvirkjunum og í framhaldi af því áætlun um hve mikið þarf að gera á næstu árum til að mannvirkin uppfylli kröfur um öryggi.

Í framhaldi af ástandsmati er hægt að leggja fram tillögur um úrbætur með sundurliðuðum verkþáttum, byggðum á magntölum þar sem því verður við komið. Í tillögum yrði viðhaldsþörf forgangsraðað eftir mikilvægi endurbóta. Gera má ráð fyrir að nokkur hluti nauðsynlegra viðgerða í undirgöngum sé til komin vegna skemmdarverka frekar en almennri hrörnun á mannvirkinu. Nokkur af þeim mannvirkjum sem borgin á eru þó farin koma til ára sinna og styttest í að fara þurfi í meira viðhald á þeim mannvirkjum.


Þar sem ekki vitað hver viðhaldsþörfin er á næstu árum var áætlað að nota upphæð sem nemur meðaltali síðustu 5 ára og gert ráð fyrir að það aukist sem nemur 5% ár ári frá árinu 2013. Gert er ráð fyrir að búnaði tengdum gönguleiðum muni fjölga um 1,1,% eins og umfang gönguleiða og mun kostnaður vegna viðhalds þessa aukast strax. Ekki er gert ráð fyrir að göngubrúum og undirgöngum muni fjölga á næstu 5 árum.


Tafla 1.19 Endurnýjun göngubrúa og undirganga og viðhald þeirra næstu ár, æskileg framlög.

	Göngubrú og undirgöng	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
	Heildarfjöldi göngubrúa og undirganga	stk	25	25	25	25	25	25	25
	Árlegur vöxtur göngubrúa og undirganga	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	Heildarfjöldi gangstéttaboga, sveifluhlíða, handriða og grjótlókana	stk							
	Árlegur vöxtur gangstéttaboga, sveifluhlíða, handriða og grjótlókana	%			1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%
Framlög									
50581	Gangstéttarborgar, sveifluhlíð, handrið og grjótlókanir	kr	4.096.347	3.241.000	4.724.000	4.776.000	4.829.000	4.882.000	4.936.000
	Árleg breyting	%	-27,2%	-20,9%	45,8%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%
50601	Göngubrú og undirgangar	kr	2.923.320	2.000.000	4.202.000	4.412.000	4.633.000	4.865.000	5.108.000
	Árleg breyting	%	-23,0%	-31,6%	110,1%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.25** Viðhald gangstéttarborga, sveifluhlíða, handriða og grjótlókana síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.



Mynd 1.26 Viðhald göngubrúa og undirganga síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Fara þarf í að framkvæma ástandsúttekt á brúm og undirgöngum í Reykjavík svo hægt sé að áætla betur viðhald þessara mannvirkja sem eru í eigu borgarinnar. Gera þarf síðan viðhaldsáætlun til næstu ára.

1.2.5 Reiðstígar

50621 Reiðstígar

Ábyrgð: Efla- BK

Reiðstígar eru þó nokkrir innan Reykjavíkur. Ekki hefur verið gerð viðhaldsáætlun fyrir reiðstíga né heldur er skráð sérstaklega ástand á stígum en á hverju vori er farið yfir hvort þurfi að bæta í einhverja stíga. Viðhald reiðstíga felur fyrst og fremst í - ofaníburð malarefnis, ásamt því að fjarlægja grjót sem gengur upp í stígana.

Tafla 1.20 Endurnýjun reiðstíga og viðhald þeirra síðustu ár.

Reiðstígar	Ein.	2008	2009	2010	2011
Heildarflötur	m ²	177.768	177.768	177.768	177.768
Árleg breyting	%				
Viðhald reiðstíga	m ²	6.983*	6.213*	3.276*	586*
Árleg breyting	%		-11,0%	-47,3%	-82,1%
Framlög til reiðstíga	kr.	3.491.356	3.106.662	1.637.760	292.850
Árleg breyting	%		-11,0%	-47,3%	-82,1%

*Áætlað magn

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Almenn lýsing

a) Þjónustumarkmið

Miðað er við að viðhalda reiðstígum þannig að þeir séu greiðfærir og að ekki skapist hætta fyrir þá sem um þá fara.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Ekki er til ástandsmat á reiðstígum. Miðað er við að ekki skapist hætta fyrir þá sem um þá fara.

c) Ástandsmat + skráning

Ekki er haldið utan um ástandsmat né er það skráð.

d) Áætlanagerð

Heildarlengd reiðstíga skv. LUKR er 42.257m að lengd og reiknað flatarmál er 177.768m².


Árið 2008 var eytt 3,5 milljónum í viðhald reiðstíga sem má ætlað að dugi fyrir viðhaldi á um 4% af heildarflatarmáli reiðstíga. Árið 2011 var hins vegar eytt tæplega 0,3 milljónum í viðhald reiðstíga sem dugar aðeins fyrir 0,3% af heildarflatarmáli þeirra.

Gert er ráð fyrir 0,1% aukningu í árlegum vexti reiðstíga á næstu árum og 4,5 milljón í viðhald þeirra árið 2013 sem er um 5% af heildarflatarmáli reiðstíga. Miðað við það er hver reiðstígur lagfærður tuttugasta hvert ár.

Tafla 1.21 Endurnýjun reiðstíga og viðhald þeirra næstu ár, æskileg framlög.

Reiðstígar	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarflötur	m ²	177.768	177.946	178.124	178.302	178.480	178.659	178.837
Árleg breyting	%		0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Viðhald reiðstíga	m ²	586	3.000	9.000	9.009	9.018	9.027	9.036
Árleg breyting	%		412,2%	200,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Framlög								
50621 Reiðstígar	kr.	292.850	1.500.000	4.500.000	4.504.000	4.509.000	4.514.000	4.518.000
Árleg breyting	%	-82,1%	412,2%	200,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.27 Viðhald reiðstíga síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Ekki er til ástandsmat á reiðstígum innan Reykjavíkur en vitað er að framlög síðustu ára hafa ekki verið að duga til að viðhalda reiðstígum og halda í því horfi sem þyrfti.

1.3 Önnur svæði**1.3.1 Viðhald og umhirða opinna svæða**

50801	Grasviðgerðir
50802	Annað óflokkað viðhald
50821	Kaup leiktækja
50822	Viðhald leiktækja - Verkefni hverfastöðva
50823	Viðhald á yfirborði leiksvæða
50841	Girðingar - Verkefni verktaka

50842	Girðingar - Verkefni hverfastöðva
50843	Önnur svæði
50844	Girðingar - Kostn.þátttaka með íbúum
50861	Leiksvæði - Eigið eftirlit
50862	Leiksvæði - Aðkeypt eftirlit
50941	Fegrunarátök hverfa

Ábyrgð: Mannvit – ÓK**Almenn lýsing**

Verkið felur í sér almennt viðhald og eftirlit á opnum leiksvæðum, innkaup og viðhald á leiktækjum, viðgerðir á grassvæðum og viðhald girðinga á opnum svæðum. Innkaup og viðhald bekkja er ekki innifalið. Stofnanalóðir eru ekki hluti af þessum liðum.

Annað óflokkað viðhald er ýmsar lagfæringar á öðrum svæðum en opnum s.s. vegna yfirborðsvatns, hreinsa ræsi, skerma af svæði og ýmislegt sem kemur upp á öðrum svæðum borgarlandsins.

Starfsmenn hverfastöðva sinna grasviðgerðum og viðhaldi girðinga, leikvalla og leiktækja.

Tafla 1.22 Viðhald og umhirða opinna svæða síðustu ár.

Önnur svæði	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi opinna leiksvæða	stk.						248
Opin leiksvæði	m2	210.000	220.000	250.000	250.000	250.000	276.116
Árleg breyting	%		4,8%	13,6%	0,0%	0,0%	10,4%
Opin svæði	m2						15.989.841
Árleg breyting	%						
Framlög							
50801	Grasviðgerðir	kr.		14.386.576	7.764.393	1.479.886	11.300.039
50802	Annað óflokkað viðhald	kr.		54.055.682	71.341.920	36.070.164	34.437.309
50821	Kaup leiktækja	kr.		5.523.143	3.205.135	570.449	3.627.950
50822	Viðhald leiktækja - Verkefni hverfastöðva	kr.		44.734.161	27.983.522	32.519.213	48.237.935
50823	Viðhald á yfirborði leiksvæða	kr.		18.436.954	24.025.373	12.793.946	57.458.412
50841	Girðingar - Verkefni verktaka	kr.		65.148	4.836.969	189.128	91.186
50842	Girðingar - Verkefni hverfastöðva	kr.		7.301.798	30.038	2.984.385	2.904.989
50843	Önnur svæði	kr.				315.727	37.487
50844	Girðingar - Kostn.þátttaka með íbúum	kr.		292.010	289.469	516.864	171.352
50861	Leiksvæði - Eigið eftirlit	kr.		14.885.631	12.270.506	1.300.666	2.656.099
50862	Leiksvæði - Aðkeypt eftirlit	kr.		169.258	1.559.639	2.258.813	2.526.441
50941	Fegrunarátök hverfa	kr.		3.088.036	208.233	37.735	42.004
	Samtals	kr.		162.938.398	153.515.197	91.071.245	163.491.205
	Árleg breyting	%			-5,8%	-40,7%	79,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Almennt er markmiðið að halda opnum svæðum í ásættanlegu ástandi; að þau líti vel út og séu snyrtileg og að leiktæki virki og að reglum og stöðlum um öryggi sé fylgt í hvívetna. Skv. ÍST EN 1176 skal framkvæma rekstrarskoðun á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi svæðisins og eina aðalskoðun a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess skal framkvæma yfirlitsskoðun oftar, en það gæti verið allt að daglega, allt eftir eftir notkun og álagi svæðisins.

b) Þjónustustig

- A Svæði tekin út þrisvar í viku, öllum kvörtunum sinnt, viðbragðstími vegna kvartana hámark tveir dagar. Reglum og stöðlum um öryggi fylgt í hvívetna og öll frávik þar frá sett í forgang, svo viðbragðstími er hámark einn dagur.
- B Svæði tekin út einu sinni í viku, kvörtunum forgangsraðað m.t.t. alvarleika og kostnaðar, viðbragðstími vegna kvartana hámark þrjú dagar. Reglum og stöðlum um öryggi fylgt í hvívetna og öll frávik þar frá sett í forgang, svo viðbragðstími er hámark tveir dagar.
- C Svæði tekin út einu sinni í mánuði, kvörtunum forgangsraðað m.t.t. alvarleika og kostnaðar, viðbragðstími vegna kvartana hámark ein vika. Reglum og stöðlum um öryggi fylgt í hvívetna og öll frávik þar frá sett í forgang, svo viðbragðstími er hámark þrjú dagar.
- D Svæði tekin út á tveggja mánaða fresti, kvörtunum forgangsraðað m.t.t. alvarleika og kostnaðar, viðbragðstími vegna kvartana hámark tvær vikur. Reglum og stöðlum um öryggi fylgt í hvívetna og öll frávik þar frá sett í forgang, svo viðbragðstími er hámark fjórir dagar.
- E Ekkert reglulegt eftirlit, aðeins sinnt kvörtunum. Kvörtunum forgangsraðað m.t.t. alvarleika og kostnaðar, viðbragðstími vegna kvartana hámark einn mánuður. Reglum og stöðlum um öryggi fylgt í hvívetna og öll frávik þar frá sett í forgang, svo viðbragðstími er hámark ein vika.

c) Ástandsmat og skráning

Ástandsmat: Eftirlitsmenn sjá um að fylgjast með öllum svæðum og kalla út í aukaviðhald ef nauðsyn þykir. Ef þörf er á aukaviðhaldi í miklum mæli er þjónustustig á viðkomandi svæði endurskoðað. Nú er unnið skv. þjónustustigi C.

Skráning: Gjaldaliðir, hverfastöðvar, kort gerð í LUKR þar sem hverfaskipting er sýnd ásamt þjónustulýsingu og hverfaskiptingu, dagskýrslur eftirlits.

Fjöldi opinna leiksvæða er 248 og það eru að meðaltali 3 leiktæki á hverju svæði á að giska, s.s. um það bil 750 leiktæki.

50821 Kaup leiktækja

Lítið hefur verið um kaup á nýjum leiktækjum undanfarin ár, um það bil 5-10 alls, þ.e. nýjar rólur, rennibrautir o.þ.h. Inní þeirri tölu eru 1-3 nýir litlir kastalar.

Með því að endurnýja 5-10 leiktæki ári að meðaltali þá tekur um það bil 75 til 150 ár að endurnýja öll leiktæki á þessum 248 opnu leiksvæðum borgarinnar. Ljóst er að 75 til 150 ár er ansi hár aldur fyrir leiktæki jafnvel þótt viðhald væri framúrskarandi, þ.a. ef halda á jöfnum hraða á endurnýjun leiktækja þá þarf að auka fjármagn í þennan kostnaðarlið. Æskilegt væri að fjöldi tækja sem keyptur er á hverju ári væri um 40 stk. Þá ætti meðalaldur tækja að vera um 20 ár.

50822 Viðhald leiktækja - Verkefni hverfastöðva

Þjónustustig í viðhaldi leiktækja er sæmilegt. Í viðhaldi og umhirðu opinna svæða er aðallega verið að sinna lögbundnum rekstrarskoðunum. Einnig er öllum ábendingum sinnt sem berast frá heilbrigðiseftirlitinu við úttektir þeirra á svæðunum.

50823 Viðhald á yfirborði leiksvæða

Á þennan lið hefur farið vinna við að gera nýjar fallvarnir undir öll leiktæki á opnum svæðum, en sú vinna hefur verið í gangi undanfarið. Leiktæki skulu uppfylla reglugerðir og staðla og gerð er krafa um endurnýjun tækja svo og endurgerð og lagfæring á fallvörnum og fallvarnarsvæðum.

d) Áætlanagerð

Gerð er áætlun á hverju ári miðað við reynslu fyrra árs og kort og þjónustustig endurskoðuð.

Kostnaður árið 2011 var 163 Mkr. Stærstu liðirnir eru vegna viðhalds leiktækja og yfirborðs leiksvæða og „Annað óflokkað viðhald“. Ástæðan fyrir hækkuninni var aukið eftirlit heilbrigðiseftirlitsins og verkefnið var flutt til fasteignastjóra byggingadeildar G&E og tekið fastari tókum. Áætlun fyrir árið 2012 er rúmlega 131 Mkr. og 146 Mkr. fyrir árið 2013.

Opin leiksvæði voru í árslok 2011 samtals 248. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í heildarfjölda opinna leiksvæða næstu árin því td. í Breiðholti er stefnt að fækkun þeirra.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við viðhald aukist um næstu ár til að koma í veg fyrir hnignun á þessum svæðum. Einnig er lagt til að framlag til kaupa á nýjum leiktækjum verði hækkað úr tæplega 5 Mkr eins og það hefur verið undanfarin ár í tæplega 15 Mkr., til að ekki skapist uppsafnaður vandi.


Tafla 1.23 Viðhald og umhirða opinna svæða næstu ár, æskileg framlög.

Önnur svæði	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	
Fjöldi leiksvæða	stk.	248	248	248	248	248	248	248	
Opin leiksvæði	m2	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116	
Árleg breyting	%	10,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Opin svæði	m2	15.989.841	16.069.790	16.150.139	16.230.890	16.312.044	16.393.605	16.475.573	
Árleg breyting	%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	
Endurnýjuð leiktæki	stk.	8	8	40	40	40	40	40	
Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	400,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Framlög									
50801	Grasviðgerðir*	kr.	11.300.039	11.357.000	11.414.000	11.471.000	11.528.000	11.586.000	11.644.000
50802	Annað óflokkað viðhald*	kr.	34.437.309	34.609.000	34.782.000	34.956.000	35.131.000	35.307.000	35.484.000
50821	Kaup leiktækja**	kr.	3.627.950	3.628.000	18.140.000	18.140.000	18.140.000	18.140.000	18.140.000
50822	Viðhald leiktækja - Verkefni hverfastöðva*	kr.	48.237.935	48.238.000	48.238.000	48.238.000	48.238.000	48.238.000	48.238.000
50823	Viðhald á yfirborði leiksvæða*	kr.	57.458.412	25.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000
50841	Girðingar - Verkefni verktaka*	kr.	91.186	92.000	92.000	92.000	92.000	92.000	92.000
50842	Girðingar - Verkefni hverfastöðva*	kr.	2.904.989	2.920.000	2.935.000	2.950.000	2.965.000	2.980.000	2.995.000
50843	Önnur svæði*	kr.	37.487	38.000	38.000	38.000	38.000	38.000	38.000
50844	Girðingar - Kostn.þátttaka með íbúum*	kr.	171.352	172.000	173.000	174.000	175.000	176.000	177.000
50861	Leiksvæði - Eigjð eftirlit*	kr.	2.656.099	2.656.000	2.656.000	2.656.000	2.656.000	2.656.000	2.656.000
50862	Leiksvæði - Aðkeypt eftirlit*	kr.	2.526.441	2.526.000	2.526.000	2.526.000	2.526.000	2.526.000	2.526.000
50941	Fegrunaráttök hverfa	kr.	42.004	42.000	42.000	42.000	42.000	42.000	42.000
Samtals	kr.	163.491.205	131.278.000	146.036.000	146.283.000	146.531.000	146.781.000	147.032.000	
Árleg breyting	%	79,5%	-19,7%	11,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

*Áætlun næstu ára fylgir vexti opinna svæða

**Áætlun næstu ára fylgir árlegri aukningu í endurnýjun leiktækja



Mynd 1.28 Framlög til viðhalds og umhirðu opinna svæða síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Æskilegt væri að auka viðhald, endurnýjun og umhirðu opinna svæða, sérstaklega leiksvæða. Opnu leiksvæðin mættu vera meira aðlaðandi og skemmtilegri og bjóða uppá meiri fjölbreytni bæði í leiktækjum og í gróðri og umhverfi.

1.4 Hreinsun borgarlandsins

1.4.1 Sóppró

51143 Sóppró

Ábyrgð: Mannvit- ÓK

Almenn lýsing

Um er að ræða kostnað við rekstur sóppróarinnar sem staðsett er við Þórðarhöfða í Reykjavík. Sóppróin tekur við uppsópi frá götusópum og í henni er vökvi sigtaður frá áður en ruslið er flutt í förgun í Álfsnes. Kostnaður við flutning og förgun er ekki hluti af þessum rekstrarlið.

Tafla 1.24 Kostnaður vegna sóppróar síðustu ár.

Sóppró	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Götur og gönguleiðir	m ²						5.236.865
Árleg breyting	%						
Framlög							
51143	Samtals	kr.		4.516.748	4.274.261	1.866.806	2.054.653
	Árleg breyting	%			-5%	-56%	10%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Markmiðið er að reka og viðhalda sóppró þannig að hægt sé að taka við uppsópi frá götusópum áður en það er flutt í förgun í Álfsnes.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki er til skilgreint þjónustustig fyrir þennan verklið.

c) Ástandsmat + skráning

Ástandsmat: Tekið er við kvörtunum frá hverfastöðvum og verktökum og þjónustustig aðlagð eftir því.

Skráning: Fylgjast má með magni uppsóps sem safnast saman og nota það til að bæta áætlanir.

d) Áætlanagerð


Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir sóppró 2 Mkr.

Árið 2011 var flatarmál gatna og gönguleiða um 524 ha. Gert er ráð fyrir 0,1% vexti gatnakerfisins næstu ár og 2,0% vexti göngu- og hjólastíga. Miðað við hlutfall gatna og göngustíga er áætlaður vöxtur hreinsunar gatna- og gönguleiða 0,8%. Því er áætlað að kostnaður við rekstur sóppróar verði áfram svipaður og síðustu tvö ár með 0,8% aukningu í kostnaði næstu ár.

Tafla 1.25 Kostnaður vegna sóppróar næstu ár, æskileg framlög.

Sóppró	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Götur og gönguleiðir	m ²	5.236.865	5.279.000	5.321.000	5.364.000	5.407.000	5.450.000	5.494.000
Árleg breyting	%		0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%
Framlög								
51143	Samtals	kr. 2.054.653	2.071.000	2.088.000	2.105.000	2.122.000	2.139.000	2.156.000
	Árleg breyting	%	10%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.29** Framlög til sóppróar síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

1.4.2 Ruslastampar, viðhald og endurnýjun

51221 Ruslastampar viðh. og endurn. Verkefni verktaka

51222 Ruslastampar viðh. og endurn. Verkefni hverfastöðva.

51223 Ruslastampar - Kaup á nýjum stömpum

Ábyrgð: Verkis – GDG/HB

Almenn lýsing

Í Borgarvefsjá má sjá upplýsingar um staðsetningu og fjölda stampa í umsjá skrifstofu gatna- og eignaumsýslu. Borgin sinnir stöðugu viðhaldi á stömpunum og sjá starfsmenn hverfastöðvanna um þá vinnu.

Hverfastöðvarnar sjá um viðhald og endurnýjun meirihluta stampa í borginni. Undanskildir eru stampar í umsjón garðyrkjunnar en garðyrkjan annast viðhald allra skrúðgarða borgarinnar og sér um nýbyggingar leiksvæða og útivistarsvæða. Garðyrkjan hefur t.d. umsjón með stömpum í Laugardal og á Austurvelli.

Skrifstofan leggur fram fjárveitingu fyrir nýjum stömpum og viðhaldi stampa. Nýir stampar koma einnig frá mannvirkjastofu vegna nýrra áningarstaða og í gegnum framlög úr hverfapottum.

Í borginni er mest af grænum staurhengdum stömpum, sem markvisst hefur verið unnið að útskiptingu á með stömpum er standa á jörðinni, en í miðborginni, t.d. á Laugarvegi og Skólavörðustíg eru svartir stórir miðbæjarstampar. Slíkir stampar eru mun sterkbyggðari og þurfa minna viðhald en staurhengdu stamparnir, en eru töluvert dýrir í innkaupum.

Tafla 1.26 Endurnýjun og viðhald ruslastampa síðustu ár

Ruslastampar, viðhald og endurnýjun	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi ruslastampa	stk	997	1.057	1.093	1.100	1.119	1.179
Árleg breyting	%		6,0%	3,4%	0,6%	1,7%	5,4%
Framlög							
51221 Ruslastampar viðhald og endurnýjun, verkefni verktaka	kr.			3.161.969	1.913.428	2.229.936	26.251
51222 Ruslastampar viðhald og endurnýjun, verkefni hverfastöðva	kr.			25.655.410	17.213.075	16.310.864	17.578.166
51223 Ruslastampar - Kaup á nýjum stömpum	kr.			5.300.708	1.065.482	561.150	434.864
Samtals	kr.			34.118.087	20.191.985	19.101.950	18.039.282
Árleg breyting	%				-40,8%	-5,4%	-5,6%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Ruslastampar þurfa að vera aðgengilegir, heilir og með pláss fyrir rusl. Einnig þarf útlit þeirra, þ.m.t. hreinlæti sjálfra stampanna og á svæðinu í kringum þá, að vera með þeim hætti að það hafi ekki neikvæð áhrif á notendur stampanna. Stampur skal vera við allar biðstöðvar strætisvagna og með mátulegu millibili á aðalstígakerfi borgarinnar.

b) Þjónustustig

Útbúa mætti einfalt flokkunarkerfi vegna ástands ruslastampa.

- A** Stampar nýir eða nýuppgerðir og umhverfi stampa snyrtilegt. Fjarlægð milli stampa nægjanleg og staðsetning rétt.
- B** Stampar í lagi en hafa látið á sjá (t.d. blettóttir) og þarfnast einfalds viðhalds (t.a.m. málunar). Fjarlægð milli stampa nægjanleg og staðsetning rétt.
- C** Stampar í löku meðallagi (læsing léleg, málun léleg, stampur beyglaður og ryðgaður) og þarfnast verulegs viðhalds. Fjarlægð milli stampa ekki nægjanleg eða staðsetning ekki rétt.
- D** Mjög lélegt ástand (stampur getur tekið við rusli en er útlitslega ónýtur og læsing léleg). Fjarlægð milli stampa ekki nægjanleg eða staðsetning ekki rétt.
- E** Stampar algjörlega ónothæfir.

c) Ástandsmat + skráning

Ruslastampar í Reykjavík og staðsetning þeirra var skráð inn í LUKR árin 2004 og 2005. Þar var skráð tegund festinga (staurhengdir o.s.frv.) og aldur skráðra upplýsinga. Hvorki ástand stampanna, tegund þeirra, stærð né aldur er skráð. Á árunum 2005-2008 var farið um öll hverfi borgarinnar og gerðar tillögur um staðsetningar á nýjum stömpum. Í þeirri vinnu komu í ljós nokkrar villur í skráningu stampa og var þeim leiðréttingum komið til LUKRsins. Eingöngu þeir stampar sem eru í umsjá G&E eru kortlagðir í Lukrinu, en þess utan eru í borginni stampar í umsjá Garðyrkjunnar, Orkuveitunnar, hafnarinnar og Skógræktarinnar (Heiðmörk).

Ástandsmat hefur verið í höndum þeirra sem tæma stampana, og hafa þeir haft samband við hverfastöðvar sem lagfæra eða skipta út stömpum eftir þörfum. Engin skráning er til fyrir þetta viðhald heldur hefur þekkingargrunnurinn byggst upp hjá einstökum starfsmönnum. Ekki er sérstök ástæða til að skrá ástand stampanna en skemmdarverk eru helsta ástæðan fyrir viðhaldi stampanna.

Skoða þarf með hvaða hætti lagt hefur verið mat á kostnað við lagfæringar, losun og viðhald stampa.

d) Áætlanagerð


Heildarfjöldi stampa árið 2011 er skv. LUKR alls 1179.

Viðhald og uppsetning stampa hefur verið í höndum hverfastöðvanna. Stampar eru lagfærðir (þvegnir, málaðir og festingar lagaðar) og ónýtum stömpum er skipt út. Gera þyrfti ráð fyrir að u.þ.b. 15% stampanna séu lagfærðir eða þeim skipt út árlega til þess að ástand þeirra sé viðunandi. Af þeim má gera ráð fyrir að hægt sé að lagfæra, mála eða gera við 2/3 hluta stampanna en að skipta þurfi út 1/3 hluta þeirra fyrir nýjan stamp.


Á síðustu árum hafa framlög til kaupa á nýjum stömpum verið lítil en kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar stampa verulegur. Ef rétt er skráð í verkþókhald er kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar stampa jafnhár árið 2011 og endurstofnverð allra stampanna. Þetta er nú í skoðun hjá G&E því kaup á nýjum stömpum til endurnýjunar skýrir ekki þennan háa kostnað því innkaup hafa verið óveruleg. Með því að hagræða í viðhaldi stampa mætti ná kostnaði verulega niður.

Gera þarf ráð fyrir að stömpum fjölgi áfram en þeir eru oft hátt á óskalistum íbúa um umbætur í þeirra hverfi auk þess sem reikna má með að á næstu árum verði bætt við stömpum við nýja bekkí á torgum, við göngustíga og svæðum í og við miðbæinn sem unnið er að því að glæða lífi.


Margir af grænu staurhengdu stömpunum eru orðnir lélegir og endurnýjun þeirra hefur verið hæg undanfarin ár. Reynslan af þeim er alla jafna góð en þar sem álag er meira hefur reynst vel að setja svarta stóra frístandandi stampa en þeir eru dýrir í innkaupum. Á næstu árum er reiknað með því að stömpum verði almennt haldið í lagi þó að margir þeirra muni áfram láta á sjá t.d. vera blettóttir eða þarfnast málunar. Gert er ráð fyrir að fjölgun stampa muni koma með fjárframlögum frá mannvirkjastofu eða í gegnum hverfapotta og fjölgunin verði að meðaltali um 2% á ári.



Mynd 1.30 Framlög til viðhalds og endurnýjunar ruslastampa



Mynd 1.31 Framlög til kaupa á nýjum stömpum




Mynd 1.32 Fjöldi ruslastampa og æskileg áætlun næstu 5 árin.

Tafla 1.27 Endurnýjun og viðhald ruslastampa næstu ár, æskileg framlög.

	Ruslastampar, viðhald og endurnýjun	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarfjöldi ruslastampa	stk		1.179	1.203	1.227	1.251	1.276	1.302	1.328
Árleg breyting	%		5,4%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Viðhald og endurn. - verktakar	stk		0	58	59	61	63	65	66
Árleg breyting	%				1,7%	3,4%	3,3%	3,2%	1,5%
Viðhald og endurn. - hverfastöðvar	stk		182	192	201	210	219	228	233
Árleg breyting	%			5,5%	4,7%	4,5%	4,3%	4,1%	2,2%
Kaup á ruslastömpum	stk		5	17	22	23	24	24	25
Árleg breyting	%			240%	29%	5%	4%	0%	4%
Framlög									
51221	Ruslastampar viðhald og endurnýjun, verkefni verktaka	kr.	26.000	1.455.000	1.501.000	1.547.000	1.595.000	1.644.000	1.677.000
51222	Ruslastampar viðhald og endurnýjun, verkefni hverfastöðva	kr.	17.578.000	18.569.000	19.403.000	20.262.000	21.148.000	22.061.000	22.502.000
51223	Ruslastampar - Kaup á nýjum stömpum	kr.	435.000	1.549.000	2.053.000	2.117.000	2.183.000	2.251.000	2.320.000
	Samtals	kr.	18.039.000	21.573.000	22.957.000	23.926.000	24.926.000	25.956.000	26.499.000
	Árleg breyting	%	-5,6%	19,6%	6,4%	4,2%	4,2%	4,1%	2,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.33 Framlög viðhalds og endurnýjunar ruslastampa og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Skoða þarf leiðir til þess að skráningu stampa í LUKR sé viðhaldið og upplýsingar berist þangað um nýja stampa frá hverfastöðvunum, þjónustumiðstöð og mannvirkjaskrifstofu. Leita þarf eftir samvinnu t.d. við garðyrkjudeild um að í LUKRið verði í framtíðinni skráðir allir stampar óháð því á hverra vegum þeir eru.

Með bættri skráningu á nýjum stömpum væri æskilegt að skrá aldur þeirra og síðar mætti nota þær upplýsingar til að meta aldur stampasafnsins. Skilgreina þarf líftíma og ástand þannig að ákveðið ástand jafngildi tilteknum fjölda ára þar til stampur er ónýtur.

1.4.3 Veggjakrot

51323 Hr. Veggjakrots. Þjónustumiðstöð

51325 Hr. Veggjakrots. - Gagnagrunnur þjónustuaðila

51326 Hrein Borg: Þrif krots á eignum í einkaeigu

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Reykjavíkurborg hefur unnið gegn skemmdarverkum af völdum veggjakrots í góðu samráði við íbúa, samtök þeirra og rekstraraðila². Markmiðið er að standa sameiginlega að hreinni borg, bættu viðhaldi og góðri umgengni. Mikilvægur þáttur í þessum áformum er hreinsun á kroti og/eða máluðum myndtáknnum af völdum skemmdarvarga í borginni.

Verkið felur í sér hreinsun á veggjakroti á vegum þjónustumiðstöðvarinnar, uppfærslu á gagnagrunni þjónustuaðila um veggjakrot og þrif krots á eignum í einkaeigu. Verkefnið telst hluti af viðhaldi á eignum borgarinnar.

Árið 2008 var umfang veggjakrots í borginni orðið gríðarlegt og íbúar kölluðu eftir markvissum aðgerðum borgaryfirvalda. Til að mæta þessum óskum var farið út í átak undir yfirskriftinni „Hrein borg“ til að stemma stigu við veggjakroti.

Kostnaðurinn við hreinsun veggjakrots á árinu 2008 var rúmlega 150 milljónir, sem skiptist þannig að 50 milljónir fóru í sérstakt átak við hreinsun miðborgarinnar og opinna svæða, 82

² Upplýsingar af heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um veggjakrot. Sjá http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3546/5704_view-960/

milljónir fóru í að hreinsa götugögn og umferðarmannvirki og 24 milljónir fóru í hreinsun veggjakrots af fasteignum borgarinnar. Sambærilegar kostnaðartölur frá árinu 2007 voru 99 milljónir en þá var ekki farið í sérstakt átak. Þessi kostnaður er hluti Reykjavíkurborgar einnar en tengdar stofnanir hafa einnig lagt sitt af mörkum og má þar nefna Orkuveituna, Strætó b.s. og Faxaflóahafnir og því er ljóst að heildarkostnaður við hreinsun veggjakrots í borginni er hærrí. Ótalin er allur sá kostnaður sem verður vegna tjóns sem íbúar og rekstraraðilar í Reykjavík verða fyrir af völdum veggjakrots.

Tafla 1.28 Hreinsun veggjakrots síðustu ár.

Veggjakrot	Ein.	2008	2009	2010	2011	
Framlög						
51323	Hr. veggjakrots þjónustumst.	kr.	31.183.076	12.119.561	32.368.086	3.143.756
51325	Hr. veggjakrots - Gagnagr. þjónustuaðila	kr.	26.993.945	11.366.601	5.399.374	171.610
51326	Hrein borg: Þrif á eignum í einkaeigu	kr.	91.848.811	7.660.110	3.111.847	5.906.595
	Samtals	kr.	150.025.832	31.146.273	40.879.307	9.221.961
	Árleg breyting	%		-79,2%	31,2%	-77,4%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Miðborg Reykjavíkur gegnir sérstöku hlutverki vegna þess hve hún er vinsæl hjá innlendum sem erlendum ferðamönnum. Sérstaða miðborgarinnar gerir kröfur til borgaryfirvalda um að tryggja með markvissum hætti góða umgengni í miðborginni og að henni sé ávallt vel við haldið. Reykjavíkurborg hefur sett sér það markmið að halda miðborginni hreinni og lausri við veggjakrot.

Á öðrum svæðum er markmiðið að viðhalda þeim árangri sem náðist eftir átakið 2008 þannig að umfang krots fari ekki vaxandi og með aðgerðum sé unnið á móti því að umfangið fari úr böndunum.

b) Þjónustustig

Ekki hafa verið skilgreind þjónustustig fyrir veggjakrot en skilgreind hafa verið svæði sem Framkvæmda- og eignasvið leggur áherslu á að halda lausum við veggjakrot.

- fasteignir borgarinnar, þ.á m. grunn- og leikskólar
- ýmis mannvirki á opnum svæðum í alfaraleið
- umferðarmannvirki, þ. á m. undirgöng, umferðarbrýr og hljóðmanir
- útilistaverk á opnum svæðum og á lóðum stofnana borgarinnar
- leiktæki, utanhúss við leikskóla, á gæsluvöllum og opnum leiksvæðum í eigu borgarinnar
- götugögn, en það eru bekkir, ruslastampar, ljósastaurar, stöðumælur og umferðarskilti

Starfsmenn fasteigna borgarinnar sjá um að halda mannvirkjunum lausum við veggjakrot og þar á hreinsun að eiga sér stað innan fárra daga. Sama á við um ýmis mannvirki á opnum svæðum í alfaraleið og umferðarmannvirkjum en lengra getur liðið þar til hreinsun á sér stað á öðrum svæðum.

c) Ástandsmat + skráning

Hluti af átaksverkefninu „Hrein borg“ var að varpa ljósi á umfang veggjakrots í Reykjavík var það skráð og myndað með skipulögðum hætti. Sú vinna stóð frá maí til október 2008 og er það í fyrsta skipti sem veggjakrot hefur verið kortlagt með heildstæðum hætti í allri Reykjavík. Niðurstaðan var sláandi, eða 42 þúsund fermetrar af veggjakroti, eins og sjá má í töflunni hér að neðan.

Tafla 1.29 Fjöldi viðfanga, skráning veggjakrots maí – okt. 2008

Heildarflötur veggjakrots í RVK	42.000 m ²
Heildarfjöldi staða/viðfanga í RVK	25.000 stk
Heildarflötur veggjakrots í miðborgarsvæði RVK	14.000 m ² (34% af kroti í RVK)
Heildarfjöldi staða/viðfanga í RVK í miðborgarsvæði RVK	5.273 stk

Skráningu á veggjakroti hefur ekki verið viðhaldið frá því í áttáttu.

Hægt er að senda ábendingar um veggjakrot á fer@reykjavik.is og fer ábendingin til afgreiðslu hjá umsjónarmanni vegna veggjakrots hjá skrifstofu gatna- og eignaumsýslu.

d) Áætlanagerð

Við hreinsun veggjakrots á næstu árum er markmiðið að halda miðborginni hreinni og öðrum svæðum þannig að veggjakrot aukist ekki umtalsvert frá því sem nú er.

Vísbendingar eru um að veggjakrot hafi aukist aftur eftir að áttáttu 2008 lauk en það er þó langt frá því að vera eins mikið og var. Aðstoð borgarinnar við að hreinsa vegg í einkaeigu hefur til dæmis oft orðið til þess að eigendur hafa eftir það séð um að halda eignum sínum hreinum. Heildarkostnaður borgarinnar vegna veggjakrots með framlagi þeirra sem vinna við fasteignir borgarinnar og vegna átaksverkefna hefur verið umtalsverður undanfarin ár. Þennan kostnað má sjá í eftirfarandi töflu en það skal tekið fram að þessi kostnaður fellur ekki allur á gatna- og eignaumsýslu.

Tafla 1.30 Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna hreinsunar veggjakrots (Mkr).

Kostnaður vegna aðgerða gegn veggjakroti:	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinsun umferðarmannvirkja og yfirborðsflata við opin svæði (girðingar, leiktæki, veggir o.fl.)	68	81	36	25	14
Átaksverkefni („Hrein borg“ og fleira)		50	0	16	0
Fasteignir í eigu borgarinnar	31	28	18	14	12
Samtals:	99	159	54	55	26

Framlög gatna- og eignaumsýslu hafa lækkað mjög undanfarin ár. Ef veggjakrot er látið óáreitt þá breiðist það út. Mikilvægur þáttur í áherslum Reykjavíkurborgar er að efla umhverfisvitund og hvetja fasteignaeigendur til að halda sem best við sínum eignum og umhverfi. Reykjavíkurborg hefur átt gott samstarf við eigendur húsnæðis í miðborginni og hefur frumkvæði borgarinnar almennt verið tekið mjög vel af fasteignaeigendum og þeir sýnt í verki vilja sinn til að viðhalda og fegra eignir sínar. Átaksverkefni í samráði við íbúa og fasteignaeigendur sem hvetur til þátttöku þeirra eru best til þess fallin að skila árangri til lengri tíma litið, auk samvinnu við lögreglu þegar krotarar nást.


Áætlanir gera ráð fyrir því að áfram verði unnið að hreinsun veggjakrots og reglulega verði farið í átaksverkefni sem byggja á hreinsun, fræðslu og samráði við íbúa og fasteignaeigendur.

Hér er miðað við að framlög til hreinsunar veggjakrots aukist ár frá ári til 2015. Ákvörðunum um sérstök hreinsunaráttök, til dæmis í miðborg fylgi sérstök fjárveiting.

Tafla 1.31 Hreinsun veggjakrots næstu ár, æskileg framlög.

Veggjakrot	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög								
51323 Hr. veggjakrots þjónustumst.	kr.	3.143.756	9.915.000	13.220.000	14.873.000	16.525.000	16.525.000	16.525.135
51325 Hr. veggjakrots – Gagnagrunnur þjónustuaðila	kr.	171.610	172.000	172.000	172.000	172.000	172.000	171.717
51326 Hrein borg: Þrif á eignum í einkaeigu	kr.	5.906.595	5.904.000	5.904.000	5.903.000	5.904.000	5.904.000	5.903.513
Samtals	kr.	9.221.961	15.991.000	19.296.000	20.948.000	22.601.000	22.600.000	22.600.365
Árleg breyting	%		73,39%	20,67%	8,56%	7,89%	0,00%	0,00%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.34** Framlög G&E til hreinsunar veggjakrots og æskileg framlög næstu 5 ár.**e) Þróun**

Leggja þarf áherslu á fræðslu, forvarnir og samvinnu við íbúa og fasteignaeigendur um mikilvægi þess að vinna með borginni að hreinni borg.

Áætlanir miði við að veggjakrot sé ekki umborið og umfang þess vaxi ekki svo að verulegt lýti sé að.

1.4.4 Viðgerðir á sjávarsíðu

51261 Viðgerðir á sjávarsíðu eftir óveður

Ábyrgð: Efla- BK

Almenn lýsing

Ekki er skilgreint nákvæmlega í hvað þeir fjármunir sem hérna eru fara í á hverju ári en hérna er eingöngu um að ræða lagfæringum og viðhald á svæðum við sjávarsíðuna sem verða fyrir skemmdum vegna ágangs sjávar og óveðurs. Er þetta t.d. lagfæring á grjótvörn og lagfæring á skemmdum á malbiki í stígum við sjávarsíðuna.

Ekki er hérna um að ræða reglulegt viðhald heldur eingöngu viðhald og lagfæringar vegna ágangs sjávar sem verður vegna óveðurs. Ekki er til áætluð þörf á ári í þennan verklið en á síðustu 4 árum hefur kostnaðurinn verið mjög breytilegur.

Umfang þeirra viðgerða sem hafa átt sér stað á síðustu árum er ekki þekkt.

Tafla 1.32 Viðgerðir á sjávarsíður síðustu ár.

	Viðgerðir á sjávarsíðu	Ein.	2008	2009	2010	2011
	Heildar lengd sjávarsíðu	km	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar	Gögn vantar
Framlög						
51261	Viðgerðir á sjávarsíðu	kr.	1.059.529	4.520	0	0
	Árleg breyting	%		-99,6%	-100,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Þjónustumarkmið er að lagfæra alltaf það sem skemmist vegna óveðurs. Á það við bæði um grjótvörnina og sjávarsíðuna sjálfa en einnig þau svæði sem næst eru.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki er til skilgreint þjónustustig fyrir þennan verklið. Gera má ráð fyrir að eingöngu sé um að ræða að hafa þjónustu stig A – sem gæti verið:

A Engar skemmdir á grjótvörn né svæðum við sjávarsíðuna

E Skemmdir eftir óveður.

c) Ástandsmat + skráning

Hverfastöðvar fylgjast með og kanna með skemmdir á sjávarsíðunni, sérstaklega yfir vetrarmánuðina þegar meiri hætta er á skemmdum. Á síðustu árum hefur verið farið í fyrirbyggjandi aðgerðir með styrkingu grjótvargarða sem hafa verið fjármagnaðar af nýframkvæmdafé en ekki af viðhaldsfé.

d) Áætlanagerð


Erfitt er að áætla þörf fyrir fjárframlög í þennan verklið þar sem hann er fyrir tilfallandi viðhald og endurnýjun. Á síðustu árum hefur fjárþörfin verið mismikil frá því að vera engin upp í 1 milljón kr. Fyrir árið 2012 er ráðgerður kostnaður 100.000 kr. og er miðað við þá áfram næstu 5 árin.

Tafla 1.33 Viðgerðir á sjávarsíður næstu ár, æskileg framlög.

	Viðgerðir á sjávarsíðu	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
	Heildar lengd sjávarsíðu	km							
	Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög									
51261	Viðgerðir á sjávarsíðu	kr.	0	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
	Árleg breyting	%			0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.35 Framlög til viðgerða á sjávarsíðu og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Ekki er til ástandamat og því ekki hægt að segja neitt til um hvort um sé að ræða einhverja uppsafnaða viðhaldsþörf.

1.5 Vetrarþjónusta

1.5.1 Hitakerfi /snjóbræðslur

51841 Hitakerfi

Ábyrgð: Verkís- HB/AÆ

Almenn lýsing

Hitakerfi³ eru lögð í valdar götur og gönguleiðir þar sem ástæða þykir til, t.d. víða í miðborginni á götur og gönguleiðir. Þá eru einstaka brattar götur og stígar í öðrum hverfum borgarinnar með hitakerfi.

Öll kerfin eru með sjálfvirk stjórnkerfi en þau eru mis fullkomin. Í stærri kerfunum eru sérhönnuð stjórnkerfi sem skynja ástand yfirborðs, yfirborðshita, raka o.þ.h. Alla jafna eru þessi stóru kerfi tengd stjórn- og vaktkerfi sem FER á og rekur.

Þrátt fyrir fullkomnar stýringar þurfa öll þessi kerfi reglulegt eftirlit og skoðun, bæði í upphafi og í lok hvers vetrar auk þess sem reglulega er farið milli kerfanna og viðhaldi sinnt ef ástæða þykir til.

Hitakerfi í götum og stígum eru um 227.000 m² (2011) og þar af sér borgin um rekstur á um 175.000 m². Aðrar snjóbræðslur eru á vegum húseigenda sem hafa lagt í gangstéttar fyrir framan hús sín og sjá sjálfir um að reka. Af þessum 175.000 m² eru rúmir 6.000 m² í og við þjóðvegi og rúmum 20.000 m² hafa ekki verið tengdir. Það eru því um 149.000 m² af hitakerfum í rekstri á vegum Reykjavíkurborgar.

Tafla 1.34 Endurnýjun hitakerfa og viðhald síðustu ár

Hitakerfi	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarflatarmál, tengt	m ²	137.713	138.063	147.833	147.833	148.383	148.383
Árleg breyting	%		0,3%	7,1%	0,0%	0,4%	0,0%
Framlög							
51841 Hitakerfi	kr.			25.466.247	40.172.467	16.303.144	27.946.596
Samtals	kr.			25.466.247	40.172.467	16.303.144	27.946.596
Árleg breyting	%				57,7%	-59,4%	71,4%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

³ Hitakerfi = snjóbræðslukerfi.

a) Þjónustumarkmið

Markmið með lagningu og rekstri hitakerfa í götum og stígum er að auka öryggi vegfarenda með því að koma í veg fyrir hálkumyndun við meðal vetraraðstæður. Í miklu fannfergi er miðað við að kerfi hreinsi yfirborð af snjó og klaka á hálfum til einum degi. Við erfiðustu vetraraðstæður anna hitakerfin ekki álaginu og þarf því að koma til aðstoð við snjóruðning frá þar til gerðum tækjum.

b) Skilgreina þjónustustig

Þjónustustig hitakerfa miðast við að hitakerfin séu alltaf í lagi þannig að virkni þeirra sé tryggð.

A Hitakerfi eru í góðu lagi og virkni þeirra tryggð.

C Hluti hitakerfanna er bilaður eða óvirkur og þörf á endurnýjun og viðhaldi.


E Meiri hluti hitakerfa er bilaður eða óvirkur og uppsafnaður vandi í endurnýjun og viðhaldi.

c) Ástandsmat + skráning

Umsjónarmaður snjóbræðslukerfa sér um að fylgjast með ástand þeirra. Skráð er í gagnagrunn og/eða sett inn á teikningar.

d) Áætlanagerð

Mynd 1.36 sýnir aldur þeirra snjóbræðslukerfa sem borgin sér um rekstur og viðhald á.



Mynd 1.36 Aldur hitakerfa.



Á næstu árum er áformað að leggja nýja göngu- og hjólastíga og í þeim verða að hluta ný snjóbræðslukerfi. Einnig er verið að hanna göngu- og hjólastíg frá Hlemmi og að Elliðaám og verður kaflinn frá Hlemmi að Hátúni upphitaður (3500 m²).

Í kring um 2000 var mikill áhugi á snjóbræðslu, starfshópur vann að stefnumörkun og næstu ár þar á eftir var töluvert lagt af nýjum kerfum. Þá voru til dæmis áform um að setja snjóbræðslu í fleiri götur í Fossvogi. Eftir 2006 hafa nýlagnir hitakerfa hins vegar að mestu fylgt endurnýjun gatna, uppbyggingu í nýjum hverfum eða einstökum verkefnum eins og byggingu Hörpunnar. Ekki er fylgt sérstakri stefnumörkun heldur eru ákvarðanir teknar fyrir hvert tilfalli samhliða endurnýjun gatna/göngustíga. Farið er í endurnýjun og viðhald vegna bilana og samhliða öðrum viðgerðum. Hér fyrir neðan er áætlun um aukningu hitakerfa í fermetrum og áætlun um framlög vegna þeirra næstu ár. Framlög til hitakerfa eru vegna eftirlits og tilfallandi viðhalds.

Tafla 1.35 Endurnýjun hitakerfa og viðhald næstu ár, æskileg framlög.

Hitakerfi	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarflatarmá l, tengt	m ²	148.383	156.298	157.861	159.440	161.034	162.645	164.271
Árlegur vöxtur hitakerfis	%	0,0%	5,3%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Framlög								
51841 Hitakerfi	kr.	27.947.000	29.422.000	29.716.000	30.013.000	30.314.000	30.617.000	30.923.000
Samtals	kr.	27.947.000	29.422.000	29.716.000	30.013.000	30.314.000	30.617.000	30.923.000
Árleg breyting	%	71,4%	5,3%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.37** Stærð hitakerfis í umsjá Reykjavíkurborgar og áætlun um stækkun næstu 5 ár.**Mynd 1.38** Framlög til hitakerfa og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað viðhald

Í Úlfarsárdal og í nýjum hverfum er snjóbræðslukerfi sem eru í byggingu og á eftir að ljúka við. Þau verða ekki kláruð fyrr en íbúum fjölgar á þessum svæðum og kemur fjármagn í það frá Mannvirkjastofu.

Við hönnun kerfanna er miðað við að þau endist í 50 ár þannig að miðað við aldur þeirra eru þau ekki komin á tíma.

1.6 Yfirborðsmerkingar gatna

1.6.1 Málun yfirborðsmerkinga

52101	Gatnamálun - Verkefni verktaka
52102	Gatnamálun - Verkefni Þjónustum.st.
52121	Bílastæðamálun - Verkefni verktaka

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Verkið felur í sér málun yfirborðsmerkinga í Reykjavík. Um er að ræða massaðar eða sprautumassaðar akreinalínur og massaðar stakar merkingar m.a. stöðvunarlínur, gangbrautir, bannsvæði, örvar, hjólavísa, hjólreiða- og göngutákn. Verkið felur einnig í sér bílastæðalínur, sem eru málaðar. Yfirborðsmerkingar gatna eru boðnar út og eru því unnar af verktaka.

Tafla 1.36 Málun yfirborðsmerkinga árin 2006 – 2011.

Verkþáttur: Yfirborðsmerkingar	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarmagn merkinga	m ²						8.672
Heildarmagn merkinga	m						231.204
Heildarmagn merkinga	stk						-
Árleg breyting	%						
Endurnýjaðar y.b.merkingar*	m ²		8.221	8.226	8.791	8.583	6.690
Endurnýjaðar y.b.merkingar*	m		159.375	113.137	137.115	135.478	104.372
Endurnýjaðar y.b.merkingar*	stk.		5.163	5.252	5.690	5.972	2.026
Árleg breyting	%			-9,1%	12,1%	0,5%	-37,0%*
Framlög							
52101 Gatnamálun - Verkefni verktaka	kr.			77.934.780	56.585.379	57.601.821	28.546.873
52102 Gatnamálun - Verkefni Þjónustum.st.	kr.			5.983.717	3.856.506	3.673.729	2.874.131
52121 Bílastæðamálun - Verkefni verktaka	kr.			2.074.611		155.188	66.853
52122 Bílastæðamálun - Verkefni Þjónustum.st.	kr.				134.086	276.885	111.975
Samtals	kr.			85.993.108	60.575.970	61.707.623	31.599.832
Árleg breyting	%				-30%	2%	-49%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

*Í magntölum fyrir árin til og með 2011 eru einnig merkingar sem framkvæmdar voru fyrir vegi Vegagerðarinnar innan borgarmarka. Kostnaðartölur í töflunum eru þó eingöngu fyrir borgargötur.

a) Þjónustumarkmið

Allar yfirborðsmerkingar skulu vera sýnilegar og samkvæmt handbók um yfirborðsmerkingar og notkun þeirra.

b) Þjónustustig

Efni skal vera í samræmi við við kröfur Evrópustaðals fyrir eiginleika vegmerkingarefna ÍST EN1871:2000.

Þjónustustig miðast við árlega endurnýjun merkinga.

- A Yfirborðsmerkingar sem eru a.m.k. 1,5 mm að þykkt eru ekki endurnýjaðar. Massi er notaður í allar merkingar.
- B Yfirborðsmerkingar sem eru a.m.k. 1,5 mm að þykkt eru ekki endurnýjaðar. Sprautumössun er aðeins notuð til að gera kantlínur.
- C Akreinalínur á stofnbrautum, umferðarljósamerkingar, örvar, sebrar og biðskylduþríhyrningar eru massaðir. Sprautumössun er notuð á akreinalínur í húsagötum, kantlínur, bannsvæði og hindrunarlínur. Yfirborðsmerkingar sem eru a.m.k. 1,5 mm að þykkt eru ekki endurnýjaðar. Ýmsum stökum merkingum eins og hjóltreiddatáknum, göngutáknum og 30 km merkjum er fækkað.
- D Akreinalínur á stofnbrautum, umferðarljósamerkingar, örvar, sebrar og biðskylduþríhyrningar eru massaðir. Málning er notuð á akreinalínur í húsagötum, kantlínur, bannsvæði og hindrunarlínur. Yfirborðsmerkingar sem eru a.m.k. 1,5 mm að þykkt eru ekki endurnýjaðar. Ýmsum stökum merkingum eins og hjóltreiddatáknum, göngutáknum og 30 km merkjum er fækkað.
- E Allar yfirborðsmerkingar eru málaðar. Ýmsum stökum merkingum eins og hjóltreiddatáknum, göngutáknum og 30 km merkjum er sleppt.

c) Ástandsmat og skráning

Ástandsskoðun: Yfirborðsmerkingar hvers árs eru skráðar í götalista. Farið er yfir hluta merkinga að vori til að kanna ástand eftir veturinn. Ástand annarra merkinga er skoðað og verkefnum forgangsrað út frá þeirri skoðun.

Skráning: Framkvæmdir hvers dags eru skráðar í dagskýrslur. Yfirlit um nýjar merkingar er skráð í LUKR og gert aðgengilegt í borgarvefsjá.

d) Áætlanagerð

Framkvæmdir við yfirborðsmerkingar eru í ágætu lagi, notuð eru viðurkennd tæki, sambærileg við það sem tíðkast í öðrum löndum og bestu fánlegu efni.

Gerð hefur verið áætlun út frá reynslu fyrri ára og fjárveitingum hvers árs. Notast er við dagskýrslur eftirlits frá fyrri árum. Greitt er fyrir m, m², eða stk. af mössun, sprautumössun eða málningu. Heildarverð hækkar ef þjónustustig hækkar. Við lægra þjónustustig er í auknum mæli notast við sprautumössun eða málningu sem eru ódýrari kostir en mössun og með styttri endingatíma.

Unnið hefur verið skv. þjónustustigi B síðustu ár og gert er ráð fyrir að því verði haldið áfram næstu ár enda hefur það gefið góða raun. Ástand yfirborðsmerkinga hefur áhrif á umferðaröryggi og því er ekki ráðlegt að skera mikið niður í þessum lið. Árin 2008 til 2010 voru framlög sæmileg og ekki mikið skorið niður og því er ekki talið að um uppsafnaða þörf sé að ræða heldur sé ástand yfirborðsmerkinga gott. Árið 2011 ber þess merki þar sem kostnaður var ekki mikill það ár.

Ef heildarmagn yfirborðsmerkinga, meðalendingartími og einingarverð frá útboðum eru skoðuð má áætla að kostnaður á hverju ári við endurnýjun yfirborðsmerkinga væri á bilinu 45 – 50 Mkr. Þá er reiknað með að meðalendingartími merkinga sé 2,5 til 10 ár, eftir flokkum, þannig sé t.d. meðalendingartími biðskylduþríhyrninga og 30 km merkja 2,5 ár, hjólamerkja 4 ár og hindrunarlína 10 ár.

Gert er ráð fyrir 0,1% vexti gatnakerfisins næstu ár og 2,0% vexti göngu- og hjólastíga. Því er reiknað með að vöxtur í bílastæðamerkingum verði 0,1% næstu ár. Miðað við hlutfall gatna og göngustíga er áætlaður vöxtur þeirra samanlagt áætlaður 0,8%. Því er áætlað að vöxtur heildarmagns yfirborðsmerkinga (annarra en bílastæðamerkinga) verði 0,8% næstu ár.


Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir yfirborðsmerkingar 32 Mkr. Spá fyrir árið 2012 er 48 Mkr.

Tafla 1.37 Málun yfirborðsmerkinga árin 2012 – 2017, æskileg framlög.

Yfirborðsmerkingar	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarmagn merkinga	m ²	8.672	6.625	6.678	6.732	6.786	6.840	6.895
Heildarmagn merkinga	m	231.204	175.965	177.372	178.791	180.222	181.663	183.117
Heildarmagn merkinga	stk		7.506	7.566	7.627	7.688	7.749	7.811
Árleg breyting	%			0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%
Endurnýjaðar y.b.merkingar	m ²	6.690	5.500	5.544	5.588	5.633	5.678	5.724
Endurnýjaðar y.b.merkingar	m	104.372	64.400	64.915	65.435	65.958	66.486	67.018
Endurnýjaðar y.b.merkingar	stk.	2.026	4.320	4.320	4.320	4.320	4.320	4.320
Árleg breyting	%	-37%	19%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%
Framlög								
52101 Gatnamálun - Verkefni verktaka	kr.	28.546.873	43.000.000	43.344.000	43.691.000	44.041.000	44.393.000	44.748.000
52102 Gatnamálun - Verkefni Þjónustum.st.	kr.	2.874.131	3.000.000	3.024.000	3.048.000	3.072.000	3.097.000	3.122.000
52121 Bílastæðamálun - Verkefni verktaka	kr.	66.853	2.000.000	2.002.000	2.004.000	2.006.000	2.008.000	2.010.000
52122 Bílastæðamálun - Verkefni Þjónustum.st.	kr.	111.975	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Samtals	kr.	31.599.832	48.100.000	48.470.000	48.843.000	49.219.000	49.598.000	49.980.000
Árleg breyting	%	-49%	52,2%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.39** Framlög á síðustu árum til yfirborðsmerkinga og æskileg framlög á næstu árum.**e) Þróun**

Auknar kröfur um endurnýjun merkinga og hærra þjónustustig, þ.e. meira málað á hverju ári og merkingar greinilegri, jafnt á stofnbrautum, húsagötum og gönguleiðum. Einnig eru auknar kröfur um að fræsa niður merkingar sem orðnar eru of þykkar eða þar sem breytingar hafa verið gerðar.

1.7 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.

1.7.1 Umferðarljós og hraðamyndavélar

52301	Umferðarljós
52304	Umferðar og gangbrautarljós - Peruskípti
52321	Hraða- og rauðljósamyndavélar
52361	Hraðamælar og umferðargreinar

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Fjöldi gatnamóta með umferðarljósum í Reykjavík eru 152, þar af eru 119 gatnamótaljós og 33 gönguljós. Af þeim eru 58 umferðarljós og 33 gönguljós í rekstri gatna- og eignasviðs. Önnur eru í rekstri Vegagerðarinnar. Gatna- og eignasvið sér um öll umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu og rúkkar víðeigandi aðila um þá þjónustu. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppsetningu nýrrar umferðarljósatölvu fyrir öll umferðarljós í Reykjavík.

Hraða- og rauðljósamyndavélar eru staðsettar á 7 gatnamótum en á öllum gatnamótunum nema einum mætast borgargata og þjóðvegur. Á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar mætast tveir þjóðvegir. Staðsetning rauðljósamyndavéla er á eftirfarandi gatnamótum:

1. Laugavegur, Suðurlandsbraut og Kringlumýrarbraut
2. Kringlumýrarbraut, Miklubraut.
3. Breiðholtsbraut, Stekkjabakki
4. Bústaðavegur, Flugvallarvegur
5. Miklubraut, Grensásvegur
6. Njarðargata, Hringbraut
7. Langholtsvegur, Sæbraut

Hraðamælar sem sýna vegfarendum hraðann sem þeir aka á hafa verið settir upp víða í hverfum borgarinnar sem hluti af hraðalækkandi aðgerðum. Á flestum stöðum er hraðamælt í báðar akstursáttir þ.e. í Hamrahlíð, Háaleitisbraut norður og suður, Réttarholtsvegur, Neshaga og Skeiðarvogi en á Langholtsvegi og Álfheimum er hraðamælt í aðra áttina, alls tveir mælar. Samtals eru þetta 14 mælar á borgargötum.

Sjálfvirkir umferðargreinar eru á fjórum stöðum í borginni; á Sæbraut, Kringlumýrarbraut, Ártúnsbrekku og Miklubraut. Þeir telja fjölda bíla sem fara um göturnar og mæla einnig hraða þeirra. Mælarnir eru sí tengdir og senda sjálfkrafa upplýsingar sem eru öllum aðgengilegar á vefsíðu umferðargreinanna.⁴ Fram til 2007 var einnig notast við teljara sem voru tengdir við lykklur sem höfðu verið sagaðar í götur en árið 2007 varð þessi búnaður ónothæfur og hefur verið handtalið á þessum stöðum eftir það.

Engin kostnaður er skráður vegna peruskípta í umferðar og gangbrautarljósum 2011.

Hér fyrir neðan má sjá kostnað við umferðarljós frá 2008-2011 (rauntölur) og æskileg framlög til 2017. Í áætlunum fyrir 2012-2017 er tekin út kostnaður vegna umferðarljósa við þjóðvegi sem Reykjavíkurborg hefur sinnt til þessa, en fengið greitt fyrir frá Vegagerðinni.

⁴ Sjá <http://aevdata.com/umferd/Umferd.htm>

Tafla 1.38 Endurnýjun umferða og gangbrautarljósa og viðhald síðustu ár

	Umferðarljós og hraðamyndavélar	Ein.	2008	2009	2010	2011
	Umferðarljós - gatnamót og gönguljós	stk				91
	Framlög					
52301	Umferðarljós	kr.	29.863.223	27.030.223	28.996.441	33.071.436
52304	Umferðar- og gangbr.ljós - peruskipti	kr.	3.712.100	328.866	28.919	-
52321	Hraða- og rauðljósamyndavélar	kr.	575.824	522.479	56.245	192.256
52361	Hraðamælar og umferðargreinar	kr.	2.236.603	3.000.707	1.266.457	2.449.685
	Samtals	kr.	36.387.750	30.882.274	30.348.061	35.713.377
	Árleg breyting	%		-15,1%	-1,7%	17,7%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Umferðarljós skulu ávallt vera í lagi (stjórnbúnaður, stólpar, hnappar og perur).

Markmiðið er að hraða og rauðljósamyndavélar, hraðamælar og umferðargreinar séu ávallt í lagi.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Ekki eru sett fram þjónustustig vegna umferðarljósa þar sem um er að ræða mikilvægan öryggisbúnað sem þarf að vera í lagi. Æskilegt er að rauðljósamyndavélum, umferðargreinum, hraðamyndavélum og hraðamælum sé vel við haldið. Lýsa mætti þeim verkefnum sem sinna þarf eftirfarandi hátt:

Skipta þarf reglulega um perur í umferðarljósum (u.þ.b. einu sinni á ári, sjaldnar fyrir díóðuperur). Áætlun byggist á skráningu á peruskiptum og áætluðum endingartíma peranna.

Skipta þarf um perur sem bila um leið og tilkynning um slíkt berst.

Lagfæra þarf eða skipta út búnaði (stjórnbúnaður, stólpar, ljós, gler, hnappabox) sem bilar eða skemmist (t.d. við árekstur) um leið og tilkynning um slíkt berst.

Lagfæra þarf hraða- og rauðljósamyndavélar, hraðamæla og umferðargreina um leið og vart verður við bilun eins fljótt og kostur er.

c) Ástandsmat + skráning

Fjöldi umferðarljósagatnamóta og gangbrautarljósa, sem og fjöldi umferðarljósastólpa er kortlagður í LUKR. Engar upplýsingar eru skráðar í LUKR um gerð stjórnbúnaðar aldur ljósa eða annars búnaðar eða ástand. Stýrikerfi umferðarljósa vaktar bilanir í ljósum.

Hraða- og rauðljósabúnaður er í umsjón lögreglunnar sem sér um að færa stafrænar myndavélar á milli kassa á gatnamótum og úrvinnslu gagna frá myndavélum. Úrvinnslan fer fram hjá embætti sýslumanns í Stykkishólmi.

Lesið er úr gögnum frá hraðamælum og umferðargreinum hjá umhverfis- og samgöngusviði.

d) Áætlanagerð

Umferðarljós í Reykjavík eru 152, þar af eru 119 gatnamótaljós og 33 gönguljós. Kostnaðurinn skiptist í stórum dráttum í orkunotkun, kostnað við nýjar perur og peruskipti, og annan rekstur og viðhald (t.d. þrif á gleri, lagfæringar, eftirlit og rekstur verkstæðis).

Gera má ráð fyrir að kostnaður við umferðarljós verði svipaður á næstu árum og fyrri ár með smávegis aukningu vegna fjölgunar umferðarljósa. Umferðarljósum hefur verið vel viðhaldið og því ekki fyrirsjáanlegt að kostnaður vegna viðhalds þeirra muni aukast á næstu árum. Nokkur kostnaður hefur verið undanfarin ár vegna endurnýjunar umferðartölvu. Við endurnýjun umferðarljósa eru settir hausar með díóðuljósum sem eru mun ódýrari í rekstri.

Af 119 gatnamótaljósum eru 61 við þjóðvegi og er hlutdeild þjóðveganna því rúmlega 50%. Fjöldi umferðarljósa á þjóðvegum mun að líkindum standa í stað á næstu árum en samkomulag hefur verið gert milli ríkis og borgar um að fresta gerð mislægra gatnamóta. Samhliða uppbyggingu nýrra hverfa getur umferðarljósum á borgargötum fjölgað en ekki er áætluð uppbygging af því tagi næstu ár.

Vegagerðin hefur með vísan í vegalög nr. 80/2007 haft áform um að færa nokkra þjóðvegi í Reykjavík út af þjóðvegaskrá. Ætlunin var að þessir þjóðvegir flyttust yfir í veghald viðkomandi sveitarfélaga en í fæstum tilvikum hefur náðst samkomulag um það. Ef áform Vg ganga eftir munu 12 gatnamót með umferðarljósum færast yfir á ábyrgð Reykjavíkurborgar.

Vegagerðin hefur, með vísan í vegalög, ekki tekið þátt í rekstrarkostnaði vegna gangbrautarljósa, en af 33 gangbrautarljósum eru 6 við þjóðvegi.

Kostnaður við umferðar- og gangbrautarljós hefur farið vaxandi undanfarin ár.


Í magntölum fyrir 2012 hafa verið tekin út þau umferðarljós/gönguljós sem eru við þjóðvegi Vegagerðarinnar. Hér á eftir má sjá áætlun fyrir fjölda umferðarljósa til 2017 og æskileg framlög fyrir sama tíma.

Tafla 1.39 Endurnýjun umferðar og gangbrautarljósa og viðhald næstu ár, æskileg framlög.

Umferðarljós og hraðamyndavélar	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Umferðarljós - gatnamót og gönguljós	stk	90	91	92	93	94	94	96
Árleg breyting	%		-1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	0,0%	2,1%
Framlög								
52301 Umferðarljós	kr.	33.071.000	33.381.000	33.632.000	33.886.000	34.142.000	34.401.000	34.663.000
52304 Umferðar- og gangbr.ljós - peruskípti	kr.	0	2.244.000	2.261.000	2.278.000	2.295.000	2.312.000	2.330.000
52321 Hraða- og rauðljósamyndavélar	kr.	192.000	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000
52361 Hraðamælar og umferðargreinar	kr.	2.450.000	2.448.000	2.448.000	2.448.000	2.448.000	2.448.000	2.448.000
Samtals	kr.	35.713.000	38.473.000	38.741.000	39.012.000	39.285.000	39.561.000	39.841.000
Árleg breyting	%	17,7%	7,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

* Fjöldi umferðar- og gangbrautar í eigu Reykjavíkurborgar og Vegagerðar 2011 en 2012 hafa ljós í eigu Vegagerðarinnar verið tekin út og áætlanir miða við það. Þess vegna fækkar ljósunum í 91. Borgin hefur rukkað Vegagerðina fyrir kostnað vegna þeirra ljósa árið 2011 og fyrir þann tíma.



Mynd 1.40 Æskileg framlög til umferðar og gangbrautarljósa næstu 5 ár.

e) Þróun

Á undanförunum árum hefur fjöldi umferðarljósra við gatnamót staðið í stað. Í nýjum hverfum eru gjarnan hringtorg á gatnamótum sem gera umferðarljós óþörf.

Árið 2012 er unnið að því að endurnýja búnað og yfirfara tengingar vegna hraða- og rauðljósamyndavéla á 7 gatnamótum í Reykjavík. Búnaðurinn er tengdur stjórnstöflu með ljósleiðara. Að þessu verkefni loknu ætti búnaðurinn að vera í góðu lagi næstu árin. Verkefnið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, lögreglunnar og Reykjavíkurborgar.

Ekki er áformað að fjölga umferðargreinum á næstu árum vegna þess hversu dýr búnaðurinn er. Hins vegar hafa hraðamælar verið settir upp við borgargötur að ósk íbúa og hafa framlög til þess t.d. komið úr hverfapottum. Á næstu árum verða settir upp fleiri hraðamælar ef óskir verða um það frá íbúum t.d. í gegn um hverfapotta.

1.7.2 Umferðarmerki

52341	Kaup á umferðarmerkjum
52342	Viðhald umferðarmerkja
52343	Ný umferðarmerki
52381	Upplýsingatöflur
52401	Vegvísar og skiltabrýr
52421	Umferðarhlið
52402	Vegvísar v. skóla í Reykjavík

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Um er að ræða kaup og uppsetningu á nýjum umferðarskiltum ásamt viðhald á eldri umferðarskiltum, upplýsingatöflum, vegvísam og umferðarhliðum. Framleiðsla umferðarmerkja er boðin út en vinna við uppsetningu þeirra og viðhald er framkvæmd af starfsmönnum Reykjavíkurborgar, sem sjá einnig um kaup á skiltarörum, baulum o.þ.h.

Tafla 1.40 Endurnýjun umferðarmerkja og viðhald síðustu ár.

Umferðarmerki	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi merkja*	stk			12.523	12.793	12.863	12.863
Árleg breyting	%				2,2%	0,5%	0,0%
Endurnýjuð umferðarmerki	stk				630	630	598
Árleg breyting	%					0,0%	-5,1%
Framlög							
52341 Kaup á umferðarmerkjum				6.474.964	7.641.965	5.307.228	3.750.712
52342 Viðhald umferðarmerkja				59.549.988	56.735.768	56.705.066	51.037.319
52343 Ný umferðarmerki				0	2.820.494	632.973	-1.001.089
52381 Upplýsingatöflur				573.807	435.791	413.433	626.699
52401 Vegvísar og skiltabrýr				2.653.104	61.941	159.096	81.993
52402 Vegvísar v. skóla í Reykjavík					984.922		
52421 Umferðarhlið				1.748.921	549.949	344.589	1.142.744
Samtals	kr.		76.980.811	71.000.784	69.230.831	63.562.385	55.638.378
Árleg breyting	%			-7,8%	-2,5%	-8,2%	-12,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

* Gagnagrunni um heildarfjölda skilti hefur ekki verið haldið við frá árinu 2005, magntölur eru framreiknaðar síðan þá.

a) Þjónustumarkmið

Litur, lögun, stærð og tákmyndir séu eins og sýnt er í reglugerð um umferðarmerki nr. 289/1995. Öll skilti skulu vera sýnileg, hrein og rétt staðsett skv. reglum um umferðarmerki og notkun þeirra.

b) Þjónustuflokkar / ÞjónustustigFramleiðsla:

Yfirborðsefnum fyrir umferðaskilti er skipt í þrjá flokka eftir ljóstæknilegum eiginleikum:

Framleiðsluflokkur 3 Skilti með endurskin

Framleiðsluflokkur 4 Skilti með sterkt endurskin

Framleiðsluflokkur 5 Skilti með ofursterkt endurskin

Uppsetning:


A Meðalaldur skilta er innan við 8 ár, í framleiðsluflokki 4 og 5

B Meðalaldur skilta er innan við 12 ár, í framleiðsluflokki 4 og 5

C Meðalaldur skilta er 12-17 ár, í framleiðsluflokki 3, 4 og 5

D Meðalaldur skilta er 17-25 ár, í framleiðsluflokki 3 og 4

E Meðalaldur skilta er 25-35 ár, í framleiðsluflokki 3



Mynd 1.41 Umferðarmerki, kostnaður við þjónustustig.

c) Ástandsmat og skráning

Ástandsskoðun er unnin af umferðardeild Reykjavíkurborgar. Á vorin eru skilti hreinsuð og gerðar eru mælingar á endurskini eldri skilta. Í sumar lýkur vinnu við að ástandsmeta öll umferðarskilti í borginni og er það gert í atvinnuátaki borgarinnar. Áætlað er að vinnunni ljúki í lok sumars og verða upplýsingarnar fluttar í gatnaforritið RoSy® Þar með eykst yfirsýn og áætlunargerð verður markvissari og gerð á grundvelli „öldrunarformúla“ í RoSy®.

d) Áætlanagerð

Áætlun um fjölda merkja sem skipt er út er byggð á reynslutölum fyrri ára og útreiknuðum meðalaldri skilta miðað við fjölda. Skiltum er skipt út eftir niðurstöðum mælinga á endurskini og almennri ástandsskoðun. Áætlanagerð fyrir framleiðslu skilta er unnin út frá meðaleiningarverði skilta í hverjum flokki fyrir sig og fjöldi nýrra skilta byggður á reikningum árána 2010-2011. Áætlanagerð fyrir uppsetningu skilta miðast við reynslutölur fyrri ára frá bókhaldi.

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir umferðarmerki og skilti 53 M.kr. en áætlunin hljóðaði upp á 46 Mkr. Stærsti liðurinn er greiðslur vegna viðhalds og uppsetningar skilta.

Greiðslur fyrir framleiðslu skilta voru um 4 M.kr. árið 2011. Greiðslur fyrir uppsetningu og viðhald skilta voru um 49 M.kr. árið 2011.

Spá fyrir greiðslur fyrir umferðarmerki og skilti fyrir árið 2012 er 73 M.kr.


Kostnaður við æskilegt þjónustustig, C, er samtals fyrir framleiðslu og viðhald um 70-75 M.kr.

Fjöldi skilta sem framleidd eru á hverju ári er um 600-1000 stk, árið 2011 voru framleidd um 600 skilti. Heildarfjöldi skilta er áætlaður um 13.000 stk. Ef haldið yrði áfram að kaupa inn þetta magn af skiltum á hverju ári yrði meðalaldur skilta um 20 ár, sem er nokkuð hár meðalaldur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að mörgum nýlegum skiltum þarf að skipta út árlega vegna skemmda. Meðalaldur skilta þyrfti að vera nær 15 árum. Því er gert ráð fyrir um 30% magnaukningu í endurnýjun skilta f. 2013. Gert er ráð fyrir 0,1% aukningu í heildarfjölda skilta næstu árin.

Tafla 1.41 Endurnýjun umferðarmerkja og viðhald næstu ár.

Umferðarmerki	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarfjöldi merkja	stk	12.863	12.876	12.890	12.900	12.910	12.920	12.930
Árleg breyting	%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Endurnýjuð umferðarmerki	stk	598	795	796	797	797	798	799
Árleg breyting	%	-5,1%	33%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Framlög								
52341 Kaup á umferðarmerkjum	kr.	3.669.827	4.879.000	4.884.000	4.889.000	4.893.000	4.898.000	4.903.000
52342 Viðhald umferðarmerkja	kr.	49.936.688	66.649.000	66.715.000	66.782.000	66.849.000	66.916.000	66.983.000
52343 Ný umferðarmerki	kr.	-979.500	178.000	178.000	178.000	178.000	178.000	179.000
52381 Upplýsingatöflur	kr.	613.184	614.000	614.000	615.000	616.000	616.000	617.000
52401 Vegvísar og skiltabryr	kr.	80.225	80.000	80.000	80.000	81.000	81.000	81.000
52402 Vegvísar v. skóla í Reykjavík	kr.	0	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000
52421 Umferðarhlið	kr.	1.118.100	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000
Samtals	kr.	54.438.524	73.000.000	73.071.000	73.144.000	73.217.000	73.289.000	73.363.000
Árleg breyting	%	-14,4%	34,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.42 Framlög síðustu ára til viðhalds og endurnýjunar á umferðarmerkjum og æskileg áætlun næstu 5 ár.

e) Þróun og uppsafnað viðhald

Sjá kafla c) Ástandsmat og skráning.

1.8 Gatnalýsing**1.8.1 Viðhald og endurnýjun gatnalýsingar**

52602	Viðhald gatnalýsingar
52603	Lýsing gatna – Viðgerðir eftir breytingar
52621	Endurnýjun gatnalýsingar - fjárfesting MASK
52622	Lýsing Endurnýjunar -framlag MASK

Ábyrgð: Verkís – GLS

Almenn lýsing

Um er að ræða alla ljósastaura við götur og stíga í eigu Reykjavíkurborgar. Skrifstofa gatna- og eignausýslu greiðir fyrir viðhald á 21.718 staurum með 22.474 lömpum en aðrir eru í eigu annarra stofnanna á vegum Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar (2.626 staurar með 3.067 lömpum) og einkaaðila. Skrifstofa gatna- og eignausýslu greiðir fyrir lýsingu á lóðum og bílastæðum á nokkrum stöðum í borginni samkvæmt eldri samningum og eru hún innifalin í tölunum fyrir skrifstofu gatna- og eignausýslu.

Greiðslur fyrir viðhald gatnalýsingar voru samkvæmt gjaldskrá OR eftir uppsettu afli. Árið 2010 var gerður þjónustusamningur sem tók gildi 1/1 2011 og felur í sér að OR vinnur að mestu eftir verkbeiðnum frá FER.

Meðfylgjandi tafla sýnir framlög til gatnalýsingar síðustu ár.

Tafla 1.42 Viðhald gatnalýsingar síðustu ár.

	Viðhald og endurnýjun gatnalýsingar	Ein.	2008	2009	2010	2011
	Heildarfjöldi ljósastaura	stk				21.718
52631	Gatnalýsing og viðhald	kr.				35.007.755
52641	Gatnalýsing - Viðgerðir	kr.				39.361.632
52651	Gatnalýsing - Þjónusta vegna viðhalds	kr.				27.936.067
	Samtals	kr.	159.194.498	150.751.510	100.148.998	102.305.454
	Árleg breyting	%		-5,3%	-33,6%	2,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Götulýsing skal vera með þeim hætti að hún tryggji öryggi vegfarenda, bæði gangandi og akandi þegar náttúruleg birta er ekki nægilega mikil. Ljósín skulu vera í lagi þ.e. stjórnbúnaður, stólpar, og perur. Millibil milli stólpa, hæð stólpa og stærð ljósgjafa ræðst af kröfum um birtu/ljóma. Birtukröfur og ljómakröfur eru skilgreindar fyrir hverja götu- og vegtegund samkvæmt reglum um götu- og veglýsingu sem gefnar voru út 2007 af Ljóstæknifélaginu í samvinnu við Sambandi íslenskra sveitarfélaga, framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðina. Nauðsynlegt er að að unnin verði skipulagsáætlun lýsingar þar sem markmið Reykjavíkurborgar eru sett fram til að tryggja bestu mögulegar lýsingarlausnir og til að ákveða vinnureglur um endurnýjun og breytingar á því lýsingarkerfi sem fyrir er.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Þjónustustig er skilgreint í samningi um rekstur og viðhald gatnalýsingar við OR sem tók gildi 1/1 2011.

Yfirlit yfir rekstrarþætti og þjónustustig árið 2010 og 2011 skv. samningi milli FER og OR.

		Þ.stig 2010	Þ.stig 2011	Skýring
1	Stýring götulýsingar			
1.1	Kveiking og rof /rásir	D	D	Frávik fyrri part vetrar og seinni part vetrar við skólabyrjun á morgnana.
2	Eftirlit			
2.1.2	A. Reglubundið sjónrænt eftirlit	A	B	
2.1.2	B. Aðalskoðun	E	E	
2.1.3	C. Nákvæmari skoðun	D	D	
2.2	Bílanavakt	A	A	
2.3	Götuljósaskrá og LUKOR	A	A	
3	Viðhald			
3.1	Viðgerðir á jarðstrengjum	A	A	
3.2	Viðgerðir á staurum, skápum og lömpum og stök peruskípti			
	/Flokkur 1	B	C	
	/Flokkur 2	B	D	
3.3	Réttingar staura og götuskápa	C	C	Staurar og skápar sem þarfnast lagfæringar eru lagaðir skv. verkbeiðnum FER
3.4	Peruhópskípti	E	B	Breiðholt, Fossvogur, Bústaðahverfi, Múlar og Háaleitishverfi en hámark 3000 perur.
3.5	Eftirfylgni tjóna	A	A	
3.6	Málun staura	E	E	
4	Sérlýsing			
4.1	Ljósbúnaður á föstum heimtaugum (B21)	A	A	
4.2	Lýsing í miðbæ	A	A	

c) Ástandsmat + skráning

Staðsetning ljósastaura er skráð í svokallaða götuljósaskrá sem sækir upplýsingar í LUKOR (landupplýsingarkerfi Orkuveitunnar). Þar er haldið utan um skráningu á stólpum, ljóskerum og fleiri rekstrarlegum upplýsingum og hægt er að nálgast upplýsingar eftir götum, eiganda, greiðanda, afli og fleira.

Ástandsmat hefur ekki verið skráð fyrr en á þessu ári þegar gert var átak í skoðun á eldri staurum og staurum við tiltekna götur þar sem ástandið var talið hættulegt.

d) Áætlanagerð**c) Ástandsmat + skráning**

Staðsetning ljósastaura er skráð í svokallaða götuljósaskrá sem sækir upplýsingar í LUKOR (landupplýsingarkerfi Orkuveitunnar). Þar er haldið utan um skráningu á stólpum, ljóskerum og fleiri rekstrarlegum upplýsingum og hægt er að nálgast upplýsingar eftir götum, eiganda, greiðanda, afli og fleira.

Ástandsmat hefur ekki verið skráð fyrr en á þessu ári þegar gert var átak í skoðun á eldri staurum og staurum við tiltekna götur þar sem ástandið var talið hættulegt.

d) Áætlanagerð

Ljósastaurar í Reykjavík eru nú 21.718 í eigu Reykjavíkurborgar. Auk þessa staura eru 6.783 staurar sem aðrir notendur greiða fyrir.

Bókfærður kostnaður við viðhald ljósastaura við götur í Reykjavík var um 102,3 M.kr. árið 2011 og er áætlaður um 273 M.kr. árið 2017.

Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna gatnalýsingar verði töluverður á næstu árum vegna endurnýjunar á úr sér gegnum staurum og lampabúnaði. Bann við framleiðslu og sölu á kvikasilfurperum árið 2015 gerir það að verkum að endurnýja þarf um 46% alls lampabúnaðar á næstu árum vegna þess, auk eðlilegrar endurnýjunar þar sem notaðir eru aðrir ljósgjafar (sjá kafla 4.3 um endurnýjun ljósabúnaðar og ljósastaura). Endurnýjun vegna þessa er dreift á árin 2013 til 2017. Breytt vinnulag við aðra kostnaðarliði s.s. vegna peruskípta og viðhalds lampa er verið að skoða sérstaklega með sparnaðaráform í huga.

Nú í ár var úthlutað 100 Mkr í endurnýjun gatnalýsingar vegna staura sem eru orðnir hættulegir samkvæmt forgangsröðun eftir ástandsskoðun sem unnin hefur verið í ár. Búið er að skoða um 1500 straura en af þeim hafa rúm 8% (125 stk) verið felldir þar sem styrkur þeirra er undir 80% og 26% eru dæmdir undir 60% styrk. Miðað hefur verið við að líftími staura sé 30 ár en líklega má hækka hann í 40-45 ár. Hluti endurnýjunarinnar er unninn samhliða endurnýjun veitukerfa og gangstétta (svokallaðra samstarfsverkefna OR, Símans og FS) en þar sem önnur veitukerfi eiga ekki samleið með framkvæmdinni er lýsingin endurnýjuð sérstaklega.

Í neðangreindri áætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við viðhald gatnalýsingar aukist úr um 102,3 M.kr. árið 2011 í um 667 Mkr. árið 2017.

Tafla 1.43 Viðhald gatnalýsingar næstu ár, æskileg framlög.


	Viðhald og endurnýjun gatnalýsingar	Ei n.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
	Heildarföldi ljósastaura	stk	21.718	21.754	21.863	21.972	22.082	22.192	22.303
	Árleg breyting	%		0,2%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
526 31	Gatnalýsing og viðhald	kr.	35.007.755	39.618.000	39.817.000	40.016.000	40.216.000	40.537.000	41.024.000
526 41	Gatnalýsing - Viðgerðir	kr.	39.361.632	59.530.000	59.501.000	59.478.000	59.459.000	59.534.000	59.733.000
526 51	Gatnalýsing - Þjónusta vegna viðhalds	kr.	27.936.067	21.341.000	21.447.000	21.554.000	21.662.000	21.771.000	21.879.000
526 80	Gatnalýsing - Endurnýjun staura og dreifikerfis	kr.		71.836.000	76.421.000	149.251.000	153.531.000	166.675.000	210.694.000
						0	0	0	0
526 85	Gatnalýsing - Endurnýjun lampa	kr.		23.945.000	101.895.000	305.405.000	300.413.000	294.401.000	284.007.000
					0	0	0	0	0
526 91	Gatnalýsing - Þjónusta vegna endurnýjunar	kr.		9.578.000	17.832.000	45.466.000	45.394.000	46.108.000	49.470.000
	Samtals	kr.	102.305.454	225.848.000	316.913.000	621.170.000	620.675.000	629.026.000	666.807.000
				0	0	0	0	0	0
	Árleg breyting	%		120,8%	40,3%	96,0%	-0,1%	1,3%	6,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

*2012, bráðavandi í endurnýjun staura.

**2013, uppsafnaður vandi í endurnýjun lampa.

***Endurnýjun 2014-2017 er miðuð við skráðan aldur staura og endurnýjunarþörf



Mynd 1.43 Framlög til viðhalds gatnalýsingar og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun / uppsafnað kerfi

Lýsing í dag skiptist aðallega í kvikasilfur (hvít birta) og natríum (gul birta) ljósgjafa með sk. háþrýstum perum sem hafa verið mjög hagkvæmar m.t.t. nýtni. Þróun LED (díóðu) lampa hefur verið mjög hröð á síðustu árum og flestir gera ráð fyrir að það sé framtíðarljósgjafinn, sérstaklega með tilliti til væntanlegs kvikasilfurþans og mikils orkusparnaðar eða allt að 50%-80% eftir aðstæðum. Einnig er mikið rætt um hvort ekki beri að huga betur að gæðum lýsingarinnar m.t.t. litarhitastigs og litendurgjafar til að auka sjónræna skynjun og greina betur liti í umhverfinu, en rannsóknir hafa sýnt að minnka megi birtu með auknum gæðum ljóssins. Ljóst er að skipta þarf út öllum kvikasilfurlömpum á næstu árum þar sem bann við sölu og framleiðslu á kvikasilfurperum tekur gildi árið 2015. Í dag eru um 50,5% allra lampa í eigu Reykjavíkurborgar kvikasilfurlampa eða rúmlega 11.365.

1.9 Strætó

1.9.1 Biðskýli

53001 Kostnaður vegna biðskýla

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Um er að ræða kostnað við viðhald allra biðstöðva (skilti) og strætóskýla fyrir strætó í Reykjavík að undanskildum biðstöðvum sem AFA JCDaux sér um samkvæmt samningi.

Strætó sér um viðhald og rekstur skýlanna samkvæmt samningi og hefur kostnaðurinn verið um 25 milljónir á ári, eftir töluverðan niðurskurð eftir 2008 eins og sjá má í neðangreindri töflu.

Tafla 1.44 Endurnýjun biðskýla og viðhald síðustu ár

	Biðskýli	Ein.	2008	2009	2010	2011
	Fjöldi biðskýla	stk				593
	Árleg breyting	%				
53001	Kostnaður vegna biðskýla	kr.	23.419.790	50.443.181*	28.058.049	27.338.219
	Samtals	kr.	23.419.790	50.443.181	28.058.049	27.338.219
	Árleg breyting	%		115,4%	-44,4%	-2,6%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

* Reikningur vegna ársins 2008 barst of seint og bókaðist því árið 2009.

a) Þjónustumarkmið

Biðstöðvar strætó skulu vera snyrtilegar og merkingar góðar.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki er skilgreint þjónustustig.

c) Ástandsmat + skráning

Allar upplýsingar um biðstöðvar og búnað er hægt að nálgast hjá Strætó bs.


d) Áætlanagerð

Áætlað er að halda áfram með þjónustusamning við Strætó bs. og miðar neðangreind áætlun við svipuð framlög og frá 2010.

Tafla 1.45 Endurnýjun biðskýla og viðhald næstu ár

Biðskýli	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi biðskýla	stk	593	593	593	593	593	593	593
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
53001 Kostnaður vegna biðskýla	kr.	27.338.219	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956
Samtals	kr.	27.338.219	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956	27.323.956
Árleg breyting	%	-2,6%	-0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.44** Framlög til viðhalds biðskýla og æskileg framlög næstu 5 ár.**d) Þróun / uppsafnað viðhald**

Engar breytingar eru fyrirhugaðar.

1.10 Ýmislegt

1.10.1 Ýmis sameiginleg viðhaldsverkefni

53441	Sameiginleg verk Gatnavefur
53444	Sameiginleg viðhaldsverk og sérfræðivinna
53462	Ýmis vinna vegna fyrirspurna frá sviðum
53481	Ýmis vinna vegna fyrirspurna borgarbúa
53521	Kostnaður við geymslusvæði í Þórðarhöfða

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Undir þennan lið eru sett ýmis sameiginleg viðhaldsverkefni, eins og viðhald gatnavefs, ýmis vinna vegna fyrirspurna og kostnaður við sameiginlegt geymslusvæði á Þórðarhöfða.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til ýmissa verkefna undanfarin ár og áætlun til 2017.

Tafla 1.46 Ýmis verkefni vegna viðhalds síðustu ár.

Ýmislegt	Ein.	2008	2009	2010	2011	
Framlög						
53441	Sameiginleg verk Gatnavefur	kr.	23.157.397	6.614.164	1.946.333	4.147.962
53444	Sameiginl. viðhaldsverk og sérfræðivinna	kr.		1.821.113	1.812.188	1.846.684
53462	Ýmis vinna v. fyrirspurna frá sviðum	kr.	54.542	185.916	43.000	154.961
53481	Ýmis vinna v. fyrirspurna borgarbúa	kr.	1.656.815	333.951	378.623	284.263
53521	Kostn. við geymslusvæði í Þórðarhöfða	kr.	23.509.270	4.268.485	4.356.524	3.994.803
	Samtals	stk	48.378.023	13.223.630	8.536.667	10.428.672
	Árleg breyting	%		-72,7%	-35,4%	22,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Sameiginlegum verkefnum skal sinnt þannig að fyrirspurnum sé svarað innan hæfilegs tímaramma og unnið verður að þróun gatnavefsins.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki hafa verið skilgreind þjónustustig fyrir þessi verkefni.

c) Ástandsmat + skráning

Opnaður hefur verið ábendingarvefur fyrir almenning. Vefurinn hefur vakið mikla athygli og er Reykjavíkurborg í fremstu röð á Norðurlöndunum varðandi sambærilega þjónustu við íbúa. Óskað er eftir ábendingum frá almenningi um það sem betur má fara auk þess sem hægt er að koma góðum hugmyndum á framfæri. Þá geta komið fyrirspurnir frá öðrum sviðum borgarinnar í gegn um ábendingakerfið. Starfsmenn G&E taka svo við þessum fyrirspurnum og svara þeim.

Framkvæmdasvið hefur aðgang að geymslusvæði við Þórðarhöfða og fylgir því nokkur kostnaður. Kostnaður við geymslusvæði lækkaði verulega frá 2008 – 2009 en þá var sagt upp samningi vegna leigu á öðru geymslusvæði í Hafnarfirði.


d) Áætlanagerð

Gert er ráð fyrir hóflegu framlagi í ofangreinda verklíði í neðangreindri áætlun og sem taka mið af fjárveitingum undanfarinna þriggja ára.

Tafla 1.47 Ýmis verkefni vegna viðhalds næstu ár, æskileg framlög.

Ýmislegt	Ein	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög								
53441	Sameiginleg verk Gatnavefur	kr.	4.148.000	4.151.000	4.151.000	4.151.000	4.151.000	4.151.000
53444	Sameiginl. viðhaldsverk og sérfræðvinna	kr.	1.847.000	1.848.000	1.848.000	1.848.000	1.848.000	1.848.000
53462	Ýmis vinna v. fyrirspurna frá sviðum	kr.	155.000	155.000	155.000	155.000	155.000	155.000
53481	Ýmis vinna v. fyrirspurna borgarbúa	kr.	284.000	284.000	284.000	284.000	284.000	284.000
53521	Kostn. við geymslusvæði í Þórðarhöfða	kr.	3.995.000	3.995.000	3.995.000	3.995.000	3.995.000	3.995.000
Samtals		kr.	10.429.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000
Árleg breyting		%	22,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3). Skálettraðar tölur eru áætlaðar

**Mynd 1.45** Framlög vegna ýmissa viðhaldsverkefna og æskileg framlög næstu 5 ár.**d) Þróun**

Gert er ráð fyrir að mikilvægi ábendingavefsins aukist og með því skapist tækifæri til betri upplýsingagjafar milli íbúa og G&E.

2 Samantekt


Í eftirfarandi töflu er samantekt yfir þær áætlanir sem settar eru fram hér að framan. Miðað er við fast verðlag í janúar 2012. Númerin fremst vísa í viðeigandi kafla hér að framan en þar má finna frekari sundurliðanir niður á verk.

Tafla 2.1 Viðhald, æskileg framlög. 2011 eru rauntölur en 2012-2017 áætlaðar.

1.Viðhald	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
1.1 Vegir							
1.1.1 Malbik, endurnýjun gatna, viðgerðir	80.810.000	110.383.000	134.026.000	134.158.000	134.290.000	134.415.000	134.547.000
1.1.2 Annað viðh. á en v. malbik. gatna	6.630.000	8.500.000	8.510.000	8.523.000	8.536.000	8.549.000	8.562.000
1.1.3 Bifreiðastæði	7.506.000	500.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000
1.1.4 Gatnabryr	0	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000
1.1.5 Hliðarsvæði	14.636.000	9.422.000	14.790.000	14.805.000	14.821.000	14.835.000	14.850.000
1.1.6 Hraða-hindranir/pollar	15.777.000	17.577.000	19.710.000	19.907.000	20.106.000	20.307.000	20.509.000
1.2 Gönguleiðir							
1.2.1 Viðhald gönguleiða	121.633.000	46.042.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000	162.765.000
1.2.2 Viðhald bekkja	14.212.000	14.642.000	14.932.000	15.669.000	15.814.000	16.257.000	17.147.000
1.2.3 Göngubryr og undirgöng	7.020.000	5.241.000	8.926.000	9.188.000	9.462.000	9.747.000	10.044.000
1.2.4 Reiðstígar	293.000	1.500.000	4.500.000	4.505.000	4.509.000	4.514.000	4.518.000
1.3 Önnur svæði							
1.3.1 Viðhald og umhirða opinna svæða	163.491.000	131.278.000	146.036.000	146.283.000	146.532.000	146.782.000	147.033.000
1.4 Hreinsun borgarlandsins							
1.4.1 Sóppró	2.055.000	2.071.000	2.089.000	2.106.000	2.124.000	2.142.000	2.160.000
1.4.2 Ruslastampar, viðhald og endurnýjun	18.039.000	21.573.000	22.956.000	23.926.000	24.926.000	25.956.000	26.499.000
1.4.3 Veggjakrot	9.222.000	15.990.000	19.295.000	20.948.000	22.600.000	22.600.000	22.600.000
1.4.4 Viðgerðir á sjávarsíðu	0	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
1.5 Vetrarþjónusta							
1.5.1 Hitakerfi	27.947.000	29.422.000	29.716.000	30.013.000	30.314.000	30.617.000	30.923.000
1.6 Yfirborðs-merkingar gatna							
1.6.1 Málun yfirborðsmerkinga	31.600.000	48.100.000	48.470.000	48.843.000	49.219.000	49.598.000	49.980.000
1.7 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.							
1.7.1 Umferðarljós og hraðamyndavélar	35.713.000	38.473.000	38.741.000	39.012.000	39.286.000	39.562.000	39.841.000
1.7.2 Umferðarmerki	54.439.000	72.999.000	73.072.000	73.144.000	73.217.000	73.289.000	73.362.000
1.8 Gatnalýsing							
1.8.1 Viðhald og endurnýjun gatnalýsingar	102.305.000	225.849.000	316.913.000	621.170.000	620.675.000	629.026.000	666.808.000
1.9 Strætó							
1.9.1 Biðskýli	27.338.000	27.324.000	27.324.000	27.324.000	27.324.000	27.324.000	27.324.000
1.10 Ýmislegt							
1.10.1 Ýmis sameiginleg viðhaldsverkefni	10.429.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000	10.433.000
	751.095.000	837.919.000	1.105.204.000	1.414.722.000	1.418.953.000	1.430.718.000	1.471.905.000

Samkvæmt framangreindum áætlunum er miðað við framlög þurfi að aukast verulega til viðhalds gatnakerfisins næstu ár til þess að verðmæti þess minnki ekki. Uppsafnaður vandi er í kerfinu og einna mestur í gönguleiðum, malbikun gatna og gatnalýsingu borgarinnar. Í umfjöllun um vegi í kafla 1.1.1 er bent á að framlög til malbiksslitlaga þurfi að aukast úr 200 milljónum árið 2011 í rúmar 607 milljónir árið 2017 en á móti kæmu framlög frá Mannvirkjaskrifstofu vegna vega. Aukning í malbiksslitlögum er því ekki í ofangreindri töflu vegna vega.

Í eftirfarandi súluriti eru sýnd æskileg framlög til viðhalds gatnakerfisins og annarra svæða næstu ár. Langmesta aukningin er vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á gatnalýsingu vegna endurnýjunar á lampabúnaði vegna banns við framleiðslu og sölu á kvikasilfurperum sem gengur í gildi árið 2015. Á myndinni eru líka aðgreind framlög til endurnýjunar gönguleiða og malbikunar gatna vegna annars kostnaðar en þess sem fellur á Mannvirkjaskrifstofu (viðgerðir hverfastöðva, verkefni verktaka, viðgerðir með geislahitun).



Mynd 2.1 Framlög vegna viðhalds árið 2011 og æskileg framlög næstu ár.

Í eftirfarandi köflum er fjallað sérstaklega um aukna viðhaldspörf vegna malbiksslitlaga, gönguleiða, gatnalýsingar auk þess sem fjallað er um endurnýjun leiksvæða.

2.1 Malbiksslitlög

Ending slitlaga er nokkuð misjöfn en er helst tengd umferðarlagi en einnig veðurfari og aldri slitlagsins.

Haldið er utan um ástand slitlaga gatna í borginni. Skilgreind eru mörk á endingu slitlaga. Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning í umfangi þeirra gatna sem eru með slitlag sem komið er yfir þessi mörk og teljast því hafa náð endingartíma sínum.

Í dag er um 1% af flatarmáli gatna sem teljast hafa náð líftíma sínum fyrir meira en 4 árum síðan og 11% af flatarmáli gatna sem hafa náð líftíma sínum nú. Heildarflatarmál slitlaga gatna í Reykjavík er í dag um 3.361 þúsund fm og því um 390 þúsund fm sem hafa náð líftíma sínum. Árið 2011 var endurnýjað um 65 þúsund fm gatna og árið 2012 um 85 þúsund fm gatna.

Ef skoðað er ástand gatna frekar þá sést að um 35% gatna mun ná endingartíma sínum á næstu 4 árum ef ekkert verður að gert. Þetta eru um 1.141 þúsund fm og alveg ljóst að gera þarf við skemmdir í þessum götum og lengja þannig líftíma þeirra.

Ef horft er til endingartíma slitlaga þá er ending mjög misjöfn á milli gatna, slitlög geta endst á húsagötum með litla umferð upp í 20-30 ár og jafnvel lengur ef aðstæður er hagstæðar. Á götum þar sem umferð er mikil getur endingin farið niður í 8-10 ár.

Ef miðað er við að endurnýja um 85 þúsund fm á ári eins og var gert árið 2012 er hægt að segja að hver gata sé endurnýjuð á 38 ára fresti. Þar sem að umferðarmestu göturnar eru endurnýjaðar á 10-12 ára fresti er ljóst að t.d. húsagötur verða að hafa um og yfir 50 ára endingu. Ljóst er að á þeim tíma verða húsagötur orðnar ónýtar.


Til að vinna niður þann fjölda gatna sem hafa náð endingu sinni auk þess að sinna viðhaldi hinna gatnanna sem eru alveg að ná endingu sinni þá er áætlað að þurfi að auka endurnýjun gatna. Í framangreindri áætlun er ráðgert að auka endurnýjun gatna upp í 170 þúsund fm á næstu 5 árum úr 85 þúsund á ári. Einnig er gert ráð fyrir að auka viðgerðir á skemmdum.

2.2 Endurnýjun gönguleiða

Ástand gönguleiða hefur verið skoðað nokkrum sinnum á undanförunum árum. Verið er að vinna mat á ástandi gönguleiða í ár og er því lokið. Ekki var farið í allra nýjustu hverfin. Skoðað var 88% af öllum gönguleiðum í Reykjavík. Búið er að skoða og meta ástand gönguleiða í eldri hverfum þar sem búast megi við að ástand gönguleiða sé orðið hvað verst og þörf fyrir endurnýjun mest. Við matið var notast við greiningarkerfi fyrir ástand gönguleiða þar sem hver stétt eða stígur fær einkunn eftir því hve mikill hluti er heill. Skemmdarflokkarnir eru fimm:

- | | | |
|---|---------------|---------------------------|
| A | 70-100% heilt | Nýtt eða mjög gott ástand |
| B | 40-70% heilt | Nokkuð gott ástand |
| C | 10-40% heilt | Ástand í löku meðallagi |
| D | 0-10% heilt | Mjög lélegt ástand |

Ef skoðaðar eru niðurstöður þess mats sem búið er að gera kemur fram að 4% gönguleiða eru 0-10% heildar eða 90-100% ónýtar. eru það um 70 þúsund fm gönguleiða. Gönguleiðir eru um 2.022 þúsund fm í borginni og af þeim á enn eftir að skoða um 240 þúsund fm.



Mynd 2.2 Ástand gönguleiða vorið 2012.

Árið 2011 voru lagfærðar eða endurnýjaðar gönguleiðir rúmlega 4 þúsund fm. Árið 2012 er ráðgert að endurnýja eða lagfæra um 12 þúsund fm af gönguleiðum.

Ef horft er á þessar tölur sést að eingöngu er verið að endurnýja lítinn hluta þeirra gönguleiða sem er ónýtur í dag og ljóst að bæta þarf við í viðhaldi gönguleiða til þess eingöngu að ná að lagfæra þá 70 þúsund fm sem eru í dag ónýtir. Í áætlun sem lögð er fram í þessu verkefni er gert ráð fyrir að auka endurnýjun gönguleiða og ráðgert að á næstu 5 árum verði lokið við að lagfæra þá 70 þúsund fm sem eru orðnir ónýtir í dag. Það gerir ríflega 14 þúsund fm á ári í endurnýjun.

Gönguleiðir eru ýmist steyptar, hellulagðar eða malbikaðar. Ending þeirra er mjög breytileg eftir efnisgerð en einnig eftir álagi. Almennt mætti telja að steyptar gangstéttir endist lengst og er stór hluti elstu gönguleiða í borginni steypdur. Hluti gönguleiða er hellulagður og er það mest í miðbænum og á opnum svæðum. Malbikaðar gönguleiðir eru að mestum hluta göngustígar.

Ending gönguleiða er líklega lengst á steypnum gönguleiðum og má ráðgera að þær gætu enst í allt að 50 ár. Hellulagðar og malbikaðar gönguleiðir endast skemur.

Ef miðað er við að endurnýja um 12 þúsund fm á ári eins og ráðgert er að verði árið 2012 er hægt að segja að hver gönguleið sé endurnýjuð á 160 ára fresti. Ljóst er að engin gönguleið endist þann tíma og því ljóst að auka verður verulega við endurnýjun og lagfæringar á gönguleiðum í borginni ef ekki á að vera með mjög stóran hluta gönguleiða ónýta. Í framangreindri áætlun er því miðað við að nota næstu 5 ár til að laga þær gönguleiðir sem í dag eru ónýtar eða svo gott sem. Ekki er gert ráð fyrir að ástand gönguleiða verði betra en í dag, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að þjónustustig verði aukið á gönguleiðum næstu 5 árin.

2.3 Endurnýjun ljósabúnaðar og ljósastaura

Líftími gatnalýsingarkerfisins hér á landi hefur verið metin þannig að lampar endist að meðaltali í 15 ár og staurar í 30 ár auk þess sem kvikasilfurperum hefur verið skipt út í hópskiptum á 3ja ára fresti og öðrum perum í stökum peruskiptum þegar slokknar á þeim. Ef eitthvað bílar innan „eðlilegs“ líftíma þá hefur verið gert við það eða skipt út eftir atvikum og telst eðlilegt viðhald og um leið viðhaldskostnaður. Undanfarin ár eða frá 2003 hefur endurnýjun nánast ekki verið sinnt nema þar sem hlutir hafa bilað eða samhliða endurnýjun gatna og göngustíga og á forsendum þeirra.

Í norskum leiðbeiningum (*Teknisk plan av veg- og gatebelysning, håndbok 264*) eru settar fram eftirfarandi kröfur um líftíma búnaðar í götulýsingu en auk þess nefna þeir að allur búnaður sem hefur styttri líftíma en 30 ár skuli teljast sem kostnaður í viðhaldi en ekki sem endurnýjun;

Tabell 4.5: Krav til levetid

Master og fordelingsskap		30 ár
Kablar		40 ár
EX hengeledninger		30 ár
Lysarmaturer		20 ár
Styringsautomatikk og elektroniske deler		minst 10 ár
Kondensatorer i armaturer med magnetiske reaktorer ¹⁾		8 ár
Lyskilde	Høytrykksnatrium	4 ár med maksimalt 2 % utfall
	Metallhalogen	2,5 år med maksimalt 2 % utfall
	Andre lyskilder har annen levetid som må oppgis fra leverandør	
¹⁾ Det har vist seg at kondensatorens virkning etter noen år avtar på en slik måte at strømforbruket øker. De bør derfor skiftes samtidig med hvert andre lampeskift.		

Þessar kröfur eru nálægt þeim líftíma sem notaður hefur verið sem viðmið hér á landi af flestum veitum landsins, en þær hafa séð um rekstur gatnalýsingarkerfisins frá upphafi og til dagsins í dag.

Undanfarin tvö ár hefur OR gert stóráttak í því að aldursgreina alla staura og dreifikerfi á sínu svæði og frá 1993 hafa verið skráðar uppsetningardagsetningar bæði lampa og staura í götuljósaskrá. Þessar upplýsingar eru mjög verðmætar en þegar þær eru skoðaðar betur kemur

Í ljós að ekki er hægt að treysta þeim alfarið og sem dæmi þá má nefna að fjöldi 7m staura eru skráðir með uppsetningardag eftir 1997 sem passar ekki að sögn OR.

Við aldursgreiningu á götuljósaskrá kemur í ljós að þar eru skráðir 1.729 staurar eldri en 40 ára og 8.905 lampar eldri en 20 ára. Þessi tala hækkar nokkuð ef notuð eru eldri viðmið veitna eða stólpum fjölgar úr 1.729 í 3.658 og lömpum fjölgar úr 8.905 í 15.264. Engar rannsóknir hafa farið fram hér á landi sem sýna hver viðmiðin eigi að vera og það að miða við 40/20 ár er aðeins tilfinning um að líftími búnaðar getir verið lengri en 30/15 ár miðað við upplýsingar í götuljósaskrá þrátt fyrir að íslenskar aðstæður séu væntanlega ekki með þeim blíðustu þegar kemur að veðrun og áraun.

Ef miðað er við 40/20 ár þá væri eðlileg endurnýjun 517 staurar á ári og 1.068 lampar. Árlegur endurnýjunarkostnaður ætti því að vera um 335 milljónir til að viðhalda eðlilegu kerfi. Samkvæmt ofangreindum tölum erum við því 3,3 árum á eftir í endurnýjun staura og 8,3 árum á eftir í lömpum en hafa ber í huga að hér er miðað við 40/20 ár í stað 30/15.

Endurnýjunarkostnaður við aðra kynslóð staura er talsvert hærri en tölur sem koma fram í endurstofnverði fyrir gatnalýsingu því þar þarf að reikna með viðgerðum/endurnýjun á yfirborði í frágengnum götum og stígum og eykst því endurnýjunarkostnaðurinn um 40-80% frá endurstofnverði eftir því hvaða aðstæður eru á hverjum stað s.s. í miðborginni. Ef skipt yrði um alla staura 40 ára og eldri á einu bretti má áætla að kostnaðurinn yrði um 950 milljónir.

Í dag eru skráðir um 11.000 kvikasilfurlampar í borginni og þar af eru 6.573 skráðir 20 ára eða eldri. Þann 1. apríl 2015 verður bannað að selja eða framleiða kvikasilfurperur sem þýðir að skipta þarf út öllum kvikasilfurlömpum á næstu árum. Ef skipt yrði um alla kvikasilfurlampa 20 ára og eldri á einu bretti þá myndi sá kostnaður vera á bilinu 330-660 milljónir eftir því hvaða leið yrði valin. Ódýrari endurnýjun með „hefðbundnum“ perum kallar á hærri rekstrarkostnað en dýrari lampar með LED ljósgjöfum og þarf því að miða við líftímakostnað þegar búnaður er valinn.

Í framangreindri áætlun er endurnýjun staura og gatnalýsingar dreift á árin 2013-2017. Ef vel á að vera þarf því að gera ráð fyrir umtalsvert hærri framlögum næstu ár en verið hefur.

Árið 2012 var úthlutað 100 Mkr í endurnýjun gatnalýsingar vegna staura sem eru orðnir hættulegir.

2.4 Endurnýjun leiksvæða

Markmið G&E er að leiktæki á opnum leiksvæðum borgarinnar virki og að reglum og stöðlum um öryggi sé fylgt í hvívetna. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með opnum leiksvæðum í borginni og gera heilbrigðisfulltrúar úttektir á þeim.

Fjöldi opinna leiksvæða er 248 og það eru að meðaltali 3 leiktæki á hverju svæði á að giska, s.s. um það bil 750 leiktæki. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í heildarfjölda opinna leiksvæða næstu árin því td. í Breiðholti er frekar stefnt að fækkun þeirra.

Lítið hefur verið um kaup á nýjum leiktækjum undanfarin ár (sem falla undir liðinn 50821-Kaup leiktækja), um það bil 5-10 alls, þ.e. nýjar rólur, rennibrautir o.þ.h. Inní þeirri tölu eru 1-3 nýir litlir kastalar.

Með því að endurnýja 5-10 leiktæki á ári að meðaltali þá tekur um það bil 75 til 150 ár að endurnýja öll leiktæki á þessum 248 opnu leiksvæðum borgarinnar. Ljóst er að 75 til 150 ár er ansi hár aldur fyrir leiktæki jafnvel þótt viðhald væri framúrskarandi, þ.a. ef halda á jöfnum hraða á endurnýjun leiktækja þá þarf að auka fjármagn í þennan kostnaðarlið. Einnig þarf að hafa í huga að öryggiskröfur til tækja verða sífellt meiri og tækin sjálf verða sífellt betri m.t.t. gæða og öryggis. Æskilegt væri að fjöldi tækja sem keyptur er á hverju ári væri um 40 stk en þá ætti meðalaldur tækja að vera um 20 ár.

Til að mæta uppsafnaðri viðhaldspörf vegna viðhalds leiktækja á leiksvæðum er lögð fram áætlun sem gerir ráð fyrir fimmföldun framlaga á ári miðað við framlög 2012.

Köstulum og sandkössum er markvisst fækkað þegar opin leiksvæði eru endurnýjuð og fallundirlag leiktækja bætt. Jarðvegur undir leiktækjum var eitt af því sem kannað var sérstaklega í úttektum árið 2009 og í ljós kom að fallundirlag var of oft ófullnægjandi. Þar sem fallundirlag var lélegt var oft um að ræða leiksvæði sem þarfnaðist endurnýjunar: timburpallar undir rólum eru til að mynda ekki lengur æskilegir. Við leiktæki þar sem hætta er á falli úr meira en eins metra hæð þarf fallundirlag að vera löglegt, s.s. fallmöl, perlumöl og gúmmímottur sem lagðar eru ofan á gras sem vex síðan í gegnum þær. Motturnar veita þá góða höggvörn. Þessi aðferð er iðulega notuð þegar leiksvæði eru endurnýjuð. Viðhald stendur yfir á ýmsum stöðum og síðustu ár hefur verið unnið að betra fallundirlagi á nokkrum af þeim opnu leiksvæðum þar sem gerðar voru athugasemdir.

Nú er enn fremur markvisst unnið að fækkun sandkassa á opnum leiksvæðum, meðal annars vegna þess að kettir borgarinnar nota þá sem skítakassa. Þar sem sandkassar eru ekki fjarlægðir eru þeir minnkaðir verulega. Kastalar tilheyra tæplega öðru hverju leiksvæði en slík leiktæki þurfa nokkuð mikið viðhald. Um það bil helmingur þeirra reyndist vera í lagi, sumir voru ekki í nógu góðu standi og var lagt til að þeir yrðu endurnýjaðir eða fjarlægðir.

Grösugar gúmmímottur sem fallundirlag, vel upplýst svæði, opið aðgengi, enginn kastali eða sandkassi heldur önnur skemmtileg lágstemmd leiktæki teljast nú til fyrirmyndar á opnum leiksvæðum.



FIMM ÁRA ÁÆTLUN
REKSTUR GATNAKERFISINS
2013 – 2017

SKÝRSLA 2

Nóvember 2012



VERKNÚMÉR: 05110-016	DREIFING:
SKÝRSLA NR: 2	<input type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2012-11-23	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR: 85	<input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Tillaga að fjárhagsáætlun
Rekstur gatnadeildar árin 2013 til 2017

HÖFUNDAR:

Vinnuhópur
Bergþóra Kristinsdóttir Efla
Guðjón L. Sigurðsson Verkís
Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir Verkís
Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís
Ólöf Kristjánsdóttir Mannvit

VERKEFNISSTJÓRI:

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís

UNNIÐ FYRIR:

Framkvæmdasvið

UMSJÓN:

Sighvatur Arnarsson

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Til útgáfu

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan er önnur skýrslan af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald, í skýrslu 2 rekstur en í skýrslu 3 er umfjöllun um líkanið sem notað var við áætlanagerðina, endurstofnvirði gatnakerfisins og umfjöllun um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Rekstur, gatnakerfi, Reykjavík

LYKILORÐ ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir

YFIRFARIÐ AF:

Atli Björn E. Levy

Formáli

Hér er lögð fram skýrsla um fimm ára áætlun gatnakerfisins fyrir árin 2013 til 2017, sem er hluti af endurskoðun á eldri skýrslu árána 2007 til 2012. Eftirfarandi skýrsla fjallar um rekstur gatnakerfisins og er gerð í þeim tilgangi að meta hversu miklu þarf að kosta til árlegs rekstur gatnakerfisins. Þegar unnið var að lokafrágangi skýrslunnar, var henni skipt upp í samræmi við tillögu að nýju skipuriti Umhverfis- og skipulagssviðs. Í þessari skýrslu er fjallað um rekstur, í skýrslu 1 er fjallað um viðhald, en í skýrslu 3 er umfjöllun um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við áætlunargerðina, endurstofnvirði gatnakerfisins auk umfjöllunar um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

Sett eru að okkar mati hófleg þjónustustig til grundvallar þessari áætlun til næstu fimm ára í þeim tilgangi að meta hversu miklu þarf að kosta til reksturs gatnakerfisins.


Markmið greinargerðarinnar er að draga saman megin atriði fjárhagsáætlunargerðar skrifstofu gatna- og eignaumsýslu, auka yfirsýn og gera grein fyrir þjónustumarkmiðum sem unnið er eftir. Gera fjárhagsáætlunargerðina markvissari, nákvæmari og sveigjanlegri, þannig að auðveldara sé að sjá hvernig breytileg þjónustustig hafa áhrif á kostnað. Af því leiðir meiri gæði í gerð fjárhagsáætlunar. Í þessari endurskoðun á fyrri fimm ára áætlun var lögð meiri vinna í að sundurgreina magntölur vegna rekstrar gatnakerfisins auk þess að þjóðvegir voru teknir út úr öllum kostnaði og samanburði.

Frá því að nýtt verkþókhald var tekið í notkun árið 2008, hefur orðið breyting til batnaðar í áætlunargerð skrifstofunnar. Samtímis var tekið til við að gera sundurliðaðar greiðsluáætlanir ásamt millideildarsölu. Það hefur m.a. átt mikinn þátt í því að áætlanir hafa staðist mun betur en áður (vetrarþjónusta undanskilin). Í hverjum mánuði er borinn saman raunkostnaður og greiðsluáætlun og viðeigandi ráðstafanir gerðar í framhaldi af því ef útaf bregður. Má nefna að á árabílinu 1999 til 2007 var kostnaður umfram fjárhagsáætlun að meðaltali um 125 m.kr. á ári á verðlagi í dag, en frá árinu 2008 er sama meðaltal 15 m.kr. á ári.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst gegn fákeppnisútboðum með því að skipta útboðum niður í smærri einingar til að gera minni verktökum kleift að takast á við verkefni í gatnahreinsun og vetrarþjónustu. Einnig hafa útboð vegna grassláttar verið einfölduð með því að aftengja þau verkefnum í vetrarþjónustu gönguleiða. Allt hefur þetta leitt til lækkunar kostnaðar í áðurnefndum verkefnum.

Þeim sem komu að þessari vinnu eru færðar þakkir fyrir vel unnið verk.

Reykjavík, 29. nóvember 2012



Sighvatur Arnarsson
skrifstofustjóri

Efnisyfirlit

Formáli i

Efnisyfirlit	iii
Inngangur	5
1 Rekstur (verk 60.000 – 69.999)	7
1.1 Inngangur.....	7
1.2 Önnur svæði.....	7
1.2.1 Sandskipti.....	7
1.2.2 Vinnuskólinn	9
1.3 Hreinsun borgarlandsins	10
1.3.1 Hreinsun gatna- og gönguleiða	10
1.3.2 Hreinsun opinna svæða	19
1.3.3 Hreinsun stofnanalóða	23
1.3.4 Hreinsun niðurfallsrista.....	26
1.3.5 Hreinsun gróðurs á gangstéttum.....	28
1.3.6 Ruslastampar, losun.....	32
1.3.7 Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður	35
1.3.8 Hreinsun, jól, áramót	36
1.3.9 Fjarlægja bílgarma.....	39
1.3.10 Tyggjöhreinsun	40
1.4 Grassláttur.....	42
1.4.1 Grassláttur.....	42
1.5 Vetrarþjónusta.....	48
1.5.1 Hitakerfi	48
1.5.2 Snjóhreinsun.....	51
1.5.3 Snjóhreinsun gönguleiða	56
1.5.4 Ýmis vetrarþjónusta	64
1.6 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.	65
1.6.1 Umferðarljós	65
1.6.2 Þrif umferðarmerkja	67
1.7 Gatnalýsing	69
1.8 Náðhús	72
1.8.1 Salerni	72
1.9 Viðburðir.....	75
1.10 Ýmislegt	80
2 Samantekt	82

Inngangur

Í eftirfarandi greinargerð eru settar fram hóflegar áætlanir til næstu fimm ára fyrir rekstur í verkefnum gatna – og eignaumsýslu. Greinargerðin er sú fyrsta af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald, í skýrslu 2 rekstur en í skýrslu 3 eru umfjöllun um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við áætlunargerðina, endurstofnvirði gatnakerfisins auk umfjöllunar um mögulegan flutning þjóðvega til borgarinnar.

Markmið verkefnisins er að útbúa verkfæri sem nota má til að átta sig betur á því hve miklu þarf að verja árlega í viðhald og rekstur í hverjum málaflökki til að ná og viðhalda því þjónustustigi sem vilji er fyrir hjá eigendum. Áætlanirnar byggja á magntölum og einingarverðum. Allar tölur í töflum og súluritum í greinargerðinni miða við byggingarvísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3).

Kostnaður við viðhald og rekstur gatnakerfisins er skráður í verkþókhaldi skrifstofu gatna- og eignaumsýslu (Agresso). Yfirflokkarnir eru nefndir kostnaðarstaðir og undir hverjum kostnaðarstað eru verk sem skiptast í viðhald og rekstur. Uppbygging greinargerðarinnar miðast við hvern kostnaðarstað.

Hver kostnaðarstaður skiptist niður í hin ýmsu verkefni en rekstrarverk eru á talnabilinu 60.000 til 69.999.

Í hverjum kafla er almenn lýsing á öllum undirverkum. Til að setja fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir hvern lið eru fimm þættir skoðaðir:

a) Þjónustumarkmið er ósk verkkaupa um hvert ástand eða gæði hvers flokks eða kerfis eigi að vera, ætti að vera mælanlegt og/eða metið út frá virkni. Sem dæmi má nefna að rekstrarmarkmiðið getur verið að uppfylla tiltekið þjónustustig sbr. b-lið, eða að „allir setbekkir skulu vera þægilegir í notkun og fallegir ásýndar“.

b) Þjónustustig er hér hugsað sem skali sem ástand eða þjónusta tiltekinn þátta getur tekið mið af. Þannig má hugsa sér að gönguleið hafi þjónustustig m.v. ástand, frá því að vera ónýt og/eða hættuleg upp í að vera ný eða í afbragðs ástandi.

Í skilgreiningum á þjónustustigi er almennt miðað við eftirfarandi skiptingu:

- A Þjónusta eins og hún best verður
- B Góð þjónusta
- C Ásættanleg þjónusta
- D Þjónustu þyrfti að bæta
- E Þjónusta ekki fullnægjandi - eða engin

c) Ástandsmat og skráning er hvert ástand tiltekins þáttar er, til lengri eða skemmri tíma, hvernig ástand er skráð og farið með, hvort og þá hvernig þátturinn er LUKR-væddur og fleira í þeim dúr. Lagður er grunnur að mati á því hvort bæta þarf þjónustustig eða ástand. Aðferðir eru mismunandi eftir flokkum, svo sem aðferð við mat (sjónmat, mælingar), mælieiningar, eðli gagnagrunns o.fl.

d) Áætlanagerð gerir grein fyrir hvaða aðgerðir og fjármuni þurfi til, svo ástand eða þjónustustig megi bæta. Þannig má finna kostnað þess fyrir hvert kerfi fyrir sig að þar séu uppfyllt markmiðin sem sett eru. Bæði hvað kostar að koma kerfinu í viðeigandi ástand og að viðhalda ástandi og þjónustustigi þar. Hér má hugsa sér að skilgreindar séu aðgerðir til að komast í besta mögulega ástand, eða í ástand sem kalla má viðunandi. Hér er einnig mikilvægt að skilgreina þau verkfæri sem vinna skal áætlanagerðina í, hver sé afurð áætlanna, hvað sé tiltekið og á hvaða formi áætlanir eru fram settar.

e) Þróun hér eru nefnd atriði og þeim lýst sem taka þarf til athugunar varðandi fyrirsjáanlegar eða hugsanlegar breytingar og þróun í þeim flokkum sem um ræðir, hvort sem er varðandi búnað, aðferðir og þjónustumarkmið. Einnig hvaða forsendur eru fyrir stækkun verkþátta og aukningu magntalna.

Fyrir hvert verk er sett fram æskileg áætlun til næstu 5 ára í töflum og súluritum og í lok greinargerðarinnar er samantekt.

Mjög misjafnt er hversu áreiðanlegar magntölur eru til fyrir málaflokkana og eins hvort og hvernig þær eru uppfærðar. Þetta þarf að hafa í huga því breytingar á magni milli ára endurspeglar ekki alltaf aukningu í magni milli ára heldur getur ástæðan verið sú að gert var átak í skráningu.

Allar tölur um kostnað fyrir 2011 og eldra eru rauntölur úr verkþókhaldi (Agresso) en birtar miðað við byggingavísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3).

1 Rekstur (verk 60.000 – 69.999)

1.1 Inngangur

Árið 2009 var gerður rekstrarsamningur milli Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar (FER) og Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar (USR). Með samningnum voru skilgreindir þeir rekstrarþættir sem skrifstofa gatna- og eignausýslu hjá FER tók að sér að sjá um fyrir USR.

Samningurinn náði bæði til þeirrar vinnu sem verktakar vinna fyrir borgina og þeirrar vinnu sem hverfastöðvar og þjónustumiðstöð inna af hendi. Fyrir hvern verkþátt var skilgreint ákveðið þjónustustig sem USR hafði ákveðið í samráði við FER að teknu tilliti til gildandi verksamninga og verklags og þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar.

Umfjöllun um rekstarþætti hér á eftir tekur mið að samningi FER og USR með nokkrum breytingum á þjónustustigi vegna aðhalds í rekstri.

1.2 Önnur svæði

1.2.1 Sandskipti

60881	Útboð - sandskipti
60882	Sandskipti - hverfastöðvar
60901	Sandskipti verktaka á stofnanalóðum
60902	Sandskipti hverfast. á stofnanalóðum

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Verkið felur í sér sandskipti á leiksvæðum.

Um er að ræða sandskipti í sandkössum á stofnanalóðum og opnum leiksvæðum á vegum borgarinnar. Sandskipti hafa verið unnin samkvæmt útboðum. Hverfisstöðvarnar sinna sandskiptum eingöngu í undantekningartilvikum ef sérstök þörf er á því að fá nýjan sand utan samningstíma. Skilgreiningar og kröfur koma fram í útboðsgögnum.

Hingað til hefur verið um að ræða sandskipti á opnum leiksvæðum annars vegar og á stofnanalóðum (leikskólalóðum og örfáum skólalóðum) hins vegar. Nú hefur verið ákveðið að fjarlægja sandkassa af opnum leiksvæðum þ.a. hér eftir er eingöngu um að ræða sandskipti á stofnanalóðum.

Tafla 1.1 Framlög vegna sandkassa síðustu ár.

Sandskipti	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi sandkassa	stk.						177
Árleg breyting	%						
Framlög							
60881 Útboð - sandskipti	kr.			8.540.302	12.914.947	4.438.083	18.194.210
60882 Sandskipti - hverfastöðvar	kr.			277.829	937.423	385.696	29.943
60901 Sandskipti verktaka á stofnanalóðum	kr.			27.180.614	25.564.905	19.192.088	1.073.319
60902 Sandskip. hverfast. á stofnanalóðum	kr.				2.129.852		
Samtals	kr.			35.998.745	41.547.128	24.015.868	19.297.472
Árleg breyting	%				15%	-42%	-20%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir við sandskipti hefjist 1. maí ár hvert sé að fullu lokið 25. júlí. Gert er ráð fyrir að sandskiptum á leikskólalóðum sé lokið 20. júní en síðar á grunnskólalóðum.

b) Skilgreina þjónustustig

Samkvæmt samþykktum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur skal skipta um sand í sandkössum á vegum Reykjavíkurborgar einu sinni á ári. Samkvæmt því er í raun hægt að skilgreina 2 þjónustustig fyrir sandskipti þar sem þjónustustig E er óviðunandi miðað við kröfur Heilbrigðisnefndar.

A Skipt er um sand á hverju ári

E Aldrei er skipt um sand

c) Ástandsmat + skráning

Sandkassar í Reykjavík eru til kortlagðir í LUKR.

d) Áætlanagerð

Í rekstrarsamningi við USR fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi A og gert er ráð fyrir að það verði gert áfram.

Skv. útboðsgögnum fyrir sandskipti á stofnanalóðum fyrir sumarið 2012 eru alls 179 sandkassar á 90 stofnanalóðum. Árið 2011 voru 177 sandkassar á 90 stofnanalóðum.


Áætlun fyrir árið 2011 var 19 M.kr. og uppgjör 19 M.kr. vegna sandskipta. Spá fyrir árið 2012 er 17 M.kr. Miðað er við niðurstöðu úr opnun tilboða 2012 og að áfram verði bara sandkassar á stofnanalóðum, ekki á opnum leiksvæðum. Gert er ráð fyrir 0,5% fjölgun sandkassa á næstu árum.

Tafla 1.2 Framlög vegna sandkassa næstu ár, æskileg framlög.

Sandskipti	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi sandkassa á stofn.lóðum	stk.	177	179	180	181	182	183	184
Árleg breyting	%		1,1%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Framlög								
60881 Útboð - sandskipti	kr.	18.194.210	0	0	0	0	0	0
60882 Sandskipti - hverfastóðvar	kr.	29.943	0	0	0	0	0	0
60901 Sandskipti verktaka á stofnanalóðum	kr.	1.073.319	17.268.000	17.354.000	17.441.000	17.528.000	17.616.000	17.704.000
60902 Sandskip. hverfast. á stofnanalóðum	kr.	0	100.000	101.000	102.000	103.000	104.000	105.000
Samtals	kr.	19.297.472	17.368.000	17.455.000	17.543.000	17.631.000	17.720.000	17.809.000
Árleg breyting	%	-20%	-10,0%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.1 Framlög vegna sandskipta síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

d) Þróun / uppsafnað viðhald

Ekki er um að ræða uppsafnað viðhald fyrir þennan lið þar sem einfaldlega er farið eftir samþykktum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og annað telst óviðunandi.

1.2.2 Vinnuskólinn

60921 Vinnuskólinn

Ábyrgð: Mannvit- ÓK

Almenn lýsing

Á þennan lið fellur til kostnaður vegna efnis og vinna við efnisútleitu sem vinnuskólanum er lagt til vegna verkefna á vegum FER.

Tafla 1.3 Kostnaður vegna vinnu vinnuskólans síðustu ár.

Vinnuskólinn	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Vinnuskólinn	stk.	1	1	1	1	1	1
Samtals	kr.			575.899	214.430	1.105.839	515.239
Árleg breyting	%				-63%	416%	-53%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).


Þjónustumarkmið og þjónustustig hafa ekki verið skilgreind fyrir þennan rekstrarlið.

Tafla 1.4 Framlög vegna vinnuskólans næstu ár, æskileg framlög.

Vinnuskólinn	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Vinnuskólinn	stk.	1	1	1	1	1	1	1
Samtals	kr.	515.239	600.000	603.000	606.000	609.000	612.000	615.000
Árleg breyting	%	-53,4%	16,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.2 Framlög vegna vinnuskólans síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

1.3 Hreinsun borgarlandsins

1.3.1 Hreinsun gatna- og gönguleiða

- 61101 Hr.gatna og göngul. - Vorhreinsun
- 61102 Hr.gatna og göngul. - Sumarhreinsun
- 61103 Hr.gatna og göngul. - Hausthreinsun
- 61104 Hr.gatna og göngul. - Vetrarhreinsun
- 61105 Hr.gatna og göngul. Vinna þjónstm. og hverfast.

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Verkið felur í sér hreinsun gatna og gönguleiða í Reykjavík. Þar með talið er hreinsun og þvottur á götum, bílastæðum við götur og gönguleiðum eftir því sem við á og óskað er eftir, með vélsópum, sugum og vatnsbílum og öðrum tækjum sem henta þykir. Vinnusvæðið er hið almenna gatnakerfi, þ.e. götur og öll aðliggjandi bílastæði í umsjá FER, gönguleiðir, torg og eyjar, sem tilheyra aðliggjandi götum og gönguleiðum, grassvæði í götunánd, bílastæði leikskóla og grunnskóla Reykjavíkur og hluti af skólalóðum (malbik, hellur).

Þegar talað er um götur er átt við akreinar og aðliggjandi bílastæði, þar teljast einnig með hringakstursakreinar almenningsvagna, bílastæði fyrir stóra bíla og önnur þau bílastæði sem augljóslega fylgja götunni, en ekki nálægum byggingum.

Þegar talað er um gönguleiðir er átt við gangstéttar og gangstíga (göngu- og hjólreiðastíga). Þegar talað er um gangstéttar er átt við gönguleiðir meðfram götum, hvort sem gönguleiðin er við kantstein eða með grassvæði milli kantsteins og gönguleiðar.

Verkinu er skipt niður í fimm útboð þar sem hvert útboð inniheldur eitt hverfi. Sjá skiptingu á mynd hér fyrir neðan.

Tafla 1.5 Framlög til hreinsunar gatna- og gönguleiða síðustu ár.

	Hreinsun gatna og gönguleiða	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
	Götur	m ²						3.261.402
	Gönguleiðir	m ²						1.975.463
	Árleg breyting	%						
Framlög								
61101	Hr.gatna og göngul. - Vorhreinsun	kr.			50.219.739	60.239.357	59.094.965	61.565.172
61102	Hr.gatna og göngul. - Sumarhreinsun	kr.			120.156.788	98.073.787	62.315.782	40.858.444
61103	Hr.gatna og göngul. - Hausthreinsun	kr.			36.786.870	25.549.444	25.560.079	13.711.270
61104	Hr.gatna og göngul. - Vetrarhreinsun	kr.			50.055.901	37.265.756	31.567.374	16.384.365
61105	Hr.gatna og göngul. Vinna Þjónstm. og hverfast.	kr.				399.227		109.977
	Samtals	kr.			257.219.299	221.527.571	178.538.200	132.629.227
	Árleg breyting	%				-14%	-19%	-26%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Markmið verksins er að Reykjavík sé hrein borg. Verkið er háð veðri og því erfitt að setja tímamarkmið.

b) Þjónustustig


Hér að neðan er umfangi hreinsunar lýst eins og það er skilgreint í hreinsunarútboðum á vegum G&E.

Hreinsun skal fara fram á fyrirfram skilgreindum tímabilum. Þessi tímabil eru mismunandi eftir hverfum og miðast við aðstæður og eðli hreinsunar á hverjum stað. Miðbærinn sker sig þar mest úr. Hann skal hreinsa allt árið skv. eftirfarandi tímaplani.

Útboðssvæði	Sumarhreinsun		Vetrarhreinsun	
	Byrjun	Lok	Byrjun	Lok
Útboðssvæði I-Miðbær	15-apr	15-nóv	15-nóv	15-apr

Útboðssvæði 1-5 (sjá skiptingu á eftirfarandi mynd) skal hreinsa að vori og viðhalda hreinsunum að sumri og hreinsa að hausti.

Útboðssvæði	Vorhreinsun		Hausthreinsun	
	Byrjun	Lok	Byrjun	Lok
Útboðssvæði 1-5	15-mar	31-apr	01-okt	15-nóv



Mynd 1.3 Svæðisskipting hreinsunar gatna og gönguleiða í útboðum.

Útboðssvæði 1-5 – þjónustustig

Vorhreinsun

- A Húsagötur sópaðar tvær umferðir, þær þvegnaðar og gönguleiðir sópaðar eina umferð. Stofnbrautir, tengi- og safngötur sópaðar tvær umferðir, þær þvegnaðar og gönguleiðir sópaðar eina umferð. Gönguleiðir sópaðar auka umferð á gatnamótum.
- B Húsagötur sópaðar eina umferð, þær þvegnaðar og gönguleiðir sópaðar eina umferð. Stofnbrautir, tengi- og safngötur sópaðar eina umferð, þær þvegnaðar og gönguleiðir sópaðar eina umferð.
- C Stofnbrautir, tengi-, safn- og húsagötur ásamt gönguleiðum sópaðar eina umferð.
- D Stofnbrautir, tengigötur og gönguleiðir sópaðar eina umferð. Safngötur og húsagötur eru ekki sópaðar.
- E Engin vorhreinsun fer fram

Árið 2009 var áætlað að halda þjónustustigi A í vorhreinsun (skv. Rekstrarsamningi). Árin 2011 og 2012 var þjónustustigi A fylgt í vorhreinsun gatna og gönguleiða.

Sumarhreinsun

- A Götur sópaðar tvær umferðir og þvegnaðar einu sinni. Gönguleiðir sópaðar eina umferð.
- B Götur sópaðar eina umferð og þvegnaðar einu sinni. Gönguleiðir sópaðar eina umferð.
- C Götur og gönguleiðir sópaðar eina umferð.
- D Valdar/helstu leiðir sópaðar eina umferð.
- E Engin sópun.

Árið 2009 var áætlað að halda þjónustustigi C (skv. Rekstrarsamningi) í sumarhreinsun.

Árið 2011 var þjónustustigi D fylgt í sumarhreinsun gatna og gönguleiða. Reyndar voru helstu gönguleiðir (aðalstígar) sópaðar tvisvar yfir sumarið.

Árið 2012 var þjónustustigi D fylgt í sumarhreinsun gatna og gönguleiða. Helstu gönguleiðir (aðalstígar) voru sópaðar einu sinni yfir sumarið.

Hausthreinsun


- A Húsagötur, stofnbrautir, tengi- og safngötur eru sópaðar tvær umferðir og þvegnaðar einu sinni. Gönguleiðir eru sópaðar eina umferð.
- B Ein umferð af sópun á húsagötum, stofnbrautum, tengi- og safngötum, sem og gönguleiðum.
- C Ein umferð á stofnbrautum, tengi- og safngötum.
- D Ein umferð á stofnbrautum.
- E Engin hausthreinsun.

Árið 2009 var áætlað að halda þjónustustigi A í hausthreinsun (skv. Rekstrarsamningi). Árin 2011 og 2012 var þjónustustigi B fylgt.

Miðbær - þjónustustigi

Sumarhreinsun miðbæjar

Á tímabilinu 15/4 – 15/11 er hreinsun í miðbænum að morgni dags. Hluti af svæðinu er hreinsaður fimm sinnum í viku, og hluti tvisvar í viku. Skipting sést á eftirfarandi korti.



Mynd 1.4 Hverfi I. „Miðbærinn“.

- A Rauð svæði hreinsuð daglega, blá svæði hreinsuð þrisvar í viku. Ennfremur eru rauð svæði sápuþvegin með hreinsiefni að meðaltali aðra hverja viku. Tjarnarbakkinn sápuþvegin með spúlsöngu og hreinsiefni tvisvar í viku.
- B Rauð svæði hreinsuð 5 daga í viku, blá svæði hreinsuð tvisvar í viku. Ennfremur eru rauð svæði sápuþvegin með hreinsiefni að meðaltali aðra hverja viku. Tjarnarbakkinn sápuþvegin með spúlsöngu og hreinsiefni vikulega.
- C Rauð svæði hreinsuð 3 daga í viku, blá svæði hreinsuð aðra hverja viku. Ennfremur eru rauð svæði sápuþvegin með hreinsiefni að meðaltali einu sinni í mánuði. Tjarnarbakkinn sápuþvegin með spúlsöngu og hreinsiefni aðra hverja viku.
- D Rauð svæði hreinsuð einu sinni í viku, gul svæði hreinsuð einu sinni í mánuði. Tjarnarbakkinn sápuþvegin með spúlsöngu og hreinsiefni einu sinni í mánuði.
- E Götusópun fer fram án stórtækra vinnuvéla. Áhersla er lögð á sópun í miðbænum.

Árið 2009 var áætlað að halda þjónustustigi C (skv. Rekstrarsamningi) í hreinsun í miðbæ á tímabilinu 15/4-15/11.

Árin 2011 og 2012 var þjónustustigi B fylgt. Tímabundið yfir sumartímamann, þ.e. á meðan lokað var fyrir bílaumferð á ákveðnum götum í miðbænum var dagleg hreinsun á rauðu svæði. Bætt var við hreinsun þá daga sem ekki var skipulögð hreinsun skv. útboðsgögnum.

Vetrarhreinsun miðbæjar

Framkvæmd á tímabilinu 15/11 – 15/4 og fer fram snemma á morgnana alla daga vikunnar.

- A Miðbærinn er hreinsaður allar helgar, þ.e. aðfararnótt laugardags, sunnudags og mánudags, svo og eftir hátíðisdaga. Allar götur og gönguleiðir skulu sópaðar. Aðfararnótt miðvikudags og föstudags er farin ein yfirferð og sópun á gönguleiðum. Tjarnarbakki hreinsaður daglega skv korti og allur bakkinn norðan Skothúsvegar hreinsaður vikulega. Sápuþvottur ef veður leyfir.
- B Miðbærinn er hreinsaður allar helgar, þ.e. aðfararnótt laugardags, sunnudags og mánudags, svo og eftir hátíðisdaga. Allar götur og gönguleiðir skulu sópaðar. Aðfararnótt miðvikudags er farin ein yfirferð og sópun á gönguleiðum. Tjarnarbakki hreinsaður 5 sinnum í viku skv korti og allur bakkinn norðan Skothúsvegar hreinsaður vikulega. Sápuþvottur ef veður leyfir.
- C Miðbærinn er hreinsaður allar helgar, þ.e. aðfararnótt laugardags, sunnudags og mánudags, svo og eftir hátíðisdaga. Allar götur og gönguleiðir skulu sópaðar. Tjarnarbakki hreinsaður 3 sinnum í viku skv korti og allur bakkinn norðan Skothúsvegar hreinsaður aðra hverja viku. Sápuþvottur ef veður leyfir.
- D Miðbærinn er hreinsaður einn dag hverja helga, þ.e. aðfararnótt laugardags og sunnudags, svo og eftir hátíðisdaga. Allar götur og gönguleiðir skulu sópaðar. Tjarnarbakki hreinsaður vikulega skv korti og allur bakkinn norðan Skothúsvegar hreinsaður einu sinni í mánuði.
- E Miðbærinn er ekki hreinsaður.

Árið 2009 var áætlað að halda vetrarhreinsun í miðbæ í þjónustustigi C (skv. Rekstrarsamningi).

Árið 2011 og 2012 var þjónustustigi sem gæti verið á milli B og C fylgt. En það var hreinsað allar helgar, þ.e. aðfararnótt laugardags, sunnudags og mánudags, og svo eftir hátíðisdaga. Auk þessa voru gönguleiðir hreinsaðar aðfararnótt föstudags.


Miðbæjarþvottur

- A Afmörkuð svæði í miðbænum (sjá kort) skal þvo að morgni laugardags, sunnudags og mánudags allt árið og að auki snemma að morgni hvers virks dags eftir lögbundinn frídag og hátíðisdaga. Á veturna skal framkvæma þessa hreinsun ef hægt er.
- B Afmörkuð svæði í miðbænum (sjá kort) skal þvo að morgni laugardags og sunnudags allt árið og að auki snemma að morgni hvers virks dags eftir lögbundinn frídag og hátíðisdaga. Á veturna skal framkvæma þessa hreinsun ef hægt er.
- C Afmörkuð svæði í miðbænum (sjá kort) skal þvo að morgni laugardags og sunnudags aðra hverja viku, allt árið og að auki snemma að morgni hvers virks dags eftir lögbundinn frídag og hátíðisdaga. Á veturna skal framkvæma þessa hreinsun ef hægt er.
- D Afmörkuð svæði í miðbænum (sjá kort) skal þvo að morgni sunnudags aðra hverja viku allt árið og að auki snemma að morgni hvers virks dags eftir lögbundinn frídag og hátíðisdaga. Á veturna skal framkvæma þessa hreinsun ef hægt er.
- E Miðbær er ekki þveginn sérstaklega.

Árið 2009 var áætlað að halda miðbæjarþvotti í þjónustustigi B (skv. Rekstrarsamningi). Árið 2011 og 2012 var þjónustustigi B fylgt.

Dagsópun

Á tímabilinu 15/4-15/10 eru gangstéttar og göngutorg við aðal verslunargötur miðbæjarins sópaðar alla daga nema sunnudaga. Dagsópun sést á eftirfarandi korti.



Mynd 1.5 Hverfi I. „Miðbærinn“, dagsópun.

- A Gangstéttir og göngutorg sópuð 16 véltíma á dag með tveimur sópum (8 tímar á hvorn), sex daga í viku.
- B Gangstéttir og göngutorg sópuð 8 véltíma á dag með einum sóp sex daga í viku.
- C Gangstéttir og göngutorg sópuð 8 véltíma á dag með einum sóp, fjóra daga í viku.
- D Gangstéttir og göngutorg sópuð 8 véltíma á dag með einum sóp, tvo daga í viku.
- E Engin dagsópun.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 er miðað við að halda þjónustustigi C. Í dag er engin dagsópun, þ.e. þjónustustig E.

c) Ástandsmat og skráning

Ástandsmat: Svæði eru hreinsuð samkvæmt viðkomandi þjónustuflokki. Eftirlitsmenn G&E sjá um að fylgjast með völdum svæðum og kalla út verktaka í aukahreinsun ef nauðsyn þykir. Ef aukahreinsun er tíð er þjónustuflokkur á viðkomandi svæði endurskoðaður. Einnig hafa ráðgjafar gert úttektir á vinnu verktaka við vorhreinsun.

Skráning: Vinnudagar og hvað gert er hvern dag er skráð í dagskýrslur. Vinnusvæði eru skráð í LUKR.

d) Áætlanagerð

Framkvæmdir eru skipulagðar eftir árstíðum og hverfum. Heilt yfir gekk hreinsun gatna og gönguleiða vel árið 2011 og tímasetningar stóðust. Útboðsgögn voru í grunninn þau sömu og notast hefur verið við s.l. ár. Þó var nokkrum greinum gagnanna breytt í samræmi við niðurskurð á árunum 2008-2010. Þar ber helst að nefna að verulega var dregið úr sumar- og vetrarhreinsun.

Ekki var um mikla vetrarhreinsun að ræða 2011 og hún unnin í tímavinnu. Í janúar var farið yfir flestar af helstu stofnbrautum en að öðru leyti var engin skipulögð hreinsun sett af stað.

Vorhreinsun 2011 gekk almennt með ágætum. Í ár hefur þó komið í ljós töluverður misbrestur á því í eldri hluta borgarinnar að rennusteinn hafi verið sópaður. Á næstunni verður lögð fram lýsing á hvernig eftirliti verði háttað og greiðslur í framhaldi af úttektum.

Sumarhreinsun 2011 gekk vel. Hvert svæði var hreinsað á tveggja vikna fresti í stað vikulega eins og tíðkast hefur. Vissulega safnaðist nokkurt rusl á þessum tveim vikum og því voru svæðin nokkuð óhrein þegar kom að hreinsun. Allir aðalstígar voru sópaðir tvisvar sinnum yfir sumarið, en umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er að aukast þar sem mun fleiri en áður eru farnir að nýta sér þann ferðamáta. Helstu verkefni á götum voru að sópa fyrir malbik. Starfsmenn FER fóru í átak í júní 2011 og hreinsuðu stór svæði meðfram þjóðvegum og safnaðist rusl í 120 stóra poka.

Miðbæjarhreinsun er í gangi allt árið og heilt yfir gekk hún vel 2011. Þegar hluta Laugavegs, Skólavörðustígs og Hafnarstrætis var lokað fyrir bílaumferð um sumarið varð hreinsunarstarf í miðbænum erfiðara þar sem erfiðara var fyrir tæki að athafna sig. Um miðjan júlí var ákveðið að mæta þessum breyttu aðstæðum með því að fjölga tækjum í miðbæjarhreinsun.

Gatnalengdir eru skráðar þannig að aðalgata gatnamóta mælist gegnumgangandi, en þvergötur mælast að gangstéttarbrún aðalgötu, þetta á einnig við um hringtorg. Við götur með miðeyju, en þær geta verið með 2-8 akreinum á hvern lengdarmetra götu, er tvöföld götulengd gefin upp í skrá, á þeim köflum sem miðeyjar eru samfelldar, en styttri eyjabútar á götum og við gatnamót teljast þó innifaldir í gatnamótum, svo og slaufur og brýr.

Lengdir gönguleiða eru ekki til listaðar á sama hátt og götur. Aðeins eru til heildartölur, lengd og flatarmál innan hvers útboðssvæðis. Lengdir eru ákveðnar á sama hátt og lengdir gatna.

Hverfaskipting með lengd gatna og gönguleiða er eftirfarandi:

Útboðssvæði I "Miðbærinn".

Borgargötur:	Heildarlengd:	15.500 m	Flatarmál:	126.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	27.300 m	Flatarmál:	90.000 m ²

Útboðssvæði I.

Vesturbær, norðan Hringbrautar.

Borgargötur:	Heildarlengd:	37.000 m	Flatarmál:	290.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	72.000 m	Flatarmál:	195.000 m ²

Útboðssvæði II.

Vesturbær, sunnan Hringbrautar.

Borgargötur:	Heildarlengd:	49.700 m	Flatarmál:	444.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	97.000 m	Flatarmál:	264.000 m ²

Útboðssvæði III.

Austurbær.

Borgargötur:	Heildarlengd:	87.000 m	Flatarmál:	787.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	182.000 m	Flatarmál:	478.000 m ²

Útboðssvæði IV.

Breiðholt, Ártúnsholt, Árbær, Norðlingaholt.

Borgargötur:	Heildarlengd:	88.000 m	Flatarmál:	700.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	186.000 m	Flatarmál:	460.000 m ²

Útboðssvæði V.

Grafarvogur, Grafarholt, Borgarholt, Staðahverfi.

Borgargötur:	Heildarlengd:	124.000 m	Flatarmál:	984.000 m ²
Stígar og stéttar:	Heildarlengd:	192.000 m	Flatarmál:	483.000 m ²

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir hreinsun gatna og gönguleiða um 130 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er um 160 Mkr.


Heildarlengd gatna sem G&E sér um að hreinsa er rúmlega 400 km og heildarlengd gönguleiða er um 760 km. Gert er ráð fyrir 0,1% árlegri magnaukningu á götum og 2,0% á gönguleiðum.

Greitt er heildarverð fyrir hvert hverfi fyrir sig í hverjum þjónustuflokki.

Tafla 1.6 Framlög til hreinsunar gatna og gönguleiða næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun gatna og gönguleiða	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Götur	m ²	3.261.402	3.264.663	3.267.928	3.271.196	3.274.467	3.277.742	3.281.019
Gönguleiðir	m ²	1.975.463	2.014.972	2.055.272	2.096.377	2.138.305	2.181.071	2.224.692
Árleg breyting gatna	%		0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Árleg breyting gönguleiða	%		2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Árleg breyting samtals	%		0,82%	0,83%	0,83%	0,84%	0,85%	0,86%
Framlög								
61101 Hr.gatna og göngul. - Vorhreinsun	kr.	61.565.172	38.000.000	38.310.000	38.630.000	38.960.000	39.290.000	39.630.000
61102 Hr.gatna og göngul. - Sumarhreinsun	kr.	40.858.444	75.000.000	89.280.000	90.020.000	90.780.000	91.550.000	92.340.000
61103 Hr.gatna og göngul. - Hausthreinsun	kr.	13.711.270	23.000.000	23.190.000	23.380.000	23.580.000	23.780.000	23.980.000
61104 Hr.gatna og göngul. - Vetrarhreinsun	kr.	16.384.365	23.000.000	27.380.000	27.610.000	27.840.000	28.080.000	28.320.000
61105 Hr.gatna og göngul. Vinna Þjónstm. og hverfast.	kr.	109.977	100.000	120.000	120.000	120.000	120.000	120.000
Samtals	kr.	132.629.227	159.100.000	178.280.000	179.760.000	181.280.000	182.820.000	184.390.000
Árleg breyting	%	-26%	20%	12%	0,83%	0,85%	0,85%	0,86%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.6** Framlög vegna hreinsunar gatna og gönguleiða síðustu ár og áætlun næstu 5 ár. Æskileg framlög.

Í útboði fyrir þvott og hreinsun í miðbæ fyrir sumarið 2012 var gert ráð fyrir hreinsun 5 daga vikunnar en ákveðið var að bæta við hreinsunina þ.a. nú er hreinsað 7 daga vikunnar yfir sumartímann. Æskilegt er að þetta verði gert áfram, sér í lagi vegna aukins fjölda ferðamanna og aukins flækjustígs vegna sumarlokunar nokkurra gatna í miðbænum. Einnig þarf að auka enn frekar hreinsun gatna á veturna í borginni almennt, miðað við árið 2011, með öflugri tækjum til að reyna að halda svifryksmengun niðri.

Áætlun fyrir árið 2012 er byggð á reikningum verktaka fram til september 2012 og síðustu mánuðir ársins áætlaðir miðað við samning.

Ef skoðuð er reynslan síðustu 4 árin má segja að árið 2008 hafi verið mjög vel í lagt varðandi hreinsun gatna og gönguleiða, en mikið hefur verið skorið niður síðan þá og árið 2011 var sjáanlega mjög mikill niðurskurður og var nokkuð um kvartanir. Árin 2009 og 2010 var nær því að vera æskilegt og hóflegt þjónustustig. Miðað við þessa reynslu má áætla að árið 2010 hafi þjónustustigið verið um það bil það sem leitast verði eftir næstu ár, þ.e. hóflegt þjónustustig, en þá var kostnaður tæplega 180 Mkr. uppreiknað m.v. gengi í jan. 2012. Áætlun um framlögum til vorhreinsunar og hausthreinsunar er þó óbreytt þar sem unnið hefur verið skv. góðu (A) og sæmilegu (B) þjónustustigum þar.

e) Þróun

Hægt er að bæta þjónustustig, td. í miðbænum, með því að fara oftari yfir með vatnsbíl. Sumarið 2012 er t.d. farið 7 daga vikunnar yfir miðbæjarsvæðið, þar af 5 daga með vatnsbíl, annars bara sópun.

Þróun til framtíðar gæti orðið á þá leið að aukið verði við hreinsun almennt í borginni ef kostur er. Svæðisskipting getur breyst út frá árlegri endurskoðun á hreinsun gatna og gönguleiða. Hreinsun gæti orðið sveigjanlegri þannig að eftirlitsmenn geti stýrt henni eins og nauðsynlegt er. Tækjakostur sem í boði er á markaðnum er alltaf að batna. Möguleg þróun til framtíðar er að aukin áhersla verði á að nota umhverfisvænni tæki, td. hljóðlátari og tæki sem ganga fyrir umhverfisvænna eldsneyti.

1.3.2 Hreinsun opinna svæða

61121	Hr. opinna svæða
61123	Hreinsa rusl á opnum svæðum
61124	Hreinsun leiksvæða
61125	Hreinsun Tjarnarinnar
61126	Tilfallandi verk
61141	Flutningur á uppsópi og rusli
61142	Förgun á rusli og uppsópi

Ábyrgð: Mannvit -ÓK


Almenn lýsing

Verkið felur í sér hreinsun og þvott á opnum svæðum, bílastæðum við skóla og á grassvæðum í götunánd í borginni, með vélsópum, sugum og vatnsbílum og öðrum tækjum sem henta þykir.

Hreinsun stampa, hreinsun á veggjakroti og förgun á bílgörmum er ekki innifalin hér heldur færð á sérstakan gjaldalið.

Hreinsun opinna svæða er hluti af útboðum fyrir hreinsun gatna og gönguleiða, þ.e. þau svæði sem sýnd eru á eftirfarandi mynd.

Hverfastöðvarnar sjá um ruslatíslu á opnum svæðum í sínu hverfi, einkum þar sem sugur og tæki komast ekki að. Mest er um ruslatíslu við verslunarsvæði og alls staðar þar sem rusl safnast upp, t.d. við girðingar og runna. Hverfastöðvar sjá um hreinsun á öllum leiksvæðum borgarinnar og ruslatíslu á opnum svæðum í sínu hverfi sem eru utan útboða. Þjónustumiðstöðin sér um stórtækari hreinsun á sláttusvæðum í öllum hverfum þar sem grjót, torf, kantsteinar og fleira sem hefur skemmst við vetrarþjónustu er hreinsað til að undirbúa svæðin fyrir slátt.



Mynd 1.7 Hreinsun opinna svæða sem er hluti af útboðum Hreinsun gatna og gönguleiða 2011, svæði og hverfaskipting.

Tafla 1.7 Framlög vegna hreinsunar opinna svæða síðustu ár.

Hreinsun opinna svæða	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Opin svæði	m ²						15.989.841
Árleg breyting	%						
Opin leiksvæði	m ²	210.000	220.000	250.000	250.000	250.000	276.116
Árleg breyting	%		4,8%	13,6%	0,0%	0,0%	10,4%
Framlög							
61121 Hr. opinna svæða	kr.			42.097.644	20.534.505	17.728.102	4.366.281
61123 Hreinsa rusl á opnum svæðum	kr.			99.674.623	87.286.628	93.512.218	67.926.118
61124 Hreinsun leiksvæða	kr.			4.421.777	5.164.582	735.232	1.090.258
61125 Hreinsun Tjarnarinnar	kr.			8.143.897	6.074.142	6.082.399	4.443.431
61126 Tilfallandi verk	kr.			2.244.299	473.117		
61141 Flutningur á uppsópi og rusli	kr.			355.498	5.523.348		
61142 Förgun á rusli og uppsópi	kr.			156.937.737	384.317	207.565	2.025.872
Samtals	kr.			156.937.737	125.440.639	118.265.516	79.851.960
Árleg breyting	%				-20%	-6%	-32%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Almennt er markmiðið að halda opnum svæðum eins hreinum og hægt er. Verkið er háð veðri og því erfitt að setja sér tímamarkmið.

b) Þjónustustig

Markmiðið með hreinsun opinna svæða er að borgarlandið hafi á sér svipmót hreinnar borgar. Skilgreind þjónustustig ganga mislangt í að ná þessu markmiði þegar horft er til alls ársins.

- A Að vori er farin ein umferð í trjábeð. Jafnhliða sumarhreinsun í miðbæ eru opin svæði meðfram stofnbrautum, tengi- og safngötum ruslhreinsuð einu sinni í viku og önnur opin svæði hreinsuð fjórum sinnum á ári. Trjábeð eru hreinsuð í alls 100 vélatíma jafnhliða vetrarhreinsun.
- B Að vori er farin ein umferð í trjábeð. Jafnhliða sumarhreinsun í miðbæ eru opin svæði meðfram stofnbrautum og tengi- og safngötum ruslhreinsuð einu sinni í viku og önnur opin svæði hreinsuð tvisvar sinnum á ári. Trjábeð eru hreinsuð í alls 50 vélatíma jafnhliða vetrarhreinsun.
- C Að vori er farin ein umferð í trjábeð. Á tímaplani sumarhreinsunar í miðbæ eru opin svæði meðfram stofnbrautum og tengi- og safngötum ruslhreinsuð aðra hverja viku og önnur opin svæði hreinsuð tvisvar sinnum á ári.
- D Að vori er farin ein umferð í trjábeð. Jafnhliða sumarhreinsun í miðbæ eru opin svæði meðfram stofnbrautum, tengi- og safngötum ruslhreinsuð einu sinni í mánuði og önnur opin svæði hreinsuð einu sinni á ári.
- E Engin hreinsun fer fram á opnum svæðum.

Árið 2010 var vinna verktaka skv. þjónustustigi B, þ.e. hreinsað var einu sinni í viku. Árin 2011 og 2012 var þjónustustig lækkað niður í C, þ.e. hreinsað var aðra hverja viku. Skv. útboðsgögnum fyrir Hreinsun gatna og gönguleiða 2011 (framlengt til 2012) skal verktaki hreinsa allt rusl meðfram þjóðvegum og tengigötum aðra hverja viku yfir sumarið, í öllum hverfum (I-V), með vélsugum, eða upptínslu á pappír, plasti og öðru fokefni. Það samsvarar u.þ.b. því að halda þjónustustigi C.

c) Ástandsmat og skráning

Ástandsmat: Eftirlitsmenn sjá um að fylgjast með völdum svæðum og kalla út í aukahreinsun ef nauðsyn þykir. Ef þörf er á aukahreinsun í miklum mæli er þjónustuflokkur á viðkomandi svæði endurskoðaður.

Skráning: Gjaldaliðir, hverfastöðvar, kort gerð í LUKR þar sem hverfaskipting er sýnd ásamt þjónustulýsingu og hverfaskiptingu, dagskýrslur eftirlits.

d) Áætlanagerð

Gerð er áætlun á hverju ári miðað við reynslu ársins á undan. Kort eru endurskoðuð sem og þjónustustig og skipting milli svæða.

Áætlaður árlegur vöxtur opinna svæða er 0,5%, og aukning leiksvæða 0,0% næstu 5 árin.

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir hreinsun opinna svæða um 80 M.kr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er um 84 M.kr. Sjá töflu. Áætlun fyrir árið 2012 er byggð reynslu 2011 og á reikningum verktaka fram til september 2012 og síðustu mánuðir ársins áætlaðir miðað við samning.

Ef skoðuð er reynslan síðustu 4 árin má segja að árið 2008 hafi verið vel í lagt varðandi hreinsun, en mikið hefur verið skorið niður síðan þá og árið 2011 var sjáanlega mjög mikill niðurskurður og var nokkuð um kvartanir. Árin 2009 og 2010 var nær því að vera æskilegt og hóflegt þjónustustig. Miðað við þessa reynslu má áætla að árin 2009 og 2010 hafi þjónustustigið verið um það bil það sem leitast verði eftir næstu ár, þ.e. æskilegt þjónustustig (B), en þá var kostnaður um 120 M.kr. uppreiknað m.v. gengi í jan. 2012, og er áætlun fyrir árin 2013-2017 miðuð við að ná aftur upp þjónustustigi B.

Til þess að ná æskilegu þjónustustigi (B) þarf að auka hreinsun á opnum svæðum og trjábeðum, sérstaklega á vorin. Reynsla niðurskurðaráranna frá því 2008 hafa sýnt að rusl á opnum svæðum er mjög áberandi og því mikilvægt að halda þjónustustigi fyrir hreinsun opinna svæða góðu.


Tafla 1.8 Hreinsun opinna svæða næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun opinna svæða	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Opin svæði	m ²	15.989.841	16.069.790	16.150.139	16.230.890	16.312.044	16.393.605	16.475.573
Árleg breyting	%		0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Opin leiksvæði	m ²	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116	276.116
Árleg breyting	%	10,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
61121 Hr. opinna svæða*	kr.	4.366.281	6.000.000	0	0	0	0	0
61123 Hreinsa rusl á opnum svæðum	kr.	67.926.118	68.266.000	104.490.000	105.012.000	105.537.000	106.065.000	106.595.000
61124 Hreinsun leiksvæða	kr.	1.090.258	1.090.000	1.526.000	1.526.000	1.526.000	1.526.000	1.526.000
61125 Hreinsun Tjarnarinnar	kr.	4.443.431	4.443.000	6.221.000	6.221.000	6.221.000	6.221.000	6.221.000
61126 Tilfallandi verk	kr.	0	100.000	141.000	141.000	142.000	143.000	144.000
61141 Flutningur á uppsópi og rusli	kr.	0	2.000.000	2.823.000	2.847.000	2.871.000	2.895.000	2.920.000
61142 Förgun á rusli og uppsópi	kr.	2.025.872	2.042.000	2.883.000	2.907.000	2.931.000	2.956.000	2.982.000
Samtals	kr.	79.851.960	83.941.000	118.084.000	118.654.000	119.228.000	119.806.000	120.388.000
Árleg breyting	%	-32%	5,1%	41%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

*Liðirnir 61121 og 61123 verða sameinaðir í einn 2013.



Mynd 1.8 Framlög vegna hreinsunar opinna svæða síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Erfitt er að áætla nákvæmt þjónustustig á þennan lið í heild sinni þar sem hér er aðallega um að ræða tilfallandi vinnu sem unnin er frá hverfastöðvum. Á veturna eru aðstæður mjög misjafnar, þegar snjór er yfir borginni er engin þörf á hreinsun á rusli á opnum svæðum, en þegar jörð er auð, þá er töluverð vinna við ruslhreinsun. Þó væri hægt að taka hluta af þeirri vinnu og skilgreina þjónustustig en það þýðir að kortleggja þarf vinnu hverfastöðva.

Auka þarf verulega forvarnir og hreinsun á rusli og veggjakroti. Það er ekki æskilegt að setja sífellt meiri vinnu í hreinsun á rusli án þess að gera nokkuð til að taka á uppsprettu þess.

1.3.3 Hreinsun stofnanalóða

- 61201 Hreinsun stofnanalóða - hreinsun
 61202 Hreinsun stofnanalóða - ÍTR hreinsun
 61203 Hreinsun stofnanalóða - Hreinsun v/félagsþjónustu

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Verkið felur í sér hreinsun á stofnanalóðum. Framkvæmdasvið sér um hreinsun á lóðum skóla og leikskóla Reykjavíkur, Fræðslumiðstöðvar og bílastæða við íþróttamannvirki ÍTR. Það sem fellur undir þennan lið er boðið út og unnið af verktaka. Útboðin eru sameiginleg með hreinsun gatna og gönguleiða hverfaskipt á sama hátt.

Tafla 1.9 Framlög til hreinsunar stofnanalóða síðustu ár.

Hreinsun stofnanalóða	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stofnanalóðir	m ²						459.000
Árleg breyting	%						
Framlög							
61201 Hreinsun stofnanalóða - hreinsun	kr.			12.583.088	7.250.786	8.175.645	23.894.803
61202 Hreinsun stofnanalóða - ÍTR hreinsun	kr.			1.033.031	746.958	39.022	56.972
61182 Hreinsun stofnanalóða - Hreinsun v/félagsþjónustu	kr.			146.853	178.556	28.121	0
Samtals	kr.			13.762.972	8.176.300	8.242.789	23.951.776
Árleg breyting	%				-41%	1%	191%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
 Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Almennt er markmiðið að halda stofnanalóðum í eins góðu ástandi og hægt er.

b) Þjónustustig

Hægt er að skilgreina þjónustustig eftir fjölda hreinsana.

- A Fjórum sinnum á ári eru plön við leikskóla og skóla og lóðir þeirra sópuð, vélsópuð, ruslatínd og þvegin. Bílastæði, gangstéttir og lóðir sundlauga og félagsmiðstöðva eru einnig hreinsuð fjórum sinnum á ári. Miðað er við að hreinsa vetur, sumar, vor og haust.
- B Að vori og sumri eru plön við leikskóla og skóla og lóðir þeirra sópuð, vélsópuð, ruslatínd og þvegin. Bílastæði, gangstéttir og lóðir sundlauga og félagsmiðstöðva eru einnig hreinsuð að vori og sumri. Miðað er við að vorheinsun sé í maí.

- C Að vori eru plön við leikskóla og lóðir þeirra sópuð, vélsópuð og þvegin. Bílastæði, gangstéttir og lóðir sundlauga og félagsmiðstöðva eru hreinsuð að vori. Miðað er við að vorhreinsun sé í maí.
- D Plön við leikskóla og lóðir þeirra sópuð, vélsópuð og þvegin annað hvert ár að vori og það sama á við um bílastæði, gangstéttir og lóðir sundlauga og félagsmiðstöðva.
- E Plön við leikskóla og á lóðum þeirra eru aldrei sópuð, vélsópuð, ruslatínd eða þvegin og það sama á við um bílastæði, gangstéttir og lóðir sundlauga og félagsmiðstöðva.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi B. Árin 2011 og 2012 er unnið samkvæmt þjónustustigi B.

c) Ástandsmat + skráning

Ástandsmat: Öllum stofnanalóðum er haldið við samkvæmt viðkomandi þjónustuflokki. Eftirlitsmenn sjá um að fylgjast með völdum svæðum og kalla út í aukaviðhald ef nauðsyn þykir. Ef þörf er á aukaviðhaldi í miklum mæli er þjónustuflokkur á viðkomandi svæði endurskoðaður.

Skráning: Gjaldaliðir, hverfastöðvar, kort gerð í LUKR þar sem hverfaskipting er sýnd ásamt þjónustulýsingu og hverfaskiptingu, dagskýrslur eftirlits eða umsjónarmanna.

Skipting svæða er samkvæmt teikningum.


d) Áætlanagerð

Gerð er áætlun á hverju ári miðað við reynslu ársins á undan. Kort eru endurskoðuð sem og þjónustustig og skipting milli svæða.

Framkvæmdir eru skipulagðar eftir árstíðum og hverfum, þ.e. sumar-, vetrar-, vor- og hausthreinsun og hverfaskipting er eftirfarandi:

Stærð stofnanalóða eftir hverfum:

Hverfi I. "Miðbærinn".	Flatarmál: 2.000 m ²
Hverfi I. Vesturbær, norðan Hringbrautar.	Flatarmál: 32.000 m ²
Hverfi II. Vesturbær sunnan Hringbrautar.	Flatarmál: 88.000 m ²
Hverfi III. Austurbær.	Flatarmál: 128.000 m ²
Hverfi IV. Breiðholt, Ártúnsholt, Árbær og Norðlingaholt.	Flatarmál: 111.000 m ²
<u>Hverfi V. Grafarvogur, Grafarholt, Borgarholt.</u>	<u>Flatarmál: 98.000 m²</u>
<i>Samtals</i>	<i>Flatarmál: 459.000 m²</i>



Mynd 1.9 Svæðisskipting hreinsunar stofnanalóða í útboðum.

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir hreinsun stofnanalóða 24 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 27 Mkr.

Mikill munur er á þeim tölum sem hafa verið skráð á liðina fyrir Hreinsun stofnanalóða (61201) á árunum 2008-2010 annars vegar og svo 2011-2012 hins vegar. Helsta skýringin á því er sú að fyrir árið 2011 fór kostnaður vegna stofnanalóða á gjaldalið undir hreinsun gatna og gönguleiða. Eftir árið 2011 fór kostnaðurinn hins vegar á réttan gjaldalið (61201).

Einnig hefur flatarmál stofnanalóða aukist töluvert milli útboða. Í útboði 2007 var heildarflatarmál stofnanalóða 332.500 m² en í útboði 2011 var heildarflatarmál 459.000 m², það er aukning um 38% sem gæti skýrt hluta þess að kostnaður hefur aukist.


Árið 2011 var fjöldi leikskóla í umsjá Framkvæmdasviðs 82 og fjöldi skóla 44, fjöldi annara lóða var um 40. Samtals eru þetta 166 lóðir og 459.000 m². Gert er ráð fyrir 0,5% árlegum vexti í heildarstærð stofnanalóða.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi B. Árin 2011 og 2012 var einnig unnið samkvæmt þjónustustigi B og áætlun næstu ára miðar við halda sama þjónustustigi áfram.

Tafla 1.10 Hreinsun stofnanalóða næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun stofnanalóða	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Stofnanalóðir	m ²	459.000	461.000	463.000	465.000	467.000	469.000	471.000
Árleg breyting	%		0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Framlög								
61201 Hreinsun stofnanalóða - hreinsun	kr.	23.894.803	27.000.000	27.135.000	27.271.000	27.407.000	27.544.000	27.682.000
61202 Hreinsun stofnanalóða - ÍTR hreinsun	kr.	56.972	57.000	57.000	57.000	57.000	57.000	57.000
61203 Hreinsun stofnanalóða - Hreinsun v/félagsþjónustu	kr.	0	100.000	101.000	102.000	103.000	104.000	105.000
Samtals	kr.	23.951.776	27.157.000	27.293.000	27.430.000	27.567.000	27.705.000	27.844.000
Árleg breyting	%	191%	13,4%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.10** Framlög vegna hreinsunar stofnanalóða síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.**e) Þróun**

Sjá kafla 2.3.1 Hreinsun gatna og gönguleiða, e) þróun.

1.3.4 Hreinsun niðurfallsrista

61161 Hreinsun niðurfallsrista

Ábyrgð: Mannvit - ÓK

Í fráveitusamningi milli Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar er skilgreind verkaskipting milli aðila. Þar er um það kveðið að Reykjavíkurborg skuli sjá hreinsun niðurfallsrista. Hreinsun niðurfallsristanna sjálfra er ekki hluti af götusópun í hreinsun gatna og gönguleiða, ef starfsmenn/verktakar sem vinna í götusópun sjá stífluð niðurföll láta þeir eftirlit eða Hverfastöðvar vita. Undir þennan lið fellur hins vegar hreinsun þar sem unnið er að því markmiði að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna vatnselgs og polla á götum vegna stíflaðra niðurfallsrista. Þekktir lágpunktar eru hreinsaðir þegar von er á miklu vatnsveðri og fer umfang

hreinsunarinnar eftir aðstæðum hverju sinni. Þannig er hreinsunin oftar umfangsmeiri síðla á haustin þegar lafin hafa fallið. Kostnaður við hreinsun niðurfallsrista yfir vetrartímann vegna snjó og klaka er hluti vetrarþjónustu.

Tafla 1.11 Hreinsun niðurfallsrista síðustu ár.

Hreinsun niðurfallsrista	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Götur, yfirborð	m ²						3.261.402
Árleg breyting	%						
61161 Samtals	kr.			18.419.728	11.266.378	10.245.661	14.517.131
Árleg breyting	%				-39%	-9%	42%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Markmiðið með hreinsun niðurfallsrista er að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna vatnselgs á götum vegna stíflaðra niðurfallsrista. Hér er eingöngu fjallað um sérstaka hreinsun niðurfallsrista en ekki þá sem unnin er með sópun og fellur undir hreinsun gatna.

b) Þjónustustig

- A Niðurfallsristar eru hreinsaðar með reglubundnum hætti á hverju ári. Að auki er hreinsað af niðurfallsristum í lágpunktum þegar von er á vatnsveðri og fer umfang hreinsunar eftir aðstæðum hverju sinni.
- B Niðurfallsristar eru hreinsaðar með reglubundnum hætti þriðja hvert ár. Að auki er hreinsað af niðurfallsristum í lágpunktum þegar von er á vatnsveðri og fer umfang hreinsunar eftir aðstæðum hverju sinni.
- C Hreinsað er af niðurfallsristum í lágpunktum þegar von er á vatnsveðri og fer umfang hreinsunar eftir aðstæðum hverju sinni.
- E Engin sérstök hreinsun á niðurfallsristum á sér stað.

c) Ástandsmat + skráning

Starfsmenn Hverfastöðva fylgjast með ástandi þekktra lágpunkta.

Lágpunktar hafa ekki verið kortlagðir.

d) Áætlanagerð


Þjónustustig C er ásættanlegt en af öryggisástæðum er ekki ráðlegt að skilgreina þjónustustig D. Ef niðurfallsristar eru ekki hreinsaðar þegar von er á vatnsveðri getur myndast vatnsgur á götum sem skapar hættu. Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við þjónustustig C og 2012 er einnig unnið skv. þjónustustigi C.

Æskilegt er að hækka þjónustustigið í þessum lið og vinna skv. þjónustustigi B. Með því að fara kerfisbundið yfir niðurföllin má koma í veg fyrir erfiðleika og vinnuálag þegar vatnsveður eru og þá fæst einnig betri yfirsýn yfir hvaða staðir eru líklegir til að valda erfiðleikum. Með því að taka þriðjung gatna á hverju ári má jafna vinnuálagið vegna reglubundnu hreinsunarinnar. Gróflega má áætla að kostnaður við slíka reglubundna hreinsun gæti verið um 5-6 Mkr. á ári.

Tafla 1.12 Hreinsun niðurfallsrista næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun niðurfallsrista	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Götur, yfirborð	m ²	3.261.402	3.265.000	3.268.000	3.271.000	3.274.000	3.277.000	3.280.000
Árleg breyting	%		0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
61161 Samtals	kr.	14.517.131	14.532.000	20.050.000	20.070.000	20.090.000	20.110.000	20.130.000
Árleg breyting	%	42%	0,1%	38,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.11** Framlög vegna hreinsunar niðurfallsrista síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir hreinsun niðurfallsrista 14 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 15 Mkr og fyrir árið 2013 er áætlaður kostnaður um 20 Mkr.

Árið 2011 var yfirborð gatna um 3.261.000 m² eða 326 ha. Gert er ráð fyrir 0,1% árlegri magnaukningu.

e) Þróun

Mikilvægt er að kortleggja helstu lágpunkta til þess að reglubundin hreinsun sem gæti verið gerð á nokkurra ára fresti verði sem skilvirkust. Einnig gæti skráning á tjóni eða öðrum erfiðleikum sem skapast á einstaka stöðum vegna stíflaðra niðurfalla verið mjög til bóta þegar meta á þjónustustigspörf.

1.3.5 Hreinsun gróðurs á gangstéttum

- 61181 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni hverfast
- 61182 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni verktaka

Ábyrgð: Mannvit - ÓK

Almenn lýsing

Um er að ræða hreinsun gróðurs á gangstéttum og trjágróðurs sem vex inn á gönguleiðir og gangstéttar.

Trjágróður frá einkalóðum skal ekki vaxa inn yfir gangstéttar og húsagötur. Um mánaðarmót september og október er farið eftir öllum götum og stígum og athugasemdir skráðar þar sem trjágróður fer út fyrir lóðamörk. Lóðarhöfum er sent bréf og þeim gefinn tveggja til þriggja vikna frestur til úrbóta. Farin er seinni umferð yfir svæði þar sem vandamál voru greind og ef gróður

hefur ekki verið klipptur hefur borgin rétt til þess að fjarlægja trjágreinar á kostnað lóðareigenda. Verkefnið er unnið frá Þjónustumiðstöðinni. Hreinsun trjágróðurs sem fer inn yfir borgarlandið fer fram um alla borg.

Í hreinsun gróðurs á gangstéttum felst að fjarlægja gras, fífla, njóla og annan gróður sem vex í sprungum á stéttum og milli gangstéttarhellna. Verkið er unnið af starfsmönnum hverfisstöðvar við Njarðargötu. Hreinsun gróðurs á gangstéttum á þennan hátt hefur eingöngu verið unnin á miðbæjarsvæðinu. Einkum hafa verið hreinsaðar stéttar í Norðurmýrinni, á þvergötum Laugavegar og hafa eldri svæði verið í forgangi.

Hreinsun gróðurs af gangstéttum er gerð á vorin og sumrin en trjágróður er snyrtur í september og október.

Tafla 1.13 Hreinsun gróðurs á gangstéttum undanfarin ár.

Hreinsun gróðurs á gangstéttum	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Göngu- og hjólastígar	m	698.000	733.000	750.000	760.000	760.000	763.563
Árleg breyting	%		5,0%	2,3%	1,3%	0,0%	0,5%
Framlög							
61181 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni hverfast	kr.			7.251.622	1.182.217	197.818	178.345
61182 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni verktaka	kr.			256.056	102.472	191.238	4.183.734
Samtals	kr.			7.507.678	1.284.689	389.056	4.362.080
Árleg breyting	%				-83%	-70%	1021%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Hreinsun gróðurs á gangstéttum og trjágróðurs sem vex yfir götur og gönguleiðir hefur eftirtalin markmið:

- Trjágróður úr gördum og landi einkaaðila skal ekki slúta þannig yfir götur og gangstéttar að vandræði eða hætta skapist fyrir akandi, gangandi eða hjólandi vegfarendur.
- Hreinsa skal gróður á gangstéttum þar sem hann er orðinn það mikill að hann er til óprýði.

Fyrir hvort markmið eru sett fram þjónustustig.

b) Þjónustustig

Trjágróður sem vex inn á gönguleiðir og gangstéttar:

- A Í september ár hvert er farið í átak þar sem borgarbúar eru hvattir til að snyrta trjágróður sinn sem slútir út á götu eða gönguleiðir. Ef þeir bregðast ekki við er borginni heimilt að snyrta gróðurinn á kostnað eigandans, að því tilskyldu að eigandanum hafi verið veittur frestur til að vinna verkið sjálfur.
- B Annað hvert ár í september er farið í átak þar sem borgarbúar eru hvattir til að snyrta trjágróður sinn sem slútir út á götu eða gönguleiðir. Ef þeir bregðast ekki við er borginni heimilt að snyrta gróðurinn á kostnað eigandans, að því tilskyldu að eigandanum hafi verið veittur frestur til að vinna verkið sjálfur. Hitt árið eru borgarbúar hvattir til að snyrta trjágróður sinn án þess að borgin fari út í hreinsun sjálf.

- C Í september á ári hverju er farið í átak þar sem borgarbúar eru hvattir til að snyrta trjágróður sem slútir út á götu eða gönguleiðir.
- D Í september annað hvert ár í er farið í átak þar sem borgarbúar eru hvattir til að snyrta trjágróður sem slútir út á götur eða gönguleiðir.
- E Ekkert er gert til að vinna í því að borgarbúar snyrti trjágróður sem slútir út á götu eða gönguleiðir.

Gróður á gangstéttum:

- A Árlega er gróðri eytt á gangstéttum.
- B Annað hvert ár er gróðri eytt á gangstéttum
- C Þriðja hvert ár er gróðri eytt á gangstéttum
- D Gróðri á gangstéttum er eytt í tilfallandi atvikum, eftir ábendingum frá íbúum, eða ef ástand er óviðunandi.
- E Ekkert er gert til að vinna í því að eyða gróðri á gangstéttum

c) Ástandsmat og skráning

Starfsmenn frá Þjónustumiðstöð fara eftir öllum götum og stígum í borginni og skrá niður allar athugasemdir þar sem trjágróður vex út fyrir lóðamörk.

Starsmenn Hverfastöðva meta ástand gangstétta og hjólastíga m.t.t. gróðurs.

d) Áætlanagerð

Hreinsun trjágróðurs sem vex inn á gönguleiðir og gangstéttar: Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi B en átak var gert árið 2008. Undanfarin ár hefur verið unnið skv. þjónustustigi C. Í áætlun fyrir 2013-2017 er gert ráð fyrir þjónustustigi B. Reiknað er með að vinnu sé dreift þannig að vinnumagn sé um það bil jafnt hvert ár og kostnaður á hverju ári sé um 2 Mkr. Trjágróður sem vex inn á göngu- og hjólaleiðir hefur áhrif á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og getur einnig haft áhrif á umferðaröryggi og því er mikilvægt að halda uppi sæmilegu þjónustustigi á þessum lið.

Hreinsun gróðurs af gangstéttum: Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi D. Undanfarin ár hefur lítið verið lagt í þessa vinnu en mikil þörf er á að gera betur. Í áætlun fyrir 2013-2017 er gert ráð fyrir að unnið verði samkvæmt þjónustustigi C. Reiknað er með að vinnu sé dreift þannig að vinnumagn sé um það bil jafnt hvert ár og kostnaður á hverju ári sé um 2-3 Mkr.

Hingað til hafa eldri hverfi í borginni notið forgangs, sér í lagi Norðurmýrin og þvergötur Laugavegar, en eftir því sem árin líða verður meiri og þörf á þessari hreinsun í öðrum hverfum borgarinnar. Hverfastöðin í miðbænum (Njarðargötu) hefur helst sinnt þessu, en í Austurbænum og í Breiðholtinu er orðin full þörf að framkvæma þessa hreinsun reglulega og einnig styttist í að það verði þörf á svæði Stórhöfða og Grafarvogs.


Kostnaður árið 2010 var 0,4 Mkr., 2011 var hann 4 Mkr. en þá var bókhaldsvilla og kostnaður skráður á liðinn 61182 sem átti heima undir Hreinsun gatna og gönguleiða. Fyrir utan árið 2008 þegar gert var átak í hreinsun trjágróðurs þá hefur kostnaðurinn undanfarin ár verið um eða undir 1 Mkr. Gert er ráð fyrir að 2012 verði á svipuðu róli, en fyrir árin 2013-2017 er áætlað að koma þjónustustigi í æskilegt horf og að kostnaðurinn verði 4-5 Mkr.

Tafla 1.14 Hreinsun gróðurs á gangstéttum næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun gróðurs á gangstéttum	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Göngu- og hjólastígar	m	763.563	778.800	794.400	810.300	826.500	843.000	859.900
Árleg breyting	%	0,5%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Framlög								
61181 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni hverfast	kr.	178.345	182.000	4.500.000	4.590.000	4.682.000	4.776.000	4.872.000
61182 Hreinsun gróðurs á gangstéttum - verkefni verktaka	kr.	4.183.734	500.000	100.000	102.000	104.000	106.000	108.000
Samtals	kr.	4.362.080	682.000	4.600.000	4.692.000	4.786.000	4.882.000	4.980.000
Árleg breyting	%	1021%	-84,4%	574%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.12 Framlög vegna hreinsunar gróðurs á gangstéttum síðustu ár og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Viðbúið er að kostnaður við hreinsun trjágróðurs muni aukast á næstu árum, sérstaklega í úthverfum borgarinnar. Trjágróður þar stækkar ár frá ári og mun teygja sig í auknum mæli yfir gangstígar og húsagötur. Eldri hverfi borgarinnar eru með stálpaðri tré og því minni líkur á aukningu þar.

Líklegt er að krafa um hreinsun gróðurs af gönguleiðum verði meira og minna óbreytt í framtíðinni frá því sem nú er. Hugsanlegt er þó að hjólreiðamenn muni gera meiri kröfur á hjólreiðastígum, enda viðkvæmari fyrir hvers lags hindrunum.

1.3.6 Ruslastampar, losun

61224 Losun verktaka úr ruslastömpum

61225 Losun starfsmanna hverfast. úr ruslastömpum

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB**Almenn lýsing**

Stampar árið 2011 eru 1179 en hugsanlegt er að skráning hafi ekki skilað sér til landupplýsingadeildar Reykjavíkur fyrir allra stampa sem heldur utan um staðsetningu þeirra. Verktakar losa rusl úr 422 stömpum, þar af eru 311 losaðir daglega og 111 tvisvar í viku.

Í eftirfarandi töflu má sjá framlög vegna losunar ruslastampa síðustu ár.

Tafla 1.15 Stampar, losun síðustu ár.

Ruslastampar, losun	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi ruslastampa	stk	997	1.057	1.093	1.100	1.119	1.179
Árleg breyting	%		6,0%	3,4%	0,6%	1,7%	5,4%
Framlög							
61224 Losun verktaka úr ruslastömpum	kr.			30.443.594	23.976.650	20.156.265	17.112.128
61225 Losun starfsm. hverfast. úr ruslast.	kr.			36.312.877	46.300.466	56.319.513	59.668.570
Samtals	kr.			66.756.471	70.277.116	76.475.778	76.780.698
Árleg breyting	%				5,3%	8,8%	0,4%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Ruslastampar þurfa að vera tæmdir reglulega þannig að þeir geti tekið við rusli.

b) Þjónustustig

Útbúa mætti einfalt flokkunarkerfi vegna ástands ruslastampa.

- A** Stampar tæmdir nægjanlega oft a.m.k. 1-3 sinnum í viku.
- B** Stampar tæmdir nægjanlega oft, að lágmarki vikulega
- C** Tæming ekki nægjanlega oft svo stampar yfirfullast oft.
- D** Tæming ekki nægjanlega oft svo stampar eru iðulega yfirfullir
- E** Stampar eru aldrei tæmdir og eru ónothæfir.

Þjónustustig í miðbænum er hærra en þjónustustig úti í hverfum.

c) Ástandsmat + skráning


Líta þarf á staðsetningu, tíðni losunar og ástand stampa til að meta hvert þjónustustigið á heildarkerfinu á að vera. Mat á þessum þáttum er fyrst og fremst sjónrænt og er t.a.m. mikilvægt að fylgst sé með hvort rusl safnast fyrir í nágrenni stampa sem gefur vísbendingu um að etv. þurfi að fjölga stömpum eða staðsetja betur þá sem fyrir eru.

d) Áætlanagerð

Af 1179 stömpum tæma verktakar um það bil 422 stampa. Af þeim eru 311 losaðir daglega og um 111 tvisvar í viku sem miðar við þjónustustig A. Afganginn sjá hverfastöðvarnar um og tæma þær stampa um 3 sinnum í mánuði.

Verktaki hefur tæmt ruslastampa í miðborginni fyrir fast einingarverð. Í eftirfarandi áætlun er gert ráð fyrir að tæming stampa annarsstaðar í borginni kosti margfalt á við losun í miðbænum

enda hefur það verið reynsla síðustu ára. Yfirlit yfir hlutfallslegan kostnað milli hverfastöðva og verktaka má sjá á eftirfarandi súluriti.



Mynd 1.13 Framlög til losunar stampa.

Stampar í miðborginni eru flestir tæmdir daglega, sumir á tveggja daga fresti og í útjaðrinum á viku fresti. Í öðrum hverfum eru stampar tæmdir að meðaltali einu sinni í viku yfir sumarið en sjaldnar á veturna. Tæmingar í Vesturbæ og Hlíðum geta verið oftar en einu sinni í viku ef álag er mikið. Á mynd má sjá yfirlit yfir tíðni losunar á miðbæjarsvæðinu þar sem losun er boðin út.

Heildarkostnaður við tæmingu ruslastampa árið 2011 var um 77 M.kr. með umsjón og eftirliti. Þar af var kostnaður við tæmingu ruslastampa verktaka um 17 M.kr og hverfastöðvanna um 60 Mkr.


Ekki er reiknað með sérstöku framlagi frá Vegagerðinni vegna þessa málaflokks, en um 8% stampanna en innan veghelgunarsvæðis þjóðvega.

Í áætluninum fyrir 2013-2017 er gert ráð fyrir að kostnaður við tæmingu verði áþekkur og hann er í dag en fylgi verðlagi (sjá súlurit). Ekki er reiknað með mikilli fjölgun stampa (sjá súlurit).

Tafla 1.16 Stampar, losun næstu ár, æskileg framlög.

Ruslastampar, losun	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarfjöldi ruslastampa	stk	1.179	1.203	1.227	1.251	1.276	1.302	1.328
Árleg breyting	%	5,4%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Losun verktaka úr ruslastömpum	stk	422	422	430	439	448	457	466
Árleg breyting	%		0%	2%	2%	2%	2%	2%
Losun hverfastöðva úr ruslastömpum	stk	757	781	796	812	828	845	862
Árleg breyting	%		3,2%	1,9%	2,0%	2,0%	2,1%	2,0%
Framlög								
61224 Losun verktaka úr ruslastömpum	kr.	17.112.000	17.257.000	17.600.000	17.950.000	18.307.000	18.671.000	18.844.000
61225 Losun starfsm. hverfast. úr ruslast.	kr.	59.669.000	55.604.000	56.716.000	59.228.000	62.216.000	63.428.000	63.259.000
Samtals	kr.	76.781.000	72.861.000	74.316.000	77.178.000	80.523.000	82.099.000	82.103.000
Árleg breyting	%	0,4%	-5,1%	2,0%	3,9%	4,3%	2,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.14** Losun ruslastampa og æskileg framlög næstu 5 árin.**e) Þróun**

Á síðustu árum hefur kostnaður vegna tæmingar ruslastampa aukist mjög hjá hverfastöðvunum en dregist saman hjá verktökum í miðbænum. Æskilegt er að leita leiða til að minnka kostnað við

tæmingar hverfastöðvanna. Í dag eru vinnuflokkar í öllum hverfastöðvunum að sjá um tæmingar meðfram öðrum verkefnum.

Ákveðið hefur verið að að festa einn til tvo menn í þetta verkefni sem færu þá um öll hverfi og sinntu þessu eingöngu. Á sumrin þegar álag er meira væri svo aukið við ef þurfa þykir.

1.3.7 Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður

61262 Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður

Ábyrgð: Verkís GDG/HB

Almenn lýsing

Um er að ræða hreinsun á sjávarsíðunni eftir óveður. Í verkinu felst að hreinsa grjót og þang af götum, göngustígum og svæðum í kring um þau. Verktími og tíðni hreinsunar fer eftir tíðarfari. Einkum er um að ræða svæði við Ánanaust, Eiðsgranda, Skerjafjörð og Laugarnes. Tíðni fer eftir tíðarfari en getur verið frá 3-12 skiptum á ári.

Framlög til hreinsunar sjávarsíðu síðustu ár má sjá í eftirfarandi töflu.

Tafla 1.17 Hreinsun sjávarsíðu síðustu ár.

Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður		Ein.	2008	2009	2010	2011
Framlög						
61262	Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður	kr.	2.675.301	217.462	-	-
	Samtals	kr.	2.675.301	217.462	-	-
	Árleg breyting	%		-91,87%	-100,00%	-

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Hreinsun miðar að því að umferð um götur, göngustíga og svæði í kring um þau gangi greiðlega.

b) Skilgreina þjónustustig

A Þegar grjót og þang fer yfir göngustíga og grjót úr varnargörðum fer inn á land er alltaf brugðist við því með hreinsun. Viðgerðir á sjóvarnargörðum og öðrum mannvirkjum innan varnargarða telst ekki til hreinsunar.

C Grjót er aðeins fjarlægt af stígum.

E Engin þjónusta.

c) Ástandsmat + skráning

Engin skráning eða ástandsmat fer fram enda fer hreinsunin alfarið eftir veðurlagi.

Engin hreinsun varð eftir óveður árið 2011 og því enginn bókfærður kostnaður.


d) Áætlanagerð

Í áætlun er gert ráð fyrir hóflegri hreinsun á næstu árum eins og sést í meðfylgjandi töflu og súluriti.

Tafla 1.18 Hreinsun sjávarsíðu næstu ár, æskileg framlög.

Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður		Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög									
61262	Hreinsun sjávarsíðu eftir óveður	kr.	-	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000
	Samtals	kr.	-	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000
	Árleg breyting	%	-	-	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.15 Framlög til hreinsunar á sjávarsiðu og æskileg framlög næstu 5 árin.

d) Þróun / uppsafnað viðhald

Á ekki við.

1.3.8 Hreinsun, jól, áramót

61282 Brennur - hreinsun

61281 Flugeldar og jólatré – hreinsun

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Um er að ræða hreinsun hverfisstöðva eftir brennur og einhverja hreinsun skotelda af opnum svæðum. Hreinsun í hverfum þar sem jólatré eru hirt frá lóðamörkum hefur ekki verið frá 2009 og stendur ekki til að hefja þá hreinsun aftur.

Af 10 brennum í Reykjavík um áramót 2011-2012 voru 6 alfarið á ábyrgð FER. Um áramótin 2008-2009 var felld niður ein brenna við Leirubakka og um síðustu áramót var ekki brenna í Ártúnsholti. Starfsmenn FER hreinsa eftir allar brennur. Eldvarnareftirlitið ákvarðar hámarksstærð brenna en þær eru í tveimur stærðarflokkum. Rauðmerktar brennur eru á ábyrgð annarra en borgarinnar.

Stórar brennur:

- við Ægisíðu, borgarbrenna
- Geirsnef, borgarbrenna
- í Gufunesi vestan Rimahverfis, borgarbrenna
- við Rauðavatn, Fylkisbrenna

Litlar brennur:

- við Suðurhlíðar neðan við Fossvogskirkjugarð, borgarbrenna
- við Suðurfell, borgarbrenna
- Kléberg á Kjalarnesi, borgarbrenna
- í Skerjafirði gegnt Skildinganesi 44 – 46, Hverfafélagið Skjöldur
- vestan Laugarásveggar mótis við Valbjarnarvöll
- Úlfarsfell, Físfélagið ofan Bauhaus

Þrettándabrennur eru við Ægissíðu og á Gufunesi.

Framlög til hreinsunar vegna jóla og áramóta síðustu ár má sjá í eftirfarandi töflu ásamt áætlun til 2017 í töflunni þar á eftir.

Tafla 1.19 Hreinsun, jól, áramót síðustu ár

Hreinsun, jól, áramót		Ein.	2008	2009	2010	2011
Fjöldi brenna		stk.	11	11	11	12
Árleg breyting		%		0,0%	0,0%	9,1%
Framlög						
61281	Flugeldar og jólatré - hreinsun	kr.	15.029.405	17.751.085	1.045.643	0
61282	Brennur - hreinsun	kr.	4.869.951	1.823.129	323.115	996.308
Samtals		kr.	19.899.356	19.574.214	1.368.758	996.308
Árleg breyting		%		-1,6%	-93,0%	-27,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Markmið hreinsunar um jól og áramót er að styðja íbúa í að hreinsa sjálfir til eftir skotelda og fara með jólatré til förgunar. Hreinsað er til eftir áramóta- og þrettándabrennur.

b) Skilgreina þjónustustig

Miða má þjónustustig við fjölda brenna. Þannig verður hreinsað eftir 10 brennur. Ef fleiri brennur bætast við kallar það á aukna þjónustu en fækkun brenna kallar á minni þjónustu.

- A Áramótahreinsun með hirðingu jólatrjáa er auglýst og er farið er tvisvar til þrisvar sinnum í hverfin til að fjarlægja jólatré eftir þrettándann. Hreinsun er lokið 2 vikum eftir að hún hófst. Hreinsað er eftir áramótabrennur og þrettándabrennur.
- C Engin áramótahreinsun með hirðingu jólatrjáa er auglýst. Hreinsað er eftir áramótabrennur og þrettándabrennur.
- E Engin áramótahreinsun fer fram.

c) Ástandsmat + skráning

Á ekki við.

d) Áætlanagerð




Miðað er við að halda þjónustustigi C. Síðustu ár hefur verið leitað leiða til að minnka kostnað vegna jóla/áramótahreinsunar og hefur kostnaðurinn farið úr tæpum 18 milljónum árið 2009 í um 1 milljón árið 2011. Áformað er að halda fast í þessa hagræðingu á næstu árum.

Framlög til hreinsunar síðustu ár má sjá á eftirfarandi töflum en áætlun til 2017 á blá/rauða súluritinu þar fyrir neðan.

Tafla 1.20 Hreinsun, jól, áramót æskileg framlög næstu ár.

Hreinsun, jól, áramót	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi brenna	stk.	12	12	12	12	12	12	12
Árleg breyting	%	9,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
61281 Flugeldar og jólatré - hreinsun	kr.	0	0	0	0	0	0	0
61282 Brennur - hreinsun	kr.	996.308	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000
Samtals	kr.	996.308	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000
Árleg breyting	%	-27,2%	-0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.16** Framlög til hreinsunar flugelda og jólatrjáa síðustu ár.**Mynd 1.17** Framlög til hreinsun eftir brennur síðustu ár.**Mynd 1.18** Framlög vegna hreinsunar um jól og áramót og æskileg áætlun næstu 5 árin.

d) Þróun / uppsafnað viðhald

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að fólk hjálpi sér sjálft og beri sjálft ábyrgð á að hreinsa til eftir jóla og áramót. Svo verður áfram.

1.3.9 Fjarlægja bílgarma

61301 Fjarlægja bílgarma

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

FER fjarlægir á kostnað bíleigenda þá bílgarma sem þeir hafa ekki hirt um að koma til geymslu eða eyðingar. Þá fjarlægir FER einnig tjaldvagna, fellihýsi eða hvers kyns kerrur af götum, bílastæðum eða opnum svæðum borgarinnar. Þjónustan er eingöngu veitt á borgarlandinu en ekki á einkalóðum.

Oft láta húsfélög, lóðarhafar eða aðrir vita af því að númerslausir bílar eða annað taki pláss á almenningsbílastæðum eða opnum svæðum til lengri tíma. Þá fer starfsmaður frá FER á staðinn og kannar hvort réttmæt ástæða sé til að hafa afskipti af bílnum. Þá er settur miði á bílinn og eiganda gefinn 7 daga frestur til að fjarlægja hann á eigin kostnað. Ef ekki þá mætir Vaka á svæðið og fer með bílinn á sitt geymslusvæði. Þar er hann geymdur í ákveðinn tíma þar til honum er fargað ef hann er ekki leystur út og geymslugjöld, og förgun, og annar kostnaður greiddur af eiganda bílsins.

Umsjón með því að fjarlægja bílgarma hefur þjónustumiðstöðin Stórhöfða. Yfir 1000 bílar fá miða á hverju ári en einungis hluti af þeim fjölda er fjarlægður.

Dregið hefur verulega úr kostnaði við að fjarlægja bílgarma undanfarin ár eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Má þar þakka bættari innheimtu á kostnaði frá bíleigendum.

Tafla 1.21 Bílgarmar fjarlægðir, kostnaður síðustu ár.

Fjarlægja bílgarma	Ein.	2008	2009	2010	2011
Fjöldi fjarlægðra bílgarma	stk.			601	533
Árleg breyting	%				-11,3%
Framlög					
61301 Fjarlægja bílgarma	kr.	12.419.612	8.910.525	8.225.676	4.079.303
Samtals	kr.	12.419.612	8.910.525	8.225.676	4.079.303
Árleg breyting	%		-28,3%	-7,7%	-50,4%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Miðað er við að brugðist sé fljótt við ef tilkynnt er um bíla eða aðra hluti sem hafa verið óhreyfðir á bílastæðum eða öðrum svæðum í lengri tíma.

b) Skilgreina þjónustustig

A Bílgarmar á borgarlandinu eru skoðaðir innan þriggja daga frá tilkynningu. Settur er á þá miði þegar við á, þar sem eiganda þeirra er gefinn frestur til að fjarlægja bílinn. Að öðrum kosti eru þeir fjarlægðir í kjölfarið og eigandi bílsins rukkaður fyrir kostnaði við að fjarlægja bíl, geymslu og förgun.

C Bílgarmar á borgarlandinu eru skoðaðir innan viku frá tilkynningu. Settur er á þá miði þegar við á, þar sem eiganda þeirra er gefinn frestur til að fjarlægja bílinn. Að öðrum kosti eru þeir fjarlægðir í kjölfarið og eigandi bílsins rukkaður fyrir áföllnum kostnaði.

E Engin þjónusta.

c) Ástandsmat + skráning

Starfsmaður borgarinnar sér um að eigandi bílgarmsins sé rukkaður fyrir áföllnum kostnaði og heldur utan um verkefnið.

d) Áætlanagerð


Miðað er við að halda þjónustustigi C og sést áætlun til næstu ára á meðfylgjandi töflu og súluriti.

Tafla 1.22 Bílgarmar fjarlægðir, áætlaður kostnaður á næstu árum. Æskileg framlög.

Fjarlægja bílgarma	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi fjarlægðra bílgarma	stk.	533	533	533	533	533	533	533
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
61301 Fjarlægja bílgarma	kr.	4.079.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000
Samtals	kr.	4.079.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000
Árleg breyting	%	-50,4%	-0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skáletraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.19 Framlög vegna bílgarma og æskileg framlög fyrir næstu 5 ár.

d) Þróun / uppsafnað viðhald

Reiknað er með að þjónusta vegna bílgarma verði svipuð næstu ár.

1.3.10 Tyggjöhreinsun

61341 Tyggjöhreinsun gangstétta


Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Vegna tyggjöhreinsunar er um að ræða hreinsun á tyggjóklessum á gangstéttum á Laugaveginum, í Bankastræti, í Austurstræti og Kvosinni. Notaðar eru sérhæfðar vélar til að

hreinsa upp tyggjóíð og hefur verkið verið unnið af verktaka eftir sérstökum beiðnum frá borginni.

Verktími er misjafn en verkið er ekki unnið samkvæmt reglu heldur er kallað eftir hreinsun þegar ástand gangstétta kallar á hreinsun. Ein umferð niður Laugavegin er 9500 m² sjá Mynd 1.20.



Mynd 1.20 Magntaka fyrir tyggjöhreinsun eina ferð niður Laugavegin.

Tafla 1.23 Tyggjöhreinsun síðustu ár

Tyggjöhreinsun		Ein.	2008	2009	2010	2011
Framlög						
61341	Tyggjöhreinsun gangstétta	kr.	1.278.168	7.939	759.863	625.147
Samtals		kr.	1.278.168	7.939	759.863	625.147
Breyting í fjárveitingu		%		-99,4%	9471,3%	-17,7%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Tyggjöhreinsun fer fram í miðbænum og er hluti af átaksverkefnum.

b) Skilgreina þjónustustig

Skilgreina má upp þjónustustig út frá fermetrum af hreinsaðri gangstétt árlega, skilgreindum götum eða fjölda umferða. Hér farin sú leið að skilgreina hreinsun út frá hreinsuðum fermetrum af gangstétt.

- A Árlega er tyggjó hreinsað af 20.000 m² af gangstéttum
- B Árlega er tyggjó hreinsað af 10.000 m² af gangstéttum
- C Árlega er tyggjó hreinsað af 5.000 m² af gangstéttum
- D Árlega er tyggjó hreinsað af 2.500 m² af gangstéttum
- E Ekkert tyggjó er hreinsað af af gangstéttum.

c) Ástandsmat + skráning

Á ekki við.


d) Áætlanagerð

Miðað er við að halda þjónustustigi D og eru framlög til tyggjöhreinsunar sýnd á eftirfarandi töflu og súluriti.

Tafla 1.24 Tyggjöhreinsun næstu ár, æskileg framlög.

Tyggjöhreinsun		Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög									
61341	Tyggjöhreinsun gangstétta	kr.	625.147	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000
Samtals		kr.	625.147	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000
Breyting í fjárveitingu		%	-48,1%	-1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.21** Framlög G&E til tyggjöhreinsun gatna og æskileg framlög næstu 5 árin.**d) Þróun**

Á ekki við.

1.4 Grassláttur**1.4.1 Grassláttur**

- 61601 Verktakavinna við grasslátt borgarlands
- 61603 Grassláttur þjónustumiðst.
- 61604 Grassláttur hverfamiðst.
- 61605 Viðhaldskostn. eigin sláttutækja
- 61621 Grassláttur stofnanalóða - hverfastöðvar
- 61622 ÍTR - sláttur og hirðing
- 61641 Áburðarkaup
- 61642 Áburðardreifing
- 61661 Kaup og dreifing áburðar-stofnanalóðir

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Svæðum sem um er að ræða er skipt í tvennt; stofnbrautir (þ.e. svæði meðfram stofnbrautum borgarinnar) og opin svæði. Svæði í umsjá garðyrkjudeildar Reykjavíkur eru ekki tekin fyrir hér.

Verktakar sinna slætti og hirðingu á grassvæðum meðfram stofnbrautum, ss. Bústaðavegi, Kringlumýrarbraut, Reykjanesbraut, Sæbraut, Hringbraut, Miklubraut, Vesturlandsvegi, Höfðabakka, Gullinbrú o.fl., samkvæmt útboðum frá vori og fram á haust. Upphaf verktíma á svæðum slegnum af hverfisstöðvum og þjónustumiðstöð er á svipuðum tíma.

Hverfisstöðvar sinna slætti og hirðingu á þeim opnu svæðum, miðeyjum, svæðum með fram götum og torgum og gangstígum sem ekki eru boðin út. Að auki eru opin svæði í Grundahverfi á Kjalarnesi slegin og er sú vinna í umsjón hverfastöðvarinnar þar.

Grassláttur stofnanalóða

Um er að ræða grasslátt á leikskólalóðum og skólalóðum. Grasslætti vegna ÍTR og félagsþjónustunnar er sinnt eftir beiðnum. Verktími er frá lokum maí út ágúst.

Áburðardreifing/áburðarkaup

Um er að ræða áburðardreifingu á grassvæði. Árið 2011 var aðeins borið á stofnanalóðir. Árið 2012 var einnig borið á boltavelli og svæði sem voru illa farin af áburðarskort. Það áburðarmagn sem notað er nú er aðeins brot af því áburðarmagni sem áður var notað. Áburði var áður dreift á öll grassvæði í borginni sem hélst í hendur með mun meiri fjölda umferða í grasslætti en nú er. Í niðurskurðinum var fjölda umferða í grasslætti settur niður í þrjár og alveg hætt að bera á áburð nema á stofnanalóðir. Erfitt er að meta áburðarþörf á grassvæði í borginni nú því það tengist beint hve mikið á að slá, þ.e.a.s. fyrst þarf að ákveða fjölda umferða í grasslætti og síðan er þörfin á áburðargjöf metin.

Á árum áður var borið á grassvæði meðfram stofnbrautum og á opnum svæðum innan borgarlandsins. Verkið er í umsjón þjónustumiðstöðvarinnar. Á tímabilinu frá 10.–20. maí ber þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar áburð á grassvæði eftir því sem þurfa þykir. Ekki má hefja slátt á svæðum fyrr en áburðardreifingu er lokið.

Áburðardreifing stofnanalóða

Um er að ræða áburðardreifingu á stofnanalóðum á vorin, verkið er í umsjón hverfastöðva. Borið er á allar lóðir skóla og leikskóla, umfang verksins er óverulegt.

Tafla 1.25 Grassláttur síðustu ár.

Grassláttur	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Slegnir grasfletir, heild	m ²	3.010.000	4.050.000	4.012.000	4.000.000	3.792.000	3.802.168
Árleg breyting	%		34,6%	-0,9%	-0,3%	-5,2%	0,3%
Framlög							
61601 Verktakavinna við grasslátt borgarlands	kr.			28.527.971	16.394.344	37.318.220	10.902.297
61603 Grassláttur þjónustumiðst.	kr.			48.101.050	58.391.756	37.957.771	50.542.197
61604 Grassláttur hverfamiðst.	kr.			196.131.184	105.723.866	65.555.031	79.708.721
61605 Viðhaldskostn. eigin sláttutækja	kr.			10.207.083	6.731.566	4.691.478	4.758.637
61621 Grassláttur stofnanalóða - hverfastöðvar	kr.			9.396.011	10.214.638	4.942.767	
61622 ÍTR - sláttur og hirðing	kr.			254.290	1.619.572	7.542	
61623 FÉLÓ grassláttur	-				436.391		
61641 Áburðarkaup	kr.			170.434			
61642 Áburðardreifing	kr.			9.385.311	434.475		135.672
61661 Kaup og dreifing áburðarstofnanalóðir	kr.			210.692	820.450		
Samtals	kr.			302.384.025	200.767.057	150.472.809	148.764.218
Árleg breyting	%				-34%	-25%	-1,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Markmið grassláttar á opnum svæðum er að tiltekin grassvæði séu ávallt vel hirt og snyrtileg. Ákveðið skal fyrir sumarið hversu oft viðkomandi svæði skal slegið. Grasslætti skal ljúka fyrir tilgreindan tíma.

b) Þjónustustig

Grassláttur á opnum svæðum

Gras á nýsleginni flöt skal vera um 40-80 mm að lengd mælt frá rótarhálsi. Mesta hæð á grasi fyrir slátt hefur ekki verið skilgreind. Alla kanta meðfram gróðurbeðum, gróðri, girðingum og hinum ýmsu mannvirkjum innan vinnusvæðis skal snyrta í hverri umferð. Fjarlægja skal allt hey jafnóðum eftir hverja umferð og koma því á viðurkenndan förgunarstað.

Grassvæði eru slegin á tímabilinu ca. 20. maí–31. ágúst. Umhverfi miðborgar og helstu umferðaræða skal slegið fyrir 17. júní.

Hægt er að skilgreina þjónustustig miðað við fjölda umferða. Miðað er við kortlagningu LUKR á svæðum sem eru slegin og eru í umsjón FER.

Hlutfall af svæði sem er slegið.

	Þjónustustig				
	A	B	C	D	E
Slegið 0x				20%	50%
Slegið 1x			30%	40%	50%
Slegið 2x		20%	40%	30%	
Slegið 3x	42%	47%	20%	10%	
Slegið 4x	25%	10%	10%		
Slegið 5x	25%	20%			
Slegið 6x	8%	3%			

Þjónustuflokkar

- 1 Svæði slegin 5-6 sinnum yfir sumarið.
- 2 Svæði slegin 4 sinnum yfir sumarið.
- 3 Svæði slegin 3 sinnum yfir sumarið.
- 4 Svæði slegin 2 sinnum yfir sumarið.
- 5 Svæði slegin 1 sinni yfir sumarið.

Grassláttur stofnana

Hægt er að skilgreina þjónustustig miðað við fjölda umferða.:

- A Yfir sumarið eru allar lóðir leikskóla og skóla slegnar. Miðað er við að skólalóðir séu slegnar 2-3 sinnum og leikskólalóðir 3-4 sinnum.
- B Yfir sumarið eru allar lóðir leikskóla og skóla slegnar. Miðað er við að skólalóðir séu slegnar 1-2 sinnum og leikskólalóðir 2-3 sinnum.
- C Yfir sumarið eru allar lóðir leikskóla og skóla slegnar einu sinni.
- D Yfir sumarið eru allar lóðir leikskóla slegnar einu sinni.
- E Skólalóðir og leikskólalóðir eru ekki slegnar yfir sumarið.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi B. Árið 2012 er miðað við að halda þjónustustigi C+. Lagt er til að unnið verði að þjónustustigi B næstu ár.

Áburðardreifing

Hægt er að skilgreina þjónustustig miðað við það hversu oft er borið á það svæði sem er slegið.

- A Borið er tvisvar á ári á öll opin svæði sem eru slegin. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí og miðsumars á tímabilinu 25. júní – 5. júlí.
- B Borið er einu sinni á ári á öll opin svæði sem eru slegin. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí.
- C Borið er árlega á um það bil 20% af opnum svæðum sem eru slegin. Um 80% borgarlandsins er skipt upp og borið á helming þess lands annað hvert ár. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí.
- D Enginn áburður er borinn á opin svæði nema þar sem ágangur er allra mestur til að forða grassvæðum frá eyðileggingu.
- E Enginn áburður er borinn á opin svæði.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að bera ekkert á eða þjónustustig D. Árið 2012 er ennþá unnið skv. þjónustustigi D og gert er ráð fyrir að unnið verði skv. því næstu ár.

Áburðardreifing stofnanalóða

Þjónustustig eru skilgreind miðað við það hversu oft er borið á.

- A Borið er allar leikskóla- og skólalóðir tvisvar á ári. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí og miðsumars á tímabilinu 25. júní – 5. júlí.
- B Borið er einu sinni á allar leikskóla- og skólalóðir. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí.
- C Borið er á helming leikskóla- og skólalóða annað árið og hinn helminginn árið eftir. Miðað er við að borið sé á að vori á tímabilinu 10.-20. maí.
- D Borið er á leikskóla- og skólalóðir þriðja hvert ár.
- E Aldrei er borið á stofnanalóðir.

Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við að halda þjónustustigi B. Árið 2012 er unnið miðað við þjónustustig C. Gert er ráð fyrir að það verði áfram.

c) Ástandsmat + skráning

Ástandsskoðun: Farið er yfir vinnusvæðið á vorin og það hreinsað, síðan er vikulegt eftirlit. Ef ástand er slæmt og þarfnast úrbóta skal það skráð við eftirlit og notað við skipulagningu næstu sumra m.t.t. til umferðafjölda og útlits (áburðarnotkun, tæki). Er ný svæði bætast við eru þau skoðuð og hreinsuð og lagfærð ef þarf, t.d. með grjóthreinsun.

Skráning: Vinnudagar eru skráðir í dagsskýrslur. Kort eru gerð í LUKR þar sem sláttusvæði eru sýnd með skýrum hætti.

Skipting: Svæðum er skipt milli hverfastöðva, dráttarvélaeildar og verktaka.

d) Áætlanagerð

Áætlun er gerð út frá reynslu fyrri ára (stærð svæða, fjöldi umferða, tækjabúnaður, áburður). Svæði eru endurskoðuð m.t.t. þjónustustigs. Tekið er tillit til sprettu, notkunar og mikilvægis staðsetningar varðandi það að svæðið sé vel útlítandi. Opin svæði sem eru mikið notuð til útivistar og svæði meðfram fjölförnum götum og stígum þurfa að vera snyrtilega slegin og í góðu ásigkomulagi. Ef lækka þarf þjónustustig skal frekar breyta minna áberandi svæðum.

Greiðslur vegna grassláttar árið 2011 voru 149 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 147 Mkr. Stærsti hluti kostnaðar 2011 var kostnaður til hverfastöðva (80 Mkr.), kostnaður þjónustumiðst. (50 Mkr.) og greiðslur til verktaka (11 Mkr.).

Umfang grassláttar hefur verið kortlagt hjá LUKR. Á kortum er sýnt hvaða svæði eru slegin á vegum FER.

- Grassláttur samkvæmt útboðum 2012 er um 117 ha svæði, 3 umferðir, því er heildarsláttur verktaka um 350 ha.
- FER slær um 263 ha, 2-3 umferðir.
- Samtals eru þetta um 380 ha af slegnu svæði sem slegin eru 2-3 sinnum og er heildarsláttur með umferðum því um 1100 ha.

Flest svæði meðfram stofnbrautum eru í þjónustuflokki 3 árið 2012.


Stór hluti kostnaðar er vegna tilfallandi sláttuvinnu sem unnin er af sláttuhópum á vegum hverfastöðvanna og því er ekki hægt að setja allan þennan lið í þjónustuflokk. Það væri þó æskilegt.

Síðustu ár hafa sláttuumferðir verið 2-3, sem er ca. þjónustustig C+, en æskilegt væri að auka þjónustustigið þ.a. meðafjölda sláttuumferða væri nær 4, og þá u.þ.b. þjónustustig B. Í áætlun fyrir árin 2013-2017 er gert ráð fyrir þessari aukningu í þjónustustigi.

Tafla 1.26 Grassláttur, áætlun næstu ár, æskileg framlög.

Grassláttur	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Slegnir grasfletir, heild	m ²	3.802.168	1.035.150	1.040.326	1.045.527	1.050.755	1.056.009	1.061.289
Árleg aukning grasflata	%	0,3%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Stofnanalóðir	stk.		166	167	168	169	169	170
Árleg aukning grasflata	%			0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Framlög								
61601 Verktakavinna við grasslátt borgarlands	kr.	10.902.297	7.500.000	10.010.000	10.060.000	10.110.000	10.160.000	10.210.000
61603 Grassláttur þjónustumiðst.	kr.	50.542.197	50.790.000	68.070.000	68.410.000	68.750.000	69.090.000	69.440.000
61604 Grassláttur hverfamiðst.	kr.	79.708.721	80.110.000	107.340.000	107.880.000	108.420.000	108.960.000	109.510.000
61605 Viðhaldskostn. eigin sláttutækja	kr.	4.758.637	4.780.000	6.410.000	6.440.000	6.470.000	6.510.000	6.540.000
61621 Grassláttur stofnanalóða - hverfastöðvar	kr.	2.716.695	2.730.000	9.030.000	9.070.000	9.120.000	9.160.000	9.210.000
61622 ÍTR - sláttur og hirðing	kr.	0	1.000.000	1.340.000	1.350.000	1.350.000	1.360.000	1.370.000
61641 Áburðarkaup	kr.	0	100.000	1.010.000	1.010.000	1.020.000	1.020.000	1.030.000
61642 Áburðardreifing	kr.	135.672	140.000	980.000	980.000	990.000	990.000	1.000.000
61661 Kaup og dreifing áburðarstofnanalóðir	kr.	0	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Samtals	kr.	148.764.218	147.300.000	204.300.000	205.300.000	206.300.000	207.400.000	208.400.000
Árleg breyting	%	-1,1%	-1,0%	38,7%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%


Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.22** Framlög síðustu ára til grassláttar og æskileg framlög næstu 5 ár.

e) Þróun

Kröfur um tækjabúnað breytast sífellt. Á undanförunum 6 árum hefur spretta aukist nokkuð miðað við það sem áður var og því eru auknar kröfur gerðar til grassláttar.

Stór hluti kostnaðar er vegna tilfallandi sláttuvinnu sem unnin er af sláttuhópum á vegum hverfastöðvanna og því er ekki hægt að setja allan þennan lið í þjónustuflokk. Það væri þó æskilegt.



1.5 Vetrarþjónusta

1.5.1 Hitakerfi

61842 Hitakerfi – Orkukaup

Ábyrgð: Verkís HB

Almenn lýsing

Snjóbræðslukerfi eru lögð í ákveðnar götur og gönguleiðir til að halda þeim hálfu- og snjóléttum. Snjóbræðslukerfi í götum og stígum er um 227.000 m² (2011) þar af eru 175.000 m² sem borgin sér um rekstur á. Mismunurinn eru snjóbræðslur sem húseigendur hafa lagt í gangstéttar fyrir framan hús sín og sjá sjálfir um að reka. Af þessum 175.000 m² eru rúmir 6.000 m² í og við þjóðvegi og rúmir 12.000 m² hafa ekki verið tengdir. Það eru því um 157.000 m² af snjóbræðslukerfum í rekstri (sjá nánar kafla **Error! Reference source not found.** um rekstur snjóbræðslukerfa).

Í eftirfarandi töflu má sjá framlög til orkukaupa vegna hitakerfa síðustu ár og í töflunni þar á eftir má sjá áætlun til ársins 2017.

Tafla 1.27 Orkukaup vegna snjóbræðslukerfa síðustu ár

Hitakerfi	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarflatarmál, tengt	m ²	137.713	138.063	147.833	147.833	148.383	148.383
Árleg breyting	%		0,3%	7,1%	0,0%	0,4%	0,0%
Framlög							
61842 Hitakerfi - Orkukaup	kr.			67.900.441	49.420.168	25.922.837	37.255.293
Samtals	kr.			67.900.441	49.420.168	25.922.837	37.255.293
Árleg breyting	%				-27,2%	-47,5%	43,7%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Snjóbræðslukerfi skulu ávalt hafa næga orku til að ásættanleg virkni þeirra sé tryggð.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Með því að stilla hámarksframrásarhita fyrir hitakerfin er hægt að hafa áhrif á orkukostnað vegna þeirra.

- A Götur og stígar eru auðir 5 klst. eftir að snjókoma hættir.
- B Götur og stígar eru auðir hálfum sólarhring eftir að snjókoma hættir.
- C Götur og stígar eru auðir einum sólarhring eftir að snjókoma hættir.
- D Götur og stígar eru auðir 2-3 dögum eftir að snjókoma hættir.
- E Gönguleið er ekki fær vegna snjóa og háلكu.


c) Ástandsmat + skráning

Umsjónarmaður snjóbræðslukera sér um að fylgjast með ástandi. Sama og að ofan

d) Áætlanagerð

Milli áranna 2009 og 2010 dró verulega úr kostnaði við orkukaup vegna hitakerfa. Þá var hámark á framrásarhita lækkað úr 55°C í 45°C með það að markmiði að lækka kostnað. Annars er orkunotkun háð tíðarfari og eykst þegar kalt er.

Af 20.000 m² af hitakerfum sem eru ótengd má búast við að a.m.k. Önnur ótengd kerfi eru í nýjum hverfum borgarinnar og verða tengd þegar íbúum fjölgar í hverfunum. Ekki eru til áætlanir um uppbyggingu hitakerfa næstu árin en þó er áformað að nýr göngu- og hjólastígur verði upphitaður frá Hlemmi að Hátúni (3500 m²). Nokkur aukning er á hitakerfum milli 2011 vegna Hörpu. Á eftirfarandi súluriti má sjá aukninguna sem er áætlun næstu ár, miðað við að ný kerfi verið tengd og hóflegar nýlagnir. Í súluritunum þar á eftir er sýnd fjárhagsáætlun til 2017.




Mynd 1.23 Stærð hitakerfis í umsjá Reykjavíkurborgar og áætlun næstu 5 árin.

Tafla 1.28 Orkukaup vegna hitakerfa næstu árin, áætlun.

Hitakerfi	Ein	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarflatarmál, tengt	m ²	148.383	156.298	157.861	159.440	161.034	162.645	164.271
Árleg breyting	%	0,0%	5,3%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Framlög								
6184 Hitakerfi - 2 Orkukaup	kr.	37.255.000	39.584.000	39.980.000	40.380.000	40.784.000	41.191.000	41.603.000
Samtals	kr.	37.255.000	39.584.000	39.980.000	40.380.000	40.784.000	41.191.000	41.603.000
Árleg breyting			6,3%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.24 Framlög til orkukaupa hitakerfis og æskileg framlög næstu ár.

e) Þróun

Rekstur hitakerfa verður áfram meðhagkvæmni og öryggi vegfarenda í huga. Æskilegt er að nýta bakvatn frá húsum eins og kostur er við nýlögn snjóbræðslukerfa til að lækka rekstrarkostnað þeirra.

1.5.2 Snjóhreinsun

- 61801 Snjóhreinsun gatna - verkefni verktaka
- 61802 Snjóhreinsun gatna - verkefni hverfastöðva
- 61803 Saltpækilstöð
- 61804 Kaup á salti og sandi og sala til þriðja aðila

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Um er að ræða hálkueyðingu og snjómokstur á götum borgarinnar eins og skilgreint er í handbók um vetrarþjónustu¹ og útboðum. Auk vinnu í samræmi við útboð er um að ræða þjónustu sem hverfastöðvarnar sinna, kaup á salti og sandi og kostnaður vegna reksturs saltpækilsstöðvar.

Vetrarþjónustu gatna er sinnt af öflugum vörubílum búnum snjóruðningstöðnum sem ryðja snjónum til hliðar. Á bílunum er kassi með salti eða sandi og búnaður sem dreifir efninu á götuna. Hraði bílsins stýrir því hversu miklu er dreift þannig að ef ekið er greitt þá eykst magnið úr dreifaranum. Þannig er leitast við að saltið/sandurinn sé jafndreifður á götuna. Þegar snjóþyngsli eru mikil er snjó mokað upp á vörubíla og ekið burt. Sú skylda hvílir á verktökum að vörubifreiðar sem vinna við snjóhreinsun og hálkueyðingu séu með ferilvöktunarbúnað og snjótennur skulu vera hljóðlátar með gúmmískerum.

Síðasta útboð á vetrarþjónustu gatna var árið 2010. Þá var borginni skipt upp í þrjá hluta og þjónustan boðin út í þremur útboðum. Fyrir utan þjónustu borgarinnar er Vegagerðin með 2-4 bíla í snjóhreinsun og hálkuvörnum á þjóðvegum innan borgarmarkanna.

Þegar húsagötur eru að verða ófærar eru aukalega kallaðir út verktakar til að hreinsa þær því saltbílarnir eru of fyrirferðarmiklir til að geta athafnað sig í þeim. Við álag getur fjöldi tækja sem koma þessu til viðbótar verið 10-40 stk. eftir aðstæðum en samkvæmt útboðum er það í höndum verktaka að kalla þau til.

Til hálkuvarna er notað innflutt salt á grundvelli útboðs. Saltnotkun er nokkuð breytileg en undanfarin ár hefur hún sveiflast frá um 8500 tonnum niður í um 2000 tonn. Reykjavíkurborg leggur til salt og saltpækil í saltpækilstöð FER við Þórðarhöfða en þangað sækja verktakarnir saltið.

Auk saltsins er sandur notaður til hálkuvarna og er hálkueyðing gatna í þjónustuflokki 4 eingöngu framkvæmd með söndun. Verktaki útveggar sandinn.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar tilraunir með endurunnið salt og hafa þær komið vel út.

Í þjónustuhandbók um vetrarþjónustu gatna og útboðum er skilgreint verktímabil vetrarþjónustu og vaktími. Samkvæmt síðasta útboði er verktímabil skilgreint frá viku 46 til og með viku 13 árið þar á eftir. Verktaki skal þó vera viðbúinn framlengingu eða flýtingu hvers tímabils eftir árferði. Vaktími á virkum dögum er frá 07:00 – 22:00.

Um veturinn 2011-2012 var langvarandi snjóakafli og gafst íbúum tækifæri á að fara í hverfastöðvarnar og sækja sér sand og salt.

¹ Sjá http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3546/5704_view-965/

Tafla 1.29 Snjóhreinsun gatna síðustu ár

Snjóhreinsun	Ei n.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ruðningsvegalengd gatnakerfis Reykjavíkur	km							858
Árleg breyting	%							
Saltnotkun	tn	5.486	5.351	5.838	8.495	3.363	2.453	7.343
Árleg breyting	%		-2,5%	9,1%	45,5%	-60,4%	-27,1%	199,3%
Framlög								
61801 Snjóhreinsun gatna - verkefni verktaka	kr.				124.851.000	79.188.000	88.392.000	157.601.000
61802 Snjóhreinsun gatna - verkefni hverfast.	kr.				48.687.000	10.615.000	3.931.000	16.152.000
61803 Saltþækistöð	kr.				823.000	705.000	558.000	310.000
61804 Kaup á salti og sandi, sala til þriðja aðila	kr.				77.623.000	21.687.000	7.394.000	8.441.000
Samtals	kr.				251.984.000	112.195.000	100.275.000	182.504.000
Árleg breyting	%					-55,48%	-10,62%	82,00%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustustig

A Götur eru auðar

B Götur eru greiðfærar og snjór eða hálka hafa óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar allan sólarhringinn.

C Leitast skal við að halda götum í því ástandi að snjór og hálka hafi lítil áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sem er frá kl. 07:00 til 22:00.

D Leitast skal við að halda götum vel akfærum innan skilgreinds þjónustutíma, frá kl. 8:00 til 21:00.

E Götum ekki haldið akfærum innan skilgreinds þjónustutíma frá kl. 8:00 til 21:00.

Gatnakerfinu hefur verið skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Nánar er fjallað um þjónustuflokkana í útboðum vetrarþjónustunnar. Þjónustuflokkarnir eru eftirfarandi:

1. Helstu stofnbrautir og mikilvægar tengigötur vegna neyðarþjónustu.
2. Aðrar stofn og tengibrautir, fjölfarnar safngötur og strætisvagnleiðir.
3. Safngötur
4. Húsagötur

Tafla 1.30 Þjónusta í snjóhreinsun gatna veturinn 2011-2012.

Þjónustu- Flokkur	Þjónustu- tími	Viðbragðs - tími	Hreinsun- artími	Snjódypt við byrjun aðgerða	Mesta snjódypt	Lágmarks - viðnám	Útsýni takmarka ð
		klst.	klst.	cm	cm		sólarhr.
1	07-22	0,5	2	2	5	0,25	1
2	07-22	1,0	3	5	10	0,25	1
3	08-21	1,5	3	7	12	0,25	1
4	08-21				15		

Skilgreiningar á hugtökum í töflu:

Þjónustutími: Sá tími innan sólarhringsins sem reikna má með að helstu umferðargötur borgarinnar séu færar.

Viðbragðstími: Áætlaður tími sem líður frá því að tilkynning berst frá stjórnstöð þar til aðgerðir hefjast.

Hreinsunartími: Áætlaður tími sem líður frá því að aðgerðir hefjast þar til fyrstu yfirferð lýkur í viðkomandi þjónustuflokki.

Útsýni takmarkað: Í þjónustuflokkum eitt til þrjú má útsýni vera takmarkað af snjóruðningi að hámarki í einn sólarhring.

Í handbók um vetrarþjónustu² eru skilgreiningar á þjónustumarkmiðum og þjónustustigi hvers þjónustuflokks. Þjónustulýsingin á við venjulegar vetraraðstæður, en á ekki meðan óveður gengur yfir. Við slíkar aðstæður miðast þjónustan við að halda helstu stofnbrautum og strætisvagnaleiðum opnum eftir föngum ásamt aðgengi að sjúkrahúsum.

b) Þjónustumarkmið

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita skilvirka og hagkvæma vetrarþjónustu sem stuðlar að öryggi vegfarenda og íbúa borgarinnar.

Vert er að athuga hvort þeir mælikvarðar sem upp eru gefnir, séu notaðir til að meta hvort því markmiði sé náð. Í handbók um vetrarþjónustu er t.d. miðað við að viðnámsstuðull sé aldrei lægri en 0,25 /hált í þjónustuflokki 1 til 3. Viðnámsmælikvarðarnir hafa ekki verið notaðir við daglega stjórnun en athuga mætti hvort hægt væri að nota þá við sérstakar úttektir.

c) Ástandsmat + skráning

Vetrarþjónustu er stjórnað frá þjónustumiðstöð framkvæmda- og eignasviðs (FER) þar sem eftirlitsmaður fylgist með veðurútliti og ákveður hvenær ástæða er að hefja aðgerðir hverju sinni. Eftirlitsmaður kallar út þá verktaka, sem samningar hafa verið gerðir við, eftir þörfum.

Eftirlitsmaður hefur aðgang að sérstökum veðurspám frá Veðurstofu Íslands ásamt veðurradar sem sýnir meðal annars áætlað úrkomuinnihald veðurkerfa sem nálgast Reykjavík. Fylgst er með veðri allan sólarhringinn.

Í Borgarvefsjá má sjá hvernig götur og gönguleiðir eru flokkaðar og þeir flokkar eru notaðir við forgangsröðun hreinsunar.

Kort með flokkun gatna eftir mikilvægi er endurskoðað á hverju ári og gefið út af Landupplýsingadeild Reykjavíkur.

² Sjá á vef Reykjavíkurborgar

<http://www.reykjavik.is/portaldatala/1/resources/framkvaemdasvid/thjonusta/Vetrarhjonusta-handbok-2010.pdf>

d) Áætlanagerð

Ógerlegt er að festa áætlun fyrirfram vegna vetrarþjónustu því veðráttan ræður öllu og kostnaður getur tvöfaldast á milli ára og mismunur á saltnotkun milli hæstu og lægstu ára er fjórfaldur. Benda má á að kostnaður við snjóhreinsun getur orðið hár á snjóaléttum vetri vegna þeirra hálkuvarna (söltunar og söndunar) sem þörf er á.

Langt er liðið á árið þegar helsti kostnaðurinn við vetrarþjónustuna kemur fram og er því ómögulegt að draga aðra kostnaðarliði saman til að koma til móts við hann. Af þessum ástæðum hefur fjárveiting til vetrarþjónustu verið „óbundin“ í gegnum tíðina.

Eftirfarandi kostnaðaráætlun miðar við kostnað veturna 2008-2011 og ætti að endurspegla kostnað í meðalári.

Kostnaðarmat vegna vetrarþjónustu á ökuleiðum

Eftirfarandi tafla sýnir ruðningsvegalegd akreina í þjónustu verktaka árið 2011. Sýnd er hlutdeild Vegagerðarinnar sem og ruðningsvegalegd á þeim þjóðvegum sem Vegagerðin hefur óskað eftir að flytja yfir til borgarinnar skv. vegalögum. Ef af verður eykst kostnaðarhlutdeild borgarinnar.


Tafla 1.31 Ruðningsvegalegdir veturinn 2011-2012.

Þjónustuflokkur	Alls [km]	Vegagerðin [km]	Vegagerð -> RVK [km]
1	97,2	68,3	9,8
2	314,8	32,0	17,2
3	136,5		
4	409,1		


Undanfarin fjögur ár hefur meðalkostnaður við bókhaldsliðina verið um 160 milljónir króna. Kostnaðurinn sveiflast þó mjög á milli ára vegna veðurfars.

Árið 2011 var allur bókfærður kostnaður bókhaldsliðanna rétt rúmlega 180 milljónir króna. Verkefni verktaka við snjóhreinsun gatna vega þar mest en þau eru rúmar 157 milljónir króna. Hlutur verktaka í snjóhreinsun hefur aukist ár frá ári.

Inni í þessum tölum eru verkefni við þjóðvegi innan borgarmarkanna en þeir eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Tölurnar gefa því ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem fellur á Reykjavíkurborg. Við gerð spálíkans sem unnið er samhliða þessari greinargerð voru vegir Vegagerðarinnar ekki teknir með í reikninginn.



Mynd 1.25 Framlög til snjóhreinsunar gatna.




Mynd 1.26 Framlög til saltnotkunar.

Tafla 1.32 Snjóhreinsun gatna næstu ár

Snjóhreinsun	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Ruðningsvegalengd gatnakerfis Reykjavíkur	km	858	858	867	875	884	893	902
Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	1,0%	0,9%	1,0%	1,0%	1,0%
Saltnotkun	tn	7.343	7.416	7.491	7.566	7.641	7.718	7.795
Árleg breyting	%	199,3%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Framlög								
61801 Snjóhreinsun gatna - verkefni verktaka	kr.	154.268.000	122.802.000	124.030.000	125.270.000	129.334.000	130.566.000	130.439.000
61802 Snjóhreinsun gatna - verkefni hverfast.	kr.	15.810.000	13.453.000	13.976.000	14.105.000	14.235.000	14.368.000	14.502.000
61803 Saltþækilstöð	kr.	303.000	299.000	302.000	305.000	308.000	311.000	314.000
61804 Kaup á salti og sandi, sala til þriðja aðila	kr.	8.263.000	7.696.000	7.773.000	7.851.000	7.930.000	8.009.000	8.089.000
Samtals	kr.	178.644.000	144.250.000	146.081.000	147.531.000	151.807.000	153.254.000	153.344.000
Árleg breyting	%	82,0%	-19,3%	1,3%	1,0%	2,9%	1,0%	0,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.27 Framlög til snjóhreinsunar og hófleg áætlun næstu 5 árin.

Núverandi þjónusta við hálkuvarnir og snjóhreinsun miðast við að gatnaflokkarnir uppfylli þjónustustig eins og það er sett fram á bilinu B til D innan skilgreinds þjónustutíma.

e) Þróun

Fram til þessa hefur Reykjavíkurborg séð um vetrarþjónustu á hluta þjóðvega innan borgarmarkanna fyrir Vegagerðina. Breyting gæti orðið á því fyrirkomulagi en spáin fyrir næstu ár tekur þá breytingu ekki með í reikninginn. Ef af verður mun heildarrúðningsvegalengd veða í umsjón Reykjavíkurborgar aukast um 27.129 metra með tilheyrandi kostnaðaraukningu.

Gatnaflokkun getur breyst og götur færst í annan þjónustuflokk í ljósi reynslunnar.

Tæki gætu orðið hagkvæmari í rekstri og ný og betri hálkueyðingarefni gætu komið á markaðinn.

Áfram verða íbúar í Reykjavík hvattir til að minnka notkun nagladekkja.

Salt er dýrt í innkaupum en verið er að þróa aðferð til að endurnýta salt sem fellur til við saltfisksverkun. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur skilað jákvæðri skýrslu um eiginleika saltsins og notkun þess á götur og Umhverfis og samgöngusvið hefur samþykkt notkun þess. Í útboði sem unnið er að, er óskað eftir tilboðum í verulegt magn af endurunnu salti. Eftirsóknarvert er að geta nýtt þetta salt sem fram til þessa hefur verið fleygt í sjóinn og má segja að það sé stórt „grænt skref“.

1.5.3 Snjóhreinsun gönguleiða

61821	Snjóhr. göngul. - Útboðsverk
61822	Snjóhr. göngul. - Verkefni hverfastöðva
61823	Snjóhr. göngul.-Verkefni þjónustumiðst.
61824	Snjóhr. göngul. - Kaup á sandi
61861	Stofnanal. hálkueyðing - Verk. hverfast.
61862	Félagsþjónustan - hálkueyðing
61863	ÍTR - hálkueyðing
61864	Lagfæringar á tjónum vegna vetrarþjónustu
61865	Lágpunktar vegna vetrarþjónustu (hreinsun á niðurföllum)

Ábyrgð: Mannvit – ÓK

Almenn lýsing

Um er að ræða snjóhreinsun hjóla- og gönguleiða þannig að þær séu greiðfærar og hálkulausar fyrir gangandi og hjólandi umferð eins og skilgreint er í þjónustuhandbók um vetrarþjónustu og útboðum. Um er að ræða allt stíga- og gangstéttakerfi borgarinnar. Til hálkuvagnar er sandi dreift á hjóla- og gönguleiðir.

Þjónustumiðstöðin að Stórhöfða hefur umsjón með snjóhreinsun og hálkueyðingu gönguleiða á þeim svæðum sem ekki eru boðin út. Hverfastöðvarnar sinna smærri verkefnum í snjóhreinsun gönguleiða, einkum þar sem vélar komast ekki að, og sinna einnig snyrtingu eftir vélarnar.

Eftir að stóru vélarnar hafa skafið götu myndast skaflar meðfram götunni. Þá fara starfsmenn hverfastöðva á eftir þeim og moka op fyrir gangandi vegfarendur þar sem þarf og moka einnig frá strætóskýlum. Jafnframt sjá hverfastöðvar um snjómokstur þar sem vélarnar komast ekki að, t.d. í tröppum á gönguleiðum og við umferðargrindur á umferðareyjum.

Heildarlengd gönguleiða 2011 er um 764 km.

Umfang snjóhreinsunar fer eftir tíðarfari og er kostnaður vegna hennar því afar breytilegur frá ári til árs.

Veturinn 2011-2012 var langvarandi snjóakafli og gafst íbúum tækifæri á að fara í hverfastöðvarnar og sækja sér sand og salt.

Snjóhreinsun gönguleiða hefst almennt í 46. viku (um miðjan nóvember) á hverju ári og lýkur í 13. viku (lok mars) næsta árs. Upphaf verktíma er þó háð því hvernig viðrar.

Stofnanalóðir – snjómokstur og hálkueyðing

Um er að ræða snjóhreinsun og hálkuvörn með sandi eða salti á stofnanalóðum, þ.e. öllum skólum, leikskólum og sundlaugum borgarinnar. Hverfastöðvarnar sjá um að moka snjó af bílplönnum og innkeyrslum skóla og leikskóla.

Hverfastöðvar eru auk þess í sambandi við húsverði og starfsmenn stofnana og útvega þeim sand. Síðan sjá húsverðir og starfsmenn um allt smálegt en starfsmenn hverfastöðva eru kallaðir til þegar mikið snjóar. Þá mæta þeir áður en stofnanir opna (eftir getu) og hreinsa frá hurðum, sorpílátum og tröppum til að tryggja aðgengi.

Hálkueyðing fyrir Félagsþjónustuna er sinnt eftir útköllum.

Fyrir ÍTR er annast um hálkueyðingu við sundlaugar ÍTR en þar er mokað frá bílastæðum og upp að dyrum. Verktími fer eftir tíðafari.

Árið 2011 var fjöldi leikskóla í umsjá Framkvæmdasviðs 46 og fjöldi skóla 80, fjöldi annara lóða var um 40. Samtals eru þetta 166 lóðir og um 460.000 m². Gert er ráð fyrir 0,5% árlegri magnaukningu.

Tafla 1.33 Snjóhreinsun gönguleiða síðustu ár.

Snjóhreinsun gönguleiða	Ein.	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarlengd gönguleiða	km	698	733	750	760	760	764
Árleg breyting	%		5,0%	2,3%	1,3%	0,0%	0,5%
Heildarfjöldi stofnanalóða	stk.						
Árleg breyting	%						
Framlög							
61821 Snjóhr. göngul. - Útboðsverk	kr.			41.510.939	14.426.267	10.215.789	9.801.040
61822 Snjóhr. göngul. - Verkefni hverfastöðva	kr.			910.802	15.316.241	17.730.842	47.878.429
61823 Snjóhr. göngul.- Verkefni þjónustumiðst.	kr.			90.817.965	72.449.432	34.467.531	48.557.014
61824 Snjóhr. göngul. - Kaup á sandi	kr.			2.071.797	503.042	180.245	71.923
61861 Stofnanal. hálkueyðing - Verk. hverfast.	kr.			29.692.354	19.566.402	9.978.507	19.577.276
61862 Félagsþjónustan - hálkueyðing	kr.			563.674	303.853	14.870	0
61863 ÍTR - hálkueyðing	kr.			1.253.475	756.138	574.074	499.711
61864 Lagfæringar á tjónum vegna vetrarþjónustu	kr.					0	0
61865 Lágpunktar vegna vetrarþjónustu	kr.					0	0
61881 Magnezíumklóríð - kaup og dreifing	kr.			5.649.067	185.072		
61882 Talning negldra hjólbarða	kr.			300.153	694.653		
Samtals	kr.			172.770.227	124.201.101	73.161.858	126.385.392
Árleg breyting	%				-28%	-41%	73%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Markmið snjóhreinsunar og hálkueyðingar á gönguleiðum er að tryggja íbúum borgarinnar öruggar göngu- og hjólreiðaleiðir á veturna. Göngu- og hjólreiðaleiðir eru sandaðar og/eða ruddar þannig að þær séu greiðfærar og hálkulausar fyrir gangandi umferð.

b) Þjónustustig

Þjónustustig

- A Hjóla- og gönguleiðir eru auðar og hálkulausar allan sólarhringinn.
- B Hjóla- og gönguleiðir eru að mestu auðar og hálkulausar kl. 7:00-24:00.
- C Leitast skal við að halda hjóla- og göngustígum í því ástandi að snjór og hálka hafi lítil áhrif á flæði eða öryggi hjólandi og gangandi og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sem er frá kl. 08:00 til 18:00.

- D Leitast skal við að halda hjóla- og gönguleiðum færum innan skilgreinds þjónustutíma, sem er frá kl. 12:00 til 18:00.
- E Leitast skal við að halda hjóla- og gönguleiðum færum þegar búið er að gera aðrar leiðir færar.

Miðað er við eftirfarandi flokkun fyrir snjóhreinsun gönguleiða.



Mynd 1.28 Snjóhreinsun og hálkueyðing gönguleiða, þjónustuflokkar.

1a fjólublár	Aðal hjóla- og göngustígar, hreinsað fyrst, fyrir kl. 7:00.
1 rauður	Gönguleiðir skólabarna, gönguleiðir að biðstöðvum strætó, aðalgönguleiðir innan hverfa, hreinsað fyrir kl. 8:00.
2 blár	Gönguleiðir innan hverfa, hreinsað fyrir kl. 12:00.
3 grænn	Aðrar gönguleiðir, hreinsað innan 36 tíma.
4 svartur	Aðrar gönguleiðir, hreinsað eftir 36 tíma.

Samkvæmt Vetrarþjónustu – þjónustuhandbók FER útg. 03 frá 2010 skal leitast við að halda helstu gönguleiðum að skólum greiðfærum á tímabilinu 08:00 - 18:00 og auk þess skal leitast við að halda biðstöðvum hreinum og hálkulausum á sama tímabili. Þetta samsvarar þjónustustigi C miðað við ofangreinda skilgreiningu á þjónustustigum.

Í þjónustuhandbókinni fyrir Vetrarþjónustu³ eru þjónustulýsingar fyrir hvern þjónustuflokk, sjá einnig töflu hér f. neðan. Þjónustulýsingin á við venjulegar vetraraðstæður, en ekki við þær aðstæður sem skapast þegar óveður gengur yfir. Við slíkar aðstæður miðast þjónustan við að halda helstu stofnbrautum og strætisvagnleiðum opnum ásamt aðgengi að sjúkrahúsum.

³ Sjá <http://www.reykjavik.is/portaldatal/1/resources/framkvaemdasvid/thjonusta/Vetrarthjonustahandbok-2010.pdf>

Tafla 1.34 Þjónusta í snjóhreinsun hjóla- og göngustíga veturinn 2011-2012.

Þjónustuflokkur	Þjónustu-tími	Viðbragðs-tími í klst.	Hreinsunartími
			Ef útkall berst f. kl. 4 / Ef útkall berst f. kl. 7
Flokkur 1a fjóublár	07-18	1	04-07 4 klst / 07-12 5 klst
Flokkur 1 rauður	08-18	1	04-08 4 klst / 07-12 5 klst
Flokkur 2 blár	12-18	1	04-12 8 klst / 07-17 10 klst
Flokkur 3/4 grænn/svartur	x	x	x / x

Grænar leiðir eru unnar í tímavinnu samkvæmt beiðni frá eftirlitsmanni.

Skilgreiningar á hugtökum í töflu:

Þjónustutími: Sá tími innan sólarhringsins sem reikna má með að helstu umferðargötur borgarinnar séu færar.

Viðbragðstími: Áætlaður tími sem líður frá því að tilkynning berst frá stjórnstöð þar til aðgerðir hefjast.

Hreinsunartími: Áætlaður tími sem líður frá því aðgerðir hefjast þar til fyrstu yfirferð lýkur í viðkomandi þjónustuflokki.

Hálkueyðing

Markmiðið er að gönguleiðir, aðkoma og bílastæði séu ávallt vel færar gangandi og að mestu hálkulausar.

- A Snjóhreinsun og hálkuvörn til að tryggja aðgengi að skólum, leikskólum og sundlaugum skal vera lokið fyrir klukkan 7:00 þá daga sem þörf er á.
- B Snjóhreinsun og hálkuvörn til að tryggja aðgengi að skólum, leikskólum og sundlaugum skal vera lokið fyrir klukkan 8:00 þá daga sem þörf er á.
- C Snjóhreinsun og hálkuvörn til að tryggja aðgengi að skólum, leikskólum og sundlaugum skal vera lokið fyrir klukkan 12:00 þá daga sem þörf er á.
- E Snjóhreinsun og hálkuvörn er ekki tryggt samdægurs.

Árið 2008 er metið þannig að þá hafi þjónustustig verið B sem er góð þjónusta. Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var miðað við 10% niðurskurð en þó að halda þjónustustigi B. Áfram hefur verið miðað við þjónustustig B og gert er ráð fyrir að það verði áfram.

c) Ástandsmat + skráning

Ástandsskoðun: Eftirlit sér um útkall.

Skráning: Dagskýrslur eftirlitsmanns, kort gerð í LUKR þar sem sýndar eru rauðar, bláar, grænar og svartar leiðir.

d) Áætlanagerð

Samkvæmt Vetrarþjónustu – þjónustuhandbók FER útg. 03 frá 2010 skal leitast skal við að halda þjónustustigi C miðað við ofangreinda skilgreiningu á þjónustustigum.

Árið 2008 er metið þannig að þá hafi þjónustustig snjóhreinsunar gönguleiða eins og það er skillgeint hér verið í flokki B- sem er góð þjónusta. Í rekstrarsamningi fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir 10% niðurskurði miðað við kostnað í meðalári. Dregið var lítillega úr þjónustu árið 2009, með því að fækka dráttarvélum þjónustumiðstöðvar um 2 og stytta vinnutíma starfsmanna.

Kostnaður er eðlilega mjög breytilegtur á milli ára. Snjóþungur vetur hefur í för með sér töluverða kostnaðaraukningu vegna brottaksturs á snjó. Skipting í mismunandi þjónustustig er í stöðugri endurskoðun.

Verktaki og starfsmenn þjónustumiðstöðvar skulu vera tilbúnir til að hefja vinnu kl. 04:00 þegar þarf. Um getur verið að ræða á bilinu 15-50 útköll á ári, miðað við reynslu undanfarinna ára.

Fyrir snjóhreinsun á hjóla- og gönguleiðum voru greiðslur árið 2011 samtals 1 Mkr. en fjárveitingin var 62 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 67 Mkr. Stærstu liðirnir eru verkefni hverfastöðva og verkefni þjónustumiðstöðva.

Fyrir hálkueyðingu voru greiðslur árið 2011 samtals 20 Mkr. en fjárveitingin var 11 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 13 Mkr. Stærsti liðurinn er „Stofnanalóðir hálkueyðing – verkefni hverfastöðva“.

Samtals voru greiðslur árið 2011 fyrir þessa liði í heild 124 Mkr. en fjárveitingin var 73 Mkr. Útkomuspá fyrir árið 2012 er 79 Mkr.

Heildarlengd gönguleiða er um 764 km árið 2011. Gert er ráð fyrir 2,0% árlegri magnaukningu.

Ef yfirlit Veðurstofu Íslands yfir árin 2008 til 2011⁴ er skoðað má sjá að kostnaður við snjóhreinsun helst hendur við árferðið í Reykjavík:

- Árið 2008 voru alhvítir dagar 64 sem er í meðallagi. Umhleyppingasamt var í janúar 2008 og þótt snjór væri hvergi mikill var hann samt til trafala við samgöngur.
- Árið 2009 var tíðarfar hagstætt, hiti langt yfir meðallagi og árið telst snjólétt. Alhvítir dagar voru 40. Skaðaveður sem náðu til stórs hluta landsins voru óvenjufá á árinu og tíðnin talsvert undir meðallagi.
- Árið 2010 var óvenjulegt, sérstaklega um landið sunnan- og vestanvert þar sem árið var hópi þeirra hlýjustu, þurrustu og snjóléttustu. Illviðri voru með vægasta móti. Snjór var með minnsta móti og alhvítir dagar ekki nema 16. Svo fáir hafa alhvítir dagar aldrei verið í Reykjavík frá upphafi snjóhuluathugana þar 1921.
- Árið 2011 var hlýtt og veðurfar telst hagstætt. Í Reykjavík urðu alhvítu dagarnir 67.
- Óvenjusnjóþungt var í janúar 2012. Snjólétt var í febrúar og mars.


Af ofangreindu má ljóst vera að kostnaður við snjóhreinsun í borginni fer mjög eftir árferði og því er erfitt að gera nákvæma áætlun um þennan málaflokk. Undanfarin ár hafa verið tiltölulega snjólétt miðað við meðaltalstölur Veðurstofunnar, fyrir utan árið 2008 sem var í meðallagi. Árið 2010 var sem fyrr segir óvenjulega snjólétt og því er ekki ráðlegt að byggja framtíðarkostnaðaráætlun á útkomu þess. Hér er áætlað að kostnaðurinn verði nær því sem hann var 2009 og 2011 (m.v. verðlag í jan. 2012).

⁴ Sjá www.vedur.is

Tafla 1.35 Snjóhreinsun gönguleiða næstu ár, æskileg framlög.

	Snjóhreinsun gönguleiða	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
	Heildarlengd gönguleiða	km	764	779	794	810	827	843	860
	Árlegur vöxtur gönguleiða	%	0,5%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
	Heildarfjöldi stofnanalóða	stk.		166	167	168	169	169	170
	Árlegur vöxtur stofnanalóða	%		0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Framlög									
61821	Snjóhr. göngul. - Útboðsverk	kr.	9.801.040	9.997.000	10.197.000	10.401.000	10.609.000	10.821.000	11.037.000
61822	Snjóhr. göngul. - Verkefni hverfastöðva	kr.	47.878.429	48.836.000	49.813.000	50.809.000	51.825.000	52.862.000	53.919.000
61823	Snjóhr. göngul.- Verkefni þjónustumiðst.	kr.	48.557.014	49.528.000	50.519.000	51.529.000	52.560.000	53.611.000	54.683.000
61824	Snjóhr. göngul. - Kaup á sandi	kr.	71.923	73.000	74.000	75.000	77.000	79.000	81.000
61861	Stofnanal. hálkueyðing - Verk. hverfast.	kr.	19.577.276	19.675.000	19.773.000	19.872.000	19.971.000	20.071.000	20.171.000
61862	Félagsþjónustan - hálkueyðing	kr.	0	200.000	201.000	202.000	203.000	204.000	205.000
61863	ÍTR - hálkueyðing	kr.	499.711	502.000	505.000	508.000	511.000	514.000	517.000
61864	Lagfæringar á tjónum vegna vetrarþjónustu	kr.	0	0	0	0	0	0	0
61865	Lágpunktar vegna vetrarþjónustu	kr.	0	0	0	0	0	0	0
	Samtals	kr.	126.385.392	128.811.000	131.082.000	133.396.000	135.756.000	138.162.000	140.613.000
	Árleg breyting	%	73%	1,9%	1,8%	1,8%	1,8%	1,8%	1,8%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.29 Framlög til snjóhrensunar hjóla- og gönguleiða og æskileg áætlun næstu 5 ár.

e) Þróun

Tækjakostur breytist og hálkueyðingarefni gætu orðið önnur. Breytingar gætu orðið á útboðsverkum, þ.e. að stækka eða minnka útboðsverk.

Töluverð þróun er varðar hjólreiðastíga er fyrirsjáanleg á næstu árum. Með skýrslunni Hjólaborgin Reykjavík, sem kom út 2010, fylgir kort sem sýnir fyrirhugaða hjólastíga í Reykjavík til tíu ára. Stígarnir eru sérstakir hjólastígar með tveimur akreinum en ekki hinir hefðbundnu samnýttu stígar. Skv. áætluninni eiga að vera 100 km af hjólaleiðum árið 2020. Reiknað er með að stígarnir verði um 2,5 m breiðir og er þá áætlaður fermetrafjöldi stofnstíganna um 250.000. Nú þegar hefur verið lagður tvöfaldur hjólastígur samkvæmt hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal og að Seltjarnarnesi að stærstum hluta. Næst á að leggja hjólastíg frá Hlemmi inn að Elliðaárósum. Sá kafli stígsins sem liggur frá Hlemmi að Hátúni á að vera upphitaður.

Reykjavíkurborg og Vegagerðin skrifuðu undir samkomulag nú í sumar um að verja 2 milljörðum króna í gerð hjólastíga á næstu árum.

Mögulega gæti orðið aukning í lagningu snjóbræðslukerfa í stíga, sérstaklega í hjólreiðastíga, og þá myndi kostnaður við snjóhrensun minnka.

1.5.4 Ýmis vetrarþjónusta

- 61805 Leiga á bragga og lóð
 61806 Veðurstöðvar
 61807 Viðgerðir kantsteina v/snjóhrensunar

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Leiga á bragga á lóð er vegna saltgeymslu og þækilstöðvar.

Kostnaður vegna veðurstöðvanna er kaup á útseldri þjónustu ráðgjafa en Verkfræðistofan VISTA hefur unnið úr veðurfarsgögnum frá veðurstöðvum í Reykjavík og birt á vef.

Viðgerðir á kantsteinum eftir snjóhrensun er umfangslítill.

Tafla 1.36 Ýmis vetrarþjónusta síðustu ár

Ýmis vetrarþjónusta		Ein.	2008	2009	2010	2011
Framlög						
61805	Leiga á bragga og lóð	kr.	5.932.818	11.655.700	12.555.128	11.285.736
61806	Veðurstöðvar	kr.	3.118.102	1.792.675	1.296.457	1.399.922
61807	Viðgerðir kantsteina v/ snjóhrensunar	kr.	57.863	3.690.727	0	181.921
Samtals		kr.	9.108.782	17.139.101	13.851.584	12.867.579
Árleg breyting		%		88,16%	-19,18%	-7,10%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
 Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Áfram á að leigja braggann og lóðina.

Miðað er við að skemmdir á kantsteinum vegna snjóhrensunar valdi ekki hættu fyrir vegfarendur.

b) Skilgreina þjónustustig

Ekki hafa verið skilgreind þjónustustig.

c) Ástandsmat + skráning

Á ekki við.

d) Áætlanagerð

Leiga á bragga á lóð er um 10 milljónir árið 2011 og hækkar miðað við verðlag.


Skoða þarf hvernig hagkvæmast er að hafa upplýsingagjöf vegna veðurstöðvar miðað við nútímatækni.

Skemmdum á kantsteinum v/snjóhrensunar er reynt að halda í lágmarki en liðurinn er auðvitað tengdur því hversu erfiður vetur er hverju sinni en meira skemmist í miklu fannfergi vegna ruðningstækja þar sem kantar sjást illa eða ekki.

Tafla 1.37 Ýmis vetrarþjónusta næstu ár

Ýmis vetrarþjónusta	Ein	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög								
61805	Leiga á bragga og lóð	kr.	11.286.000	11.286.000	11.286.000	11.286.000	11.286.000	11.286.000
61806	Veðurstöðvar	kr.	1.400.000	1.401.000	1.401.000	1.401.000	1.401.000	1.401.000
61807	Viðgerðir kantsteina v. snjóhreinsunar	kr.	184.000	182.000	182.000	182.000	182.000	182.000
	Samtals	kr.	12.870.000	12.869.000	12.869.000	12.869.000	12.869.000	12.869.000
	Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.30** Framlög til ýmissrar vetrarþjónustu og æskileg áætlun næstu 5 ár.**d) Þróun / uppsafnað viðhald**

Kantsteinar hafa víða látið á sjá síðustu ár og er það að hluta til vegna þess að skemmdir vegna snjóhreinsunar hafa ekki verið lagaðar.

1.6 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.**1.6.1 Umferðarljós**

62301 Miðlæg stýring

62302 Orkukaup

62303 Þrif umferðarljósa

Ábyrgð: Verkis – GDG/HB**Almenn lýsing**

Nýtt stýrikerfi umferðarljósa var tekið í notkun haustið 2007. Með því má bregðast við umferðarálagi og vakta bilanir sem gerir kleift að bregðast skjótt við og hefja viðgerðir. Stýrikerfið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Daglegur rekstur og vöktun er hjá Framkvæmda- og eignasviði.

Undir rekstur flokkast kostnaður við hýsingu miðlægrar stýringar, kostnaður vegna orkukaupa og þrif umferðarljósá, önnur en þau sem gerð eru samhliða peruskriptum.

Umferðarljós eru 58 og gönguljós 33 árið 2011. Þá eru ekki með talin umferðarljós við þjóðvegi en þau eru 61.

Hverjum ljósum (stjórnkassa) er úthlutað sérstöku veitunúmeri hjá Orkuveitu Reykjavíkur og er uppsett afl þeirra reiknað út og kostnaður innheimtur skv. því.

Orkukaup vegna rauðljósa- og hraðamyndavéla eru innheimt samhliða orkukostnaði umferðarljósá.

Tafla 1.38 Rekstur umferðarljósá síðustu ár

Umferðarljós	Ein.	2008	2009	2010	2011
Umferðarljós - gatnamót og gönguljós	stk				91
Uppsett afl	kW				132
Framlög					
62301 Miðlæg stýring	kr.		1.974.078	-401.427	5.038.021
62302 Orkukaup	kr.	8.950.715	8.603.867	7.639.402	8.863.838
62303 Þrif umferðarljósá	kr.	1.094.823	544.109	470.195	858.911
Samtals	kr.	10.045.538	11.122.054	7.708.170	14.760.770
Árleg breyting	%		10,7%	-30,7%	91,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Miðlæg stýring umferðarljósá skal alltaf vera í lagi, orka tiltæk og ljósin skulu vera hrein.

Hreinsa þarf óhreinindi af gleri umferðarljósá reglulega (ca. þrisvar til fjórum sinnum á ári) og á vetrum þarf gjarnan að hreinsa snjó af gleri (díóðuperur bræða snjóinn ekki eins vel af sér og hefðbundnar perur).

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Um er að ræða mikilvægan öryggisbúnað sem verður að vera í lagi.

A Stýring umferðarljósá er í lagi, orka tiltæk og ljósin hrein.

E Stýring umferðarljósá er ekki í lagi, orka ekki tiltæk eða ljósin óhrein.

c) Ástandsmat + skráning

Miðlæg stýring umferðarljósá gátar bilanir og ástand búnaðar á alltaf að vera í lagi.


d) Áætlanagerð

Í áætlanagerð er miðað við áþekkan kostnað á næstu árum og verið hefur undanfarin ár.

Tafla 1.39 Rekstur umferðarljósa næstu ár, æskileg áætlun.

Umferðarljós	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Umferðarljós	stk	90	91	92	93	94	94	96
Árleg breyting	%		0,0%	1,1%	1,1%	1,1%	0,0%	2,1%
Uppsett afl	kW	132	133	134	136	137	138	140
Árleg breyting	%		0,0%	0,8%	1,5%	0,7%	0,7%	1,4%
Framlög								
62301 Miðlæg stýring	kr.	5.038.000	5.150.000	5.150.000	5.150.000	5.150.000	5.150.000	5.150.000
62302 Orkukaup	kr.	8.864.000	9.016.000	9.087.000	9.156.000	9.225.000	9.295.000	9.366.000
62303 Þrif umferðarljósa	kr.	859.000	893.000	899.000	906.000	913.000	920.000	927.000
Samtals	kr.	14.761.000	15.059.000	15.136.000	15.212.000	15.288.000	15.365.000	15.443.000
Árleg breyting	%	91,5%	2,0%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.31** Framlög reksturs umferðarljósa og æskileg áætlun næstu 5 árin.**e) Þróun**

Kostnaður við orkukaup vegna umferðarljósa er reiknaður út frá uppsettu afli. Nú þegar búið er að skipta út töluvert af hefðbundnum ljósaperum fyrir díóðuperum er ástæða til að skoða hver uppsett afl er í dag þar sem díóðuperurnar eru sparneytnari.

1.6.2 Þrif umferðarmerkja

62343 Þrif á umferðarmerkjum

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Á vorin eru skilti hreinsuð eftir þörfum og endurskin eldri skilta skoðuð og gömul skilti endurnýjuð eftir þörfum. Á umferðarmeiri götum þarf að þrifa skilti reglulega en sjaldnar á umferðarminni götum. Þrif á umferðarmerkjum eru mest á veturna.

Um er að ræða um 12.863 umferðarmerki árið 2011.

Tafla 1.40 Þrif á umferðarmerkjum síðustu ár

Þrif á umferðarmerkjum	Ein.	2008	2009	2010	2011
Fjöldi umferðamerkja	stk.	12.523	12.793	12.863	12.863
Árleg breyting	%		2,16%	0,55%	0,00%
Framlög					
62343 Þrif á umferðarmerkjum	kr.	7.585.522	10.438.990	5.454.298	7.102.196
Samtals	kr.	7.585.522	10.438.990	5.454.298	7.102.196
Árleg breyting	%		37,62%	-47,75%	30,21%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Merki skulu vera hrein og laus við snjó þannig að ljósin sjáist vel.

e) Þjónustustig / þjónustulýsing

Skilti þurfa að vera hrein, endurskin í lagi, óskemmd og læsileg.

- A Skilti eru nýleg, óskemmd og vel læsileg. Endurskin fullkomið. Skilti við stofn eða tengibrautir hreinsuð tvisvar á ári.
- B Skilti eru í lagi, óskemmd og læsileg. Endurskin gott. Skilti við stofn eða tengibrautir hreinsuð tvisvar á ári.
- C Skilti eru í lagi, óskemmd og læsileg. Endurskin ásættanlegt. Öll skilti eru hreinsuð einu sinni á ári.
- D Skilti eru í lagi, óskemmd og læsileg. Endurskin lélegt. Skilti við stofn og tengibrautir eru þrifuð óreglulega.
- E Skilti eru í lagi, óskemmd og læsileg. Endurskin óviðunandi. Engin reglubundin hreinsun skiltanna á sér stað.

Í þjónustustigi D er hreinsun að nálgast það að vera ófullnægjandi vegna öryggiskrafa.

c) Ástandsmat + skráning

Engin skráning er á ástandi skilta. Staðsetning skilta er skráð í LUKR.

d) Áætlanagerð

Í þjónustustigi D er hreinsun að nálgast það að vera ófullnægjandi vegna öryggiskrafa. Í rekstrarsamningi við umhverfissvið árið 2009 var miðað við þjónustustig C og er því viðhaldið árið 2011.


e) Þróun

Þjónusta verður áfram með sama sniði og undanfarin ár.

Tafla 1.41 Þrif á umferðarmerkjum næstu ár, æskileg framlög.

Þrif á umferðarmerkjum	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi umferðarmerkja	stk.	12.863	12.876	12.899	12.902	12.915	12.927	12.940
Árleg breyting	%	0,00%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%
Framlög								
62343 Þrif á umferðarmerkjum	kr.	7.102.196	7.106.000	7.113.000	7.120.000	7.127.000	7.134.000	7.141.000
Samtals	kr.	7.102.196	7.106.000	7.113.000	7.120.000	7.127.000	7.134.000	7.141.000
Árleg breyting	%	30,21%	0,45%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,49%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.32** Framlög til þrifa á umferðarmerkjum og æskileg framlög næstu 5 ár.

1.7 Gatnalýsing

62601 Orkukaup

62621 Jólalýsing

Ábyrgð: Verkís – GLS

Almenn lýsing

Samningur um raforkukaup á milli FER og OR var gerður 20/3 2009 sem gildi frá 1/1 2009 með eins árs uppsagnarfresti en annars ótímabundin. Orka greiðist eftir gjaldskrá OR, taxta B23, fyrir uppsett afl samkvæmt götuljósaskrá og er taxtinn samsettur þannig B23S (sala), B23F (flutningur) og B23D (dreifing). OR veitir 8,5% afslátt af sölu sem er 47,8% hluti taxtaverðsins í júní 2012 eða sem nemur 4,1% af heildar taxtaverðinu. Í reynd greiðir borgin samsvarandi og taxta og heimilin í borginni, sem ekki getur talist viðunandi.

Götulýsingin er birtustýrð og stýrir einn ljósnemi á þaki höfuðstöðva OR á Bæjarhálsi allri götulýsingu á stór Reykjavíkursvæðinu.

Jólalýsingin er tengd í þrjá til fjóra mánuði (nóvember – febrúar) inn á gatnalýsinguna hverju sinni en ekki er vitað um uppsett afl hennar. Orkukaup til jólalýsingar eru því ekki reikningsfærð sérstaklega en öll vinna við uppsetningu og niðurtekt er reikningsfærð og rukkuð sérstaklega.

Tafla 1.42 Rekstur gatnalýsingar síðustu ár

Gatnalýsing		Ein.	2008	2009	2010	2011
Heildarfjöldi ljósastaura		stk				21.718
Gatnalýsing - uppsett afl		kW				3124
62611	Gatnalýsing - Orkukaup					150.969.878
62641	Gatnalýsing - Orkukaup Sérlysing B21					13.121.938
62621	Jólalýsing		16.787.112	15.681.652	4.971.675	14.657.020
Samtals		kr.	162.153.690	170.493.707	156.727.217	178.748.837
Árleg breyting		%		5,1%	-8,1%	14,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Götu- og stígalýsing skal vera með þeim hætti að hún tryggji öryggi vegfarenda, bæði gangandi og akandi þegar náttúruleg birta er ekki nægilega mikil.

b) Þjónustustig / þjónustulýsing

Þjónustustig götulýsingar er nú með þeim hætti að kveikt er á ljósunum við 20 luxa birtu og er logtíminn breytilegur bæði eftir veðurfari og árstíma. Síðustu tvö ár, eða árin 2010 og 2011, hefur logtíminn verið rétt undir 3.700 klst á ári en gjaldskrá OR miðar við að logtíminn sé 4.000 klst og þar sem aflið er ekki mælt þá hefur ekki fengist leiðrétting á þessum mismun.

Við skilgreiningu á þjónustustigum er miðað við lux sem er mælieining fyrir ljósmagn á fermetra.

- A Kveikt á ljósunum við 50 lux
- B Kveikt á ljósunum við 20 lux
- C Kveikt á ljósunum við 10 lux
- E Ekki kveikt á gatnalýsingu

Þannig að við hærra þjónustustig sé kveikt lengur á ljósunum og við þjónustustig E sé ekkert kveikt á gatnalýsingunni.

Frá 2010 hefur verið miðað við þjónustustig B.

c) Ástandsmat + skráning

Orka til götulýsingar er fengin úr dreifistöðvum OR og er hún tengd við um 400 dreifistöðvar á höfuðborgarsvæðinu að meðtöldu Kjalarnesi. Í hverri dreifistöð er tíðnistýrður liði sem stýrt er frá stjórnstöð OR og er gatnalýsingunni skipt upp í 15 rásir eftir hverfum. Svona stýringar er taldar úreltar í dag, m.a. vegna þess að þær trufla raforkukerfið með því að senda boð um háspennuhluta þess, og hafa aðrar veitur tekið upp stýringar í gegnum GSM búnað þar sem stýra má hverri dreifistöð fyrir sig.

Reikningar eru gerðir samkvæmt uppsettu afli í götuljósaskrá á hverjum tíma og skiptast þeir á hverfi.

d) Áætlanagerð


Ýmsir þættir hafa áhrif á kostnað við gatnalýsingu. Ljósín eru birtustýrð sem þýðir að sá tími sem lýsing er í gangi er breytileg bæði eftir veðurfari og árstíma. Að meðaltali er kveikt á ljósunum um 3.700 klst. á ári (meðallogtími). Gera má ráð fyrir að kostnaður við gatnalýsingu minnki talsvert á næstu árum en þó ekki fyrr en notkun á LED (díóðum) verður almenn.

Bókfærður kostnaður við rekstur ljósastaura við götur í Reykjavík var um 179 M.kr. árið 2011. Áætlað er að kostnaður vegna orkukaupa minnki um 4% frá 2011 til 2012 þegar kostnaður vegna orkukaupa vegna ljósastaura við þjóðvegi flyst yfir til Vegagerðarinnar. Í áætluninni er því gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur gatnalýsingar aukist úr um 171 M.kr. árið 2012 í um 179 M.kr. árið 2017.

Tafla 1.43 Rekstur gatnalýsingar næstu ár, æskileg framlög.

Gatnalýsing	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildarfjöldi ljósastaura	stk	21.718	21.754	21.863	21.972	22.082	22.192	22.303
Árleg breyting	%		0,2%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
Uppsett afl	kW	3.124	3.128	3.081	3.034	2.988	2.952	2.928
Árleg breyting	%		0,1%	-1,5%	-1,5%	-1,5%	-1,2%	-0,8%
62611 Orkukaup		150.970.000	152.086.676	155.574.459	156.352.332	157.134.093	157.919.764	159.814.801
62641 Orkukaup Sérlysing B21		13.122.000	5.710.641	5.710.641	5.739.194	5.767.890	5.818.648	5.888.471
62621 Jólalýsing		14.657.000	13.413.822	13.413.822	13.413.822	13.413.822	13.413.822	13.413.822
Samtals	kr.	178.749.000	171.211.139	174.698.922	175.505.348	176.315.805	177.152.233	179.117.094
Árleg breyting	%		-4,2%	2,0%	0,5%	0,5%	0,5%	1,1%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.33** Framlög í rekstur gatnalýsingar og áætlun næstu 5 árin. Æskileg framlög.

e) Þróun

Orkunotkun er langstærsti hluti heildarkostnaðar við gatnalýsingu, en taxtahækkanir þar hafa valdið því að kostnaður við lýsingu hefur vaxið talsvert á undanförunum árum og sem dæmi má nefna hefur söluhluti raforku hækkað um 46,3% frá 1. febrúar 2005 til dagsins í dag en síðasta hækkun var 1. júlí 2011 og má því búast við frekari hækkun í júlí 2012. Prófanir á LED til gatnalýsingar hafa sýnt að hægt er að spara 60-80% af núverandi afli og verður því að teljast líklegt að horft verði til þeirra við endurnýjun lýsingar á næstu árum.

1.8 Náðhús

1.8.1 Salerni

62802 Rekstur náðhúsa

62821 Leiga á götusalernum

62822 Leiga á öðrum salernum


Ábyrgð: Verkís - HB

Almenn lýsing

Um er að ræða rekstur og leigu á salernisturnum með sjálfvirkum hreinsibúnaði. Fleiri salerni eru aðgengileg almenningi en þau eru ekki í umsjón FER. Á þetta m.a. við um salerni í ráðhúsinu, Kjarvalsstöðum og Borgarbókasafni auk þess sem Harpan er opin almenningi.

Salernisturnar eru opnir allan sólarhringinn og aðgangur er alltaf ókeypis.

Á kortinu er sýnd staðsetning salernisturna og salerna sem eru opin fyrir almenning.



Mynd 1.34 Salernisturnar og önnur salerni opin almenningi.

Salernisturnar eru á Ingólfstorgi, í Mæðragarði, við Vegamótastíg, Frakkastíg, við Tollhúsið og Hlemm. Árið 2011 var salernum í bílastæðahúsunum lokað en þá var hætt að hafa þar mannaða vakt. Áður hafði Bankastræti 0 verið lokað af öryggisástæðum.

Leiga á viðbótarsalernum er að mestu tengd viðburðum og þá bókfærð á þá verkþætti.

Tafla 1.44 Rekstur og viðhald salerna síðustu ár

Salerni	Ein.	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi náðhúsa	stk	2	2	2	2	0
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	-100,0%
Fjöldi götusalerna	stk.	6	6	6	6	6
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög						
62802 Rekstur náðhúsa	kr.		3.607.000	19.205.000	4.451.000	1.865.900
62821 Leiga á götusalernum	kr.		32.486.000	33.152.000	31.509.000	27.884.000
62822 Leiga á öðrum salernum	kr.		1.065.000	-	-	16.000
Samtals	kr.		37.157.700	52.357.000	35.960.000	29.765.900
Árleg breyting	%			40,9%	-31,3%	-17,2%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).

a) Þjónustumarkmið

Markmiðið er að tryggja aðgengi að þrífalegum salernum í miðbænum allan sólarhringinn.

b) Skilgreina þjónustustig

Í skýrslu starfshóps um almenningssalerni frá í júní 2007⁵ voru skilgreind þjónustustig fyrir almenningssalerni. Miðað við þá þjónustu sem veitt er í dag þá eru salernisturnarnir með þjónustustig B. Salernisturnarnir eru ekki aðgengilegir fyrir fatlaða.

- A Salerni fyrir konur og karla með aðgengi fyrir fatlaða. Sjálfvirk þrif eftir hverja notkun og þrif og eftirlit a.m.k. einu sinni á dag. Ef ekki eru sjálfvirk þrif þá þarf þrif og eftirlit a.m.k. 2x á dag. Handþvottur mögulegur. Umhverfi snyrtilegt.
- B Salerni fyrir konur og karla en ekki fyrir fatlaða. Sjálfvirk þrif eftir hverja notkun og þrif og eftirlit a.m.k. einu sinni á dag. Ef ekki eru sjálfvirk þrif þá þarf þrif og eftirlit a.m.k. 2x á dag. Handþvottur mögulegur. Umhverfi snyrtilegt.
- C Pissustandar fyrir karla. Sjálfvirk þrif eftir hverja notkun og þrif og eftirlit a.m.k. einu sinni á dag. Ef ekki eru sjálfvirk þrif þarf þrif og eftirlit a.m.k. 1x á dag. Enginn handþvottur.
- D Salerni eða pissustandar í lélegu ástandi, í óaðlaðandi umhverfi, óhrein eða þannig að þau hafi neikvæð og fráhrindandi áhrif á notendur. Sjálfvirk þrif ekki í lagi og óregla á þrifum og eftirliti. Handþvottur takmarkaður eða ekki mögulegur.
- E Engin salerni.

c) Ástandsmat + skráning

Veittar eru upplýsingar um staðsetningu salernisturnanna á heimasíðu borgarinnar. Þjónustufyrirtæki sér um viðhald og rekstur salernanna skv. samningi við Reykjavíkurborg.

d) Áætlanagerð


Miðað er við að veitt verði sambærileg þjónusta og á liðnum árum sem eru sex salernisturnar með þjónustustig B.

⁵ Almenningssalerni í Reykjavík, tillögur starfshóps. VST, unnið fyrir skrifstofu gatna- og eignaumsýslu, júní 2007.

Tafla 1.45 Rekstur og viðhald salerna næstu ár, hófleg áætlun.

Salerni	Ei n.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi náðhúsa	stk	0	0	0	0	0	0	0
Árleg breyting	%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Fjöldi götusalerna	stk	6	6	6	6	6	6	6
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
62802 Rekstur náðhúsa	kr.	1.865.942	-	-	-	-	-	-
62821 Leiga á götusalernum	kr.	27.884.224	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000
62822 Leiga á öðrum salernum	kr.	15.606	-	-	-	-	-	-
Samtals	kr.	29.765.773	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000	27.812.000
Árleg breyting	%		-6,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

**Mynd 1.35** Framlög til salerna og hófleg áætlun næstu 5 árin.**d) Þróun**

Vorið 2012 voru uppi áform um að bæta við vegvísun að salernunum en dæmi komu fram þar sem almenningur þekkti ekki til staðsetningar turnanna. Eins komu upp hugmyndir um að koma upplýsingum um staðsetningu turnanna til hagsmunaaðila í miðbænum, ferðabjónustuaðila og þeirra sem vinna kort fyrir ferðabjónustuna af Reykjavík.

1.9 Viðburðir

63201	Jólatré - uppsetning og niðurtekt
63202	Áramótabrennur - uppsetning - vöktun
63204	17. júní
63205	Gay-pride
63206	Meningarnótt
63207	Listahátíð
63208	Skautasvell tjörninni
63215	Torg- og götusöluleyfi
63222	Ýmsir viðburðir í Reykjavík

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Stærstu verkefni sem FER sér um tengt útiviðburðum eru vegna lokana á götum, uppsetningu girðinga meðfram götum og hreinsun að loknum viðburðum. Í tengslum við velflesta stærri útiviðburði þarf að setja niður færarleg útisalerni á á hátíðarsvæðum. Einnig þarf eftir atvikum að útvega rafmagn á hátíðarsvæði.

Jólatré

Jólatré. Stór jólatré 4-10m há eru sett upp á 36 stöðum í borginni og hefst sú vinna upp úr 20 nóv. þar sem stefnt er að því lýsing sé komin á í byrjun adventunnar. Fljótlega eftir þrettándann er svo farið að tína niður skreytingar og eru tréin tekni niður hvert af öðru eftir það. *Áramótabrennur*

Starfsmenn hverfastöðva sjá um upphleðslu og eftirlit með flestum áramótabrennum í borginni. Upphleðsla á sér stað í um fjóra daga fyrir gamlársdag og brennurnar eru vaktaðar til að koma í veg fyrir að kveikt sé í þeim fyrir áætlaðan tíma. Af 10 brennum í Reykjavík um áramót 2011-2012 voru 6 alfarið á ábyrgð FER. Starfsmenn FER veita öðrum brennum einnig þjónustu. Eldvarnareftirlitið ákvarðar hámarksstærð brenna en þær eru í tveimur stærðarflokkum.

Eftirfarandi eru brennur frá áramótum 2011-2012. Rauðmerktar eru á ábyrgð annarra en Reykjavíkurborgar.

Stórar brennur:

- við Ægisíðu, borgarbrenna
- Geirsnef, borgarbrenna
- í Gufunesi vestan Rimahverfis, borgarbrenna
- við Rauðavatn, Fylkisbrenna

Litlar brennur:

- við Suðurhlíðar neðan við Fossvogskirkjugarð, borgarbrenna
- við Suðurfell, borgarbrenna
- Kléberg á Kjalarnesi, borgarbrenna
- í Skerjafirði gegnt Skildinganesi 44 – 46, Hverfafélagið Skjöldur
- vestan Laugarásvegar móts við Valbjarnarvöll, íbúar
- Úlfarsfell, ofan við Bauhaus, Físfélagið

17. júní

Umfang og dagskrá á 17.júní fer svolítið eftir því hvort hann er um helgi eða á virkum degi. FER sér um lokanir og girðingar meðfram götum, flöggun í miðbæ og hreinsun á rusli auk margra viðvika. Hreinsun á vegum verktaka er aukin í miðbænum á 17. júní og aukahreinsun fer fram að hátíðarhöldum loknum. Vinnavegna 17.júní hefst í raun þann 16. júní þegar starfsmenn taka saman allan þann búnað sem til þarf auk þess sem lokunarbúnaði er ekið út og komið fyrir nærri lokunarstöðum. Þann 17. júní hefst vinna fyrr en á hefðbundnum degi og lýkur í raun ekki fyrr en þann 18.júní. Þegar gengið er frá búnaði. .

Götur sem liggja að hátíðarsvæðinu í Kvosinni er lokað í samráði við lögregluna strax að morgni hátíðardags..

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar stilla upp 200 stólum á hátíðarsvæðinu á Austurvelli og setja girðingu um það svæði. Kransagrind og fánastangir eru settar við leiði Jóns Sigurðssonar í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu. Uppsetning á fánastöngum og statífum er í umsjón þjónustumiðstöðvar.

Hátíðarhöld á 17. júní eru samvinnuverkefni ÍTR, Reykjavíkurborgar og Hins hússins. Skipulagt hátíðarsvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður, Hljómskálagarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis. Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina sjá <http://www.hitthusid.is/category.aspx?catID=152>.

Gay pride

FER sér um lokanir gatna og hreinsun vegna gleðigöngu en umfang hreinsunar er ekki mikið og á tiltölulega afmörkuðu svæði, þar sem hátíðin tekur aðeins hluta úr degi. Gleðigangan fer frá Hlemmi niður Laugaveg og Bankastræti. Hátíðardagskrá hefur verið við Arnarhól að lokinni göngu. Gleðigangan er annan laugardag í ágúst. Sjá <http://www.gaypride.is/>

Menningarnótt

Hér fer fram stærsta og fjölmennasta hátíð Reykjavíkurborgar og er umfang vinnu því talsvert meira en á 17. júní. Umfangsmiklar lokanir eru bæði vegna viðburða í miðbæ, þar sem miðborgin er meira eða minna lokað allri umerð og maraþonhlaups sem hefst strax um morguninn og stendur fram til kl. 14:00. Hreinsun er umtalsverð frá morgni og fram á nótt þar sem hópur starfsmanna er við störf og síðan koma inn tæki eftir því sem færi gefst og heldur síðan áfram snemma morguninn eftir. Menningarnótt er haldin fyrsta laugardag eftir afmæli Reykjavíkurborgar sem er 18. ágúst.

Listahátíð

Umfang fer eftir dagskrá Listahátíðar. Ef aðallega er um að ræða innviðburði þá er umfang lítið en árið sem Risessan kom við sögu þá var umfang umtalsvert bæði vegna smíða og uppsetningar innsetninga, lokana og hreinsunar. Listahátíð 2007 var sem dæmi frá 15 maí til 5 júní. Verktími getur verið hvenær sem er á þessu tímabili.

Skautasvell á tjörninni

Starfsmenn FER sjá um að hreinsa og ryðja snjó af Tjörninni með snjóblásara eða traktor til þess að búa til skautasvell.Kostnaður mismikill eftir tíðarfari.

Torg- og götusöluleyfi

Götu- og torgsala er leyfisskyld og eru leyfi gefin út til ákveðins tíma. Götu- og torgsala á við um hvers kyns sölustarfsemi sem fer fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og í almenningsgördum. Minniháttar góðgerðasölur, s.s. tombólur barna og ungmenna, eru ekki leyfisskyldar. Önnur sala, sem hvorki krefst yfirbyggingar né sérstakrar aðstöðu að neinu leyti, t.d. dagblaðasala eru heldur ekki leyfisskyldar skv. samþykkt þessari. Ávallt ber þó að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu.

Framkvæmda- og eignasvið (FER) er umsjónaraðili götu- og torgsölu og sér um framkvæmd leyfisveitinga, eftirlit og upplýsingagjöf. Leyfisveiting byggir á mati umsókna þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi og umgjörð hennar; vöruvali, sölutíma, staðsetningu og útliti söluvagns eða sölustands. Nánari upplýsinga á vef Reykjavíkurborgar http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3546/5704_view-4453/. Ýmsir viðburðir í Reykjavík

Að auki eru á hverju ári einstakir óreglulegir viðburðir sem að Reykjavíkurborg vinnur við. Þegar um slíka viðburði er að ræða þarf að óska sérstaklega eftir þjónustu FER.

Tafla 1.46 Ýmsir viðburðir síðustu ár

Viðburðir	Ein.	2008	2009	2010	2011
Fjöldi brenna	stk.	11	11	11	12
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	9,1%
Framlög					
63201 Jólatré - uppsetning og niðurtekt	kr.	13.220.522	10.093.431	6.917.578	7.519.191
63202 Áramótabrennur - uppsetning - vöktun	kr.	4.339.210	11.224.981	8.514.229	5.516.905
63204 17. júní	kr.	4.100.783	314.021	-36.310	24.772
63205 Gay-pride	kr.	366.222	382.038	670.386	727.534
63206 Menningarnótt	kr.	16.739.254	5.492.052	5.583.170	7.946.912
63207 Listahátíð	kr.	9.281.090	19.394	0	237.147
63208 Skautasvell tjörninni	kr.	176.397	344.618	64.068	1.243.590
63215 Torg- og götusöluleyfi	kr.	0	0	0	29.729
63222 Ýmsir viðburðir í Reykjavík	kr.	5.130.146	3.179.713	1.201.551	1.417.222
Samtals	kr.	53.353.624	31.050.248	22.914.672	24.663.001
Árleg breyting	%		-41,8%	-26,2%	7,6%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.

a) Þjónustumarkmið

Við fjölmenna útiviðburði þarf að auka hreinsun í miðbænum til að viðhalda því markmiði að götur og gangstéttar séu almennt hreinar og lausar við rusl.

Í samræði við Lögregluna er götum víða í miðborginni lokað vegna stærri viðburða, t.d. menningarnótt, Reykjavíkumaraþons, 17 júní eða vegna gleðigöngunnar.

b) Skilgreina þjónustustig

Áfram er miðað við að halda uppi sömu þjónustu og lýst er í almennri lýsingu hér að ofan vegna eftirtalinna viðburða:

Jólatré

Áramótabrennur

Þrettándabrennur

Vetrarhátíð

17. júní

Gay-Pride

Menningarnótt

Listahátíð

Skautasvell á Tjörninni.

Ekki er reiknað með þjónustu vegna annarra viðburða og verða allar beiðnir um þjónustu utan ofangreinds metnar sérstaklega.

c) Ástandsmat + skráning

Á ekki við.


d) Áætlanagerð

Áfram verður haldið á sömu braut.


Tafla 1.47 Ýmsir viðburðir næstu ár

Viðburðir	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi jólatrjáa	stk	36	36	36	36	36	36	36
Árleg breyting	%		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Fjöldi brenna	stk.	12	12	12	12	12	12	12
Árleg breyting	%	9,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Framlög								
63201 Jólatré - uppsetning og niðurtekt	kr.	7.519.000	7.524.000	7.524.000	7.524.000	7.524.000	7.524.000	7.524.000
63202 Áramótabrennur - uppsetning - vöktun	kr.	5.517.000	5.520.000	5.520.000	5.520.000	5.520.000	5.520.000	5.520.000
63204 17. júní	kr.	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000
63205 Gay-pride	kr.	728.000	728.000	728.000	728.000	728.000	728.000	728.000
63206 Menningarnótt	kr.	7.947.000	7.952.000	7.952.000	7.952.000	7.952.000	7.952.000	7.952.000
63207 Listahátíð	kr.	237.000	237.000	237.000	237.000	237.000	237.000	237.000
63208 Skautasvell tjörninni	kr.	1.244.000	1.244.000	1.244.000	1.244.000	1.244.000	1.244.000	1.244.000
63215 Torg- og götusöluleyfi	kr.	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
63222 Ýmsir viðburðir í Reykjavík	kr.	1.417.000	1.414.000	1.414.000	1.414.000	1.414.000	1.414.000	1.414.000
Samtals	kr.	24.664.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000
Árleg breyting	%	7,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%


Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skálettraðar tölur eru áætlaðar.




Mynd 1.36 Framlög til uppsetningar og niðurtektar jólatrjáa síðustu ár.



Mynd 1.37 Framlög til uppsetningar og vöktunar áramótabrenna síðustu ár.



Mynd 1.38 Framlög til Menningarnætur síðustu ár.



Mynd 1.39 Framlög til ýmissa viðburða og hófleg áætlun næstu 5 ár.

d) Þróun

Á ekki við.

1.10 Ýmislegt

- 63501 Fánaborgir, lokunarbúnaður, skilti ofl í leigu
- 63521 Ýmiss sameiginl. kostn. tryggingar o.fl.
- 63522 Ýmiss kostn. v/veitukerfa í Reykjavík
- 63524 Reykjatorg vegna Hörpunnar

Ábyrgð: Verkís – GDG/HB

Almenn lýsing

Undir þennan lið falla nokkrir rekstrarliðir, við stóra viðburði eru leigðar út fánaborgir og lokunarbúnaður, hér fellur til ýmis sameiginlegur kostnaður vegna trygginga, vegna veitukerfa í Reykjavík og í tengslum við Reykjatorg vegna Hörpunnar.

Ekki hafa verið skilgreind þjónustumarkmið eða þjónustustig fyrir þessa rekstrarliði. Í áætlunum er miðað við áþekk framlög og síðustu ár.


Tafla 1.48 Ýmsir rekstrarþættir síðustu ár

Ýmislegt	Ein.	2008	2009	2010	2011
Framlög					
63501 Fánaborgir, lokunarb., skilti o.fl. í leigu	kr.	-309.023	471.270	1.048.356	-769.117
63521 Ýmiss sameiginl. kostn. tryggingar o.fl.	kr.	3.498.937	2.688.085	1.485.628	1.423.452
63522 Ýmiss kostn. v. veitukerfa í Reykjavík	kr.	1.332.513	854.148	159.032	4.617.098
63524 Reykjatorg vegna Hörpunnar	kr.	-	-	-	330.160
Samtals	kr.	4.522.426	4.013.503	2.693.016	5.601.593
Árleg breyting	%		-11,3%	-32,9%	108,0%

Tafla 1.49 Ýmsir rekstrarþættir næstu ár, hófleg framlög.

Ýmislegt	Ein.	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Framlög								
63501	Fánaborgir, lokunarþ., skilti o.fl. í leigu	kr.	-769.000	-767.000	-767.000	-767.000	-767.000	-767.000
63521	Ýmiss sameiginl. kostn. tryggingar o.fl.	kr.	1.423.000	1.420.000	1.420.000	1.420.000	1.420.000	1.420.000
63522	Ýmiss kostn. v. veitukerfa í Reykjavík	kr.	4.617.000	4.605.000	4.605.000	4.605.000	4.605.000	4.605.000
63524	Reykjatorg vegna Hörpunnar	kr.	330.000	330.000	330.000	330.000	330.000	330.000
	Samtals	kr.	5.601.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000
	Árleg breyting	%	108,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Verðlag: Bv. jan 2012: 562,6 stig (112,3).
Skáletraðar tölur eru áætlaðar.



Mynd 1.40 Framlög til reksturs ýmislegra rekstrarþátta og æskileg áætlun næstu 5 árin.

2 Samantekt


Í eftirfarandi töflu er samantekt yfir þær áætlanir sem settar eru fram hér að framan. Miðað er við fast verðlag í janúar 2012. Númerin fremst vísa í viðeigandi kafla hér að framan en þar má finna frekari sundurliðanir niður á verk.

Tafla 2.1 Rekstur, æskileg framlög. 2011 eru rauntölur en 2012-2017 áætlaðar.

1. Rekstur	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
1.2 Önnur svæði							
1.2.1 Sandskipti	19.297.000	17.368.000	17.455.000	17.542.000	17.630.000	17.718.000	17.807.000
1.2.2 Vinnuskólinn	515.000	600.000	559.000	562.000	565.000	568.000	571.000
1.3 Hreinsun borgarlandsins							
1.3.1 Hreinsun gatna- og gönguleiða	132.629.000	159.100.000	178.279.000	179.766.000	181.280.000	182.822.000	184.393.000
1.3.2 Hreinsun opinna svæða	79.852.000	83.942.000	118.083.000	118.654.000	119.228.000	119.806.000	120.388.000
1.3.3 Hreinsun stofnlóða	23.952.000	27.157.000	27.293.000	27.430.000	27.567.000	27.704.000	27.843.000
1.3.4 Hreinsun niðurfallsrista	14.517.000	14.517.000	20.044.000	20.064.000	20.084.000	20.104.000	20.124.000
1.3.5 Hreinsun gróðurs á gangstéttum	4.362.000	682.000	4.600.000	4.692.000	4.786.000	4.882.000	4.979.000
1.3.6 Ruslastampar, losun	76.781.000	72.861.000	75.700.000	77.178.000	78.687.000	80.227.000	80.235.000
1.3.7 Hreinsun sjávarsíðu /óveður	0	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000	511.000
1.3.8 Hreinsun, jól, áramót	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000	996.000
1.3.9 Fjarlægja bílgarma	4.079.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000	4.077.000
1.3.10 Tyggjöhreinsun	625.000	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000	626.000
1.4 Grassláttur							
1.4.1 Grassláttur	148.764.000	147.251.000	204.278.000	205.299.000	206.326.000	207.357.000	208.394.000
1.5 Vetrarþjónusta							
1.5.1 Hitakerfi	37.255.000	39.584.000	39.980.000	40.380.000	40.784.000	41.191.000	41.603.000
1.5.2 Snjóhreinsun	182.505.000	144.250.000	146.081.000	147.531.000	151.807.000	153.254.000	153.344.000
1.5.3 Snjóhreinsun gönguleiða	126.385.000	128.812.000	131.083.000	133.397.000	135.756.000	138.161.000	140.612.000
1.5.4 Ýmis vetrarþjónusta	12.868.000	12.868.000	12.868.000	12.868.000	12.868.000	12.868.000	12.868.000
1.6 Umferðarmerki, umferðarljós o.fl.							
1.6.1 Umferðarljós	14.761.000	15.337.000	15.414.000	15.491.000	15.570.000	15.649.000	15.728.000
1.6.2 Þrif umferðarmerkja	7.102.000	7.643.000	7.650.000	7.658.000	7.666.000	7.673.000	7.681.000
1.7 Gatnalýsing							
1.7.1 Gatnalýsing	178.749.000	184.121.000	181.843.000	179.602.000	177.395.000	175.662.000	174.526.000
1.8 Náðhús							
1.8.1 Salerni	29.766.000	29.694.000	29.694.000	29.694.000	29.694.000	29.694.000	29.694.000
1.9 Viðburðir							
1.9.1 Viðburðir	24.663.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000	24.674.000
1.10 Ýmislegt							
1.10.1 Ýmislegt	5.602.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000	5.588.000
Samtals	1.126.025.000	1.122.259.000	1.247.376.000	1.254.280.000	1.264.165.000	1.271.812.000	1.277.262.000

Samkvæmt framangreindum áætlunum er miðað við að æskileg framlög þurfi að aukast óverulega á næstu árum. Margir liðir standa í stað eða lækka svo sem sandskipti, hreinsun um jól og áramót, tyggjöhreinsun, gatnalýsing og ýmis kostnaður. Meira er lagt í hreinsun gatna og gönguleiða, hreinsun opinna svæða og grasslátt. Árið 2011 var sjáanlega mjög mikill niðurskurður í þessum liðum og æskilegt að bæta við.

Í eftirfarandi súluriti eru sýnd æskileg framlög til reksturs gatnakerfisins og annarra svæða næstu ár.



Mynd 2.1 Framlög vegna reksturs árið 2011 og æskileg framlög næstu ár.



FIMM ÁRA ÁÆTLUN GATNAKERFISINS 2013 – 2017

SKÝRSLA 3

VERÐLAGSLÍKAN

ÁHRIF AF MÖGULEGUM FLUTNINGI ÞJÓÐVEGA TIL BORGARINNAR

ENDURSTOFNVIRÐI

Nóvember 2012



Reykjavíkurborg – framkvæmdasvið

Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu

VERKNÚMÉR: 05110-016	DREIFING:
SKÝRSLA NR: 3	<input type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2012-11-23	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR: 29	<input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Tillaga að fjárhagsáætlun

Viðhald og rekstur gatnadeildar árin 2013 til 2017

HÖFUNDAR:

Vinnuhópur
Bergþóra Kristinsdóttir Efla
Guðjón L. Sigurðsson Verkís
Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir Verkís
Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís
Ólöf Kristjánsdóttir Mannvit

VERKEFNISSTJÓRI:

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Verkís

UNNIÐ FYRIR:

Framkvæmdasvið

UMSJÓN:

Sighvatur Arnarsson

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Til útgáfu

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan er þriðja skýrslan af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald og í skýrslu 2 rekstur.

Hér er lagt fram ítarefni fyrir fimm ára áætlun gatnakerfisins fyrir árin 2013 til 2017. Í skýrslunni er fjallað um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við gerð áætlunar um æskileg framlög til viðhalds og reksturs gatnakerfisins, endurstofnvirði gatnakerfisins auk þess að áætla kostnað við rekstur og viðhald nokkurra þjóðvega sem hugsanlega gætu verið færðir til borgarinnar samkvæmt nýjum vegalögum. Þar á meðal eru brýr sem eru dýr samgöngumannvirki í viðhaldi.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Verðlagslíkan, rekstur, viðhald, Reykjavík, þjóðvegir

LYKILORÐ ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir

YFIRFARIÐ AF:

Atli E. Levy



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	iii
Inngangur	5
1 Verðlagslíkan og magntölur	6
1.1 Verðlagslíkan útgáfa 2.00.....	6
1.1.1 Uppbygging líkans	6
2 Þjóðvegir	9
3 Endurstofnvirði	14
3.1 Endurstofnvirði	14

Inngangur

Hér er lagt fram ítarefni fyrir fimm ára áætlun gatnakerfisins fyrir árin 2013 til 2017. Í skýrslunni er fjallað um verðlagslíkan sem lagt var að grundvelli við gerð áætlunar um æskileg framlög til viðhalds og reksturs gatnakerfisins, endurstofnvirði gatnakerfisins auk þess að áætla kostnað við rekstur og viðhald nokkurra þjóðvega sem hugsanlega gætu verið færðir til borgarinnar samkvæmt nýjum vegalögum. Þar á meðal eru brýr sem eru dýr samgöngumannvirki í viðhaldi.

Skýrslan er þriðja skýrslan af þremur sem gefin er út í nóvember 2012 um rekstur og viðhald gatnadeildar árin 2012 til 2017. Í skýrslu 1 er fjallað um viðhald og í skýrslu 2 rekstur. Áætlanir sem sýna æskileg framlög til viðhalds og reksturs gatnakerfisins næstu ár byggja á verðlagslíkaninu sem var endurskoðað frá síðustu áætlanagerð. Þar eru magntölur notaðar til grundvallar áætlununnar og einingarverð um kostnað við viðhaldið eða reksturinn. Í áætlununum er miðað við byggingarvísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3) en í verðlagslíkaninu er hægt að sjá breytingar miðað við breytingar á verðlagi.

Í **kafla 1** er fjallað um uppbyggingu líkansins, í **kafla 2** er fjallað um endurstofnvirði gatnakerfisins og í **kafla 3** þann kostnað sem fellur á borgina ef til þess kemur að Reykjavíkurborg yfirtekur hluta þeirra þjóðvega sem eru innan borgarmarka.

Mjög misjafnt er hversu áreiðanlegar magntölur eru til fyrir málaflokkana og eins hvort og hvernig þær eru uppfærðar. Þetta þarf að hafa í huga því breytingar á magni milli ára endurspeglar ekki alltaf aukningu í magni milli ára heldur getur ástæðan verið sú að gert var átak í skráningu.

Allar tölur um kostnað fyrir 2011 og eldra eru rauntölur úr verkbókhalda (Agresso) en birtar miðað við byggingarvísitölu í janúar 2012 562,6 stig (112,3).

1 Verðlagslíkan og magntölur

Árið 2008 var útbúin skrá yfir magntölur gatnadeildar til að gefa sem besta mynd af umsvifum deildarinnar og unnið reiknilíkan til að nota til áætlanagerðar. Nú hafa líkanið og magntölurnar verið uppfærðar miðað við árslok 2011 og verðlag í janúar 2012.

1.1 Verðlagslíkan útgáfa 2.00

Fyrsta útgáfa reiknilíkansins sýndi hækkanir á verðlagi fyrir sérhvern kostnaðarstað miðað við bókhaldslykla árið 2008. Fyrir hverja lykiltölu var skilgreind vísitala en misjafnt er eftir kostnaðarpáttum hvaða vísitala lýsir breytingum á kostnaði best. Það geta verið byggingavísitala, vísitala neysluverðs, launavísitala og í einhverjum tilfellum var útbúin sérstök vísitala.

Árið 2008 voru gerðar töluverðar breytingar á verkþókhaldi skrifstofu gatna- og eignaumsýslu, með uppstokkun verka og tilkomu verkþókhalds. Skipt var á milli reksturs og viðhalds og eru öll verkefni nú skráð á kostnaðarstað og innan hvers kostnaðarstaðar eru undirverkefni.

Inn í líkan útgáfu 2.00 eru settar inn rauntölur frá árinu 2011 og áætlun fyrir árið 2012. Líkanið má síðan nota til að reikna út spár fyrir næstu ár. Líkanið er vistað á lokuðu geymslusvæði á netinu.¹

1.1.1 Uppbygging líkans

Líkanið er byggt upp í nokkrum hlutum, efst eru þær vísitölur sem gilda. Þar fyrir neðan er síðan yfirlit yfir helstu magntölur sem eiga við á viðkomandi ár, svo kemur samantekt kostnaðar úr líkaninu en neðst er sundurliðun fyrir hvern verklið.

Þeir reitir sem hægt er að nota til að skoða breytingu á kostnaðartölum eru litaðir. Aðrar upplýsingar á ekki að hreyfa við.

Líkanið byggir á einingarverðum, magni og breytingum í þjónustu frá viðmiðunarári (2011). Breyta má heildarmagni eða einungis því magni sem viðhaldið er hverju sinni eftir því hvað hentar. Einnig má breyta umfangi þeirrar þjónustu sem er verið að veita.

Í líkaninu eru vísitölur sem þarf að uppfæra þegar fram líða stundir. Líkanið sækir vísitölur miðað við þá dagsetningu sem slegin er inn í viðeigandi dálk.

Í töflu 1.1 eru sýndar þær magntölur sem notaðar eru til grundvallar í verðlagslíkani 2011 (dags 2012-09-19 sem og hvaða vísitala er notuð til áætlunargerðar. Vísitölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands auk þess sem búnar hafa verið til vísitölur þegar samsett vísitala eða verðlagshækkunir lýsa betur þeim kostnaðarbreytingum sem verða í þeim málaflokki.

Frá Hagstofu Íslands:

- Byggingavísitala
- Neysluvísitala
- Launavísitala
- Rekstur ökutækja

Tilbúnaðar vísitölur:

- Hverfastöðvavísitala. Samsett úr launavísitölu (70%) og rekstri ökutækja (30%).
- Þjónustumiðstöðvarvísitala. Samsett úr launavísitölu (50%) og rekstri ökutækja (50%).
- Endurnýjun slitlaga. Fylgir prósentuhækkunum á kostnaði.
- Viðgerðir gatna. Fylgir prósentuhækkunum á kostnaði.
- Viðgerðir gönguleiða. Samsett úr launavísitölu (30%) og byggingavísitölu (70%).
- Raforkukaup. Fylgir prósentuhækkunum á hækkun raforku.

¹ Líkan, útgáfa 2.00 er vistað á geymslusvæði á [dropbox.com](https://www.dropbox.com). Fyrir aðgang hafið samband við hbr@verkis.is eða skrifstofu gatna- og eignaumsýslu.


Tafla 1.1 Magntölur lagðar til grundvallar í verðlagslíkani fyrir árið 2011.

Eining	Magn
Götur, flatarmál	3.261.402 fm
Borgargötur	3.261.402 fm
Nauðsynlegt viðhald borgargötur -6% af heild	195.684 fm
Endurnýjað slitlag - borgargötur	64.184 fm
Nauðsynlegar viðgerðir á götum - m.v. 0.6% af heild	10.763 fm
Viðgerðir á slitlögum	13.800 fm
Hellulagðar götur fm	?
Malargötur fm	394.082 fm
Bifreiðastæði	?
Umferðarbrýr og undirgöng	7 stk
Göngu- og hjólastígar, flatarmál	1.975.463 fm
Gönguleiðir, lengd	763.563 m
Viðgerðir á gönguleiðum	12.000 fm
Nauðsynlegt viðhald gönguleiða – m.v. 2% af heild	19.755 fm
Göngubrýr og undirgöng	25 stk
Reiðstígar	177.768 fm
Hraðahindranir - stk	1.211 stk
Bekkir	897 stk
Opin svæði (hreinsun)	560 ha
Opin svæði	1.599 ha
Lengd húsgatna	189,1 km
Lengd safngatna	117,1 km
Hreinsun leiksvæða	28 ha
Sorpstampar	1.179 stk
Stofnanalóðir	166 stk
Hreinsun stofnanalóða	46 ha
Bílgarmar fjarlægðir	533 stk
Grassláttur opinna svæða alls	380 ha
Grassláttur verktaka alls	116 ha
Grassláttur FER alls	264 ha
Vetrarþjónusta gatna - lengdir gatna í þjónustu verktaka	476 km
Vetrarþjónusta gatna - ruðningslengdir gatna í þjónustu verktaka	890 km
Þjónustuflokkur 1	29,7 km
Þjónustuflokkur 2	315 km
Þjónustuflokkur 3	136 km
Þjónustuflokkur 4	409 km
Vetrarþjónusta gönguleiða	750 km
Veðurstöðvar	3
Hítakerfi í götum og stígum	148.383 fm
Aðgerðir af völdum svifryks, km	600 km
Yfirborðsmerkingar, m2 gatna og gönguleiða	5.236.865 fm
Yfirborðsmerkingar, m2	6.625 fm
Yfirborðsmerkingar, km	176 km
Yfirborðsmerkingar, stk	7.506 stk

Umferðarmerki	12.863 stk
Gatnamót	119 stk
Fjöldi staura á gatnamótum	1.082 stk
-----Þar af staurar á þjóðvegagatnamótum	559 stk
-----Hlutdeild Reykjavíkurborgar af þjóðvegastaurum	240 stk
Gangbrautarljós	33 stk
Fjöldi staura við gangbrautarljós	180 stk
Umferðarljós - fjöldi staura	1.262 stk
Umferðarljós - fjöldi pera	3.350 stk
Umferðarljós-uppsett afl kW	137 kW
Umferðagreinar	3 stk
Hraðamælar	17 stk
Hraðamyndavélar	
Gatnalýsing fjöldi staura	21.718 stk
Gatnalýsing fjöldi lampa	22.474 stk
Gatnalýsing-uppsett afl kW	3.124 kW
Gatnalýsing - viðhaldsverð [kr/kWst]	
Gatnalýsing - aflverð [kr/kWst]	
Náðhús	9 stk
Sandkassar / sandskipti - opin leiksvæði	0 stk
Sandkassar / sandskipti - stofnanalóða	177 stk
Girðingar	1 stk
Opin leiksvæði	248 stk
Tyggjöhreinsun, m2	20.000 stk
Vinnuskólinn	1 stk
Félagsþjónustan	1,00
ÍTR	1,00

2 Þjóðvegir

Með nýjum vegalögum nr. 80/2007 var þjóðvegakerfið endurskilgreint. Með nýjum skilgreiningum færðust sumir vegir milli vegflokka og nokkrir vegir voru færðir út af þjóðvegaskrá. Ætlunin var að þessir þjóðvegir flyttust yfir í veghald viðkomandi sveitarfélaga en í fæstum tilvikum hefur náðst samkomulag um það. Það er Vegagerðin sem ákveður skv. lögnum hvaða vegir eru þjóðvegir og hvaða vegflokki þeir tilheyra í samræmi við vegalög.² Það er hins vegar sveitarfélaganna að taka við rekstri veganna ef það næst samkomulag um það.



Mynd 2.1 Þjóðvegir sem Vegagerðin áætlar að afhenda Reykjavíkurborg.³

Fyrrum þjóðvegir sem flytjast myndu til Reykjavíkurborgar skiptast í þrjá vegkafla. Sá fyrsti liggur um Ánanaust, Mýrargötu, Geirsgötu, Kalkofnsveg og Sæbraut austur að gatnamótunum við Kringlumýrarbraut (vestasti fjólublái vegkaflinn á mynd 7.1). Næstur er vegkaflinn frá Stekkjarbakka við Reykjanesbraut, að Höfðabakka, Gullinbrú, inn Hallsveg og út Víkurveg sunnan við Hallsveg. Þá færirst Heiðmerkurvegur einnig til borgarinnar. Í eftirfarandi töflu er listi yfir þá þjóðvegi sem áætlað er að flytja til yfir til Reykjavíkurborgar (tafla 7.1) og helstu magntölur.

² Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Lögð fyrir Alþingi á 140. Lögjafarþingi 2011-2012. Þingskjal 534 – 393. mál., sjá <http://www.althingi.is/altext/140/s/0534.html>

³ Fjólubláu vegina vantar inn á vegaskrá sjá [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VegskraLysing/\\$file/Vegskra_leidarlysing_31-01-2011.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VegskraLysing/$file/Vegskra_leidarlysing_31-01-2011.pdf).

Tafla 2.1 Magntölur, þjóðvegir sem eiga að flytjast yfir til Reykjavíkurborgar.

Götuheiti	Lengd götu (m)	Flatarmál götu (m ²)	Flatarmál eyja (m ²)	Götukantar (m)	Sláttusvæði (m ²)
Ánanaust	487	6.445	1.884	1.576	3.622
Mýrargata	415	4.638	127	953	0
Geirsgata	590	8.873	2.166	1.941	0
Kalkofnsvegur	381	6.384	1.929	1.382	0
Sæbraut - vestan Kringlumýrarbrautar	1.806	30.185	18.888	6.922	47.083
Gullinbrú	1.504	24.777	6.355	5.858	28.081
Höfðabakki	1.846	26.144	2.911	5.911	24.024
Stekkjarbakki	1.543	15.097	2.825	3.106	9.044
Hallsvegur	1.787	15.168	2.048	4.129	15.836
Víkurvegur - sunnan Hallsvegjar	1.467	13.331	1.929	3.515	0
Heiðmerkurvegur	8.263	45.450	0	16.423	0
Samtals	20.089	196.492	41.062	51.716	127.690
Athugasemdir					
			Yfirborð getur verið gras, hellur, steypa eða malbik	Lengd á útlínum gatna sem geta verið steyptar eða ekki.	Miðað við þau sláttusvæði sem Vegag. greiddi fyrir sumarið 2011
Götuheiti	Fjöldi ljósastaura (stk.)	Akreina- og deillínur (m)	Götumerkingar (m ²)	Fjöldi umferðarljósá við gatnamót (staurar)	Undirgöng og brýr (stk.)
Ánanaust	28	808	3		
Mýrargata	13	490	12	10	
Geirsgata	21	1.357	85	7	
Kalkofnsvegur	19	1.000	38	11	
Sæbraut - vestan Kringlumýrarbrautar	90	6.145	150	22	
Gullinbrú	79	5.936	84	12	3
Höfðabakki	75	6.951	236	32	4
Stekkjarbakki	55	3.411	98	13	2
Hallsvegur	72	3.187	27		1
Víkurvegur - sunnan Hallsvegjar	50	2.085	43	6	
Heiðmerkurvegur	0	0	0		2
Samtals	502	31.370	776	113	12
Athugasemdir					
	Ekki gerður greinarmunur á því hvort eitt eða fleiri ljós eru á sama staur	Bæði heildregnar og brotalínur, ýmist 10 eða 20 cm breiðar	T.d. Stefnuörvar, gangbrautir og stöðvunarlínur	Heildarfjöldi staura við gatnamót er skipt niður miðað við hlutfall aðliggjandi þjóðvega sem flytjast myndu til Reykjavíkurborgar	

Þjóðvegirnir sem flytjast yfir til Reykjavíkurborgar tengjast tvennum mismögum gatnamótum, annars vegar við Stekkjarbakka-Reykjanesbraut-Smiðjuveg og hins vegar Höfðabakka-Vesturlandsveg. Hérna er gert ráð fyrir að gatnamótin sjálf með tilheyrandi mannvirkjum verði ennþá í eigu Vegagerðarinnar.

Töluverður kostnaður fylgir viðhaldi og rekstri ofangreindra götukafla. Kostnaður við viðhald er nokkurt, dýrast og umfangsmest er viðhald vegna endurnýjunar og viðgerða á slitlagi. Þessar götur eru flestar malbikaðar en Heiðmerkurvegur er með malarslitlagi að mestu leiti.

Ástand þessara gatna er mjög misjafnt og eru sumar þeirra komnar á tíma í endurnýjun, aðrar eru nýlega endurnýjaðar og þurfa ekki endurnýjun eða viðgerðir á næstu árum.

Viðhald gatna fyrir vegkaflana, Ánanaust – Sæbraut og Stekkjarbakki – Víkurvegur er töluvert þar sem umferð er mikil og slit því mikið. Ætla má að endurnýja þurfi slitlag á þessum köflum á 6-12 ára fresti. Ef horft er til meðal endingar þessara gatna og því deilt á endingarár gatnanna má fá út meðal kostnað við endurnýjun og viðhald þessara gatna. Gera þarf ráð fyrir að sum árin sé þessi kostnaður meiri og önnur er hann minni.

Um Heiðmerkurveg gildir annað þar sem hann er ekki malbikaður og eingöngu bundið slitlag að hluta, auk þess er umferð um hann mikið minni. Á hverju ári þarf að hefla og bera ofaní veginn á einhverjum köflum. Og fyrir suma kafla vegarins er nánast nauðsynlegt að gera þetta bæði einu sinni yfir sumartímann og aftur yfir vetrartímann. Þessu hefur Reykjavíkurborg sinnt síðar árið 2008 og borið kostnað vegna þess. Ætla má að á minnst 5 ára fresti þurfi að hefla allan veginn þar sem bætt er 7-8 cm malarslitlagi í allan veginn til viðbótar við reglulega heflun. Kostnaði vegna þessa er deilt á 5 ár og þannig fundin meðal kostnaður pr. ár. Þá má gera ráð fyrir því að í framtíðinni verði ráðist í að leggja bundið slitlag um veginn með tilheyrandi stofnkostnaði sem ekki er tekin inn í þetta mat.

Annað viðhald eins og viðgerðir á kantsteinum, miðeyjum, vegriði, girðingum kostar einnig nokkuð. Það er ný hellulögn við Kalkofnsveg og Geirsgötu, ekki er vitað hvernig áætla megi að ending hennar verði en m.v. reynslu annars staðar í borginni ætti hún að endast 10 ár þó að álagið sé töluvert annað en er í Kalkofnsvegi og Geirsgötu.

Á vegunum er áætlað að séu um 600 skilti. Kostnaður vegna viðhalds, endurnýjunar og reksturs þeirra er áætlaður um 4 M.kr. á ári.

Árlega þarf að endurnýja yfirborðsmerkingar á hluta af þeim vegum sem flytjast yfir til borgarinnar og má ætla að kostnaður vegna þess sé um 3-4 M.kr. á ári.

Tafla 2.2 Árlegur kostnaður vegna viðhalds gatna (verðlag jan. 2012)

Endurnýjun slitlags og viðgerðir	60-80 millj.kr.+
Endurnýjun og viðhald – Heiðmörk	8-9 millj.kr.
Hliðarsvæði, kantstein, miðeyjur, vegrið, girðingar, hellulagnir o.fl.	2-3 millj.kr
Yfirborðsmerkingar og umferðarskilti	7 + 8 M kr. .
Brýr og undirgöng	2 millj. Kr ?

Á vegunum eru 12 undirgöng og brýr. Brýrnar og undirgöngin þarf að ástandsskoða sérstaklega til að hægt sé að gera viðhaldsmat á þeim og meta kostnað. Að jafnaði er lítið viðhald á þessum mannvirkjum fyrstu 30-40 árin af líftíma mannvirkjana en viðhaldið verður síðan kostnaðarsamt þegar til þess kemur. Hérna er eingöngu ráðgerður lágmarkskostnaður við tilfallandi viðhald.

Á Heiðmerkurvegi eru brýr sem eru gamlar sem kemur til með að þurfa að endurnýja innan ekki svo margra ára. Ástand á þeim þyrfti að skoða sérstaklega. Og meta kostnað við gerð nýrra brúa.

Á vegköflunum eru nokkur undirgöng. Mannvirkin sjálf eru í eigu Vegagerðarinnar og færast því til Reykjavíkurborgar ásamt öllu viðhaldi á þeim. Reykjavíkurborg hefur hins vegar séð um annað viðhald og rekstur á undirgöngum svo flutningur þjóðveganna yfir í veghald Reykjavíkurborgar myndi ekki leiða til breytinga. Viðhald og rekstur Reykjavíkurborgar tekur til að mynda til lýsingar, viðhalds göngu- og reiðleiða sem liggja í gegnum göngin, almennrar hreinsunar (þ.m.t. veggjakrot), snjómoksturs og hálkueyðingar. Hitakerfi er í undirgöngunum undir Gullinbrú við Fjallkonuveg. Þá fylgja Höfðabakkabrá og Gullinbrú með vegkaflanum ásamt gönguleiðum undir þeim.

Ef horft er til vetrarþjónustu fellur fyrsti vegkaflinn, Ánanaust–Sæbraut, undir þjónustuflokk eitt og Stekkjarbakki–Víkurvegur undir þjónustuflokk tvö. Ekki er skilgreindur þjónustuflokkur fyrir Heiðmerkurveg. Heildarúðningsvegalengd akreina sem þessum vegköflum fylgja er 27.129 metrar, þar af 9847 metrar í þjónustuflokki eitt og 17.282 metrar í þjónustuflokki tvö. Ef miðað er við einingarverð snjóhreinsunar sem spálíkanið vinnur út frá má gera ráð fyrir árlegri kostnaðaraukningu vegna snjóhreinsunar gatna upp á 11,7 milljónir króna og vegna hálkuvana upp á um 240 þúsund krónur. Engin kostnaðaraukning verður vegna hitakerfa.

Tafla 2.3 Árlegur kostnaður vegna vetrarþjónustu (verðlag jan. 2012)

Snjóhreinsun gatna og saltnotkun	12 Mkr.
----------------------------------	---------

Heildarfjöldi ljósastaura við vegkaflana þrjá er 502. Allir eru þeir staðsettir við fyrri vegkaflana tvo en engin gatnalýsing er við Heiðmerkurveg. Ef miðað er við forsendur spálíkansins má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna götulýsingar yrði samtals um 5,6 milljónir króna.

Tafla 2.4 Árlegur kostnaður vegna götulýsingar

Viðhald	0,8 Mkr.
Viðgerðir	0,8 Mkr.
Þjónusta vegna viðhalds	0,2 Mkr.
Orkukaup	3,8 Mkr.
Samtals	5.6 Mkr.

Á vegkaflanum frá Ánanaustum að Kringlumýrarbraut eru níu gatnamót með umferðarljósum. Samtals eru umferðarljósastaurarnir á gatnamótunum 88 en ef tekið er tillit til þess að kostnaður við umferðarljósin er gerður upp í hlutfalli við fjölda aðliggjandi þjóðvega má gera ráð fyrir að borgin taki við umsjón um 50 staura á þessum vegkafla. Á vegkaflanum frá Stekkjarbakka að Víkurvegi eru 11 gatnamót með umferðarljósum og eru umferðarljósastaurarnir 109 talsins. Á sama hátt má reikna með því að borgin taki við 63 af þeim staurum. Engin umferðarljós eru á Heiðmerkurvegi.

Samtals má því gera ráð fyrir að borgin taki við um 113 staurum. Út frá forsendum og einingaverðum spálíkansins má þá leggja mat á þann auka kostnað sem búast mætti við að lendi á Reykjavíkurborg samfara yfirtöku þessara þjóðvega.

Tafla 2.5 Árlegur kostnaður vegna umferðarljósa. Orkukaup tákna heildar orkukostnað, þ.e. núverandi kostnað að viðbættri kostnaðaraukningu vegna þjóðveganna.

Umferðarljós	3,9 Mkr.
Peruskipti	0,3 Mkr.
Þrif umferðarljósa	0,1 Mkr.
Orkukaup (viðbótarkostnaður)	1,1 Mkr.
Samtals	5,4 Mkr.

Áætlaður kostnaður vegna þeirra vega sem tilstendur að Reykjavíkurborg eignist hefur verið áætlaður í nokkrum þáttum. Ekki er hægt að áætla kostnað vegna viðhalds brúa og undirganga en annar árlegur kostnaður er metin 100-123 milljónir króna á verðlagi janúar 2012.

3 Endurstofnvirði

Í tengslum við gerð langtíma fjárhagsáætlunar fyrir Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar (G&E) árið 2008 var gatnakerfið skilgreint til að finna nývirði þess.⁴ Endurstofnvirðið hefur nú verið uppfært miðað við verðlag í janúar 2012 og magntölur og skilgreiningar yfirfarnar.

Út frá endurstofnvirði og æskilegum framlögum í viðhald og rekstur hafa verið reiknaðar nokkrar lykiltölur um hversu hátt hlutfall af endurstofnvirði þurfa að fara árlega í hvern málaflokk, svo að vel sé.

3.1 Endurstofnvirði

Í skilgreiningu gatnakerfisins eru tilgreindar þær einingar sem G&E reka og viðhalda. Skilgreind eru kennisnið fyrir megingötutegundir, göngustíga og miðborgargötur. Jafnframt eru opin svæði og leiksvæði skilgreind. Teikningar af kennisniðunum og töflur fyrir endurstofnvirði fyrir mismunandi hluta gatnakerfisins má finna í viðauka 1.

Við kennisniðin var bætt hlutum sem G&E sér um rekstur og viðhald á. Fjöldi þeirra miðast við það magn sem var í borginni í árslok 2011. Helstu magntölur fengust úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar en nokkrar úr útboðum og frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Undir hverju kennisniði er tafla sem segir til um innihald og fjölda í hverju þversniði. Þá er átt við fjölda eininga í einum lengdarmetra af götu eða stíg. Fyrir opnu svæðin og leiksvæðin er talað um fjölda eininga á einu svæði. Þá er miðað við að eitt opið svæði sé 10.000 fermetrar og að eitt leiksvæði sé 1.000 fermetrar.

Einingarverðin fengust úr verðbönum ráðgjafanna og úr fyrirspurnum til ýmissa fyrirtækja.

Miðað er við verðlag í janúar 2012.

Heildarendurstofnvirði eignar Reykjavíkurborgar í götum, stígum, samgöngumannvirkjum, opnum svæðum og leiksvæðum er um 146 milljarðar skv. framangreindum forsendum.

Tafla 3.1 Endurstofnvirði gatnakerfis, stíga og opinna svæða í Reykjavík.

	<i>Einingaverð</i>	<i>Magn</i>	<i>Endurstofnvirði</i>	<i>Hlutfall</i>
Húsagötur	167.886 kr/m	210.636 m	35.363 Mkr	28,9%
Safngötur	193.106 kr/m	137.810 m	26.612 Mkr	21,8%
Tengibrautir	263.125 kr/m	45.581 m	11.994 Mkr	9,8%
Stofnbrautir	504.678 kr/m	2.752 m	1.389 Mkr	1,1%
Miðborgargötur	338.228 kr/m	9.300 m	3.146 Mkr	2,6%
Göngustígar	40.984 kr/m	763.563 m	31.294 Mkr	25,6%
Samgöngumannvirki	-	-	6.835 Mkr	5,6%
Opin svæði	19.281.610 kr/stk	239 stk	4.608 Mkr	3,8%
Leiksvæði	3.811.902 kr/stk	248 stk	945 Mkr	0,8%
		Endurstofnvirði:	122.185 Mkr	
		Ófyrirséð 10%	12.219 Mkr	
		Hönnun 5%	6.109 Mkr	
		Eftirlit 5%	6.109 Mkr	
		Endurstofnvirði alls:	146.622 Mkr	

Athugasemdir:

⁴ Nývirði/Endurstofnvirði gatnakerfis, stíga og opinna svæða í Reykjavík. Unnið af Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar, Línuhönnun, Mannvit og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen í maí 2008.


Skilgreiningar á gerð gatna eru lýsandi fyrir dæmigerðar götur í hverjum flokki (sjá viðauka 1). Ef horft er til gatna með önnur þversnið má gera ráð fyrir að einingarverð á lengdarmetra sé ekki það sama. Þá má hins vegar breyta magntölunum til að fá nýtt einingarverð á lengdarmetra götu (og uppfæra verðið miðað við verðlagsgrunn).

Kostnaður vegna lagna og niðurfalla er ekki innifalinn í útreiknuðu endurstofnvirði. Lagnir og niðurföll eru því ekki sýnd á kennisniðum.

Einingarnar geta við fyrstu sýn virst einkennilegar, t.d. 0,0025 ruslastampar á hvern metra. Auðskiljanlegra er að líta á að ruslastamparnir séu með $1 / 0,0025 = 400$ m millibili.


Viðauki 1

Endurstofnvirði, kennisnið, einingarverð.



Endurstofnvirði

Húsagata Dýpi 2 m




Húsagata

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Kantsteinn	2	m	3.000	6.000	4%
Gröftur	21,4	m ³	1.800	38.520	23%
Fylling	20,6	m ³	2.200	45.320	27%
Mulningur	7,5	m ²	730	5.479	3%
Malbik 50	7,1	m ²	2.700	19.170	11%
Malbik 40	6,5	m ²	2.300	14.950	9%
Gangstétt	2,5	m ²	6.000	15.000	9%
Fylling undir þökur	0,5	m ³	2.800	1.400	1%
Þökulögn	5	m ²	1.500	7.500	4%
Götulýsing	0,033	staurar	284.000	9.372	6%
Yfirborðsmerkingar	2	m	230	460	0,3%
Snjóbræðsla	0,44	m ²	8.000	3.482	2,1%
Umferðarmerki og skilti	0,03	stk	45.000	1.233	0,7%

Samtals: 167.886 kr/m

Endurstofnvirði

Safngata Dýpi 2 m




Safngata

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Kantasteinn	2	m	3.000	6.000	3%
Gröftur	22	m ³	1.800	40.320	21%
Fylling	21,6	m ³	2.200	47.520	25%
Púkkmulningur	8	m ²	1.200	9.600	5%
Malbik 60	7,6	m ²	3.100	23.560	12%
Malbik 40	7	m ²	2.300	16.100	8%
Gangstétt	3	m ²	6.000	18.000	9%
Fylling undir þökur	1	m ³	2.800	2.800	1%
Þökulögn	10	m ²	1.500	15.000	8%
Götulýsing	0,028	staurar	367.000	10.276	5%
Ruslastampar	0,0017	stampar	37.000	61	0,03%
Yfirborðsmærkingar gatna	2	m	230	460	0,2%
Bekkir og setkrókar	0,00083	bekkir	357.000	298	0,2%
Umferðarljós	0,000067	ljósagm	16.164.000	1.078	0,6%
Snjóbræðsla	0,10	m ²	8.000	800	0,4%
Umferðarmerki og skilti	0,027	stk	45.000	1.233	0,6%

Samtals: **193.106** kr/m

Endurstofnvirði

Tengibraut Dýpi 2 m




Tengibraut

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Kantsteinn	2	m	3.000	6.000	2%
Gröftur	26,4	m ³	1.800	47.520	18%
Fylling	25,6	m ³	2.200	56.320	21%
Púkkmulningur	10	m ²	1.100	11.000	4%
Malbik 60	9,6	m ²	3.100	29.760	11%
Malbik 40	9	m ²	2.300	20.700	8%
Gangstétt	6	m ²	6.000	36.000	14%
Fylling undir þökur	1,5	m ³	2.800	4.200	2%
Þökulögn	15	m ²	1.500	22.500	9%
Götulýsing	0,025	staurar	406.000	10.150	4%
Ruslastampar	0,0002	stampar	37.000	7	0,003%
Yfirborðsmerkingar gatna	2	m	230	460	0,2%
Bekkir og setkrókar	0,0002	bekkir	612.000	124	0%
Umferðarljós	0,00089	ljósagm	17.440.000	15.533	6%
Umferðarmerki og skilti	0,063	stk	45.000	2.851	1,1%
Samtals:				263.125	kr/m

Endurstofnvirði

Stofnbraut Dýpi 2 m




Stofnbrautir

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Kantsteinn	4	m	3.000	12.000	2%
Gröftur	48,8	m ³	1.800	87.840	17%
Fylling	47,2	m ³	2.200	103.840	21%
Púkmulningur 200	18,0	m ²	1.100	19.800	4%
Malbik 50	18,0	m ²	2.500	45.000	9%
Malbik 50	17,2	m ²	2.700	46.440	9%
Malbik 50	16,0	m ²	2.900	46.400	9%
Gangstétt	6	m ²	6.000	36.000	7%
Fylling undir þökur	3	m ³	2.800	8.400	2%
Þökulögn	30	m ²	1.500	45.000	9%
Götulýsing	0,022	staurar	465.000	10.230	2%
Ruslastampar	0,00024	stampar	37.000	9	0,002%
Yfirborðsmerkingar gatna	4	m	230	920	0,2%
Bekkir og setkrókar	0,00024	bekkir	612.000	147	0,0%
Umferðarljós	0,0016	ljósagm	19.000.000	30.381	6%
Snjóbræðsla	0,053	m ²	8.000	420	0,08%
Umferðarmerki og skilti	0,063	stk	45.000	2.851	0,56%
Miðeyjugirðing	0,5	m	18.000	9.000	1,78%
Samtals:				504.678	kr/m

Endurstofnvirði

Miðborgargata Dýpi 2 m




Miðborgargata

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Kantsteinn	2	m	6.000	12.000	4%
Gröftur	22,4	m ³	2.400	53.760	16%
Fylling	21,6	m ³	3.000	64.800	19%
Púkkmulningur 200	8	m ²	1.100	8.800	3%
Malbik 60	7,6	m ²	3.100	23.560	7%
Malbik 40	7	m ²	2.300	16.100	5%
Gangstétt	3	m ²	6.000	18.000	5%
Hellulögn	3	m ²	10.000	30.000	8,9%
Fylling undir þökur	0,1	m ³	2.800	280	0,1%
Þökulögn	1	m ²	1.700	1.700	1%
Götulýsing	0,08	staurar	320.000	25.600	8%
Ruslastampar	0,03	stampar	171.000	5.130	2%
Yfirborðsmerkingar gatna	2	m	230	460	0,1%
Bekkir og setkrókar	0,013	bekkir	357.000	4.641	1%
Umferðarljós	0,001	ljósagm	16.164.163	16.164	5%
Umferðarmerki og skilti	0,027	stk	45.000	1.233	0,4%
Snjóbræðsla	7	m ²	8.000	56.000	16,6%

Samtals: 338.228 kr/m

Endurstofnvirði

Göngustígur




Göngustígur

Hlutur	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Gröftur	4	m ³	1.800	7.200	18%
Fylling	3,5	m ³	2.200	7.700	19%
Mulningur	3,4	m ²	1.100	3.740	9%
Malbik	3	m ²	2.700	8.100	20%
Moldarfylling	0,5	m ³	2.600	1.300	3%
Þökulögn	5	m ²	1.500	7.500	18%
Ruslastampar	0,0018	stampar	127.000	229	0,6%
Yfirborðsmerking	1	m	15	15	0,04%
Bekkir og setkrókar	0,0012	bekkir	612.000	735	2%
Snjóbræðsla	0,0655	m ²	10.000	655	2%
Götulýsing	0,010	m	381.000	3.810	9%

Samtals: **40.984 kr/m**

Endurstofnvirði


Opið svæði 10.000 fm



Opið svæði (10.000 m²)

	Magn	Einingar per svæði	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Sáning	3300	m ²	580	1.914.000	10%
Þökulögn	3300	m ²	1.100	3.630.000	19%
Fylling undir þökur	330	m ³	2.800	924.000	5%
Ruslastampar	0,042	stk	127.000	5.397	0,03%
Bekkir og setkrókar	0,042	stk	612.000	26.006	0,1%
Götulýsing	5,00	stk	381.000	1.905.000	9,9%
Snjóbræðsla	14,6	m ²	8.000	116.908	0,6%
Steypa	1133	m ²	3.600	4.078.800	21%
Möl	1133	m ²	2.500	2.832.500	15%
Grindverk	100	m	4.500	450.000	2%
Gróður	1133	m ²	3.000	3.399.000	18%
			Samtals:	19.281.610	kr/stk


Endurstofnvirði Leiksvæði 1000 fm



Leiksvæði (1.000 m²)

	Magn	Einingar per svæði	Einingarverð	Endurstofnvirði	Hlutfall
Gras	300	m ²	1.700	510.000	13%
Fylling undir þökur	30	m ³	2.800	84.000	2%
Rólar	2	stk	151.000	302.000	8%
Ýmis leiktæki	1	stk	76.000	76.000	2%
Möl (leikskólamöl)	45	m ³	2.500	112.500	3%
Ruslastampar	0,042	stk	127.000	5.397	0,1%
Bekkir og setkrókar	0,042	stk	612.000	26.006	1%
Götulýsing	1,00	stk	326.000	326.000	9%
Kastali	1	stk	900.000	900.000	24%
Gúmmihellur	20	m ²	11.000	220.000	6%
Hellur	100	m ²	8.300	830.000	22%
Grindverk	60	m	4.500	270.000	
Gróður	50	m ²	3.000	150.000	4%
			Samtals:	3.811.902	kr/stk

Endurstofnvirði Samgöngumannvirki



<i>Samgöngumannvirki</i>	Magn	Eining	Einingarverð	Endurstofnvirði
Mislæg gatnamót	2	stk	760.000.000	1.520.000.000
Göngubrýr	9	stk	75.000.000	675.000.000
Umferðarbrýr	8	stk	310.000.000	2.480.000.000
Undirgöng	36	stk	60.000.000	2.160.000.000
			Samtals:	6.835.000.000 kr.